

RÍKISREIKNINGUR

2025



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

RÍKISREIKNINGUR



2025

FJÁRSÝSLAN
JÚLÍ 2026

Inngangsorð fjármála- og efnahagsráðherra	4
Inngangur	5

RÍKISREIKNINGUR FYRSTI HLUTI

Samstæðuársreikningur ríkissjóðs í heild 2025

Áritun fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra	7
Áritun ríkisendurskoðanda	8

Yfirlitsreikningar

Yfirlit um afkomu	10
Efnahagsreikningur	11
Sjóðstreymi	12
Yfirlit um breytingu eigin fjár	14
Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025	15

Skýringar

1. Grunnur reikningsskila	17
2. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	19
3. Ríkistekjur	20
4. Sala á vöru og þjónustu	22
5. Aðrar tekjur	23
6. Tilfærslur	24
7. Laun og launatengd gjöld	28
8. Annar rekstrarkostnaður	29
9. Afskriftir og niðurfærslur	30
10. Fjármunatekjur	31
11. Fjármagnsgjöld	32
12. Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna	33
13. Handbært fé	34
14. Gulleign	35
15. Skattkröfur	36
16. Markaðsverðbréf og afleiður	37
17. Fjárfestingareignir	38
18. Hlutdeildarfélög og eignarhlutir í öðrum félögum	40
19. Útlán og aðrar lánveitingar	41
20. Birgðir	43
21. Varanlegir rekstrarfjármunir	44
22. Óefnislegar eignir	51
23. Aðrar kröfur	53
24. Útgefnir seðlar og mynt	54
25. Innlán	55
26. Lántökur	56
27. Vátryggingaskuldir	58
28. Aðrar skuldir	62
29. Lífeyrisskuldbindingar	63
30. Aðrar skuldbindingar	68
31. Leigusamningar	69
32. Gangvirði	70
33. Breyting á samstæðu	72
34. Óvissar skuldir	73
35. Atburðir eftir reikningsskiladag	74
36. Áhættuþættir og áhættustýring	77

RÍKISREIKNINGUR ANNAR HLUTI

Samstæðuársreikningur A-hluta ríkissjóðs

Áritun fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra	84
Áritun ríkisendurskoðanda	85

Yfirlitsreikningar

Yfirlit um afkomu A-hluta ríkissjóðs	87
Efnahagsreikningur A-hluta ríkissjóðs	88
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	89
Yfirlit um breytingu eigin fjár A-hluta ríkissjóðs	91
Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025	92

Skýringar

1. Grunnur reikningsskila	94
2. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	96
3. Ríkistekjur	98
4. Sala á vöru og þjónustu	100
5. Aðrar tekjur	101
6. Tilfærslur	102
7. Laun og launatengd gjöld	106
8. Annar rekstrarkostnaður	107
9. Afskriftir og niðurfærslur	108
10. Fjármunatekjur	109
11. Fjármagnsgjöld	110
12. Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna	111
13. Handbært fé	112
14. Skattkröfur	113
15. Markaðsverðbréf og afleiður	114
16. Fjárfestingareignir	115
17. Hlutdeildarfélög og eignarhlutir í öðrum félögum	117
18. Útlán og aðrar lánveitingar	119
19. Birgðir	121
20. Varanlegir rekstrarfjármunir	122
21. Óefnislegar eignir	128
22. Aðrar kröfur	129
23. Lántökur	130
24. Vátryggingaskuldir	132
25. Aðrar skuldir	135
26. Lífeyrisskuldbindingar	136
27. Aðrar skuldbindingar	141
28. Leigusamningar	142
29. Gangvirði	143
30. Óvissar skuldir	144
31. Atburðir eftir reikningsskiladag	145
32. Áhættuþættir og áhættustýring	147

RÍKISREIKNINGUR ÞRIÐJI HLUTI: SÉRYFIRLIT A1-HLUTA

1a. Yfirlit um afkomu	154
1b. Efnahagsreikningur	155
1c. Sjóðstreymi	156
2. Heildarafkoma - samanburður við fjárlög	158
3. Ríkistekjur	161
4. Sundurliðun málaflokka	165
5. Samandreginn rekstur ríkisaðila	180
6. Samandreginn efnahagur ríkisaðila	190
7a. Heildarfjárveiting eftir málefnavsiðum og málaflökkum – heimild til rekstrar	200
7b. Heildarfjárveiting eftir málefnavsiðum og málaflökkum – heimild til fjárfestinga	215
7c. Heildarfjárveiting eftir ríkisaðilum – heimild til rekstrar	223
7d. Heildarfjárveiting eftir ríkisaðilum – heimild til fjárfestinga	233
8. Millifærslur fjárheimilda	239
9. Skattastyrkir	259
10. Markaðar tekjur samanborið við útgjöld	260
11. Markaðir tekjustofnar, innheimta og ráðstöfun	261
12. Staða ríkisaðila sem áður nutu markaðra tekna	263
13. Sala efnislegra eigna samkvæmt heimildagreinum fjárlaga	268
14. Skuldbindandi langtímasamningar	269
15. Heimild til flutnings fjárheimilda milli ára	279

Inngangsorð fjármála- og efnahagsráðherra

Árið 2025 einkenndist af auknum efnahagslegum stöðugleika í samanburði við árin þar á undan. Verðbólga fór lækkandi, kaupmáttur jókst og stýrivextir voru lækkaðir um rúmlega 1 prósentustig. Árangur af ábyrgð og festu í hagstjórn birtist því í vaxandi mæli í efnahagslegum stöðugleika og áþreifanlega í betri hag almennings. Þar skipti trúverðug stefna í ríkisfjármálum miklu máli.

Á árinu 2025 náðist loks samkomulag um uppgjör ÍL-sjóðs sem hafði verið langvarandi áhættuþáttur á efnahagsreikningi ríkissjóðs. Óhætt er að segja að niðurstaðan hafi í senn verið farsæl fyrir ríkissjóð og samfélagið í heild. Virði krafna nam rúmlega 650 ma.kr. og hafði vandinn byggst upp yfir tveggja áratuga skeið. Þetta er skýr áminning um mikilvægi þess að gæta að langtímahagsmunum í ríkisfjármálum og að ákvarðanir varða oft hagsmuni margra kynslóða. Traust og áreiðanleg reikningsskil ríkissjóð fyrirbygga slíka áhættu, þess vegna skipta þau miklu máli.

Endurreisn fjárhagslegs styrks ríkissjóðs er ekki að fullu lokið. Aukin alþjóðleg verðbólga og hækkun alþjóðlegs vaxtastigs á fyrri helmingi árs 2026 hafa aftrað aðgerðum til að vinna gegn verðbólgu. Til þess að ná langvarandi verðstöðugleika er mikilvægt að halda áfram á sömu braut hagræðingar og umbóta í ríkisrekstrinum. Við erum vel á veg komin og ásetningur stjórnvalda um að ná efnahagslegum stöðugleika er ótvíræður. Hann birtist í fjárlögum ársins 2026 og mun gera enn frekar í fjárlögum fyrir árið 2027.

Afkoma heildarsamstæðu ríkisins árið 2025 var neikvæð um 182 ma.kr. Tekjur námu 1.507 ma.kr. og rekstrargjöld 1.646 ma.kr. Hrein fjármagnsgjöld voru neikvæð um 71 ma.kr. Matsbreytingar eigna voru um 35 ma.kr., hlutdeild í afkomu félaga í eigu ríkisins var jákvæð um 1 ma.kr. og sölutap af fjármálagerningum og ófjárhagslegum liðum neikvætt um 8 ma.kr.

Efnahagsreikningurinn gefur góða heildarmynd af eignum, skuldum og eiginfjárstöðu ríkisins. Heildareignir í árslok 2025 voru 6.045 ma.kr., skuldir 6.200 ma.kr. og eigið fé neikvætt um 155 ma.kr.

Rekstrarafkoma ríkisreiknings er birt á grunni reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) en heildarafkoma í fjármálaáætlun og fjárlögum er birt samkvæmt hagskýrslustaðli (GFS). Báðum aðferðum er ætlað að tryggja samkvæmni og alþjóðlega samanburðarhæfni. Til að bera saman afkomu A1-hluta ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi og afkomumarkmið fjárlaga og fjármálaáætlunar þarf að laga niðurstöðu ríkisreiknings að hagskýrslustaðlinum. Á þeim grunni var í fjárlögum ársins 2025 gert ráð fyrir að heildarafkoma A1-hluta yrði neikvæð um 63 ma.kr. Í síðustu áætlun ársins frá því í desember var útlit fyrir að afkoman yrði neikvæð um 35 ma.kr. Heildarafkoma ársins reyndist neikvæð um 66 ma.kr. sem einkum má rekja til verri vaxtafagnaðar en gert var ráð fyrir í desember. Þá var frumjöfnuður jákvæður um 50 ma.kr. en var áætlaður jákvæður um 18 ma.kr. samkvæmt samþykktum fjárlögum.

Miklar breytingar hafa orðið vegna innleiðingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Reikningurinn er birtur sem samstæða A-, B- og C- hluta ríkisins. Afkoma ríkissjóðs fyrir A1-hluta er sýnd í séryfirliti með ríkisreikningnum.

Alþjóðlegur samanburður leiðir skýrt í ljós þann árangur sem náðst hefur í að styrkja ríkisfjármálin. Framreikningur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem tekur tillit til stefnumörkunar stjórnvalda, sýnir að skuldir ríkisins og hins opinbera fara nú lækkandi í hlutfalli af landsframleiðslu samkvæmt þeim mælikvörðum sem eru notaðir eru til þess að bera saman skuldastig milli landa. Það sama verður ekki sagt um öll okkar samanburðarlönd þar sem brothætt staða í ríkisfjármálum felur í sér mörg erfið viðfangsefni.

Árangur Íslands er ekki sjálfsgöður og þess vegna brýnt að halda áfram á markaðri braut, af aga, festu og úthaldi.

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra

Ríkisreikningur ársins 2025 liggur nú fyrir og er reikningurinn settur fram á grundvelli laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF). Lögin kveða m.a. á um að reikningsskil A-hluta ríkissjóðs í heild skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS). Reikningsskil fyrir árið 2025 eru gerð á grundvelli IPSAS staðlanna eins og fjallað er um í skýringu 2 og öðrum skýringum.

Í yfirliti um breytingu eigin fjár er fjallað um leiðréttingar á eiginfjárstöðu í upphafi ársins. Í þessum reikningi urðu nokkrar breytingar vegna innleiðingar staðla sem og vegna viðbragða við ábendingum endurskoðunarskýrslu ríkisendurskoðunar fyrir árið 2024 um frávík frá stöðlum. Nánari umfjöllum er í yfirliti um breytingu eigin fjár með tilvísun í aðrar skýringar ársreikningsins.

Framsetning ríkisreiknings

Ríkisreikningurinn skiptist í þrjá hluta sem fjalla hver um sig um mismunandi samsetningar ríkisaðila.

- Fyrsti hluti reikningsins er samstæðureikningur ríkisins í heild sem samanstendur af yfirliti um afkomu, efnahagsreikningi, sjóðstreymi, yfirliti um breytingu eigin fjár og yfirliti um afmarkaða hluta ríkissjóðs, ásamt viðeigandi skýringum. Samstæða ríkisins í heild samanstendur af ríkisaðilum í A-hluta, B-hluta og C-hluta ásamt því að búið er að eyða þar út innbyrðisviðskiptum á milli þessara aðila. Í lögum um opinber fjármál er skilgreint hvað fellur undir hvern hluta.
- Í öðrum hluta ríkisreiknings er svo að finna samstæðureikning A-hluta ríkissjóðs sem samanstendur af yfirliti um afkomu, efnahagsreikningi, sjóðstreymi, yfirliti um breytingu eigin fjár og yfirliti um afmarkaða hluta innan A-hluta ásamt skýringum. Ríkisaðilar skiptast í þrjá hluta þar sem mestur fjöldinn fellur undir A1-hluta sem eru ríkisaðilar sem eru fjármagnaðir með fjárveitingum og undir fellur líka ríkissjóður.
- Í þriðja hlutanum eru ýmis séryfirlit og sundurliðanir sem gefa frekari upplýsingar um ríkisfjármálin. Séryfirlitin fjalla eingöngu um A1-hluta ríkissjóðs sem er sá hluti ríkisrekstrarins sem tekur til starfsemi sem einkanlega er fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum og á sér samsvörum í fjárlögum. Fyrsta séryfirlitið er yfirlit um afkomu, efnahagsreikningur og sjóðstreymi A1-hluta.

Í 56. gr. LOF er fjallað um framsetningu ríkisreiknings þar sem kemur fram að ríkisreikningur skuli settur fram í tveimur hlutum þar sem fyrri hlutinn nær yfir fjárreiður A-hluta ríkisins í heild og seinni hlutinn innihaldi samandregnar upplýsingar um fjármál ríkisaðila og lykiltölur úr ársreikningum í A-, B- og C-hluta. Þetta ákvæði tekur ekki mið af kröfum IPSAS um samstæðuuppgjör eða kröfur staðla um framsetningu ársreiknings.

Í LOF er gert ráð fyrir að reikningstölur séu birtar með samanburði við ráðstöfunarheimildir reikningsársins, fjárlög og reikningstölur næstliðins árs. Í ríkisreikningi eru birtar samanburðartölur við fyrra ár en í fjárlögum og fjáráukalögum er ekki birtur rekstrarreikningur á sambærilegum grunni og því ekki hægt að birta samanburðartölur. Ekki er gerð áætlun fyrir heildarrekstur ríkissjóðs, A-, B- og C-hluta og því ekki hægt að setja fram slíkar samanburðartölur.

Innleiðing aðþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila

Reikningsskilaráð ríkisins hefur heimild í LOF til að fresta innleiðingu einstakra staðla tímabundið. Ekki reyndist þörf á því að nýta þessa heimild í ár og eru allir staðlar innleiddir sem höfðu tekið gildi. Í skýringu 2 er fjallað um staðlana og innleiðingu þeirra.

Heildarsamstæða ríkissjóðs

Eins og áður segir er í fyrsta hluta að finna samstæðureikning fyrir heildarsamstæðu ríkissjóðs, A-, B- og C-hluta. Í samstæðureikningnum er búið að eyða út innbyrðisfærslum milli aðila, bæði í rekstri og efnahag. Töluverðar fjárhæðir eru innbyrðis milli ríkissjóðs og ríkisaðila, sem og milli einstaka ríkisaðila. Rekstrarniðurstaða heildarsamstæðu ríkissjóðs er neikvæð um 182,1 ma.kr. samanborið við neikvæða afkomu upp á 55,9 ma.kr. á fyrra ári. Heildareignir samstæðunnar að teknu tilliti til innbyrðisstöðu eru 6.045 ma.kr., skuldirnar 6.200 ma.kr. og eigið fé því neikvætt um 155 ma.kr.

A-hluta samstæða ríkissjóðs

Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 2025 er neikvæð um 181,6 ma.kr. Afkoma af rekstri án fjármunatekna, fjármagnsgjalda, söluhagnaðar/taps og matsbreytingu eigna var neikvæð um 148,6 ma.kr., samanborið við að vera neikvæð um 17,5 ma.kr. árið 2024. Breyting á lífeyrisskuldbindingu skýrir að stærstu leyti þessa breytingu milli ára en hún nam 140,2 ma.kr. árið 2025 samanborið við 46,5 ma.kr. árið 2024. Fjármagnsliðir voru svo neikvæðir um 120,9 ma.kr. og söluhagnaður og matsbreytingar eigna jákvæðar um 17,4 ma.kr. Þá námu hlutdeildaráhrif samtals 70,6 ma.kr. Þegar horft er á efnahagsreikninginn þá námu eignir samtals 3.537 ma.kr., skuldir 3.751 ma.kr. og eigið fé því neikvætt um 215 ma.kr.

Samanburður við fjárlög og áætlun

Fjárlög hvers árs miða við framsetningu og flokkun samkvæmt GFS hagskýrslustaðli sem er grunnur þjóðhagsreikninga sem Hagstofa Íslands birtir. Þótt GFS staðallinn sé að flestu leyti samanburðarhæfur við IPSAS þá eru þar frávík í veigamiklum stærðum. Vegna þessa er afkoma ríkissjóðs á IPSAS grunni ekki samanburðarhæf við fjárlög. Í séryfirliti 2 er farið yfir þá aðlögun samanborið við fjárlög og fjáráukalög.

FYRSTI HLUTI:
SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR
RÍKISSJÓÐS Í HEILD



2025

FJÁRSÝSLAN

Áritun fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra

Ríkisreikningur fyrir árið 2025 er gerður samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Reikningurinn er settur fram í þremur hlutum og er fyrsti hlutinn samstæðureikningur A-, B- og C-hluta ríkissjóðs. Annar hlutinn inniheldur ársreikning A-hluta ríkissjóðs og inniheldur þriðji hlutinn séryfirlit A1-hluta ríkissjóðs með sundurliðanir sem gefa frekari upplýsingar um ríkisfjármálin, þ.a.m. yfirlit um afkomu A1-hluta ríkissjóðs.

Ríkisreikningur er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS). Á árinu 2025 voru sjö staðlar innleiddir og er fjallað nánar um það í skýringu 2 um alþjóðlega reikningsskilastaðla sem og fjallað um leiðréttingar á eiginfjárstöðu í upphafi ársins í yfirliti um breytingu eigin fjár. Í einhverjum tilfellum er ekki að fullu leyti búið að ná utan um þá þætti sem staðlarnir fjalla um en þeir þættir eru þá að hluta ennþá utan ríkisreiknings. Undir þetta falla til dæmis IPSAS 19 um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir, IPSAS 30 um skýringar um fjármálagerninga og IPSAS 32 um sérleyfiseignir, en þar má til dæmis nefna flugsamgöngumannvirki. Vinna er í gangi við rýningu á þessum þáttum og gert ráð fyrir að sú vinna taki nokkurn tíma. Ef sú vinna leiðir í ljós að fleira eigi að koma inn í reikningsskilin heldur en er nú með ríkisreikningi ársins mun það vera fært inn í samræmi við staðla þegar það liggur fyrir.

Samstæðureikningur A-, B- og C-hluta ríkissjóðs inniheldur yfirlit um afkomu, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025 og skýringar með rauntölum ársins og samanburði við fyrra ár. Samanburðartölur við fyrra ár eru uppfærðar vegna nýrra aðila í samstæðu og eru því samanburðarhæfar milli ára. Áætlanir fyrir árið á samanburðarhæfu formi liggja ekki fyrir og eru því ekki birtar.

Að mati fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra gefur yfirlit um afkomu 2025, efnahagsreikningur 31. desember 2025, yfirlit um breytingu eigin fjár á árinu 2025, sjóðstreymi ársins 2025 og skýringar með þeim yfirlitum, glögga mynd af rekstri samstæðu A-, B- og C-hluta ríkissjóðs á árinu 2025 og stöðu í lok árs í samræmi við ákvæði í lögum um opinber fjármál að teknu tilliti til fyrrgreindra fyrirvara sem fjallað hefur verið um og koma fram í ríkisreikningnum.

Áform um rekstur, eignabreytingar og lántökur á árinu 2026 byggja á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2026. Þá kemur í fjármálaáætlun 2027–2031 fram fjármálastefna hins opinbera og áætlun um rekstur næstu ára.

Hér með staðfesta fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri samstæðureikning A-, B- og C-hluta ríkissjóðs 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík 2. júlí 2026

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra

Ingbór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri

Áritun ríkisendurskoðanda

Til Alþingis

Álit

Ríkisreikningur ársins 2025 er samstæðureikningur ríkissjóðs í heild og er hann endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ríkisreikningur tekur til ríkisaðila í A-, B- og C-hluta sem fara með ríkisvald skv. 13. tölulið 3. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál sbr. 1. mgr. 50. gr. laganna.

Ríkisreikningurinn hefur að geyma staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra, yfirlit um afkomu ársins 2025, efnahagsreikning 31. desember 2025, sjóðstreymi ársins 2025, yfirlit um breytingu eigin fjár, yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025 og skýringar nr. 1 - 36.

Það er álit ríkisendurskoðanda að ríkisreikningur sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu ríkissjóðs 31. desember 2025, afkomu ríkissjóðs og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinber aðila (ISSAI). Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst hér síðar. Ríkisendurskoðandi og starfsfólk hans er óháð ríkissjóði og hafa unnið í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI).

Ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra á ríkisreikningnum

Fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsins í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál, settar reglur og fyrirmæli. Sú ábyrgð nær til þess innra eftirlits sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ríkisreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ríkisreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ríkisreikningsins

Markmið endurskoðunar á vegum Ríkisendurskoðunar er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ríkisreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ríkisreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda reikningsins, einar sé eða samanlagðar.

Endurskoðun á vegum Ríkisendurskoðunar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir hún á faglegri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Í þessu felst að við endurskoðun ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ríkisreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæmda endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og

RÍKISENDURSKOÐUN

afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ríkisreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.

- Kanna hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ríkisreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Afla fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Ríkisendurskoðun er ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Ríkisendurskoðun ber ein ábyrgð á áliti sínu.

Ríkisendurskoðandi gerir Alþingi nánari grein fyrir niðurstöðu endurskoðunarinnar í sérstakri endurskoðunarskýrslu um ríkisreikning 2025.

Ríkisendurskoðun, 3. júlí 2026

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Yfirlit um afkomu

Í millj. kr.	Skýring	2025	2024
Tekjur			
Skatttekjur.....		1.135.309	1.100.195
Aðrar ríkistekjur.....		34.712	27.575
Ríkistekjur samtals.....	3	1.170.021	1.127.770
Sala á vöru og þjónustu.....	4	263.860	257.146
Aðrar tekjur.....	5	73.558	39.643
Heildartekjur af rekstri.....		337.418	296.789
Tekjur samtals án fjármunatekna og söluhagnaðar.....		1.507.439	1.424.559
Gjöld			
Tilfærslur.....	6	636.640	600.421
Laun og launatengd gjöld.....	7	421.099	386.602
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	29	139.747	46.952
Annar rekstrarkostnaður.....	8	379.710	327.790
Afskriftir og niðurfærslur.....	9	69.138	66.415
Gjöld samtals án fjármagnsgjalda og sölutaps.....		1.646.334	1.428.180
Afkoma án fjármunatekna, fjármagnsgjalda og söluhagnaðar / sölutaps og matsbreytinga eigna.....		-138.895	-3.621
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur.....	10	234.174	256.829
Fjármagnsgjöld.....	11	-305.660	-313.386
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals.....		-71.487	-56.557
Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna			
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagerningum, nettó.....		-9.886	0
Matsbreytingar eigna.....		34.933	-7.813
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra liða, nettó.....		1.530	-136
Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna samtals.....	12	26.577	-7.949
Hlutdeildaráhrif			
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagum.....	18	1.741	12.225
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....		-369	-272
Afkoma ársins án hlutdeildar minnihluta.....		-182.433	-56.173
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....		369	272
Afkoma ársins.....		-182.064	-55.901

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu.

Efnahagsreikningur

Í millj. kr.

Skýring 31.12.2025 31.12.2024

Eignir

Handbært fé.....	13	108.789	109.708
Gulleign.....	14	34.598	23.136
Skattkröfur.....	15	205.909	235.268
Markaðsverðbréf og afleiður.....	16	1.001.036	930.932
Fjárfestingareignir.....	17	112.088	108.287
Hlutdeildarfélag.....	18	7.348	108.315
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	18	42.880	24.271
Útlán og aðrar lánveitingar.....	19	2.373.808	2.260.856
Hlutdeild endurtryggjenda í váttryggingaskuld.....	27	6.134	3.623
Birgðir	20	13.147	12.800
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	21	1.856.107	1.917.350
Ófnislegar eignir.....	22	65.648	46.195
Afnotaréttur af leigueignum.....	31	53.245	55.846
Aðrar kröfur.....	23	163.919	146.533

Eignir samtals..... 6.044.654 5.983.119

Skuldir

Útgefnir seðlar og mynt.....	24	69.478	70.987
Innlán.....	25	1.473.641	1.369.632
Lántökur.....	26	3.136.064	3.069.804
Váttryggingaskuldir.....	27	34.707	8.891
Aðrar skuldir.....	28	311.683	283.088
Lífeyrisskuldbindingar.....	29	1.105.215	939.976
Leiguskuldbinding.....	31	55.476	57.276
Aðrar skuldbindingar.....	30	13.727	15.717

Skuldir samtals..... 6.199.992 5.815.372

Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals..... -155.338 167.748

Eigið fé

Hrein eign.....	-360.158	63.271
Endurmat.....	144.340	36.223
Annað eigið fé.....	46.368	62.671

Eigið fé ríkissjóðs samtals..... -169.450 162.165

Hlutdeild minnihluta..... 14.112 5.583

Eigið fé samtals..... -155.338 167.748

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymi

Í millj. kr.

2025

2024

Rekstrarhreyfingar

Hreint veltufé frá rekstri

Afkoma ársins.....	-182.064	-55.901
--------------------	----------	---------

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi

Söluhagnaður / sölutap fjárhagslegra eigna.....	9.886	0
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra eigna.....	-1.530	136
Hlutdeild í afkomu tengdra aðila.....	-1.741	-12.225
Afskriftir, niðurfærslur og virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna.....	69.138	66.415
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	71.487	56.557
Matsbreytingar eigna.....	-34.933	7.813
Gengisbreyting gullforða.....	-11.463	-5.213
Lífeyrisskuldbinding.....	139.747	46.952
Aðrir reiknaðir liðir.....	-30.692	12.202

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi samtals.....	27.836	116.736
---	---------------	----------------

Breyting rekstrartengdra eigna og skulda

Lækkun / - hækkun krafna.....	73.812	39.696
Lækkun / - hækkun birgða.....	-496	-901
Hækkun / - lækkun skulda.....	5.475	16.989

Breyting rekstrartengdra eigna og skulda samtals.....	78.791	55.784
--	---------------	---------------

Innborgaðir vextir.....	215.770	250.874
Greiddir vextir.....	-229.315	-266.319

Handbært fé til rekstrar.....	93.081	157.074
--------------------------------------	---------------	----------------

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymis.

Sjóðstreymi, frh.

Í millj. kr.	2025	2024
Fjárfestingarhreyfingar		
Arðgreiðslur hlutdeildarfélagum.....	1.476	5.321
Sala fastafjármuna.....	23.264	3.262
Kröfur, breyting.....	441	12.315
Afborganir af veittum lánum.....	41.935	10.362
Kaup fastafjármuna.....	-149.816	-215.566
Hlutdeildarfélag og aðrar eignir.....	56.505	-1.126
Markaðsbréf.....	-66.771	-166.465
Veitt lán.....	-1.499	-33.514
Fjárfestingarhreyfingar samtals.....	-94.463	-385.409
Fjármögnunarhreyfingar		
Útgefin mynt.....	-1.509	-4.757
Útgefin skuldabréf.....	784.132	537.511
Skammtímalán nettó, breyting	27.541	14.563
Afborganir og endurkaup.....	-764.525	-384.696
Lífeyrisskuldbindingar.....	-54.314	-46.319
Hlutfjáráukning minnihlutaeigenda.....	1.303	286
Arðgreiðslur til minnihlutaeigenda.....	-195	-155
Fjármögnunarhreyfingar samtals.....	-7.566	116.433
Lækkun á handbæru fé.....	-8.948	-111.902
Handbært fé í byrjun árs.....	109.708	229.135
Handbært fé nýrra aðila í samstæðu.....	1.219	0
Gengismunur handbærs fjár í ársbyrjun.....	6.810	-7.525
Handbært fé í árslok.....	108.789	109.708

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymis.

Yfirlit um breytingu eigin fjár

Í millj. kr.	Hrein eign	Endurmats- reikningur	Annað eigið fé	Ríkssjóður samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Staða eigin fjár 01.01.2024.....	115.442	28.843	58.228	202.513	5.003	207.516
Áhrif IPSAS innleiðingar.....	-4.858	0	0	-4.858	0	-4.858
Endurmat.....	1.697	7.380	0	9.077	148	9.225
Þýðingarmunur.....	0	0	4.841	4.841	40	4.881
Áhrif hlutafjáráukningar.....	0	0	0	0	286	286
Greiddur arður.....	0	0	0	0	-155	-155
Matsbreyting samstæðu.....	7.164	0	-398	6.766	-11	6.754
Afkoma ársins	-56.173	0	0	-56.173	272	-55.901
Staða eigin fjár 31.12.2024.....	63.271	36.223	62.671	162.165	5.583	167.748
Lífeyrisskuldbinding, leiðrétting 01.01.2025.....	-146.691	0	0	-146.691	0	-146.691
Uptaka endurmatsaðferðar, leiðrétting 01.01.2025.....	0	90.989	0	90.989	0	90.989
Virðisaukaskattur í fjárfestingum, leiðrétting 01.01.2025.....	-176.758	-17.611	0	-194.369	0	-194.369
Áhrif IPSAS-innleiðingar.....	7.311	0	0	7.311	0	7.311
Lífeyrisskuldbinding, breyting ársins.....	60.363	0	0	60.363	0	60.363
Endurmat.....	0	34.740	0	34.740	554	35.294
Þýðingarmunur.....	0	0	-37.263	-37.263	-523	-37.786
Hlutafjárhækkun/-lækkun dótturfélaga.....	0	0	0	0	1.303	1.303
Greiddur arður.....	0	0	0	0	-195	-195
Matsbreyting samstæðu.....	14.778	0	20.960	35.738	7.022	42.760
Afkoma ársins	-182.433	0	0	-182.433	369	-182.064
Staða eigin fjár 31.12.2025.....	-360.158	144.340	46.368	-169.450	14.112	-155.338

Lífeyrisskuldbinding er nú færð í fullu samræmi við IPSAS 39 um starfskjör en áður tók lífeyrisskuldbinding í ríkisreikningi mið af reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 391/1998 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Nánar er fjallað um mat lífeyrisskuldbindingar í skýringu 29.

Samgöngumannvirki eru nú færð á þjónustuvirði (e. Current Operational Value) en voru áður metin á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Þjónustuvirði endurspeglar áætlaðan kostnað við að endurstofna þjónustugildi þjóðvegakerfsins með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til ástands og aldurs. Nánar er fjallað um mat samgöngumannvirkja í skýringu 21.

Óendurkræfur virðisaukaskattur, þ.e. virðisaukaskattur sem ríkisaðilar ríkissjóðs geta ekki innskattað eða fengið endurgreiddan með öðrum hætti telst innbyrðisfærsla í samstæðu ríkissjóðs. Þessi virðisaukaskattur er ýmist gjaldfærður eða eignfærður hjá einstaka ríkisaðilum en er tekjufærður hjá ríkissjóði. Gjaldfærður virðisaukaskattur hefur verið jafnaður út við gerð ríkisreiknings seinustu ár en eignfærður virðisaukaskattur er nú jafnaður út við gerð ríkisreiknings í fyrsta skipti.

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um breytingu eigin fjár.

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025

Í millj. kr.	Ríkisaðilar A-hluti	Ríkisaðilar B-hluti	Ríkisaðilar C-hluti	Ríkissjóður samtals
Tekjur				
Skatttekjur.....	1.135.309	0	0	1.135.309
Aðrar ríkistekjur.....	34.712	0	0	34.712
Sala á vöru og þjónustu.....	31.315	48.251	184.294	263.860
Aðrar tekjur.....	36.556	643	36.359	73.558
Tekjur samtals án fjármunatekna og söluhagnaðar.....	1.237.892	48.894	220.654	1.507.439
Gjöld				
Tilfærslur og styrkir.....	636.640	0	0	636.640
Laun og launatengd gjöld.....	343.186	4.687	73.227	421.099
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	140.236	90	-579	139.747
Annar rekstrarkostnaður.....	271.555	36.401	71.754	379.710
Afskriftir og niðurfærslur.....	36.525	902	31.712	69.138
Gjöld samtals án fjármagnsgjalda og sölutaps.....	1.428.141	42.080	176.114	1.646.334
Afkoma án fjármunatekna, fjármagnsgjalda og söluhagnaðar / sölutaps og matsbreytinga eigna.....	-190.249	6.814	44.540	-138.895
Fjármunatekjur.....	45.518	89	188.567	234.174
Fjármagnsgjöld.....	-170.017	-366	-135.277	-305.660
Söluhagnaður / sölutap og aðrir liðir.....	17.386	876	8.315	26.577
Hlutdeildaráhrif.....	1.906	-107	-58	1.741
Afkoma ársins	-295.457	7.307	106.086	-182.064

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs sýnir yfirlit um afkomu skipt niður á ríkisaðila í A-, B- og C-hluta, sem saman mynda samstæðu ríkissjóðs í heild. Flokkun á starfsemi ríkisins er gerð á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals um opinber fjármál og er skilgreind í 1. mgr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Til A-hluta telst starfsemi og kjarnaverkefni ríkisins.

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025, frh.

Í millj. kr.	Ríkisaðilar A-hluti	Ríkisaðilar B-hluti	Ríkisaðilar C-hluti	Ríkissjóður samtals
Eignir				
Handbært fé.....	13.781	1.727	93.281	108.789
Gulleign.....	0	0	34.598	34.598
Skattkröfur.....	205.909	0	0	205.909
Markaðsverðbréf og afleiður.....	34.031	8.135	958.869	1.001.036
Fjárfestingareignir.....	111.877	0	211	112.088
Hlutdeildarfélög.....	3.640	2.093	1.615	7.348
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	29.206	2.814	10.860	42.880
Útlán og aðrar lánveitingar.....	467.400	494	1.905.914	2.373.808
Hlutdeild endurtryggjenda í váttryggingaskuld.....	6.134	0	0	6.134
Birgðir.....	5.787	2.842	4.517	13.147
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	1.073.372	3.457	779.277	1.856.107
Ófnislegar eignir.....	10.685	0	54.963	65.648
Afnotaréttur af leigueignum.....	41.494	1.803	9.948	53.245
Aðrar kröfur.....	41.644	1.121	121.155	163.919
Eignir samtals.....	2.044.960	24.487	3.975.207	6.044.654
Skuldir				
Útgefnir seðlar og mynt.....	0	0	69.478	69.478
Innlán.....	0	0	1.473.641	1.473.641
Lántökur.....	2.265.947	0	870.117	3.136.064
Váttryggingaskuldir.....	8.608	0	26.099	34.707
Aðrar skuldir.....	198.531	1.772	111.380	311.683
Lífeyrisskuldbindingar.....	1.097.565	630	7.020	1.105.215
Leiguskuldbinding.....	43.530	1.906	10.039	55.476
Aðrar skuldbindingar.....	10.841	0	2.886	13.727
Skuldir samtals.....	3.625.022	4.308	2.570.661	6.199.992

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs sýnir eigna- og skuldastöðu skipt niður á ríkisaðila í A-, B- og C-hluta, sem saman mynda samstæðu ríkissjóðs í heild.

Yfirlit um afkomu og efnahag eftir starfsþáttum er byggt á aðgreiningu ríkisrekstrarins í lögum um opinber fjármál niður í A-, B- og C-hluta og flokkunar ríkisaðila í þá hluta í frumvarpi til fjárlaga. Þar eru ríkisaðilar innan A-hlutans flokkaðir í A1-, A2- og A3-hluta.

Skýring 1. Grunnur reikningsskila

Yfirlýsing um samræmi

Reikningsskil þessi fyrir ríkissjóð Íslands í heild árið 2025 eru gerð samkvæmt lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (International Public Sector Accounting Standards, IPSAS) auk þess sem stuðst er við alþjóðlega reikningsskilastaðala (International Financial Reporting Standards, IFRS) varðandi atriði sem ekki er fjallað um í IPSAS.

Ríkisreikningur þessi var samþykktur og áritaður af fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra þann 2. júlí 2026.

Tímabil reikningsskila

Reikningsár ríkisaðila er almanaksárið. Allir ríkisaðilar í A-, B- og C-hluta eru hluti þessara reikningsskila og hafa almanaksárið sem reikningsár.

Grundvöllur ríkisreiknings

Ársreikningur ríkissjóðs í heild er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) eins og þeir hafa verið gefnir út af Alþjóða reikningsskilaráðinu og eru í gildi í árslok 2025.

Ríkisreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu reikningsskila. Starfrækslugjaldmiðill ríkissjóðs er íslensk króna og eru reikningsskilin sett fram í íslenskum krónum, námunduð að næstu milljón, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Eignir og skuldir dótturfélaga sem hafa annan starfrækslugjaldmiðil en krónur eru umreiknaðar í krónur miðað við gengi á uppgjörssdegi. Tekjur og gjöld dótturfélaganna eru umreiknuð í krónur á meðalgengi ársins. Þýðingarmunur sem myndast við yfirfærslu í krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

Viðskipti milli ríkisaðila og stöður milli þeirra eru jafnaðar út við gerð ríkisreiknings.

Þegar framsetningu eða flokkun liða í ríkisreikningi er breytt eða reikningsskilaaðferðum er breytt hefur samanburðartölum verið breytt til að tryggja samræmi við gildandi tímabil nema það sé ógerlegt.

Tengdir aðilar eru æðstu stjórnendur ríkisins sem eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem ríkisreikningur byggir á eru birtar í skyggðum boxum í viðkomandi skýringum.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila gerir ráð fyrir að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda og tekna og gjalda auk skýringa.

Mat og gefnar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru raunhæfir miðað við aðstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Ákvarðanir og forsendur þeirra eru skoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eru gerðar og einnig á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Reikningsskilaeiningar

Ríkissjóður og ríkisaðilar eru skilgreindir í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 og ná til:

- Ríkissjóðs Íslands – Þar fellur undir móttaka skatttekna og annarra ríkistekna og tengdar færslur, fjárveitingar til ríkisaðila, fjármögnun ríkissjóðs og þar með talið lántökur og lánveitingar ásamt eignarhaldi á félögum og öðrum eignum, sem ekki eru færðar sérstaklega hjá ríkisaðilum.
- Eininga löggjafavalds, framkvæmdavalds og dómsvalds íslenska ríkisins – hér eftir jafnframt skilgreint sem ríkisaðilar í A1-hluta.
- Samstæða ríkisins í heild nær til ríkisaðila í A-, B- og C-hluta.

Í töflu á næstu síðu er yfirlit yfir þær einingar sem samstæðuársreikningur A-hluta ríkissjóðs Íslands ("samstæðuársreikningurinn") samanstendur af. Félög í töflunni þar sem móðurfélag kemur fram í sviga fyrir aftan eru hluti af samstæðuársreikningi móðurfélags þess og er þar með hluti af samstæðuársreikningnum.

Skýring 1. Grunnur reikningsskila, frh.

Reikningsskilaeiningar frh.

Nafn	Kennitala	Nafn	Kennitala
Almenningssamgöngur ehf.	4306760169	Leigufélagið Bríet ehf.	6112182060
Auðkenni ehf.	5210002790	Lindarhvoll ehf.	6704160460
ÁTVR	4101694369	Ljós- og gagnaleiðari ehf. (Rarik)	5506090290
Betri samgöngur ehf.	6710200300	Matís ehf.	6709060190
Bílastæðahús Vatnsmýri ehf.	5709210880	Málmís ehf.	4705911619
Bjargargata 3 ehf.	4702241180	Menntasjóður námsmanna	7101690989
Byggðastofnun	4506790389	Náttúruhamfaratrygging Íslands	5202760259
ChemoBacter ehf.	4507060270	Neyðarlínan ehf.	5110952559
Eignarhlutir ehf.	4911060180	Nýr Landspítali ehf.	5008100410
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. (Landsb.)	5304071790	Nýsköpunarsjóðurinn Kría	6910972859
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	6707932149	Orkubú Vestfjarða ehf.	6608770299
Elma orkuviðskipti ehf.	6302043480	Orkufjarskipti hf.	5610003520
Farice ehf.	5112032950	Orkusalan ehf. (Rarik)	5603061130
Fasteignafélagið Þórkatla ehf.	4103240750	Ólafsdalur ehf.	5810230730
Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	6610210630	Rannsókn- og háskólanet Íslands hf.	4902013190
Fríhöfnin ehf. (Isavia)	6112042130	Rarik ehf.	5202692669
GeoThermHydro ehf.	5103091110	Rarik orkuþróun ehf. (Rarik)	4403080150
Greiðslumiðlunin Hringur ehf. (Harpa)	4701100740	Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. (Harpa)	7012130250
Greiðsluveitan ehf.	6808003240	Rekstrarfélagið Stæði slhf. (Harpa)	4205111160
Happdrætti Háskóla Íslands	6001693009	Ríkiseignir	6909810259
Harpa ehf.	6608051250	Ríkisútvarpið ehf.	6003070450
Húsnæðissjóður	5812192100	RÚV Sala ehf. (RÚV)	5701200930
Hugverkasjóður Íslands ehf.	6009060460	Seðlabanki Íslands	5602694129
Húseignin Steindórsprent ehf. (HHÍ)	4605700269	Sítus ehf.	4903060640
Hvanneyrarbúið ehf.	5112090800	Skektan ehf.	5808171060
Hömlur ehf. (Landsbankinn)	6301090940	Sprotar - eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf. ...	4912220260
Hömlur fyrirtæki ehf. (Landsbankinn)	6302070610	Spölur ehf.	5112952119
Icelandic Trademark Holding ehf.	7110110990	Storð ehf.	6606231830
Isavia ANS ehf. (Isavia) *	5912191460	Tern Systems ehf. (Isavia) *	6509972559
Isavia Innanlandsflugvöllir ehf. (Isavia)	5912191380	TM líftyggingar hf. (Landsbankinn)	6309023040
Isavia ehf.	5502100370	TM tryggingar hf. (Landsbankinn)	6602693399
Íl-sjóður	6611983629	Trönur ehf.	5311032380
Íslandspóstur ehf.	7012966139	Tæknigarður ehf.	6209871749
Íslenskar orkurannsóknir	6005034050	Tæknisetur ehf.	4406211040
Íslensk endurtrygging hf. (Landsbankinn)	6601690409	UNA skincare ehf.	5003150830
Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.	5005070550	Vaðlaheiðargöng hf.	7003110310
Landsbankinn hf.	4710080280	Vigdísarholt ehf.	5802141180
Landsbréf hf. (Landsbankinn)	6912080520	Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	4201042350
Landskerfi bókasafna hf.	4402022920	Þekkingarvörður ehf.	5805012650
Landsnet hf.	5808042410	Þjóðarhöll ehf.	4603240840
Landsvirkjun sf. *	4202691299	Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	7010060970
Landsvirkjun Power ehf.	4503072380	Öryggisfjarskipti ehf.	6411061430

* Suluk ApS í Grænlandi, Tern Branch Hungary í Ungverjalandi og Icelandic Power Insurance á Bermuda eru einnig hluti af samstæðu ríkissjóðs. Félögin eru ekki með íslenska kennitölu.

Skýring 2. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila

Á árinu voru eftirfarnir staðlar innleiddir:

- IPSAS 36 - Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og sameiginlegum verkefnum að hluta (*Investments in Associates and Joint Ventures*) – Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs þar sem staðallinn hafði að mestu verið innleiddur áður.
- IPSAS 37 - Samrekstur (*Joint Arrangement*) – Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs þar sem staðallinn hafði að mestu verið innleiddur áður.
- IPSAS 38 - Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum (*Disclosure of Interests in Other Entities*) – Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs þar sem staðallinn hafði að mestu verið innleiddur áður.
- IPSAS 42 - Velferðarþjónusta og félagsleg aðstoð (*Social Benefits*) - Staðallinn fjallar um reikningshaldslega meðferð félagslegra bóta sem veitt er í formi peningagreiðslna til einstaklinga og eða heimila sem þau geta ráðstafað að vild. Innleiðing staðalsins hafði þau áhrif að eigið fé hækkar um 7,3 ma.kr., gjaldfærðar félagslegar bætur 2025 hækka um 3,8 ma.kr. og skammtímaskuldir í árslok 2025 lækka um 3,6 ma.kr.
- IPSAS 44 - Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi (*Non-current Assets Held for Sale and Discontinued Operations*). Staðallinn tilgreinir reikningsskilaaðferðir fyrir fastafjármuni sem eru til sölu og hvaða kröfur eru gerðar vegna framsetningar og upplýsinga í reikningsskilum um slíkar eignir og aflagða starfsemi. Innleiðing staðalsins hafði ekki áhrif á mat eigna en nú eru eignir til sölu sérgreindar í skýringum.
- IPSAS 45 - Varanlegir rekstrarfjármunir (*Property, Plant, and Equipment*) - Staðallinn er endurgerð af IPSAS 17 og fellir niður sérútfjöllun arfleifðareigna sem þá verða flokkaðar með varanlegum rekstrarfjármunum og innviðaeignir undir varanlega rekstrarfjármuni með því að skilgreina helstu einkenni þeirra auk þess sem fyrir var í IPSAS 17. Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs.
- IPSAS 46 - Mat og mælikvarðar (*Measurement*) - Staðallinn skilgreinir hugtök og fyllir í þar sem talið var að efnistöð væru óljós. Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs.

Í ríkisreikningi er gerð grein fyrir þeim reikningsskilaaðferðum sem unnið er eftir. Miðað er við að þær séu í samræmi við IPSAS-staðlana. Í einhverjum tilfellum er ekki að fullu leyti búið að ná utan um þá þætti sem staðlarnir fjalla um en þeir þættir eru þá að hluta ennþá utan ríkisreiknings. Undir þetta falla til dæmis IPSAS 19 um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir, IPSAS 30 um skýringar um fjármálagerninga og IPSAS 32 um sérleyfiseignir, en þar má til dæmis nefna flugsamgöngumannvirkni. Vinna er í gangi við rýningu á þessum þáttum og gert ráð fyrir að sú vinna taki nokkurn tíma. Ef sú vinna leiðir í ljós að fleira eigi að koma inn í reikningsskilin heldur en er nú með ríkisreikningi ársins mun það vera fært inn í samræmi við staðla þegar það liggur fyrir.

Óinnleiddir staðlar sem hafa verið gefnir út en með gildistökudag eftir 31.12.2025

IPSAS 47 - Tekjur (*Revenue*) - Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2026. Staðallinn leysir af hólmi IPSAS 9, IPSAS 11 og IPSAS 23 sem allir eru innleiddir.

- Reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs hefur heimild til tímabundinnar frestunar á innleiðingu staðla, sbr. 52.gr. laga um opinber fjármál. Vegna óvissu um áhrif staðalsins á reikningsskil ríkissjóðs þá hefur reikningsskilaráð ákveðið að heimila frestun á innleiðingu IPSAS 47.

IPSAS 48 - Tilfærsluútgjöld (*Transfer Expenses*) - Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2026.

- Reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs hefur heimild til tímabundinnar frestunar á innleiðingu staðla, sbr. 52.gr. laga um opinber fjármál. Vegna óvissu um áhrif staðalsins á reikningsskil ríkissjóðs þá hefur reikningsskilaráð ákveðið að heimila frestun á innleiðingu IPSAS 48.

IPSAS 49 - Eftirlaunagreiðslur (*Retirement Benefit Plans*) - Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2026. Staðallinn mun ekki hafa áhrif á reikningsskil ríkissjóðs.

IPSAS 50 - Rannsóknir og mat á jarðefnaauðlindum (*Exploration for and Evaluation of Mineral Resources*) - Staðallinn var gefinn út í nóvember 2024 og tekur gildi 1. janúar 2027. Ekki er gert ráð fyrir að innleiðing hans hafi veruleg áhrif á reikningsskil ríkissjóðs.

Skýring 3. Ríkistekjur

Í millj. kr.

2025

2024

Skatttekjur

Beinar skatttekjur

Skattar á tekjur og hagnað, einstaklinga.....	283.908	237.187
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðila.....	115.116	111.927
Tryggingagjald vegna almannatrygginga.....	127.701	111.965
Skattur á fjármagnstekjur.....	67.836	77.684
Eignarskattar.....	23.340	23.642
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl.....	5.819	8.072
Sérstakur fjársýsluskattur.....	4.040	4.242
Fjársýsluskattur.....	3.203	3.012
Beinar skatttekjur samtals.....	630.962	577.730

Óbeinar skatttekjur

Virðisaukaskattur.....	346.429	384.858
Vörugjöld.....	95.405	82.813
Neyslu- og leyfisskattar.....	22.373	20.590
Sértækir þjónustuskattar.....	17.700	13.999
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti.....	7.717	6.656
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki.....	3.933	3.599
Aðrir óbeinir skattar.....	10.788	9.952
Óbeinar skatttekjur samtals.....	504.347	522.466

Skatttekjur samtals..... 1.135.309 1.100.195

Aðrar ríkistekjur

Fjárframlög frá öðrum opinberum aðilum.....	2.646	2.283
Eignatekjur.....	15.971	10.671
Neyslu- og leyfisgjöld.....	10.403	9.657
Sektir og skaðabætur.....	5.296	4.751
Ýmsar ríkistekjur.....	395	213
Aðrar ríkistekjur samtals.....	34.712	27.575

Ríkistekjur samtals..... 1.170.021 1.127.770

Undir ríkistekjur falla beinar og óbeinar skatttekjur og aðrar ríkistekjur.

Skatttekjur

Ríkissjóður veitir ýmsa þjónustu og ávinning án endurgjalds fyrir móttakanda sem ekki leiðir til tekna hjá móttakanda. Skatttekjur eru skilgreindar sem lögskipaðar greiðslur til opinberra aðila án þess að á móti komi tiltekin þjónusta, þar sem ekkert beint samband er á milli greiðslu skatta og réttar til þjónustu eða tilfærslna frá ríkinu. Skattálagnir ríkissjóðs byggir á fullveldisrétti ríkisins og lögum frá Alþingi.

Beinir skattar eru skattar sem lagðir eru á greiðandann sem er sá hinn sami og ber skattbyrðina hvort sem um er að ræða mann eða lögaðila. Til beinna skatta teljast tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur, útsvar, tryggingagjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, útlagsgjald, búnaðargjald og jöfnunargjald alþjónustu. Beinir skattar eru einnig nefndir opinber gjöld eða þinggjöld.

Tryggingagjöld gefa þriðja aðila beinan eða óbeinan aðgang að tryggingavernd að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Skýring 3. Ríkistekjur, frh.

Skatttekjur, frh.

Til óbeinna skatta teljast álögur hins opinbera á vörur og þjónustu. Skattgreiðandanum er ekki ætlað að bera skattinn, heldur er honum gert að innheimta skattinn við sölu á vöru eða þjónustu og skila honum í ríkissjóð. Það eru neytendur sem endanlega bera skattinn. Óbeinir skattar eru einnig nefndir neysluskattar. Virðisaukaskattur er dæmi um óbeinan skatt en einnig má nefna vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Þar sem skattframtöl einstaklinga og lögaðila fyrir reikningsárið hafa ekki verið afgreidd er álagning áætluð, bæði til hækkunar eða lækkunar. Forsendur álagningar fyrri ára eru lagðar til grundvallar ásamt því að litið er til hagvaxtar o.fl. Endanleg álagning er ekki þekkt fyrr en skattframtöl hafa verið afgreidd, sem á sér stað allt að tíu mánuðum eftir lok reikningsársins.

Skatttekjur eru færðar þegar skattskyldur atburður hefur átt sér stað og hægt er að ákvarða þær með áreiðanlegum hætti. Skatttekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Endanleg álagning ákveðinna tegunda skatttekna fer fram með framtali eftir lok uppgjörsárs. Óvissa er um hver sú niðurstaða verður þannig að áætla megi hana með áreiðanlegum hætti og færast sú breyting því með tekjum næsta árs. Vextir og viðurlög á skattkröfur eru færðir meðal skatttekna og skattkrafna.

Aðrar ríkistekjur

Aðrar ríkistekjur eru tekjur af leyfisveitingum og notkun ýmissa réttinda, greiðslur fyrir tiltekna þjónustu sem ríkið eitt veitir og fleira slíkt. Aðrar tekjur færast í flestum tilvikum við greiðslu en þegar um álagningu er að ræða þá við álagningu.

Skýring 4. Sala á vöru og þjónustu

Í millj. kr.	2025	2024
Sala og dreifing rafmagns.....	112.479	106.524
Sala á áfengi og tóbaki.....	37.039	37.665
Önnur vörusala.....	18.808	27.176
Sérfræðiþjónusta	35.437	29.581
Flugvallarþjónusta.....	29.209	25.130
Öldrunarþjónusta.....	7.039	6.048
Heilbrigðisþjónusta.....	6.260	5.276
Póstþjónusta.....	5.960	7.142
Aðgangseyrir.....	2.391	2.366
Selt fæði.....	1.767	1.548
Ráðstefnur, fundir og námskeið.....	1.558	1.491
Verksala.....	1.211	1.229
Önnur sala á þjónustu.....	4.700	5.969
Sala á vöru og þjónustu samtals.....	263.860	257.146

Tekjur af sölu og dreifingu rafmagns eru vegna sölu til iðnaðar, almenningsveitna og almennings samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á árinu. Tekjur vegna sölu og dreifingar rafmagns eru færðar þegar raforka hefur verið unnin og afhent.

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af seldum vörum eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Skýring 5. Aðrar tekjur

Í millj. kr.	2025	2024
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir.....	11.126	17.613
Leigutekjur.....	19.005	13.250
Sala losunarheimilda og auðlindanýting.....	2.710	5.029
lðgjöld af váttryggingastarfsemi.....	23.665	4.317
Hlutdeild endurtryggjenda í tjónum.....	1.985	-11.502
Ýmsar aðrar tekjur.....	15.066	10.937
Aðrar tekjur samtals.....	73.558	39.643

Náðar er fjallað um hlutdeild endurtryggjenda í tjónum í skýringu 27.

Ef eignar er aflað fyrir lítið eða ekkert endurgjald (gjafir), er mismunur á gangvirði eignarinnar og stofnverði fært til tekna í yfirliti um afkomu. Ef yfirráð yfir eigninni eru háð frammistöðu eða framkvæmd er færslu tekna frestað þar til skilyrði eru uppfyllt.

Skýring 6. Tilfærslur

Í millj. kr.	2025	2024
Fjármagnstilfærslur.....	47.307	52.701
Rekstrartilfærslur.....	589.333	547.720

Tilfærslur samtals..... 636.640 600.421

Fjármagnstilfærslur fela í sér tilfærslu á fjármunum eða þar sem látin eru af hendi ákveðin önnur verðmæti í hendur þriðja aðila, án endurgjalds og viðtakandi skuldbundinn til að ráðstafa fjármagnstilfærslunni til fjárfestingar.

Undir rekstrartilfærslur falla greiðslur frá hinu opinbera án þess að á móti komi vinnuframlag eða önnur aðföng eða gæði. Undir rekstrartilfærslur falla öll helstu bóta- og styrkjakerfi ríkisins eins og félagslegar bætur og sjúkratryggingar. Einnig falla þar undir framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og rekstrarstyrkir á borð við greiðslur vegna búvörusamninga o.fl.. Bætur og styrkir eru til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka.

	2025	2024
Tilfærslur		
Félagslegar bætur.....	338.948	306.035
Sjúkratryggingar.....	85.136	75.236
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.....	39.549	30.179
Greiðslur vegna búvörusamninga.....	17.096	17.443
Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja.....	12.844	16.366
Alþjóðleg þróunarsamvinna.....	11.596	10.521
Greiðslur úr Loftslags- og orkusjóði.....	10.364	4.129
Styrkir til almenningssamgangna.....	10.515	6.740
Styrkir til varnargarða í Grindavík.....	1.628	7.957
Þjóðkirkjan og sóknargjöld.....	7.977	7.682
Endurgreiðsla til kvikmyndargerðar.....	6.131	6.226
Styrkir til starfsemi safna og listamanna.....	6.094	6.025
Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu.....	5.845	5.228
Endurvinnslan, skilagjald.....	5.040	4.697
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.....	4.552	6.896
Varnarmál.....	3.743	2.332
Fjármálaeftirlitið.....	3.393	3.183
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.....	3.216	3.449
Rannsóknarstyrkir.....	2.939	3.239
Alþjóðastofnanir.....	2.642	3.256
Styrkir úr Tækniþróunarsjóði.....	2.293	2.809
Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála.....	2.286	1.549
Aðrar tilfærslur.....	52.814	69.246

Tilfærslur samtals..... 636.640 600.421

Félagslegar bætur

Lífeyristryggingar og félagsleg aðstoð	239.863	212.998
Atvinnuleysistryggingasjóður.....	34.943	29.570
Fæðingarorlof.....	28.198	24.975
Barnabætur	20.932	20.143
Húsnæðis- og vaxtabætur.....	12.569	16.581
Bætur vegna veikinda og slysa.....	2.444	1.768

Félagslegar bætur samtals..... 338.948 306.035

Innleiðing á IPSAS 42 - Félagslegar bætur

Staðallinn IPSAS 42 - Félagslegar bætur (*Social Benefits*) tók gildi frá og með 1. janúar 2023 og fjallar um reikningshaldslega meðferð félagslegra bóta sem veittar eru í formi peningagreiðslna til einstaklinga og eða heimila sem þau geta ráðstafað að vild. Reikningsskilaráð ákvað að fresta innleiðingu þess hluta staðalsins sem varðar skuldbindingar og upplýsingagjöf. Staðallinn er innleiddur að fullu á árinu 2025. Áhrif af innleiðingunni eru þau að eigið fé hækkar um 7,3 ma.kr., gjaldfærðar félagslegar bætur 2025 hækka um 3,8 ma.kr. og skammtímaskuldir í árslok 2025 lækka um 3,6 ma.kr.

Félagslegar bætur

Félagslegar bætur eru veittar af ríkinu í formi peningagreiðslna til einstaklinga og eða heimila sem þau geta ráðstafað að vild að uppfylltum hæfnisviðmiðum. Endurgreiðsla á kostnaði flokkast ekki sem félagslegar bætur. Tilgangur með félagslegum bótum er að draga úr félagslegri áhættu og koma til móts við samfélagið sem heild. Félagsleg áhætta er ekki vegna ytri atburða eins og náttúruhamfara. Félagslegar bætur sem ríkið veitir eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir, fæðingarorlofsgreiðslur, barnabætur, húsnæðisbætur ofl.

Það sem hefur áhrif á framtíðar greiðslur félagslegra bóta eru lögbundin réttindi, reglugerðir, verðlagsþróun og fjöldi bótaþega þannig að breytingar á lögum, atvinnustig eða lýðfræðilega þróun geta haft áhrif á framtíðargreiðslur félagslegra bóta. Helstu áhættuþættir tengdir bótakerfi félagslegra bóta felast í fjölgun bótaþega, hækkun verðlags, breytingum á atvinnuleysi, öldrun þjóðarinnar, fjölgun fæðinga ofl.

Lífeyristryggingar og félagsleg aðstoð

Um lífeyristryggingar gilda lög nr. 100/2007. Markmið laganna er að tryggja þeim sem lögin taka til og þess þurfa bætur og aðrar greiðslur vegna elli, örorku og framfærslu barna. Hér undir fellur ellilífeyrir, örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppbót, sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, tekjutrygging örorkulífeyrisþega, vasapeningar ellilífeyrisþega, örorkustyrkir og barnalífeyrir. Rétt til ellilífeyris öðlast þeir sem náð hafa 67 ára aldri og hafa verið tryggðir hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Heimilt er að fresta töku ellilífeyris til alls að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun ellilífeyris. Réttur til örorkulífeyris er bundinn því skilyrði að geta umsækjanda til virkni á vinnumarkaði sé metin 25% eða minni til langframa vegna langvarandi eða alvarlegs heilsulubreysts eða fötlunar.

Um félagslega aðstoð gilda lög nr. 99/2007. Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis, umönnunargreiðslur, makabætur, umönnunarbætur og dánarbætur.

Lífeyristryggingar og félagslegar bætur eru greiddar fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar. Eigin tekjur lífeyrisþega hafa áhrif á rétt til bóta. Þegar skattálagnin liggur fyrir er endurreiknaður réttur til bóta. Í framhaldi af því er vangreiðsla greidd, en ef um ofgreiðslur er að ræða er gerð krafa um endurgreiðslur.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Um atvinnuleysisbætur gilda lög nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingasjóð. Markmið laganna er að tryggja launamönnum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt. Launamaður telst að fullu tryggður samkvæmt lögunum eftir að hafa starfað samfellt á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði. Launamaður sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á innlendum markaði er tryggður hlutfallslega.

Ef bótaþegar staðfesta atvinnuleit 20. - 25. dag hvers mánaðar þá fær viðkomandi greitt síðasta virka dag mánaðarins. Ef staðfest er 26. dags - 3. dags næsta mánaðar, þá er greitt 3-7 virkum dögum eftir mánaðarmót.

Fæðingarorlof

Um bætur í fæðingarorlofi gilda lög nr. 144/2020. Fæðingar- og foreldraorlof er leyfi frá launuðum störfum sem stofnast til við fæðingu barns, frumættleiðingu barns sem er yngri en átta ára og töku barns sem er yngri en átta ára í varanlegt fóstur. Foreldrar eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Foreldri er heimilt að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins. Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns. En fellur niður þegar barnið nær 24 mánaða aldri. Foreldrar eiga sameiginlega rétt á lengingu fæðingarorlofs um sex mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist lífandi.

Bætur í fæðingarorlofi eru greiddar í lok mánaðar og leiðréttingar eru greiddar í mánuðinum á eftir eða þegar þær liggja fyrir.

Skýring 6. Tilfærslur, frh.

Félagslegar bætur, frh.

Barnabætur

Um barnabætur gilda lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og reglugerð um greiðslu barnabóta nr. 1400/2024. Barnabætur eru tekjutengdar og ákvarðaðar samkvæmt skattframtali. Þær eru reiknaðar í álagningu árið eftir að barn fæðist og í síðasta skipti árið sem 18 ára aldri er náð. Með börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu eru greiddar sérstakar barnabætur, sem einnig eru tekjutengdar.

Barnabætur eru greiddar út fjórum sinnum á ári. Fyrstu tvær greiðslur ársins (1. febrúar og 1. maí) eru fyrirframgreiðsla og dregnar frá útreiknuðum barnabótum ákvörðuðum við álagningu miðað við tekjur á skattframtali. Eftirstöðvunum er skipt í tvær greiðslur 1. júní og 1. október.

Húsnæðis- og vaxtabætur

Um húsnæðis- og vaxtabætur gilda lög nr. 90/2003 um tekjuskatt vegna vaxtabóta og lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Húsnæðisbætur til leigjenda eru ætlaðar til þess að aðstoða fólk sem leigir íbúðarhúsnæði. Húsnæðið getur verið á almennum leigumarkaði, félagslegt leiguhúsnæði, á námsgörðum eða áfangaheimili. Alla leigusamninga þarf að skrá í leiguskrá. Upphæð húsnæðisbóta fer eftir fjölda fólks á heimilinu, tekjum þess og eignum og leiguverði. Vaxtabætur eru greiddar til þeirra sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði.

Húsnæðisbætur eru greiddar mánaðarlega á fyrsta degi vegna mánaðar á undan. Vaxtabætur ákvarðast samkvæmt upplýsingum á skattframtali árinu á eftir og eru greiddar út eftir að álagning liggur fyrir.

Breyting á félagslegum bótum

Helstu breytingar á félagslegum bótum á árinu eru að framlög til félags-, húsnæðis- og tryggingamála hækka sem rekja má til aðgerða stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði. Barnabætur hækka þar sem dregið var úr tekjuskerðingum. Húsnæðisbætur hækka vegna 25% hækkun grunnfjárhæðar húsnæðisbóta til leigjenda og tekið tillit til fleira heimilisfólks en áður. Bætur í fæðingarorlofi aukast vegna hækkunar á hámarksgreiðslum úr sjóðum. Aðrar breytingar voru innleiðing á nýju örorkulífeyriskerfi sem tók gildi 1. september 2025 ásamt hækkun á frítekjumarki ellilífeyrisþega úr 25.000 kr. í 36.500 kr. á mánuði.

Fjármögnun félagslegra bóta

Kostnaður við félagslegar bætur greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga og fjáráukalaga hverju sinni.

Sjúkratryggingar

Um sjúkratryggingar gilda lög nr. 112/2008. Sjúkratryggingar eiga að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðiskerfinu óháð efnahag. Sjúkratryggingar greiða læknskostnað, lyf, hjálpartæki, hjúkrun í heimahúsum, þjálfun, tannlækningar, sjúkraflutningar og ferðir innan lands, brýna meðferð erlendis, sjúkrakostnað vegna veikinda og slysa o.fl.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Um framlög í jöfnunarsjóð sveitarfélaga gilda lög nr. 56/2025. Samkvæmt lögunum greiðir ríkissjóður sjóðnum lögbundið framlag sem nemur tilteknu hlutfalli af innheimtum skatttekjum og tryggingagjaldi, auk viðbótarframlags sem miðast við álagningarstofn útsvars. Einnig er heimilt að ákveða frekari framlög í fjárlögum ár hvert.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum. Með því er stuðlað að því að sveitarfélög hafi sambærilegan fjárhagslegan grundvöll til að sinna lögbundnum verkefnum sínum, óháð tekjugetu, stærð eða öðrum staðbundnum aðstæðum.

Framlög úr sjóðnum eru meðal annars til að jafna rekstrarskilyrði sveitarfélaga, þar á meðal vegna reksturs grunnskóla og þjónustu við fatlað fólk auk annarra verkefna samkvæmt lögum.

Skýring 6. Tilfærslur, frh.

Greiðslur vegna búvörusamninga

Greiðslur vegna búvörusamninga eru veittar á grundvelli búvörlaga nr. 99/1993 og búnaðarlaga nr. 70/1998. Tílfærslurnar fela í sér bein framlög til framleiðenda í þeim tilgangi að styðja við innlenda framleiðslu, tryggja fæðuöryggi, jafna samkeppnisaðstöðu og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Greiðslurnar geta verið framleiðslutengdar eða óháðar framleiðslumagni, eftir ákvæðum gildandi samninga og reglugerða, auk fjárveitinga sem ákveðnar eru í fjárlögum hverju sinni.

Styrktir til nýsköpunarfyrirtækja

Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- og/eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu frá Rannís eiga rétt á sérstökum skattfrádrætti frá álögðum tekjuskatti. Frádrátturinn nemur 35% af útlögðum, styrkhæfum kostnaði í tilvikum lítilla og meðalstórra fyrirtækja en 25% í tilvikum stórra fyrirtækja, enda sé um ræða frádráttarbærar rekstrarkostnað. Njóti verkefnið opinberra styrkja hafa þeir áhrif á fjárhæð skattfrádráttar.

Greiðslur úr Loftslags- og orkusjóði

Loftslags- og orkusjóður styður aðila sem ýmist vinna að verkefnum sem minnka losun gróðurhúsalofttegunda, binda slíkar lofttegundir eða nýta innlenda vistvæna orku betur. Annars vegar er um ræða átaksverkefni til uppbyggingar hleðsluinnviða og hins vegar styrkir til orkuskipta ökutækja.

Endurgreiðsla til kvikmyndagerðar

Framleiðendur kvikmynda eða sjónvarpsföfnis á Íslandi eiga kost á 25% endurgreiðslum af framleiðslukostnaði sem fellur til hér á landi, eða 35% að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Skilyrði er að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri, kynna sögu lands eða náttúru eða að viðkomandi framleiðsla stuðli að aukinni reynslu, þekkingu á listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa.

Rannsóknarstyrkir

Rannsóknasjóður er opin samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi og skilgreind rannsóknarverkefni sem efla stöðu vísindastarfs á Íslandi. Boðið er upp á fimm styrkttegundir: Doktorsnemastyrki, nýdoktorastyrki, nýliðunarstyrki, verkefnisstyrki og öndvegisstyrki.

Jöfnun á örorkubyrðum almennra lífeyrissjóða

Um framlag til jöfnunar á örorkubyrðum almennra lífeyrissjóða gildir kafla VI í lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald. Með framlaginu skal stuðla að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða sé jöfnuð. Framlag til jöfnunar er ákvarðað í fjárlögum, en það skal vera að lágmarki 0,325% af fjárhæð gjaldstofns tryggingagjalds skv. III. kafla laganna. Nánari útfærsla er í reglugerð sem gefin er út árlega. Samkvæmt lögum á að greiða framlagið í október ár hvert. Síðustu ár hefur greiðslan verið í desember; ástæðan er hversu seint reglugerðir hafa verið birtar. Vegna 2024 var reglugerð birt 19. desember 2024 og vegna 2025 var hún birt 18. desember 2025.

Varnarmál

Greiðslur vegna varnarmála er varnartengdur stuðningur við Úkraínu.

Félagslegar bætur eru færðar sem gjöld í yfirlit um breytingu á afkomu þegar einstaklingur eða heimili hefur uppfyllt hæfnisskilyrði til næstu greiðslu bóta samkvæmt gildandi lögum og reglum. Ógreiddar félagslegar bætur í árslok eru færðar meðal annarra skulda og endurspegla ógreiddar bætur til bótaþega sem uppfylltu hæfnisskilyrðin fyrir árslok. Ógreiddar bætur eru bætur og leiðréttingar sem greiddar eru í byrjun næsta reikningsárs vegna reikningsársins og leiðréttingar sem meðal annars koma fram við álagningu tekjuskatts hjá einstaklingum og er greitt eða innheimt eftir álagningu um mitt ár á næsta reikningsári.

Sjúkratryggingar og aðrar bætur sem ekki flokkast sem félagslegar bætur eru færðar á því tímabili þegar umsókn um bætur hefur borist og hæfnisskilyrði hafa verið uppfyllt.

Styrkir og framlög sem eru valkvæð eru færð til gjalda þegar greiðsla fer fram. Aðrir styrkir og framlög eru færð þegar tilgreind skilyrði hafa verið uppfyllt og tilkynning þar um hefur borist ríkissjóði eða stofnunum hans.

Skýring 7. Laun og launatengd gjöld

Í millj. kr.	2025	2024
Laun.....	358.129	331.329
Launatengd gjöld.....	62.970	55.273
Laun og launatengd gjöld samtals.....	421.099	386.602

Undir þennan gjaldalið falla laun og launatengd gjöld aðila í samstæðu ríkisins á árinu. Annar starfsmannakostnaður er færður meðal launatengdra gjalda.

Meðalfjöldi stöðugilda var 26.133 árið 2025 en var 25.662 árið 2024.

Undir æðstu stjórnendum ríkisins eru skilgreindir ráðherrar ríkisstjórnarinnar. Heildarlaunakostnaður vegna æðstu stjórnenda á árinu 2025 nam samtals 616,3 millj. kr. (2024: 509,1 millj. kr.).

Réttindi starfsmanna til launa og orlofs eru færð í yfirlit um afkomu þegar til þeirra stofnast. Réttindi starfsmanna til starfsleyfis og annarra svipaðra launaréttinda eru færð í yfirlit um afkomu við greiðslu. Starfsmannaréttindi þessi sem koma til greiðslu innan 12 mánaða eru færð á nafnvirði. Skuldbinding vegna langtímarstarfskjararéttinda ef eru, er færð á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis þeirra.

Starfslokagreiðslur eru færðar í yfirlit um afkomu aðeins þegar þær eru fyrirliggjandi skuldbinding, annað hvort með uppsögn á starfi áður en venjulegum starfslokaaldri er náð eða sem bætur vegna hvatningar til að segja fyrr upp störfum. Starfslokagreiðslur sem greiðast innan 12 mánaða eru færðar sem fjárhæð væntrar greiðslu, en aðrar greiðslur eru færðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis greiðslunnar.

Skýring 8. Annar rekstrarkostnaður

Í millj. kr.	2025	2024
Samningsbundin öldrunarþjónusta.....	55.385	51.555
Samningsbundinn rekstur háskóla og framhaldskóla.....	18.607	16.837
Samningsbundin heilsugæsla.....	8.580	7.630
Samningsbundin endurhæfingarþjónusta.....	8.563	7.964
Samningsbundnir sjúkraflutningar.....	2.954	2.922
Samningsbundin þjónustukaup vegna félagsmála.....	2.335	2.155
Þjónusta við umsækjendur um alþjóðalega vernd.....	1.734	3.002
Samningsbundin þjónusta kirkjugarða.....	1.594	1.513
Önnur samningsbundin þjónustukaup.....	2.916	2.880
Lyf og lækningavörur.....	32.956	25.730
Áfengi og tóbak.....	31.210	32.451
Orkugjafir.....	18.967	16.028
Varahlutir og viðhaldsvörur.....	12.195	12.447
Matvæli.....	5.712	5.164
Önnur vörukaup.....	14.185	22.229
Viðhald og viðgerðir.....	18.208	13.828
Sorphreinsun og endurvinnsla.....	1.913	2.091
Önnur verkkaup.....	10.150	8.723
Sérfræðiþjónusta.....	54.156	52.857
Tölvu- og fjarskiptakostnaður.....	13.752	12.702
Leiga, leigusamningar.....	6.615	4.761
Opinber gjöld.....	5.994	6.922
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta.....	3.028	2.342
Önnur þjónustukaup.....	3.329	2.193
Ferðakostnaður.....	5.023	4.576
Áhættutap og bætur.....	2.951	3.780
Kostnaðarhlutdeild	2.051	3.775
Niðurfærslur krafna.....	4.651	2.606
Kostnaður af vátryggingasamningum.....	19.737	-10.550
Annað.....	10.257	6.675
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	379.710	327.790

Undir annan rekstrarkostnað fellur sá kostnaður sem felst í því að reka ríkissjóð og stofnanir ríkissjóðs annar en sá kostnaður sem fellur undir aðra liði í yfirliti um afkomu. Þessi kostnaður er færður á því tímabili sem vara eða þjónusta er notuð.

Nánnar er fjallað um kostnað af vátryggingasamningum í skýringu 27.

Rekstrarkostnaður er færður á því tímabili þegar til hans er stofnað.

Skýring 9. Afskriftir og niðurfærslur

Í millj. kr.	2025	2024
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna.....	56.733	53.128
Afskrift óefnislegra eigna.....	3.727	3.845
Afskrift afnotaréttar af leigueignum.....	8.678	9.442
Afskriftir og niðurfærslur samtals.....	69.138	66.415

Nánnar er fjallað um afskriftir og niðurfærslur í skýringu 21, 22 og 31.

Skýring 10. Fjármunatekjur

Í millj. kr.	2025	2024
Vaxtatekjur með aðferð virkra vaxta	222.106	210.731
Aðrar vaxtatekjur.....	11.679	43.344
Gengismunur.....	0	2.626
Fjármunatekjur fyrir arðgreiðslur samtals	233.785	256.701
Arðgreiðslur frá öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum.....	389	128
Fjármunatekjur samtals.....	234.174	256.829

Gengishagnaður og gengistap er jafnað út og nettó niðurstaða færð meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir atvikum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi fjáreignar yfir ætlaðan eignarhaldstíma hennar þannig að jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar í efnahagsreikningi hverju sinni. Með aðferðinni er virkum vöxtum beitt á bókfært verð til að ákvarða vaxtatekjurnar hverju sinni.

Virkir vextir fjáreignar eru reiknaðir út við upphaflega skráningu fjáreigna. Virkir vextir eru endurskoðaðir við reglulegt endurmat á greiðsluflæði viðkomandi eigna með breytilegum vöxtum til að endurspeglar hreyfingar á markaðsvöxtum. Virkir vextir eru einnig endurskoðaðir við uppreikning á gangvirði áhættuvarna. Virkir vextir eru að öðru leyti óbreyttir frá upphaflegri skráningu.

Vaxtatekjur sem færðar eru með aðferð virkra vaxta eru m.a.: (1) vextir af fjáreignum metnum á kostnaðarvirði; (2) vextir af fjáreignum á gangvirði í gegnum yfirlit um afkomu; (3) vaxtaþáttur afleiða tilgreindum í áhættuvarnarsambandi vegna vaxtaáhættu.

Skýring 11. Fjármagnsgjöld

Í millj. kr.	2025	2024
Vaxtagjöld og verðbætur langtímalána.....	116.997	105.883
Annar fjármagnskostnaður.....	98.306	116.235
Fjármagnsgjöld af innlánum.....	80.996	91.268
Gengismunur.....	9.361	0
Fjármagnsgjöld samtals.....	305.660	313.386

Gengishagnaður og gengistap er jafnað út og nettó niðurstaða færð meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir atvikum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi fjárskulda yfir ætlaðan eignarhaldstíma þeirra þannig að jafngildi bókfærðri fjárhæð fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi hverju sinni. Með aðferðinni er virkum vöxtum beitt á bókfært verð til að ákvarða vaxtagjöldin hverju sinni.

Virkir vextir fjárskuldar eru reiknaðir út við upphaflega skráningu fjárskulda. Virkir vextir eru endurskoðaðir við reglulegt endurmat á greiðsluflæði viðkomandi skulda með breytilegum vöxtum til að endurspegla hreyfingar á markaðsvöxtum. Virkir vextir eru einnig endurskoðaðir við uppreikning á gangvirði áhættuvarna. Virkir vextir eru að öðru leyti óbreyttir frá upphaflegri skráningu.

Vaxtagjöld eru ýmist gjaldfærð miðað við nafnvaxtakjör auk þess sem afföllum/yfirverði og kostnaði við útgáfu lána er dreift hlutfallslega á endurgreiðslutíma viðkomandi láns eða með aðferð virkra vaxta.

Verðbætur verðtryggðra skulda eru færðar í yfirlit um afkomu meðal vaxtagjalda eftir því sem þær falla til og færast í efnahagsreikning sem hluti af bókfærðu verði skulda.

Skýring 12. Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna

Í millj. kr.	2025	2024
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagerningum, nettó		
Söluhagnaður / sölutap hlutabréfa.....	-9.886	0
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagerningum samtals.....	-9.886	0
Matsbreytingar eigna		
Gangvirðisbreyting fjáreigna.....	25.276	7.176
Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna.....	674	-15.594
Endurmat fastafjármuna.....	8.984	605
Matsbreytingar eigna samtals.....	34.933	-7.813
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra liða, nettó		
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	1.677	815
Sölutap og úreltar eignir.....	-147	-950
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra liða samtals.....	1.530	-136
Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar samtals.....	26.577	-7.949

Gangvirðisbreytingar vegna markaðsverðbréfa og afleiða sem færðar eru á gangvirði eru færðar í yfirlit um afkomu. Sjá nánar um mat á gangvirði í skýringu 16.

Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna er vegna húsnæðis í Grindavík, atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis. Niðurstaða gangvirðismats á íbúðarhúsnæði í Grindavík leiddi til gjaldfærslu að fjárhæð 1,0 ma.kr. Gangvirðismat atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis leiddi samtals til tekjufærslu að fjárhæð 1,7 ma.kr. Nánar er fjallað um gangvirðismat fjárfestingareigna í skýringu 17.

Sala Íslandsbanka

Í október 2008 stofnaði ríkissjóður nýtt fjármálafyrirtæki með nafninu Nýr Glitnir banki sem tók við eignum og skuldbindingum hins fallna Glitnis banka. Nafninu var breytt í Íslandsbanka snemma árs 2009. Eftir mat á eignum og skuldbindingum sem fluttar voru yfir í nýja bankann varð niðurstaðan undir lok árs 2009 að eignarhald bankans skiptist á þann hátt að kröfuhafar fallna bankans færu með 95% en ríkissjóður 5%. Í tengslum við nauðasamninga slitabúa fallinna fjármálafyrirtækjanna og undanþágu þeirra frá gjaldeyrishöftum lögðu slitabúin fram stöðugleikaframlög sem runnu í ríkissjóð í byrjun árs 2016. Með stöðugleikaframlagi frá slitabúi Glitnis eignaðist ríkissjóður Íslandsbanka að fullu.

Eign ríkissjóðs í Íslandsbanka var seld í þrem áföngum. Með almennu hlutafjárútbóði í júní 2021 var 35% hlutur seldur og í mars 2022 var 22,5% hlutur seldur með tilboðsfyrirkomulagi. Í maí 2025 voru seldir í almennu hlutafjárútbóði allir hlutir sem ríkissjóði átti; sem voru um 45,2% af útistandandi hlutum í bankanum.

Tekjufærð hlutdeild í afkomu bankans á árunum 2017 til 2025 var 86,1 ma.kr. Móttæknar arðgreiðslur frá Íslandsbanka árin 2013 til 2025 voru 93,3 ma.kr. Fjármagnstekjuskattur af móttæknum arðgreiðslum til ríkissjóðs var 19,6 ma.kr. Söluhagnaður af sölu hluta var 1,9 ma.kr. árið 2021 og 9,7 ma.kr. árið 2022. Hins vegar var 10,2 ma.kr. sölutap á seldum hlutum 2025.

Skýring 13. Handbært fé

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar bankainnstæður.....	99.682	101.653
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum.....	7.069	6.267
Erlendar bankainnstæður.....	2.038	1.789
Handbært fé samtals.....	108.789	109.708

Ríkisaðilar hafa tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð 7,9 ma.kr. sem varðveittir eru á bankareikningum á nafni viðkomandi ríkisaðila. Vörslufé telst hvorki til eigna né skulda í efnahagsreikningi.

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af reiðufé, bankareikningum og innstæðum með skemmri en þriggja mánaða binditíma.

Skýring 14. Gulleign

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Gulleign.....	34.598	23.136
Gulleign samtals.....	34.598	23.136

Gulleign í árslok var 63.786 únsur (2024: 63.786).

Gull í gjaldeyrisforða er skráð sem erlend eign í gjaldmiðlinum gull og breytingar á virði gulls eru færðar sem gengismunur í yfirlit um afkomu.

Skýring 15. Skattkröfur

Í millj. kr.	2025	2024
Skattkröfur, breyting ársins		
Staða 01.01.....	235.268	247.848
Tekjur ársins.....	1.170.021	1.127.770
Innheimta ársins.....	-1.188.704	-1.127.829
Afskriftir og niðurfærslur.....	-10.676	-12.522
Staða 31.12.....	205.909	235.268

Við mat á niðurfærslu ógreiddra álagðra skatttekna í lok árs er í meginatriðum horft til innheimtureynslu næstliðinna fjögurra ára sem hlutfalls af skattkröfum auk annarra upplýsinga um árangur innheimtuaðgerða. Óinnheimtar skatttekjur eldri en þriggja ára eru færðar niður að fullu. Beitt er sömu aðferð við mat á viðurlögum og vöxtum tengdum ógreiddum álögðum skatttekjum að öðru leyti en því að eldri kröfur en tveggja ára í árslok eru færðar að fullu niður.

Vegna umfangs skattstofnsins er útlánaáættan dreifð og þess vegna er ekki tengd henni virk áhættustjórnun.

Ríkissjóður er ekki með nein veð eða aðrar tryggingar vegna krafna sem eru gjaldfallnar.

Kröfur sem myndast vegna ríkistekna eru upphaflega færðar á gangvirði. Þessar kröfur eru síðan leiðréttar fyrir sektum og vöxtum eftir því sem þær eru gjaldfærðar og virðisrýrnunarprófaðar. Vextir og viðurlög á skattkröfur eru sett fram sem skatttekjur í yfirliti um afkomu.

Skýring 16. Markaðsverðbréf og afleiður

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Erlend skuldabréf.....	903.806	806.650
Innlend skuldabréf.....	46.275	71.420
Innlend hlutabréf.....	27.022	25.982
Afleiður.....	11.358	7.139
Erlend hlutabréf.....	7.583	13.568
Önnur markaðsverðbréf.....	4.991	6.172
Markaðsverðbréf og afleiður samtals.....	1.001.036	930.932

Markaðsverðbréf er verðbréfaeign samstæðu ríkissjóðs og samanstendur af innlendum og erlendum skuldabréfum, innlendum og erlendum hlutabréfum ásamt öðrum markaðsverðbréfum. Markaðsverðbréf að fjárhæð 980,8 ma.kr. (2024: 922,9 ma.kr.) eru færð á gangvirði í gegnum yfirlit um afkomu en að öðru leyti eru markaðsverðbréf færð á afskrifuðu kostnaðarverði.

Afleiður samanstanda af innbyggðum afleiðusamningum í raforkusamningum, hrávöruvörnum, gjaldeyrissamningum, vaxtaskiptasamningum, hlutabréfaafleiðum og skortstöðum í skráðum skuldabréfum. Afleiður eru færðar á gangvirði í gegnum yfirlit um afkomu.

Kaup og sala markaðsskráðra verðbréfa er færð á viðskiptadegi, þann dag sem ríkissjóður skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í yfirlit um afkomu er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða ríkissjóður hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds.

markaður er ekki til staðar er gangvirði metið út frá viðskiptum á markaði með aðrar áþekkar eignir, með skráðu verði fyrir áþekkar eignir á mörkuðum sem taldir eru minna virkir eða með öðrum greinanlegum markaðsupplýsingum. Ef slíkar upplýsingar eru ekki til staðar er gangvirði metið með öðrum aðferðum, til dæmis með núvirtu sjóðsflæði eða með upplýsingum um markaðsverð sambærilegra eigna að teknu tilliti til viðeigandi leiðréttinga og breytinga á forsendum til þess að meta mismuninn á undirliggjandi eignum.

Markaðsverðbréf færð á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði en eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýring 17. Fjárfestingareignir

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík.....	54.706	53.849
Íbúðarhúsnæði.....	25.970	23.961
Þróunareignir.....	16.845	16.455
Atvinnuhúsnæði.....	14.566	14.022
Fjárfestingareignir samtals.....	112.088	108.287

Fjárfestingareignir greinast þannig	Yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík	Íbúðar- húsnæði	Þróunar- eignir	Atvinnu- húsnæði	Samtals
Bókfært verð 01.01.2024.....	0	14.627	16.158	13.679	44.463
Viðbætur ársins.....	70.586	9.583	297	88	80.553
Selt á árinu.....	0	-1.065	0	-70	-1.136
Matsbreyting ársins.....	-16.737	817	0	326	-15.594
Bókfært verð 31.12.2024.....	53.849	23.961	16.455	14.022	108.287
Viðbætur ársins.....	1.866	1.167	390	229	3.652
Selt á árinu.....	0	-525	0	0	-525
Matsbreyting ársins.....	-1.009	1.367	0	315	674
Bókfært verð 31.12.2025.....	54.706	25.970	16.845	14.566	112.088

Fjárfestingareignir samstæðunnar skiptast í yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík, íbúðarhúsnæði, þróunareignir og atvinnuhúsnæði.

Yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík er veðsett til tryggingar á skuldum við lánveitanda að nafnverði 40,0 ma.kr. (2024: 40,0 ma.kr.). Bókfært verð veðsettra eigna nemur 54,7 ma.kr. (2025: 56,2 ma.kr.). Atvinnuhúsnæði er veðsett til tryggingar á skuldum við lánveitanda að eftirstöðvum 7,4 ma.kr. (2024: 7,3 ma.kr.) og íbúðarhúsnæði er veðsett til tryggingar á skuldum að eftirstöðvum 15,8 ma.kr. (2024: 14,4 ma.kr.).

Yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík, íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði er fært á gangvirði í gegnum yfirlit um afkomu en þróunareignir eru færðar á upphaflegu kostnaðarverði að viðbættum framkvæmda- og þróunarkostnaði.

Fasteignir í Grindavík voru keyptar með það að markmiði að halda utan um eignir í bæjarfélaginu á meðan jarðhræringar gera íbúum ókleift að búa í þeim á öruggan og áhyggjulausan hátt. Eignirnar voru keyptar á fyrirfram skilgreindu verðlagi og markmiðið er að gera íbúum kleift að kaupa eignir sínar aftur þegar ljóst er að skilyrði á svæðinu hafa batnað.

Við gangvirðismat á íbúðarhúsnæði í Grindavík eru fjárhæðir núvartar með 7% vegnum fjármagnskostnaði (WACC) án áhrifa verðbólgu og skatta. Eftir formleg lok jarðhræringa á svæðinu er áætlað að eignum, sem eru í útleiguhæfu ástandi, verði komið í útleigu. Gert er ráð fyrir að árið 2028 verði fyrsta árið þar sem eignir eru í útleigu og verða eignirnar í útleigu í þrjú ár þangað til þær verða að stærstum hluta seldar í lok árs 2030. Á útleigutímabilinu verður stíglækkandi afsláttur þar sem mesti afslátturinn á leiguverðinu verður á fyrsta ári tímabilsins en hann lækkar svo ár frá ári. Jafnframt verður unnið að því að koma eignum sem þarfnast viðhalds í útleiguhæft ástand eins og unnt er.

Annað íbúðarhúsnæði samanstendur af eignum um land allt sem eiga að stuðla að hagkvæmum og öruggum langtímaleigumarkaði með sérstaka áherslu á landsbyggðina. Við gangvirðismat íbúðarhúsnæðis er stuðst við fasteignamat ársins 2026 en það tekur mið af verðlagi í febrúar 2025.

Skýring 17. Fjárfestingareignir, frh.

Í tengslum við samkomulag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu hafa tvær landspildur í eigu ríkisins að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík verið flokkaðar sem eignir til þróunar. Þróunin felur í sér að skipuleggja sem hagkvæmasta nýtingu landsins og rennur ágóðinn til innviðauppbyggingar. Við flokkun landspildnanna sem þróunareignir voru þær endurmetnar í líklegt markaðsverð og endurmatið fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Meðal eigna í þróun eru jafnframt eignir sem ekki stóð til að nota undir starfsemi ríkisins en á að endurgera og gæta að varðveislugildi þeirra. Þegar eignirnar verða komnar í endanlegt ástand og fullan rekstur verða þær færðar og metnar sem fjárfestingareignir.

Atvinnuhúsnæði samanstendur af eignum fyrir háskóla, hátæknifyrirtæki, stofnanir, sérhæfðar rannsóknarstofur og sprotafyrirtæki sem eiga að efla vísindarannsóknir og nýsköpun í landinu. Við mat á gangvirði atvinnuhúsnæðis eru fjárhæðir núvirtar með 6,77% vegnum fjármagnskostnaði án skattaáhrifa (2024: 6,63%) og er stuðst við 70% skuldahlutfall (2024: 70%).

Í upphafi er íbúðarhúsnæði í Grindavík, íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði fært á kostnaðarverði að meðtöldum viðskiptakostnaði. Fjárfestingareignirnar eru síðar færðar á gangvirði á reikningsskiladegi og gangvirðisbreytingin er færd í gegnum yfirlit um afkomu.

Gangvirðismat íbúðarhúsnæðis í Grindavík byggir á sjóðstreymisaðferð og er það yfirfarið á hverjum reikningsskiladegi. Vegna aðstæðna í og við Grindavík er óvissa til staðar um tekjusköpun eignanna en þær eru flokkaðar í gæðaflokka þar sem mat hefur verið lagt á uppsafnaða viðhaldspörf eigna. Útreiknað gangvirði hvernar eignar er áætlað byggt á áætluðu söluverði, leigutekjum fram að sölu að frádregnum umsýslukostnaði eigna og viðhaldskostnaði. Fjárhæðir eru núvirtar með vegnum fjármagnskostnaði (WACC). Mikil óvissa ríkir um lengd á tímabilinu frá reikningsskiladegi og að formlegum lokum á jarðhræringum ásamt því að megin óvissupáttur í gangvirðismati eignanna er óvissa um hvenær hægt verði að selja eignirnar og á hvaða verði.

Við mat á gangvirði íbúðarhúsnæðis er meðal annars stuðst við fasteignamat fasteignaskrár Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en þó tekið tillit til annarra upplýsinga sem kunna að gefa betri vísbendingar um gangvirði eigna.

Þróunareignir eru metnar á upphaflegu kostnaðarverði að viðbættum framkvæmdakostnaði og ekki eru færðar fyrningar vegna þeirra. Þegar eignirnar verða komnar í endanlegt ástand og fullan rekstur verða þær færðar og metnar sem fjárfestingareignir.

Gangvirði atvinnuhúsnæðis er reiknað út með núvirðingu á framtíðarsjóðflæði sem áætlað er að fjárfestingareignirnar muni skila. Við núvirðingu er notast við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar sem byggir á væntri ávöxtunarkröfu eigin fjár annars vegar og markaðsvöxtum lánsfjár hins vegar. Við mat á áætluðu framtíðarsjóðflæði hefur aðallega verið stuðst við gildandi leigusamninga en tillit hefur verið tekið til væntinga um breytingu leiguverðs í náinni framtíð. Við matið eru leigusamningarnir skoðaðir og tekið tillit til þeirra áhættupátta sem máli skipta, svo sem gæða og tímalengdar leigusamninga og þeirrar markaðsleigu sem talið er að muni taka við þegar leigusamningum lýkur. Við matið á núvirtu sjóðflæði hefur verið tekið tillit til almennrar óvissu sem ríkir í rekstrarumhverfi á leigumarkaði. Á móti áætluðum tekjum eigna er viðhalds- og rekstrarkostnaður metinn.

Gangvirðismat fjárfestingareigna er að hluta unnið með hjálp óháðra matsmanna sem hafa reynslu og þekkingu á gangvirðismötum og að hluta gert af starfsfólki ríkisaðila.

Skýring 18. Hlutdeildarfélag og eignarhlutir í öðrum félögum

Í millj. kr.	2025	2024
Hlutdeildarfélag, breyting ársins		
Hlutdeildarfélag 01.01.....	108.315	101.763
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	-1.741	-12.225
Aðrar breytingar.....	-99.227	18.777
Hlutdeildarfélag 31.12.....	7.348	108.315
	31.12.2025	31.12.2024
Eignahlutir í öðrum félögum		
Eignarhlutir í öðrum íslenskum félögum og sjóðum.....	3.819	7.205
Eignarhlutir í öðrum erlendum félögum og sjóðum.....	39.060	17.066
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals.....	42.880	24.271

	Eign 31.12.2024	Fjárfesting ársins	Gangvirðis- breyting	Eign 31.12.2025
Eignarhlutir í öðrum erlendum félögum og sjóðum				
Alþjóðabankinn (IBRD).....	1.886	170	4.184	6.240
Alþjóðafarmfarastofnunin (IDA).....	9.634	601	-9	10.225
Alþjóðagreiðslubankinn (BIS).....	184	0	10.160	10.344
Alþjóðalánastofnunin (IFC).....	318	0	204	522
Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (EBRD).....	901	121	19	1.040
Fjölbjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (MIGA).....	27	0	107	134
Innviðafjárfestingabanki Asíu (AIIB).....	484	0	22	506
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda (VNF).....	49	0	23	72
Nato Innovation Fund (NIF).....	768	0	0	768
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).....	190	0	62	252
Norræna umhverfisþróunarfélagið (NMF).....	66	0	-66	0
Norræni fjárfestingabankinn (NIB).....	560	0	5.776	6.337
Norrænn þróunarsjóður (NDF).....	1.678	64	-516	1.226
Þróunarbanki Evrópu (CEB).....	322	80	993	1.395
Eignir stofnana í erlendum félögum*.....	0	0	0	0
Eignarhlutir í öðrum erlendum félögum og sjóðum samtals	17.066	1.035	20.960	39.060

*Talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er

Eign ríkissjóðs í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum byggir á eigendastefnu ríkissjóðs sem finna má á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Kaup og sala þeirra byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum.

Eignarhlutir í félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20%. Greiðslur vegna arðs frá hlutdeildarfélögum eru færðar til lækkunar á bókkfærðu verði eignar í viðkomandi félagi. Arður frá öðrum félögum en hlutdeildarfélögum er tekjufærður úr yfirliti um afkomu við móttöku, sjá skýringu 10.

Eignarhlutir í félögum eru metnir á gangvirði ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er undir 20%. Eignarhlutir í öðrum íslenskum félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði í gegnum afkomu, þar sem gangvirði er ákvarðað samkvæmt innra virði félaganna. Eignarhlutir í öðrum erlendum félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði í gegnum eigið fé, þar sem gangvirði er ákvarðað byggt á innra virði eða eftir atvikum þeirri hlutdeild sem ríkissjóður fær ef félaginu er slitið.

Skýring 19. Útlán og aðrar lánveitingar

Í millj. kr. 31.12.2025 31.12.2024

Útlán.....	2.244.962	2.130.206
Námslán.....	116.869	117.638
Aðrar lánveitingar.....	11.978	13.012

Útlán og aðrar lánveitingar samtals..... 2.373.808 2.260.856

Útlán

Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði.....	2.200.247	2.104.293
Virðisýrjunarsjóður.....	-12.377	-15.342

Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði samtals..... 2.187.870 2.088.951

Útlán á gangvirði.....	57.092	41.255
------------------------	--------	--------

Útlán á gangvirði samtals..... 57.092 41.255

Útlán samtals..... 2.244.962 2.130.206

Af útlánnum eru 927,0 ma.kr. (2024: 926,6 ma.kr.) vegna beinna íbúðalána til einstaklinga. Önnur útlán eru til einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila.

Námslán

Lánaflokkur S.....	4.196	4.435
Lánaflokkur R.....	6.428	7.016
Lánaflokkur G.....	86.402	89.324
Lánaflokkur H.....	19.842	16.863

Námslán samtals..... 116.869 117.638

Samstæðan veitir námsaðstoð í formi styrkja og námslána í samræmi við lög nr. 60/2020. Veitt eru lán til námsmanna á sömu lánskjörum og ríkinu býðst á hverjum tíma hjá endurlánum ríkissjóðs sem teljast undir markaðskjörum að viðbættu álagi sem standa á undir væntanlegum vanskilum á útlánnum sem veitt eru samkvæmt lögnum. Þá felst styrkur ríkisins til námsmannna í greiðslufrestum (undanþágum frá afborgunum) eða öðrum ívilnunum, s.s. að námslán sem eru í skilum falla niður við andlát greiðenda.

	Lánaflokkur V	Lánaflokkur S	Lánaflokkur R	Lánaflokkur G	Lánaflokkur H	Samtals
Nafnverð námslána						
Nafnverðsstaða 01.01.2025.....	140	15.959	13.686	200.070	33.067	262.921
Veitt lán á árinu.....	0	0	0	16	8.176	8.191
Afborganir ársins.....	-5	-826	-1.149	-12.048	-1.792	-15.819
Breytt í oflánsbréf.....	0	0	0	0	-192	-192
Breytt í vanskilaskuldabréf.....	0	-3	-2	-28	-7	-40
Afskriftir vegna látinna lánþega.....	-7	-149	-75	-206	-6	-443
Afskriftir vegna 20 ára reglu.....	-1	0	0	0	0	-1
Afskriftir tapaðra krafna.....	0	0	0	-1	0	-2
Afskriftir vegna gjaldþrota.....	0	-5	0	0	0	-5
30% niðurfelling og styrkur eftir námslok.....	0	0	0	0	-1.908	-1.908
Barnastyrkur.....	0	0	0	0	-659	-659
Breyting á vöxtum flutt á höfuðstól við innheimtu....	0	0	0	0	559	559
Verðbætur ársins.....	6	587	515	7.322	765	9.195
Breyting ársins, ógreitt gjaldfallið.....	0	-21	-31	-343	-78	-473
Nafnverðsstaða námslána 31.12.2025.....	132	15.542	12.945	194.781	37.923	261.323

Skýring 19. Útlán og aðrar lánveitingar, frh.

Í millj. kr.	Lánaflökkur V	Lánaflökkur S	Lánaflökkur R	Lánaflökkur G	Lánaflökkur H	Samtals
Gangvirði námslána						
Gangvirði 01.01.2025.....	0	4.435	7.016	89.324	16.863	117.638
Veitt lán á árinu.....	0	0	0	16	8.176	8.191
Afborganir ársins.....	-5	-826	-1.149	-12.048	-1.792	-15.819
Áfallnir vextir og verðbætur.....	6	587	490	7.340	852	9.275
Aðrar breytingar.....	0	-3	7	-13	-3.991	-3.999
Gangvirðisbreyting.....	0	2	64	1.784	-266	1.583
Gangvirðisstaða námslána 31.12.2025.....	0	4.196	6.428	86.402	19.842	116.869

Útlánaflökkar Menntasjóðsins eru fimm og allir með mismunandi lánakjörum. V-lán og S-lán eru verðtryggð en bera ekki vexti. R-lán og G-lán eru einnig verðtryggð og bera 0,4% vexti. Endurgreiðslur þessara lána eru tekjutengdar og greiða lánþegar annars vegar 4,4% (R-lán) og 3,4% (G-lán) af tekjum ársins á undan í endurgreiðslur. H-lánin sem komu til sögunnar með lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna eru verðtryggð á meðan á námi stendur líkt og eldri lánaflökkar. Greiðendur H-lána velja hvort þeir endurgreiði lánin sem verðtryggð lán eða sem óverðtryggð lán. Meginreglan samkvæmt lögnum er að endurgreiða skuli H-lán sem jafngreiðslulán og ræðst fjöldi endur greiðsluára af upphæð höfuðstóls og aldri greiðanda, þ.e. að lánin séu uppgreidd áður en greiðandi verður 66 ára. Ef hins vegar lántakandi er undir 40 ára (35 ára 5 árum eftir gildistöku laganna) þegar námi lýkur og lántaki lýkur námi með prófgráðu getur hann valið tekjutengdar endurgreiðslur og er endurgreiðsluhlutfallið 3,75% af tekjum ársins á undan. Sé lánþegi eldri endurgreiðir hann lánið sem jafngreiðslulán sem tekur mið af höfuðstól lánsins og aldri lántakanda þegar endurgreiðslur hefjast en miðað er við að endurgreiðslum ljúki við 66 ára aldur. Vextir af lánunum sem standa sjóðnum til boða hjá ríkissjóði og tekin hafa verið til fjármögnunar útlána sjóðsins hafa verið hærri en vextir af eldri námslánaflökkum. Nýju H-lánin bera hins vegar sömu vexti og sjóðurinn getur fjármagnað sig á hverjum tíma að viðbættu 0,8% álagi. Álagið sem ákveða skal í úthlutunarreglum hvers árs tekur mið af væntum afföllum lánanna þar sem sjóðurinn skal vera sjálfbær af öllum útlánunum sínum samkvæmt nýjum lögum að undanskildum 30% niðurfellingu höfuðstóls láns ef námsmaður lýkur námi á réttum tíma. Þá eru jafnframt veittir barnastyrkir í stað barnalána sem falla einnig utan endurgreiðslu á námslánunum.

	31.12.2025	31.12.2024
Aðrar lánveitingar		
Krafa á LSR, innlend, óverðtryggð.....	3.332	4.052
Sveitarfélög.....	3.346	2.998
Lánveiting Ferðaábyrgðasjóðs.....	2.135	2.389
Stofnframlög.....	8.127	0
Annað.....	619	9.374
Óbein niðurfærsla annarra lánveitinga.....	-5.581	-5.802
Aðrar lánveitingar samtals.....	11.978	13.012

Skýring 20. Birgðir

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Rekstrarvörur.....	4.621	4.114
Sjúkrahúsvörur.....	1.796	1.750
Aðrar birgðir.....	6.729	6.937
Birgðir samtals.....	13.147	12.800

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar ef við á. Ef eigna er aflað gegn óverulegu endurgjaldi eða án endurgjalds, er kostnaðarverð þeirra metið við móttöku sem gangvirði eða endurstofnverð þeirra og mismunur færður til tekna í yfirliti um afkomu. Engin veruleg niðurfærsla hefur verið færð á birgðum á árinu.

Skýring 21. Varanlegir rekstrarfjármunir

Í millj. kr.	Jarðir og lóðir	Fasteignir	Samgöngu- mannvirki	Raforku- mannvirki	Aðrar eignir	Samtals
Varanlegir rekstrarfjármunir og breyting þeirra						
Stofnverð eða endurmetið stofnverð						
Stofnverð 01.01.2025.....	221	497.108	1.089.246	1.173.214	176.620	2.936.408
Leiðrétt 01.01.2025 vegna VSK.....	0	-27.185	-228.978	0	-19.286	-275.449
Leiðrétt 01.01.2025 vegna endurmatsaðferðar.....	0	0	140.738	0	0	140.738
Flutt á óefnislegar eignir.....	0	0	0	519	-2.241	-1.722
Endurflokkun.....	34.474	-32.600	-4.335	0	2.462	0
Þýðingarmunur.....	0	0	0	-97.200	-1.172	-98.372
Viðbót á árinu.....	4.274	37.902	29.709	36.215	16.720	124.819
Hreint endurmat.....	0	7.515	41.905	16.495	0	65.916
Selt / niðurfært á árinu.....	-337	-31.372	-4.731	-1.941	-7.668	-46.051
Stofnverð 31.12.2025.....	38.631	451.367	1.063.554	1.127.301	165.433	2.846.286
Afskrift og virðisrýrnun						
Afskrifað 01.01.2025.....	0	71.684	331.778	528.579	87.018	1.019.059
Leiðrétt 01.01.2025 vegna VSK.....	0	-13.862	-72.109	0	-10.378	-96.350
Leiðrétt 01.01.2025 vegna endurmatsaðferðar.....	0	0	49.749	0	0	49.749
Endurflokkun.....	0	-49	-933	0	982	0
Þýðingarmunur.....	0	0	0	-46.016	-688	-46.704
Afskrift ársins.....	0	9.385	14.995	22.051	10.303	56.733
Hreint endurmat.....	0	0	13.389	6.186	0	19.575
Selt / úrelt á árinu.....	0	-779	-3.640	-2.135	-5.329	-11.883
Afskriftir 31.12.2025.....	0	66.379	333.228	508.665	81.907	990.179
Bókfært verð 01.01.2025.....	221	425.424	757.468	644.635	89.602	1.917.350
Bókfært verð 31.12.2025	38.631	384.989	730.326	618.636	83.526	1.856.107
Par af verk í vinnslu	0	100.080	44.212	30.702	785	175.781
Par af eignir til sölu	0	3.011	0	0	0	3.011
Afskriftahlutföll.....	0%	1-4%	1-33%	1,4-10%	0-50%	

Verk í vinnslu og eignir til sölu eru flokkaðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í lok árs.

Við upphaflega skráningu eru rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarvirði eða gangvirði þegar kostnaðarverð liggur ekki fyrir, að því gefnu að hægt sé að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti. Við upptöku á IPSAS 1. janúar 2017 voru eignir færðar á gangvirði. Rekstrarfjármuni sem ekki er hægt að meta á gangvirði og kostnaðarverð liggur ekki fyrir eru ekki eignfærðir.

Þar sem lántökur ríkisins eru almennt ekki beint tengdar einstökum eignum þá er lántökukostnaður ekki eignfærður sem hluti af kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna að undanskyldu því að vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði raforkumannvirkja í byggingu og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss eru eignfærð á byggingartíma.

Eftir upphaflega skráningu eru eignarflokkar rekstrarfjármuna færðir með eftirfarandi hætti.

Nokkrir eignarflokkar eru endurmetnir þannig að þeir endurspegli þjónustugildi eða efnahagslega ávinning af eigninni. Endurmat byggir á gangvirði eignarinnar þar sem allar eignir í eignaflokki eru endurmetnar.

Endurmetnir eignarflokkar eru endurmetnir að lágmarki á fimm ára fresti eða oftast ef bókfært verð er verulega frábrugðið gangvirði.

Skýring 21. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Eignir eru endurmetnar til gangvirðis miðað við bestu nýtingu eignarinnar, byggt á markaðsverði hennar eða markaðsupplýsingum eins og núvirtu framtíðarsjóðstreymi. Ef markaðsgögn liggja ekki fyrir er notast við afskrifað endurstofnsverð sem bestu nálgun á gangvirði. Þegar eignir eru metnar á afskifuðu endurstofnsverði eða þjónustuvirði (e. *Current Operational Value*) er byggt á áætluðum núverandi kostnaði við samsvarandi eign að frádregnum afskriftum vegna notkunar og slits ásamt leiðréttingum fyrir úrelingu og umframafkastagetu. Fjármagnskostnaður er ekki meðtalinn í afskrifuðu endurstofnsverði.

Samgöngumannvirki eru færð á þjónustuvirði (e. *Current Operational Value*). Þjónustuvirði endurspeglar áætlaðan kostnað við að endurstofna þjónustugildi þjóðvegakerfsins með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til ástands og aldurs.

Gangvirði rekstrarfjármuna flokkast í þrep þrjú í þrepaskiptingu gangvirðis.

Þegar eign er endurmetin þá eru uppsafnaðar afskriftir á endurmatsdegi færðar til lækkunar á stofnverði.

Hækkun á bókfærðu verði rekstrarfjármuna vegna endurmats er færð á endurmatsreikning meðal eign fjár nema að því marki að hækkunin vegi upp tap sem áður var gjaldfært í yfirliti um afkomu þá er hækkunin tekjufærð í yfirliti um afkomu. Lækkun á bókfærðu verði rekstrarfjármuna vegna endurmats er gjaldfærð í yfirliti um afkomu að því marki sem hún er umfram áður færða endurmatshækkunir á endurmatsreikning meðal eign fjár.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma eignar þannig að kostnaðarverði og endurmati, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma hennar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð sem virðisrýrnun. Virðisrýrnun samgöngumannvirkja á sér einkum stað þegar slitlag þarf að endurnýja áður en það er fullafskrifað samkvæmt upphaflega áætluðum líftíma, m.a. vegna ófyrirséðs aukins álags. Í slíkum tilvikum er bókfært verð gjaldfært sem virðisrýrnun.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að notkunartíminn breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum notkunartíma viðkomandi eigna.

Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi rekstrarfjármuni er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði þeirra.

Við gerð reikningsskilanna meta stjórnendur m.a. gangvirði rekstrarfjármuna, viðhaldsþörf þeirra, áætlaðan nýtingartíma og hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Jafnframt er lagt mat á hvort eignir uppfylli skilyrði flokkunar sem eignir til sölu.

Stjórnendur leggja mat á hvort endurmetnar eignir nýtist til öflunar tekna eða til veitingar þjónustu. Við matið er einkum horft til þess hvort fjárhagslegur ávinningur felist aðallega í tekjuöflun eða í þjónustugildi. Ef eign þjónar bæði tilgangi tekjuöflunar og þjónustu, er hún flokkuð út frá þeim þætti sem telst ráðandi. Flokkunin er endurskoðuð reglulega til að tryggja að hún endurspegli raunverulega notkun eigna.

Matsaðferðir og áætlaður notkunartími eignaflokka er sem hér segir:

Jarðir og lóðir

Jarðir og lóðir eru ekki afskrifaðar en endurmetnar á gangvirði á fimm ára fresti eða oftar ef bókfært verð er verulega frábrugðið gangvirði. Við mat á gangvirði er byggt á skráðu fasteignamati.

Fasteignir

Fasteignir eru færðar á gangvirði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun frá því eignirnar voru síðast endurmetnar. Fasteignir í útleigu eru metnar á núvirtu framtíðarsjóðstreymi eignarinnar. Aðrar fasteignir eru metnar á skráðu fasteignamati.

Áætlaður notkunartími fasteigna er 25 til 100 ár.

Skýring 21. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Fasteignir, frh.

Endurmat á fasteignasafni Ríkiseigna

Í árslok 2025 var framkvæmt endurmat á fasteignasafni Ríkiseigna. Samanlögð hækkun á virði þeirra fasteigna sem hækkuðu í lok árs 2025 nam 12,8 ma.kr., á meðan samanlögð virðisrýrnun þeirra fasteigna sem lækkuðu nam 3,8 ma.kr. Áhrif endurmats eru færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár að því marki sem endurmetið virði er hærra en bókfært verð án endurmats. Á árinu 2025 voru 0,9 ma.kr. gjaldfærðar í yfirliti um afkomu þar sem endurmatslækkun var umfram áður færða endurmatshækkun.

Við mat á gangvirði fasteigna er að meginstefnu stuðst við fasteignamat sem Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (HMS) ákvarðar. Fasteignamatið er leiðrétt fyrir viðhaldspörf eigna til að endurspeglar raunverulegt ástand þeirra á reikningsskiladegi. Fyrir nýjar og nýlegar eignir, þar sem talið er að kostnaðarverð endurspegli gangvirði með áreiðanlegum hætti, er kostnaðarverð notað sem sérstök matsaðferð. Ef kostnaðarverð er ekki talið gefa rétta mynd af gangvirði er stuðst við aðrar matsaðferðir. Val á matsaðferð fer eftir eðli og ástandi eigna.

Mat á gangvirði fasteigna felur í sér óvissu þar sem það byggir á forsendum um markaðsaðstæður, byggingarkostnað og ástand eigna. Sérstaklega felur mat á viðhaldspörf í sér verulegt mat stjórnenda, sem getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu endurmats. Fyrir eignir þar sem stuðst er við fasteignamat er óvissa fólgin í þeim forsendum og aðferðum sem liggja til grundvallar mati Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar. Fyrir eignir þar sem stuðst er við kostnaðarverð sem mat á gangvirði felst óvissa í því að kostnaðarverð endurspegli gangvirði á reikningsskiladegi. Breytingar á forsendum, einkum varðandi viðhaldspörf, geta haft veruleg áhrif á bókfært verð fasteigna. Matið var framkvæmt niður á hvert fasteignanúmer, en heildarfjöldi fasteigna var 365 í árslok 2025 (árslok 2024: 364).

Fasteignamat HMS miðast við verðlag í febrúar 2025 og var vísitölubætt til desember 2025 með byggingavísitölu. Þar sem matið gerir ráð fyrir viðunandi ástandi fasteigna, var framkvæmd viðbótargreining á fjárfestingarpörf til að endurheimta slíkt ástand. Í þeirri greiningu var notast við gögn úr viðhaldskerfum Ríkiseigna, gæðaflokkun fasteigna og mat eignastjóra. Áætlaður kostnaður vegna viðhalds var dreginn frá gangvirðismati til að ákvarða raunverulegt gangvirði eigna í núverandi ástandi.

Virðisrýrnun vegna Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss

Tvær breytingar hafa átt sér stað á endurheimtanlegu verði Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss (Harpan). Annars vegar á árinu 2009 þegar breytingar voru gerðar á fjárhagslegri skipan Hörpunnar sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum. Hins vegar á árinu 2019 þegar endurheimtanlegt verð var lægra en bókfært verð og virðisrýrnun að fjárhæð 7,1 ma.kr. var færð.

Aðrar fasteignir

Fasteignir sem ekki hafa verið endurmetnar eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Samgöngumannvirki

Samgöngumannvirki eru færð á þjónustuvirði (e. *Current Operational Value*). Þjónustuvirði endurspeglar áætlaðan kostnað við að endurstofna þjónustugildi þjóðvegakerfsins með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til ástands og aldurs.

Áætlaður notkunartími samgöngumannvirkja er 3 til 100 ár.

Breyting á matsaðferð samgöngumannvirkja

Samgöngumannvirki eru nú færð á þjónustuvirði (e. *Current Operational Value*) en voru áður metin á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Þjónustuvirði endurspeglar áætlaðan kostnað við að endurstofna þjónustugildi þjóðvegakerfsins með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til ástands og aldurs. Sá matsgrunnur miðar við þjónustugildi eignar en hvorki kostnaðar- né markaðsverð, og er hann talinn veita áreiðanlegri og betur viðeigandi upplýsingar um eignir sem notaðar eru til að veita þjónustu hins opinbera en ekki í hagnaðardrífnum rekstri.

Við upptöku á endurmatsaðferð fyrir samgöngumannvirki sem eru metin á þjónustuvirði frá 1. janúar 2025 var eigið fé hækkað um 91,0 ma.kr.

Skýring 21. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Í millj. kr.

Samgöngumannvirki, frh.

Þjónustuvirði samgöngumannvirkja

Verðforsendur fyrir mat á þjónustuvirði samgöngumannvirkja byggja á einingaverðum fyrir helstu verkþætti við gerð þjóðvega, svo sem skeringar, fyllingarefni, neðra og efra burðarlag, klæðingu (tvöföld klæðing með flokkaðri mól) og frágang fláa og svæða við hlið vegar. Einingaverðin eiga sér grunnviðmið allt aftur til ársins 2015 og eru uppreiknuð til verðlags hvers vinnsluárs með byggingarvísitölu. Einingaverðin byggja á reynslutölum og mati sem hefur verið uppfært yfir tíma. Framreikningur með byggingarvísitölu fangar almennar verðlagsbreytingar en endurspeglar ekki að öllu leyti allar breytingar á endurstofnkostnaði vegna tæknibreytinga og framþróunar. Matinu fylgir því tiltekin matsóvissa en að mati Vegagerðarinnar er aðferðin engu að síður talin gefa áreiðanlega og vel rökstudda nálgun á þjónustuvirði þjóðvegakerfisins.

Mikilvægar áætlanir og forsendur hafa verið lagðar til grundvallar virðismatinu, þar á meðal um magn efnis sem notað er í gerð einstakra þátta, einingakostnað við framkvæmd og endingartíma veganna. Breytingar á þessum undirliggjandi áætlunum og forsendum geta haft veruleg áhrif á virðismatið og eru þær uppfærðar reglulega. Helstu forsendur og áætlanir sem hafa áhrif á virðismat ríkisvega eru:

Yfirstjórnun	31.12.2025	31.12.2024
Undirbúningskostnaður (hönnun, valgreining ofl.)	5-13%	5-13%
Fyllingar		
Kostnaður kr./ m2 á flatlendi	45.000 - 50.000	43.000 - 48.000
Kostnaður kr./ m2 á fjallvegum	90.000 - 98.000	85.000 - 94.000
Kostnaður kr./ m2 á hálendisvegum	9.000 - 9.800	8.500 - 9.400
Veguppbygging		
Kostnaður við burðar- og styrktarlag kr./m2	11.000 - 14.500	10.500 - 14.000
Kostnaður við malbik, kr. /m3	31.000 - 37.000	30.000 - 35.100
Kostnaður við klæðningu, kr. /m3	4.600 - 7.500	4.200 - 7.200
Brýr		
Brúargólf og sökklar, kostnaður kr./ m2	202.334-597.515	193.800-572.375
Brúarsökklar, kostnaður pr. stk.....	30,8-63,5 millj. kr.	29,5-60,8 millj. kr.
Vegrið og stýringar, kostnaður kr./ m2	29.000 - 65.500	27.000 - 62.700
Slitlag, kostnaður kr./ m2	35.510	34.000
Jarðgöng		
Göng, kostnaður kr./ m3	27.300 - 30.750	26.150 - 29.450
Stýringar, lýsingar, veitur ofl, kostnaður kr./ metra	307.000 - 378.100	294.000 - 362.100
Slitlag, kostnaður kr./ m3	31.000 - 33.500	29.700 - 32.100

Raforkumannvirki

Raforkumannvirki samanstanda af orkuverum og eignum til orkuframleiðslu og flutningskerfum eða eignum til orkudreifingar og eru færð á gangvirði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun frá því eignirnar voru síðast endurmetnar.

Endurmat raforkumannvirkja byggir á rekstrarvirði núverandi eigna félaga sem fara með eignarhald og rekstur raforkumannvirkja. Gert er ráð fyrir því að fjárfestingar jafngildi afskriftum núverandi eignastofns. Núvirðing framtíðarsjóðstreymis byggir á markaðsvöxtum (WACC) í samræmi við aðferð sem beitt er þegar félögunum er úthlutað arðsemi fyrir stórnotendur og dreifiveitur.

Áætlaður notkunartími raforkumannvirkja er 10 til 70 ár.

Skýring 21. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Raforkumannvirki, frh.

Gangvirði framleiðslukerfa Rariks

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eignar. Það felur í sér að lagt er mat á tekjustrauma af viðkomandi eign og þeir núvirtir með viðeigandi ávöxtunarkröfu.

Dreifiveita Rariks

Rekstrarfjármunir dreifiveitu Rariks voru endurmetnir 2012 og nam endurmatið 3,5 ma.kr. Við ákvörðun núvirðis dreifiveitu var litið til tekjumarkna og notast við meðaltalsfjármagnskostnað (WACC) 5,01%. Vöxtur tekna dreifiveitu var metinn 0,4% - 7,9% árin 2013-2035 en enginn vöxtur eftir það. EBITDA-hlutfall var metið 34% til 44% á spátímabilinu. Gert er ráð fyrir að nýting tekjumarkna félagsins sé 100% frá árinu 2017.

Stjórnendur mátu í árslok 2025 hvort þörf væri á endurmati dreifiveitu Rariks. Matið byggir á núvirtu sjóðsflæði af eignunum og náði spátímabilið til ársins 2044 en reiknað framtíðarvirði eftir það. Notast er við langt spátímabil til að endurspegla betur breytingar á tekjuramma veitunnar. Við gerð sjóðsflæðismatsins var byggt á áætlunum stjórnenda sem byggja á sögulegri reynslu og væntingum um framtíðina. Við mat á nýtingarvirði rekstrarfjármuna dreifiveitunnar var litið til tekjumarkna dreifiveitu. Við ákvörðun núvirðis dreifiveitu var litið til meðaltalsfjármagnskostnaðar (WACC) 5,55% sem byggir á raunverðsgrunni. Vöxtur tekna dreifiveitu rafmagns var metinn -11,2% til 11,8% árin 2026-2047 en enginn vöxtur eftir það. EBITDA-hlutfall var metið 46% til 50% á spátímabilinu en 41% til framtíðar. Gert var ráð fyrir að nýting tekjumarkna félagsins sé á 100,3% á árinu 2026 en lækki svo í 97,5% árið 2027 en hækki svo jafnt og þétt og verði 99% frá og með árinu 2031. Matið er mjög næmt fyrir breytingum á lykilorðendum s.s. nýtingu tekjumarkna og því kann niðurstaða matsins að breytast verði nýting þeirra önnur en gert er ráð fyrir. Niðurstaða mats á endurmatþörf var sú að færa ekki endurmat þar sem óvissa er um fulla nýtingu tekjumarkna í framtíðinni.

Virkjanir Rariks

Rarik endurmat virkjanir sínar miðað við 31. desember 2025. Endurmatið var framkvæmt af óháðum sérfræðingum og var stuðst við núvirt sjóðsflæði af hverri einstakri virkjun. Við mat á sjóðsflæði á virkjunum var miðað við væntar framtíðartekjur af sölu raforku miðað við áætlanir stjórnenda. Við matið var gert ráð fyrir að tekjur þróist í samræmi við verðlagsþróun og því ekki gert ráð fyrir raunvexti tekna. Við mat á rekstrarkostnaði var tekið tillit til sögulegrar reynslu úr rekstri hvernar virkjunar. Eftirstöðvar nýtingartíma hvernar virkjunar voru metnar út frá ástandi hvernar virkjunar fyrir sig. Veginn fjármagnskostnaður til núvirðingar (WACC) var metinn 6,95%. Við mat á WACC var litið til almennra viðmiða á Íslandi við mat á sambærilegum eignum sem er 60-70% skuldsetningarlutfall. Kostnaður lánsfjármögnunar var metinn 4,2% fyrir skatt og eiginfjárfkrafa var metin 12,1%. Við mat á eiginfjárfkröfu var beta ákvörðuð út frá samanburði við sambærileg félög á markaði erlendis, almennt markaðsálag var metið 5,8% og sérstakt áhættuálag var metið 1,5%. Niðurstaðan var sú endurmat í árslok nam 0,1 ma.kr.

Gangvirði lína og tengivirki Landsnets

Línur og tengivirki Landsnets voru endurmetnar í lok ársins en þær voru endurmetnar þar á undan árið 2024. Matið var framkvæmt með sambærilegum hætti og árið áður. Við endurmatið var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2025 til 2034 og eftir það reiknað framtíðarvirði rekstrar. Endurmatið var byggt á rekstrarvirði núverandi eigna félagsins og gert ráð fyrir að fjárfestingar myndu jafngilda afskriftum núverandi eigna stofns. Núvirðing framtíðarsjóðstreymis var byggð á markaðsvöxtum (WACC) í samræmi við aðferð sem beitt er þegar félaginu er úthlutað arðsemi fyrir stórnotendur og dreifiveitur, að meðaltali 5,58% (2024:5,79%). Ekki er reiknað með framtíðarvexti enda félagið bundið af tekjumörkum. Við matið er einnig horft til áætlaðs endurbyggingarkostnaðar flutningskerfisins sem var metinn af óháðum sérfræðingum í árslok. Bókfært virði eignanna stóðst mat virðisrýnnun í lok árs og voru línur og tengivirki endurmetin um 10,0 ma.kr. í lok ársins (31.12.24: 5,8 ma.kr.).

Önnur raforkumannvirki

Önnur raforkumannvirki hafa ekki verið endurmetin og eru færð til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýnnun.

Aðrar eignir

Aðrar eignir samanstanda af lækningatækjum, farartækjum, vélum, áhöldum, tækjum og búnaði ásamt öðrum eignum. Þær eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýnnun.

Áætlaður notkunartími annarra eigna er 0 til 30 ár.

Skýring 21. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Í millj. kr.

31.12.2025 31.12.2024

Verk í vinnslu

Verk í vinnslu eru eignir sem eru í byggingu og hafa ekki verið teknar í notkun og eru því ekki afskrifaðar.

Fasteignir í byggingu		
Bygging sjúkrahúss á lóð Landsspítalans.....	66.763	55.582
Stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar.....	10.553	23.559
Aðrar fasteignir í byggingu.....	22.764	2.802
Fasteignir í byggingu samtals.....	100.080	81.943
Samgöngumannvirki í byggingu		
Samgöngusáttmáli um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.....	16.083	10.549
Vegaframkvæmdir.....	24.104	11.514
Flugvöllir.....	4.025	3.624
Samgöngumannvirki í byggingu samtals.....	44.212	25.687
Raforkumannvirki í byggingu		
Vindorkuver við Vaðöldu.....	11.921	3.990
Flutningsvirki í byggingu.....	18.781	16.823
Raforkumannvirki í byggingu samtals.....	30.702	20.813
Aðrar eignir í byggingu		
Hafrannsóknarskip.....	0	4.261
Annað samtals.....	785	871
Aðrar eignir í byggingu samtals.....	785	5.132

Skuldbindingar vegna verka í vinnslu

Búið er að gera skuldbindandi samninga vegna verkefna Samgöngusáttmálans í árslok 2025 og ekki eru komin til fullra framkvæmda fyrir um 31,7 ma.kr., eftirstöðvar þeirra nema um 11,9 ma.kr. í árslok 2025. Samgöngusáttmálinn er samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 31. desember 2025 voru til staðar skuldbindingar utan efnahags vegna samninga sem tilheyra framkvæmdum við stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem framundan eru til ársloka 2027. Skuldbindingin nemur 5,1 ma.kr. (2024: 7,1 ma.kr.).

Niðurrifsskuldbinding

Stofnverð rekstrarfjármuna innifelur áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Mynduð er skuldbinding vegna þessa meðal langtímaskulda. Útreikningur á fjárhæð skuldbindingarinnar byggist á núvirði áætlaðs niðurrifskostnaðar miðað við áætlaðan líftíma eignarinnar.

Niðurrifsskuldbinding vegna loftlína Raríks

Útreikningur á fjárhæð niðurrifsskuldbindingar vegna loftlína Raríks byggðist á núvirði áætlaðs niðurrifskostnaðar loftlína m.v. forsendur um hlutfall niðurrifskostnaðar af byggingu lína og um endingartíma þeirra. Vextir á niðurrifskostnað voru 5,9% á árinu 2025 (2024: 6,0%) að viðbætti verðtryggingu. Engin ný loftlína var byggð á árunum 2025 og 2024. Skuldbindingin nam 1,1 ma.kr. í árslok 2025 (2024: 1,1 ma.kr.).

Skýring 21. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Niðurrifsskuldbinding, frh.

Niðurrifsskuldbinding vegna loftlína Landsnets

Áætlaður niðurrifskostnaður lína Landsnets hefur verið metinn og núvirtur miðað við forsendur um nýtingartíma. Breyting á skuldbindingunni vegna núvirðingar, sem miðuð er við 6,4% vexti (2024: 6,4%) er á meðal eigin fjár. Skuldbindingin nam 1,5 ma.kr. í árslok 2025 (2024: 1,4 ma.kr.).

Niðurrifsskuldbinding vegna vindorkuvera Landsvirkjunar

Landsvirkjun hefur hafið framkvæmdir við vindorkuver, Vaðölduver. Félagið færir skuldbindingu vegna áætlaðs kostnaðar við að færa landsvæðið í Vaðölduveri til fyrra horfs eftir áætlaðan nýtingartíma vindmylluversins, miðað við stöðu framkvæmda á reikningsskiladegi. Skuldbindingin er núvirt til reikningsskiladags miðað við 2,7% vexti. Skuldbindingin nam 0,1 ma.kr. í árslok 2025 (2024: 0 ma.kr.).

Niðurrifsskuldbinding sem ekki hefur verið metin

Kostnaður við að koma landi í upprunalegt horf, til dæmis vegna aflagðra vega eða brúa við tilfærslur á vegstæði, er ekki færður sem hluti kostnaðarverðs samgöngumannvirkja. Skuldbinding sem í því felst hefur ekki verið metin.

Eignir til sölu

Eignir sem flokkaðar eru til sölu eru eignir þar sem formleg ákvörðun hefur verið tekin um sölu, eignin er tilbúin til afhendingar í núverandi ástandi, söluferli hefur hafist og mjög líklegt er talið að eignin seljist, auk þess sem búist er við að salan fari fram innan 12 mánaða.

Eignir sem flokkaðar eru til sölu eru ekki lengur afskrifaðar.

Eignir til sölu eru metnar á lægra hvoru tveggja bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Lækkun niður í gangvirði er gjaldfærð í rekstrarreikningi, en bakfærsla er heimil að því marki sem hún fer ekki umfram upphaflegt bókfært verð.

Eignir flokkaðar til sölu eru fasteignir í formlegri sölumeðferð og uppfylla kröfur IPSAS 44 um slíka flokkun en staðallinn tók gildi 1. janúar 2025. Á árinu voru nokkrar fasteignir flokkaðar sem eignir til sölu.

Eignir til sölu samanstanda meðal annars af fasteignum sendiráða erlendis ásamt meðferðarheimili sem fyrirhugað er að selja. Eignirnar eru færðar á bókfærðu verði þar sem áætlað söluverð er hærra en bókfært verð. Eignirnar eru ekki afskrifaðar. Bókfært verð þeirra í árslok 2025 nam 3,0 ma.kr.

Fullafskrifaðar eignir sem eru enn í notkun

Meðal varanlegra rekstrarfjármuna eru eignir sem eru full afskrifaðar en eru enn í notkun.

Eignir sem ekki hafa verið metnar

Rekstrarfjármunir sem ekki er unnt að meta á gangvirði og þar sem kostnaðarverð liggur ekki fyrir eru ekki eignfærðir.

Helstu eignir sem hvorki hafa verið metnar né eignfærðar eru þær sem tengjast innanlandsflugvöllum. Þær flokkast m.a. í húseignir, flugbrautir, brautarljós, flugleiðsögubúnað og annan búnað á flugvöllum.

Við stofnun Orkubús Vestfjarða á árinu 1977 afsöluðu sveitarfélög á Vestfjörðum öllum rétti til virkjunar vatnsafls og jarðhita sem þau eiga eða kunna að eiga í löndum sínum eða annars staðar og þau kunna að hafa samið um. Náði afsal þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda. Vatnsréttindin eru ekki bókfærð í efnahagsreikningi og eru því eignir utan efnahagsreiknings.

Skýring 22. Óefnislegar eignir

Í millj. kr.	Hugbúnaður	Undirbúnings- kostnaður	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Óefnislegar eignir og breyting þeirra				
Stofnverð				
Stofnverð 01.01.2025.....	29.599	37.058	16.528	83.185
Leiðrétt 01.01.2025 vegna VSK.....	-2.785	0	0	-2.785
Flutt af varanlegum rekstrarfjármunum.....	2.241	-519	0	1.722
Þýðingarmunur.....	-245	-3.639	-593	-4.476
Viðbót á árinu.....	4.054	6.863	15.795	26.712
Endurflokkun.....	3.917	-10	-3.902	4
Selt / úrelt á árinu.....	-1.122	-24	-1.858	-3.005
Stofnverð 31.12.2025.....	35.659	39.730	25.969	101.358
Afskriftir				
Afskrifað 01.01.2025.....	14.417	17.045	5.528	36.990
Leiðrétt 01.01.2025 vegna VSK.....	-1.232	0	0	-1.232
Þýðingarmunur.....	-141	-1.603	0	-1.743
Afskrift ársins.....	3.291	61	375	3.727
Endurflokkun.....	639	0	-639	0
Selt / úrelt á árinu.....	-1.098	-24	-909	-2.031
Afskriftir 31.12.2025.....	15.875	15.479	4.356	35.710
Bókfært verð 1.1.2025.....	15.183	20.014	10.999	46.195
Staða 31.12.2025	19.784	24.252	21.613	65.648

Óefnislegar eignir, sem aflað var fyrir 01.01.2017 og gjaldfærðar þá, voru ekki færðar til eignar við innleiðingu IPSAS. Margar þessara eigna eru enn í notkun en kostnaðarverð þeirra var ekki sérstaklega aðgreint og liggur því ekki fyrir.

Virðisrýrnunarpróf

Í árslok 2025 var gert virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild samstæðunnar sem varð til við kaup á dótturfélaginu TM tryggingar hf. Úthlutun yfirverðs er ekki að fullu lokið í lok ársins, en samstæðan mun ljúka henni innan þess tólf mánaða frests sem veittur er frá kaupunum.

Líkanið sem notað er til þess að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð er viðkvæmast fyrir breytingum á spám um hagnað sem verður til ráðstöfunar fyrir hluthafa á hverju fimm ára tímabili, ávöxtunarkröfu og breytingum á eilífðarvexti. Niðurstaða greiningar sem tekur tillit til þessara þátta var sú að engin virðisrýrnun var færð á árinu 2025.

	Ávöxtunarkrafa	Eilífðarvöxtur	Bókfært virði
Tryggingastarfsemi.....	10,9%	3,5%	10.467

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Kostnaðarverð óefnislegrar eignar sem verður til innan ríkissjóðs felur einungis í sér útgjöld sem stofnað er til í þróunaráfanga eignarinnar. Þróunaráfangi tekur við þegar eftirfarandi liggur fyrir:

1. Tæknilega framkvæmanlegt
2. Geta til að ljúka við eignina
3. Ásetningur og geta til að selja eða nota eignina
4. Þróunarkostnað er hægt að aðgreina með áreiðanlegum hætti

Skýring 22. Óefnislegar eignir frh.

Rannsóknir eru „upphaflega ætluð rannsókn sem ráðist er í til að öðlast nýja vísindalega eða tæknilega þekkingu og skilning“. Útgjöld sem stofnað er til á rannsóknarstigi óefnislegrar eignar eru færð til gjalda þegar stofnað er til þeirra. Verði rannsóknaráfangi ekki aðgreindur frá þróunaráfanga er kostnaður gjaldfærður þegar hann fellur til.

Sé óefnislegrar eignar aflað án endurgjalds eða fyrir óverulegt endurgjald er hún líka upphaflega færð á kostnaðarverði, sem samkvæmt skilgreiningu er núll eða óverulegt.

Aðrar óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru síðar færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Nýtingartími óefnislegra eigna er þrjú til tíu ár.

Innleystur hagnaður og tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er færður í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar að minnsta kosti árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu. Ekki voru vísbendingar um virðisrýrnun á árinu.

Skýring 23. Aðrar kröfur

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS).....	86.073	90.186
Skammtíma kröfur.....	73.315	51.841
Aðflutningsgjöld af olúinnflutningi.....	4.784	4.860
Niðurfærsla vegna tapsáhættu.....	-253	-355
Aðrar kröfur samtals.....	163.919	146.533

Aðrar kröfur eru kröfur sem gert er ráð fyrir að innheimtist innan árs. Aðrar kröfur eru m.a. viðskiptakröfur, fyrirframgreiðslur o.fl. Bókfært verð þeirra er talið endurspegla gangvirði þeirra.

Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) samanstendur af innistæðu Seðlabankans og gjaldeyrisstöðu vegna úthlutaðs kvóta Íslands í lok árs 2025. Gjalddeyrisstaða er mismunurinn á SDR kvóta og krónuinneign sjóðsins hjá AGS að teknu tilliti til stöðu viðskiptareiknings hjá Seðlabankanum. Samtals nam staðan 501,8 m.SDR í lok árs 2025 (árslok 2024: 500,1 m.SDR) eða 86,1 ma.kr. í árslok 2025.

Aðrar kröfur eru upphaflega færðar á nafnverði. Niðurfærsla vegna áætlaðs taps er færð þegar hlutlæg vísbending er um að eignin hafi rýrnað.

Skýring 24. Útgefnir seðlar og mynt

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Seðlar		
10.000 krónur.....	40.145	41.246
5.000 krónur.....	14.949	15.650
2.000 krónur.....	206	206
1.000 krónur.....	7.390	7.255
500 krónur.....	1.934	1.904
Seðlar samtals.....	64.623	66.261
Mynt		
100 krónur.....	3.157	3.052
50 krónur.....	804	787
10 krónur.....	637	631
5 krónur.....	135	134
1 króna.....	122	122
Mynt samtals.....	4.855	4.726
Útgefnir seðlar og mynt samtals.....	69.478	70.987

Útgefnir seðlar og mynt eru skráð á nafnvirði.

Skýring 25. Innlán

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Óbundin innlán.....	851.492	806.710
Bundin innlán.....	547.602	493.056
Bindiskylða.....	74.547	69.866
Innlán samtals.....	1.473.641	1.369.632

Innlán samanstanda af óbundnum og bundnum innlánum en þau síðarnefndu eru annað hvort í verðtryggðu eða óverðtryggðu innlánsformi. Innlán eru frá heimilum og fyrirtækjum, frá alþjóðastofnunum og öðrum innlendum og erlendum aðilum.

Fyrirkomulag bindiskylðu er þannig að hún skiptist í tvo hluta, annars vegar fasta bindingu sem ber enga vexti og hins vegar meðaltalsbindiskylðu. Fasta bindiskylðan var 3% árið 2025. Á árinu 2025 var meðaltalsbindiskylðan 0%.

Innlán eru í upphafi metin á gangvirði auk beins viðskiptakostnaðar. Eftir það eru þau metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

Skýring 26. Lántökur

Í millj. kr.	Vaxtakjör	31.12.2025	31.12.2024
Ríkisskuldabréf, verðtryggð (RIKS).....	Sjá töflu	908.732	432.774
Ríkisskuldabréf, óverðtryggð (RIKB).....	Sjá töflu	719.751	561.666
Skráð skuldabréf, verðtryggð.....	1,96-5,2%	293.791	869.065
Skráð skuldabréf, óverðtryggð.....	6,2-9,6%	81.390	91.874
Skráð skuldabréfaútgáfa í EUR.....	0-4,3%	669.262	549.603
Skráð skuldabréfaútgáfa í USD.....	8,1%	12.749	4.358
Skráð skuldabréfaútgáfa í annarri erlendri mynt.....	0,9%	11.782	38.697
Óskráð skuldabréf, verðtryggð.....	1,84-5%	103.890	95.281
Óskráð skuldabréf, óverðtryggð.....	0-10,35%	11.660	10.549
Óskráð skuldabréfaútgáfa, EUR.....	3,15-3,85%	51.842	52.622
Óskráð skuldabréfaútgáfa, USD.....	4-6,11%	143.869	161.494
Óskráð skuldabréfaútgáfa í annarri erlendri mynt.....	1,6-1,7%	40.518	15.640
Ríkisvixlar.....		86.828	186.180
Lántökur samtals.....		3.136.064	3.069.804
Afborganir sundurliðaða eftir gjalddögum			
Árið 2026/2025.....		406.984	444.168
Árið 2027/2026.....		225.561	403.664
Árið 2028/2027.....		478.750	218.499
Árið 2029/2028.....		213.096	482.628
Árið 2030/2029.....		423.405	233.600
Síðar.....		1.388.268	1.287.246
Afborganir samtals.....		3.136.064	3.069.804

Í töflunni hér á undan er birt staða langtímalána í lok árs og til samanburðar í lok ársins á undan. Lánin eru færð á upphaflegu útgáfuverði að teknu tilliti til verðbóta, gengisbreytinga, affalla / yfirverðs og afborgana.

Allur höfuðstóll, vextir og annað fé til greiðslu í tengslum við lán tekin af ríkissjóði ásamt almennum skuldbindingum, greiðist af tekjum sem koma í ríkissjóð.

Framangreind vaxtakjör eru hæstu og lægstu vextir viðkomandi lánaflokka langtímaskulda í árslok 2025.

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla / yfirverðs.

Skýring 26. Lántökur, frh.

Í millj. kr.

	Grunnvísitala / vextir	Bókfært verð 31.12.2025
Ríkisskuldabréf, verðtryggð (RIKS)		
Útgáfuflokkur - Útgáfudagur		
RIKS 30 0701 - 01.07.2011	377,6 / 3,25%	134.572
RIKS 33 0321 - 21.03.2012	389,62 / 3%	134.161
RIKS 26 0216 - 16.02.2018.....	446,99 / 1,5%	55.960
RIKS 37 0115 - 17.02.2022.....	514,85 / 1%	80.715
RIKS 29 0917 - 11.06.2025.....	633,52 / 3,5%	94.871
RIKS 34 1016 - 11.06.2025.....	633,07 / 3,5%	67.340
RIKS 36 0815 - 11.06.2025.....	631,61 / 3,5%	65.351
RIKS 39 1115 - 11.06.2025.....	633,14 / 3,5%	55.450
RIKS 41 0815 - 11.06.2025.....	631,61 / 3,5%	57.277
RIKS 44 1017 - 11.06.2025.....	633,03 / 3,5%	58.646
RIKS 47 1115 - 11.06.2025.....	633,14 / 3,5%	56.916
RIKS 50 0915 - 11.06.2025.....	633,48 / 3,5%	47.472
Ríkisskuldabréf, verðtryggð (RIKS) samtals.....		908.732
Ríkisskuldabréf, óverðtryggð (RIKB)		
Útgáfuflokkur - Útgáfudagur		
RIKB 26 1015 - 15.10.2022.....	6,75%	87.204
RIKB 27 0415 - 15.04.2024.....	8,00%	125.869
RIKB 28 1115 - 15.11.2016.....	5,00%	113.035
RIKB 31 0124 - 24.01.2011	6,50%	119.613
RIKB 32 1015 - 11.06.2025.....	7,00%	67.716
RIKB 35 0917 - 17.09.2023.....	7,00%	94.594
RIKB 38 0215 - 15.02.2025.....	6,50%	47.413
RIKB 42 0217 - 17.02.2022.....	4,50%	64.307
Ríkisskuldabréf, óverðtryggð (RIKB) samtals.....		719.751

Skýring 27. Vátryggingaskuldir

Í millj. kr.

Skuldbinding vegna vátryggingarsamninga og hluti endurtryggjenda í þeim í lok árs

	2025			2024		
	Eignir	Skuldir	Hrein eign / skuld	Eignir	Skuldir	Hrein eign / skuld
Vátryggingarsamningar.....	0	34.707	-34.707	0	8.891	-8.891
Endurtryggingarsamningar.....	6.134	0	6.134	3.623	0	3.623

	2025	2024
Afkoma af vátryggingarsamningum		
Tekjur af vátryggingarsamningum.....	25.392	5.149
Tjónakostnaður.....	-15.853	10.934
Rekstrarkostnaður af vátryggingastarfsemi.....	-3.885	-577
Hrein afkoma af endurtryggingarsamningum.....	451	-12.335
Afkoma af vátryggingastarfsemi samtals.....	6.105	3.171

Breyting á vátryggingastarfsemi

TM tryggingar hf. varð hluti af samstæðunni frá 28. febrúar 2025 sem skýrir breytingu á skuld vegna vátryggingasamninga og afkomu af vátryggingasamningum. Nánar er fjallað um áhrif af kaupum Landsbankans hf. á öllu hlutafé TM trygginga hf. í skýringu 33.

Tjónakostnaður

Á árinu 2024 var tekjufært uppfært mat stjórnenda á heildartjóni vegna atburðanna í Grindavík frá árinu áður. Við mat á tapsáhættu á árinu 2023 var takmarkaður aðgangur að svæðinu sem hafði áhrif á matsmenn við framkvæmd mats á líklegu heildartjóni. Í lok árs 2024 var komin skýrari mynd á áætlað heildartjón í Grindavík og því var áætlað tjón að meðtöldu óvissuálagi, lækkað um 10,3 ma.kr. sem skýrir jákvæðan tjónakostnað 2024.

Vátryggingaráhætta

Áhættan sem felst í hverjum vátryggingasamningi samanstendur af áhættu á að vátryggður atburður eigi sér stað og óvissu um endanlega tjónsfjárhæð. Fyrir vátryggingasamninga þar sem líkindareikningi er beitt við verðmat og ráðstöfun stendur samstæðan frammi fyrir þeirri megin áhættu að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en áætlað var, alvarleiki þeirra eða tíðni verði meiri eða stórtjón fleiri en ráð var fyrir gert. Vátryggðir atburðir eru ófyrirséðir og rauntíðni og endanlegar fjárhæðir tjóna geta verið frábrugðnar áætlunum sem reiknaðar eru á grundvelli tölfræðilegra aðferða.

Endurtryggingaráhætta getur m.a. falist í því að greiðslufall verði hjá endurtryggjendum. Oft á tíðum tekur langan tíma að gera upp tjónsatburð. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Samstæðan gerir kröfur um að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og mörk eru sett um hve mikla áhættu samstæðan tryggir hjá hverjum endurtryggjanda.

Stýring vátryggingaráhættu byggir á eftirliti með næmni vaxtaferils, verðbólguþá, væntingum um greiðslutíma orðinna tjóna og væntum tjónakostnaði orðinna tjóna. Samstæðan fylgist með eðli og tíðni tjóna ásamt dreifingu tjónsfjárhæða í hverri grein og bregst við breytingum með verðlagningu eða vörupróun ef tilefni er til. Dregið er úr iðgjaldaáhættu með því að dreifa áhættunni yfir margar vátryggingargreinar og með endurtryggingum vegna stórtjóna.

Skýring 27. Vátryggingaskuldir, frh.

Skilgreining vátryggingasamninga

Vátryggingasamningar flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar. Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni. Vátryggingaáhætta er áhætta sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, vegna eignatjóns. Endurtryggingasamningar eru gerðir til að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættu umfram umsamda fjárhæð.

Flokkun vátryggingasamninga

Samstæðan beitir einfaldaðri úthlutunaraðferð (e. *Premium Allocation Approach, PAA*) þegar vátryggingarsamningar eru til eins árs eða skemur og einnig þegar samningar sem eru til lengri tíma hafa sömu einkenni, t.d. ákvæði um árlega endurskoðun iðgjalda. Þar sem samningar samstæðunnar uppfylla þessi skilyrði að mestu og þeir samningar sem falla utan þeirra eru með óveruleg iðgjöld þá beitir samstæðan PAA.

Samstæðan flokkar vátryggingarsamninga út frá því hvernig samstæðan stýrir samningum með sambærilega áhættu. Flokkunarkerfið sem samstæðan nýtir byggir að mestu á Solvency II reglugerðinni, þó með þeirri undantekningu að lögboðnar ökutækjatrýggingar og frjálsar ökutækjatrýggingar eru eitt safn. Hverju safni er svo skipt nánar niður í hópa byggt á væntum hagnaði samstæðunnar af viðkomandi samningum, en sú flokkun samninga er gerð í upphafi samningstíma þegar vátryggingaráhætta flyst frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

Samstæðan metur hvort samningur gæti orðið íþyngjandi byggt á því hvort sambærilegir samningar sem félagið hefur verið aðili að hafi orðið íþyngjandi miðað við þá verðlagningu sem í gildi er og undirliggjandi áhættu. Þá geta mögulegar breytingar á utanaðkomandi þáttum, svo sem breytingar á markaðsaðstæðum eða lagaumhverfi haft áhrif þar á. Sé samningur talinn íþyngjandi við upphaflega skráningu eða á þeim tíma þegar aðstæður benda til þess að samningur sé íþyngjandi er vænt tap viðkomandi samnings fært í yfirlit um afkomu. Það er mat samstæðunnar að slíkir samningar séu ekki til staðar nema að óverulegi leyti.

Endurtryggingarsamningar eru metnir með sama hætti og aðrir vátryggingarsamningar en samstæðan nýtir einungis endurtryggingar til að draga úr áhættu.

Skuldbinding vegna vátryggingarsamninga er samtala skuldbindingar vegna eftirstæðrar vátryggingarverndar (e. *liability for remaining coverage, LRC*) og skuldbindingar vegna orðinna tjóna (e. *liability for incurred claims, LIC*).

Skylt er samkvæmt 5. gr. laga um Náttúruhamfaratrýggingu Íslands að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur á Íslandi. Vátryggingaskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er með almennri samsettri vátryggingu sem innifelur brunatryggingu og flokkast undir eignatryggingar. Jafnframt er skylt að vátryggja mannvirki í eigu sveitarfélaga og ríkissjóðs þó þau séu ekki brunatryggð, svo sem hitaveitur, raforkuvirki, brýr og hafnir.

Árleg iðgjöld Náttúruhamfaratrýggingar Íslands (NTÍ) eru reiknuð samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/1992. Grunniðgjöld eru 0,25% af vátryggingarfjárhæð brunatryggðra húseigna og lausafjár og 0,20% af vátryggingarfjárhæð mannvirkja, sem ekki eru brunatryggð, svo sem veitur, hafnarmannvirki, raforkuvirki, brýr sem eru 50 m eða lengri og fjarskiptamannvirki í eigu opinberra aðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/1992.

Samningstímabil vátryggingasamninga

Samningstímabil er ákvarðað sem það tímabil sem vátryggður aðili getur gert kröfu á samstæðuna um greiðslu tjónabóta vegna vátryggðs atburðar. Fyrir endurtryggingasamninga er samningstímabilið sá tími sem samstæðan getur gert kröfu á endurtryggjendur um greiðslu tjónabóta vegna vátryggðs atburðar. Samningstímabil endar við það tímamark þegar samstæðan getur endurverðlagt viðkomandi vátryggingarsamning byggt á undirliggjandi áhættu eða ef samningi er breytt á tímabilinu.

Skýring 27. Vátryggingaskuldir, frh.

Reikningsskilaaðferðir við mat á vátryggingaskuld - einföld úthlutunaraðferð

Vátrygginga- og endurtryggingasamningar samstæðunnar falla allir undir einfaldaða úthlutunaraðferð IFRS 17. Aðferðin einfaldar mat vátryggingasamninga í samanburði við almenna líkan staðalsins, en félögum er heimilt að beita aðferðinni á safn samninga þar sem tryggingavernd spannar ár eða skemur eða þegar aðferðin leiðir til niðurstöðu sem er ekki verulega frábrugðin almenna líkaninu.

Þegar ekki er til staðar verulegur fjármögnunarpáttur í tengslum við skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar eða þegar tímabil þjónustu og gjalddagar vegna þeirrar þjónustu er innan 12 mánaða tímabils þarf ekki að núvirða skuldbindinguna. Allir samningar eru til eins árs og eru því ekki núvirtir.

Þar sem búist er við að bætur séu greiddar innan árs er ekki þörf á að núvirða skuldbindinguna. Ef tímalengd greiðsluflæðis tjónabóta er lengri en eitt ár þarf að núvirða skuldbindinguna. Samstæðan er að öllu jöfnu að greiða bætur innan eins árs og núvirðir því ekki skuldbindingu vegna orðinna tjóna.

Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Samstæðan keypti erlendar endurtryggingar fyrir árið 2025 sem byggðu á samningum. Einn samningur gildir fyrir stakan atburð, allt að 30 ma. kr., með eigin áhættu að fjárhæð 10 ma. kr. Annar samningur veitir vernd gegn mjög stórum einstökum atburðum þar sem endurtryggjendur greiða allt að 20 ma. kr. umfram það 30 ma. kr. tjón sem fyrri samningurinn tekur til ef um er að ræða stakan atburð og þriðji samningurinn veitir samskonar vernd og annar samningur, fyrir 20 ma. kr. umfram 50 ma. kr. tjón.

Skuldbinding vegna vátryggingasamninga

Skuldbindingu vegna vátryggingasamninga er skipt í skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar og skuldbindingu vegna orðinna tjóna.

Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar endurspeglar skuldbindingu vegna vátryggingarverndar sem á eftir að veita og mögulegan tapsþátt vegna íþyngjandi samninga. Hún samanstendur af innborguðum tekjum vegna vátryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum og viðskiptaskuldum sem tilheyra eftirstæðri vátryggingavernd.

Skuldbinding vegna orðinna tjóna er metin sem núvirt vænt framtíðarsjóðsstreymi vegna orðinna tjóna og felur í sér greiðslur tjónabóta og kostnaðar sem er rekjanlegur til uppgjors orðinna tjóna, ágóðaskuld, viðskiptaskuldum sem tilheyra orðnum tjónum ásamt öryggisálagi vegna ófjárhagslegrar áhættu. Öryggisálag er reiknað á þann hlut skuldbindingar orðinna tjóna sem er vegna greiðslna tjónabóta og kostnaðar við uppgjör tjóna vegna þeirrar óvissu sem matið á framtíðargreiðslum tjónabóta felur í sér. Með því að bæta öryggisálaginu við núvirt vænt framtíðarsjóðsstreymi er skuldbindingin færð innan æskilegs öryggisbils. Mat á öryggisálaginu er reiknað með því að gera ráð fyrir að skuldbinding vegna orðinna tjóna sé log-normal dreifð og öryggisálag áætlað sem sú fjárhæð sem er á gefnu öryggisstigi.

Framtíðarsjóðsstreymi vegna orðinna tjóna er núvirt með áhættulausum vaxtaferlum sem byggja á vaxtaferlum útgefnum af evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðastofnuninni (EIOPA). Vaxtaferil EIOPA má finna á heimsíðu EIOPA: https://www.eiopa.europa.eu/tools-and-data/riskfree-interest-rate-term-structures_en.

Einungis vænt framtíðarsjóðsstreymi vegna greiðslna tjónabóta og kostnaðar við uppgjör tjóna er núvirt.

Endurtryggingareignir í efnahagsreikningi eru eignir samstæðunnar vegna endurtryggingarsamninga og er hún samtala eigna vegna eftirstæðrar endurtryggingarverndar og eigna vegna hlutar endurtryggjenda í orðnum tjónum. Eignir vegna hlutar endurtryggjenda í orðnum tjónum eru ekki núvirtar. Ekki er gert ráð fyrir tapsáhættu vegna endurtryggingarsamninga þar sem sú áhætta er talin óveruleg.

Vátryggingareignir eru ógreidd iðgjöld vegna vátryggingarverndar liðinna tímabila. Skuldbinding vegna endurtryggingarsamninga eru þau endurtryggingariðgjöld sem eru ógreidd vegna endurtryggingarverndar sem tilheyrir liðnum tímabilum.

Skýring 27. Vátryggingaskuldir, frh.

Afkoma af vátryggingasamningum

Tekjur af vátryggingarsamningum meðal annarra tekna í yfirliti um afkomu eru tekjur vegna veittrar vátryggingarverndar á rekstrarárinu. Samstæðan tekjufærir iðgjöld ársins en frá þeim dregst kostnaður vegna vátryggingarsamninga á tímabilinu sem samanstendur af tjóna- og rekstrarkostnaði. Ágóðahlutdeild færirst sem vátryggingarkostnaður í stað þess að dragast frá iðgjöldum. Rekstrarkostnaði er deilt á milli vátrygginga og fjárfestinga með aðgerðabundnu kostnaðarlíkani (e. *activity-based costing*).

Undir fjármagnsliði vátrygginga falla gengisbreytingar á skuldbindingum vegna vátryggingarsamninga ásamt breytingum á skuldbindingum vegna orðinna tjóna fyrri ára sem kemur til vegna aukinna skuldbindinga vegna þeirra síðarnefndu ásamt áhrifum breyttra vaxta og verðbólgu á þær.

Tjón ársins meðal annars rekstrarkostnaðar í yfirliti um afkomu samanstanda af greiddum tjónum á árinu ásamt breytingu á tjónaskuld frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis og öðrum kostnaði.

Afkoma af endurtryggingasamningum

Afkoma af endurtryggingasamningum samanstendur af hluta endurtryggjenda í tekjum af vátryggingasamningum, hluta endurtryggjenda í tjónum og umboðslaunum.

Fjármagnsliðir endurtryggingasamninga endurspeгла einungis gengisbreytingar þar sem endurtryggingaeygnir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýring 28. Aðrar skuldir

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS).....	72.476	76.273
Áfallnir, ógreiddir vextir.....	44.635	35.398
Áfallið og ógreitt orlof.....	42.154	37.676
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	36.264	38.898
Ógreidd styrktarloforð.....	17.952	10.784
Útsvar og staðgreiðsla til sveitarfélaga.....	5.327	3.881
Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vegna Samgöngusáttmálans.....	5.799	4.188
Ýmsar skuldir.....	87.076	75.990
Aðrar skuldir samtals.....	311.683	283.088

Úthlutuð SDR Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum námu 422,5 m.SDR í lok árs 2025 (árslok 2024: 418,3 m.SDR) eða 72,4 ma.kr. í árslok 2025. Sjá skýringu 23 um aðrar kröfur.

Aðrar skuldir eru upphaflega færðar á nafnverði og er gert ráð fyrir að greiðist innan 12 mánaða.

Skýring 29. Lífeyrisskuldbindingar

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Lífeyrisskuldbindingar sundurliðaðar eftir lífeyrissjóðum		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), B-deild.....	1.047.430	893.360
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-deild, ábyrgðarhópur og 60 ára og eldri.....	11.807	0
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), A-deild, lífeyrisaukasjóður.....	9.003	0
Alþingismenn og æðstu embættismenn.....	22.217	20.546
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands.....	6.776	6.152
Brú lífeyrissjóður vegna samrekstrarstofnana.....	178	12.528
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna og bankastjóra Landsbanka Íslands.....	153	143
Aðrir	7.650	7.248
Lífeyrisskuldbindingar samtals.....	1.105.215	939.976
	31.12.2025	1.1.2025
Lífeyrisskuldbinding LSR, B-deild		
Núvirði lífeyrisskuldbindinga	1.251.168	1.239.671
Hrein eign á gangvirði	-203.739	-218.735
Skuldir umfram eignir.....	1.047.430	1.020.936
Núvirði lífeyrisskuldbindinga LSR, B-deild		
Leiðrétt staða á áföllnum lífeyrisskuldbindingu 01.01.2025.....		1.239.671
Hækkun lífeyrisskuldbindingar vegna launabreytinga og vaxta.....		136.496
Breyting á ávöxtunarkröfu við núvirðingu úr 2,30% í 2,65%		-31.534
Lækkun vegna greiðslu lífeyris á árinu.....		-79.687
Munur á áætluðum tryggingafræðilegum forsendum og raun.....		-13.778
Núvirði lífeyrisskuldbindinga LSR, B-deild 31.12.2025.....		1.251.168
Hrein eign LSR, B-deild á gangvirði		
Leiðrétt staða hreinnar eignar á gangvirði 01.01.2025		-218.735
Innborganir		-46.903
Fjárfestingatekjur		-18.068
Greidd iðgjöld og lífeyrir.....		78.991
Rekstrarkostnaður ársins		978
Hrein eign LSR, B-deild 31.12.2025.....		-203.739
	31.12.2025	31.12.2024
Hrein eign LSR, B-deild á gangvirði		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	111.647	117.902
Skuldabréf.....	78.185	83.574
Kröfur.....	186	941
Handbært fé.....	16.560	18.311
Skuldir.....	-2.839	-1.992
Hrein eign LSR, B-deild samtals.....	203.739	218.735

Skýring 29. Lífeyrisskuldbindingar, frh.

Í millj. kr.	2025	2024
Breyting á lífeyrisskuldbindingu gjaldfærð í yfirliti um afkomu		
Breyting vegna launabreytinga á árinu.....	111.138	29.085
Breyting vegna afvöxtunar lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	28.609	17.867
Breyting á lífeyrisskuldbindingu gjaldfærð í yfirliti um afkomu samtals.....	139.747	46.952
Breyting á lífeyrisskuldbindingu færð á eigið fé		
Leiðrétting á lífeyrisskuldbindingu 01.01.2025.....	146.691	0
Breyting á ávöxtunarkröfu við núvirðingu úr 2,30% í 2,65%	-33.033	0
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	-12.290	0
Munur á áætluðum tryggingafræðilegum forsendum og raun.....	-15.039	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu færð á eigið fé samtals.....	86.328	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu		
Staða 01.01.....	939.976	935.776
Leiðrétting á lífeyrisskuldbindingu og eigin fé 01.01.2025.....	146.691	0
Breytingar á lífeyrisskuldbindingu færð á eigið fé.....	-60.363	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu gjaldfærð í yfirliti um afkomu.....	139.747	46.952
Fært úr varúðarsjóð yfir í lífeyrisaukasjóð A-deildar LSR.....	-7.626	0
Greiðslur ársins.....	-54.263	-42.751
Aðrar breytingar.....	1.052	0
Staða í árslok.....	1.105.215	939.976
Hlutdeild ríkisins í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR)		
Hlutdeild ríkisins í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR).....	93,76%	95,30%

Leiðrétting á lífeyrisskuldbindingu og eigin fé 1.1.2025

Lífeyrisskuldbinding í ríkisreikningi er leiðrétt í ársbyrjun 2025 þar sem hún var ekki að fullu í samræmi við IPSAS 39 - um starfskjör (Employee Benefits). Áður tók lífeyrisskuldbinding í ríkisreikningi mið af reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 391/1998 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 en í ríkisreikningi 2025 byggir hún alfarið á IPSAS 39.

Helstu breytingar sem gerðar eru á lífeyrisskuldbindingu í ársbyrjun 2025 eru að við val á ávöxtunarkröfu er miðað við ávöxtunarkröfu ríkisbréfa sem hafa sambærilega tímalengd og lífeyrisskuldbindingin. Eignir í lífeyriskerfinu eru metnar á gangvirði í stað þess að vera að hluta metnar á afskrifuðu kostnaðarverði og framtíðarskuldbinding er ekki meðtalin í lífeyrisskuldbindingunni.

Vegna þessa er eigið fé í ársbyrjun 2025 leiðrétt um 132,9 ma. kr. til lækkunar og lífeyrisskuldbinding hækkuð um sömu fjárhæð. Lífeyrisskuldbinding 1. janúar 2025 er einnig leiðrétt vegna lífeyrisskuldbindinga LSR A-deildar og lífeyrisaukasjóðs LSR A-deildar sem voru ekki meðtaldar í lífeyrisskuldbindingu í ríkisreikningi 2024 og lífeyrisskuldbindingar Brú lífeyrissjóðs sem var ofmetin í ríkisreikningi 2024. Vegna þessa er eigið fé í ársbyrjun leiðrétt um 13,8 ma. kr. til lækkunar og hækunar á lífeyrisskuldbindingu um sömu fjárhæð. Samtals leiðrétting til hækunar á lífeyrisskuldbindingu 1.1.2025 nemur 146,7 ma. kr. og eigið fé 1. janúar 2025 er lækkað um sömu fjárhæð. Samanburðarfjárhæðir hafa ekki verið endurgerðar þar sem kostnaður við það var metinn of hár.

Réttindatengd lífeyriskerfi

Ríkið hefur skuldbundið sig samkvæmt lögum til að veita ákveðnum núverandi og fyrrverandi starfsmönnum ákveðin lífeyrisréttindi með greiðslum í lífeyrissjóði þeirra eða með sérstökum samningum. Hér á eftir fer lýsing á þessum lífeyrissjóðum og samningum.

Skýring 29. Lífeyrisskuldbindingar, frh.

Réttindatengd lífeyriskerfi, frh.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), B-deild og Brú lífeyrissjóður vegna samrekstrarstofnana

Lögum samkvæmt er ríkissjóður ábyrgur fyrir greiðslu lífeyris í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Iðgjöld til sjóða sem tilheyra nú B-deildinni hafa ekki nægt til að mæta áunnum réttindum sjóðfélaga á hverjum tíma og því hefur myndast krafa á ríkissjóð um framlög til að standa undir skuldbindingum sjóðsins. Sama á við um áunnin réttindi launþega samrekstrarstofnana í Brú lífeyrissjóði.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs eru skilgreindar sem áfallnar lífeyrisskuldbindingar að fráðregnum eignum lífeyrissjóðsins sem þeim réttihöfum tilheyra og fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar. Lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóða eru reiknaðar út á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna. Í ríkisreikningi hverju sinni miðast lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs við niðurstöður þessara úttekta um áfallnar skuldbindingar viðkomandi lífeyrissjóða í árslok. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar eru innstæður sem ríkissjóður hefur myndað hjá B-deild LSR með sérstökum framlögum allt frá árinu 1998 samkvæmt samkomulagi sem fjármálaráðherra gerði við LSR.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), A-deild, ábyrgðarhópur og 60 ára og eldri

Eftir breytingu laga um LSR í árslok 2016 er stjórn sjóðsins heimilt að auka eða minnka áunnin réttindi sjóðfélaga A-deildar LSR, ef tryggingafræðileg staða sjóðsins gefur tilefni til. Þetta á þó ekki við um svokallaðan ábyrgðarhóp, sem eru allir lífeyrisþegar þann 1. júní 2017, auk annarra sjóðfélaga sem þá höfðu náð 60 ára aldri. Við skerðingu réttinda mun ríkið ábyrgjast þá fjárhæð sem vantar til þess að þessi hópur njóti óbreyttra lífeyrisréttinda.

LSR, A-deild, lífeyrisaukasjóður og varúðarsjóður

Í samkomulagi um jöfnun lífeyrisréttinda á milli markaða frá árinu 2016 var ákvæði um að ríkissjóður leggi fram fjármuni í sérstakan varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð A-deildar LSR. Þessi fjárhæð nam upphaflega 8,4 ma.kr. en uppreiknuð staða var 16,0 ma.kr. í árslok 2024. Höfuðstóllinn er varðveittur af LSR, en skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem LSR fer með og telst ekki í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Ekki er heimilt að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og er skipaður sérstakur hópur sem metur þau skilyrði.

Við mat á því hvort leggja skuli varúðarsjóð inn í lífeyrisaukasjóðinn er miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrisaukasjóðs. Hafi tryggingafræðileg staða hans verið neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfelld í meira en tíu ár skal leggja varúðarsjóðinn í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð. Lífeyrisaukasjóðurinn hefur frá upphafi verið með neikvæða stöðu en staða hans í árslok 2024 var -9,6%. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs eða á árinu 2036 skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.

Í samræmi við ákvörðun matshóps vegna varúðarsjóðs Lífeyrisaukasjóðs A-deildar LSR frá 17. september 2025 voru 7,6 ma.kr. færðir úr varúðarsjóði inn í lífeyrisaukasjóðinn til að koma stöðu hans niður fyrir -5%.

Eftir standa 9,0 ma.kr. í varúðarsjóði, miðað við árslok 2025 sem er meðtalið í lífeyrisskuldbindingu í ríkisreikningi 2025. Tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs A deildar LSR var neikvæð um 6,3% eða sem nemur 9,8 ma.kr. Eftirstöðvar varúðarsjóðs duga til að koma stöðu lífeyrisaukasjóðs í -0,5%. Vegna stöðu lífeyrisaukasjóðs eru líkur á því að greiða þurfi eftirstöðvar varúðarsjóðsins í lífeyrisaukasjóðinn. Ef varúðarsjóður dugar ekki til að styðja við lífeyrisaukasjóð þannig að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum skulu launagreiðendur og heildarsamtök opinberra starfsmanna taka upp viðræður um hvernig við því verði brugðist. Vegna óvissu um hvort ríkið komi til með að greiða viðbót við framangreinda 9,0 ma. kr. í lífeyrisaukasjóð þá er engin skuldbinding færð í ríkisreikning vegna þess.

Alþingismenn og æðstu embættismenn

Um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara er fjallað í lögum nr. 141/2003.

Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands

Með lögum nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands yfirtók ríkissjóður ábyrgð á uppsöfnuðum eftirlaunaskuldbindingum vegna allra starfsmanna bankans til þess tíma er lögin tóku gildi. Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands (ESÚÍ) var lagður niður 2018. Þrátt fyrir það héldu starfsmenn réttindum sínum sem greiðast úr ríkissjóði.

Skýring 29. Lífeyrisskuldbindingar, frh.

Í millj. kr.

Lykiláhættur

Vaxtaáhætta

Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar miðað við ávöxtunarkröfu. Við val á ávöxtunarkröfu er miðað við ávöxtunarkröfu ríkisbréfa sem hafa sambærilega tímalengd og lífeyrisskuldbindingin. Breytingar á markaðsvöxtum hafa því veruleg áhrif á stærð skuldbindingarinnar. Lækkun vaxta leiðir til hækkunar á skuldbindingu þar sem framtíðargreiðslur eru núvirtar með lægri afslætti, en hækkun vaxta hefur gagnstæð áhrif.

Líflíkur

Skuldbinding byggir á forsendum um líflíkur. Ef lífeyrisþegar lifa lengur en gert er ráð fyrir, aukast heildargreiðslur og þar með skuldbindingin. Hækkun líflíknna um eitt ár getur aukið skuldbindingu um nokkur prósent, sérstaklega í lokuðum kerfum með háu hlutfalli ellilífeyrisþega.

Launaþróun og verðbólga

Lífeyrisskuldbindingar eru tengdar launaþróun og vísitölum. Óvæntar hækkar launa eða verðbólgu geta hækkað skuldbindinguna þar sem framtíðargreiðslur hækka.

Tryggingafræðilegar forsendur

Skuldbindingin er háð tryggingafræðilegum forsendum, m.a. um líflíkur, örorkutíðni, starfslok og maka-/örorkubætur. Breytingar á þessum forsendum geta haft áhrif á niðurstöðu útreikninga. Aukning í örorkutíðni getur leitt til aukinnar skuldbindingar.

Markaðsáhætta eigna

Sveifla í virði eigna lífeyrissjóðanna hefur áhrif á fjárhagsstöðu þeirra þar sem lækkun á markaðsvirði eignasafns hækkar lífeyrisskuldbindinguna.

Reglur- og lagabreytingar

Breytingar á lögum eða regluverki um lífeyrismál geta haft áhrif á lífeyrisskuldbindingar, t.d. breytingar á lífeyrisaldri, réttindum eða iðgjaldshlutföllum. Einnig getur komið til samkomulags til að styðja við sjóði eins og lífeyrisaukasjóðs A-deildar LSR sem hækkar lífeyrisskuldbindingu.

Óvissa í mati

Þar sem skuldbinding er reiknuð út frá fjölda forsendna felur hún í sér verulega matstengda óvissu. Litlar breytingar á forsendum geta haft veruleg áhrif á niðurstöðu.

	31.12.2025	1.1.2025	31.12.2024
Lykilforsendur við mat á lífeyrisskuldbindingu			
Ávöxtunarkrafa (RIKS 50) markaðsvextir.....	2,65%	2,30%	2,00%
Launahækkun umfram verðlag.....	1,50%	1,50%	1,50%

Líflíkur eru sértækar líflíkur fyrir félaga í LSR sem byggir á reynslu LSR.

Við val á ávöxtunarkröfu er miðað við ávöxtunarkröfu ríkisbréfa sem hafa sambærilega tímalengd og lífeyrisskuldbindingin.

	31.12.2025	1.1.2025
Næmigreining LSR B-deild		
Ávöxtunarkrafa, 0,25% hækkun.....	-33.964	-35.620
Ávöxtunarkrafa, 0,25% lækkun.....	35.471	37.271
Ávöxtunarkrafa, 0,50% hækkun.....	-66.502	-69.680
Ávöxtunarkrafa, 0,50% lækkun.....	72.536	76.293

Skýring 29. Lífeyrisskuldbindingar, frh.

Í millj. kr.

Greiðslur næstu tíu ára

Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2026.....	52.043
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2027.....	54.703
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2028.....	56.803
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2029.....	58.353
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2030.....	59.593
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2031.....	60.463
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2032.....	76.850
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2033.....	74.148
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2034.....	71.279
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2035.....	68.229

Greiðslur næstu tíu ára eru á verðlagi í árslok 2025 og hafa ekki verið núvirtar.

Mat á skuldbindingu

Lífeyrisskuldbindingar eru metnar með því að núvirða framtíðarskuldbindingar vegna áunninna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna með skilgreind réttindi þar sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir greiðslu lífeyris. Lífeyrisskuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning. Við mat á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrisskuldbindinga er notast við tryggingafræðilega aðferð. Árlegur kostnaður vegna launabreytinga og vaxta vegna áfvöxtunar á lífeyrisskuldbindingu er færður til gjalda í yfirlit um afkomu. Matsbreytingar sem samanstanda af tryggingafræðilegum hagnaði og tapi eru færðar beint á eigið fé. Matsbreytingarnar eru ekki endurflokkaðar í yfirlit um afkomu á síðari tímabilum.

Kostnaður við lífeyrissjóð og samninga með skilgreindum réttindum eftir starfslok ásamt núvirði lífeyrisskuldbindinga er ákvarðaður með tryggingafræðilegu mati. Slíkt mat felur í sér að meta ýmsar forsendur sem geta verið frábrugðnar raunverulegri þróun í framtíðinni. Þar á meðal er ákvörðun um ávöxtunarkröfu til núvirðingar, framtíðarlaunahækkanir, lífslíkur og framtíðarlífeyrishækkanir. Vegna þess að matið er flókið og til langs tíma, er skuldbinding vegna lífeyris með skilgreindum réttindum mjög viðkvæm fyrir breytingum á þessum forsendum. Allar forsendur eru endurskoðaðar á hverjum uppgjörsdegi.

Útreikningarnir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu til núvirðingar. Við ákvörðun á viðeigandi ávöxtunarkröfu taka stjórnendur mið af vöxtum á ríkisskuldabréfum sem samsvara líftíma lífeyrisskuldbindinganna eða RÍKS 50. Dánarlíkur byggja á opinberum líftöflum. Slíkar töflur breytast yfirleitt aðeins með ákveðnum millibili í samræmi við lýðfræðilegar breytingar. Framtíðarlaunahækkanir og lífeyrishækkanir byggjast á væntri verðbólguþróun.

Eignir í lífeyriskerfinu eru metnar á gangvirði að frádregnu núvirði lífeyrisskuldbindingar kerfisins við ákvörðun um halla eða afgang á kerfinu.

Skýring 30. Aðrar skuldbindingar

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd stofnframlög.....	5.863	8.142
Ábúðarsamningar.....	2.775	2.775
Skuldbinding vegna niðurrifs.....	2.691	2.598
Málaferli.....	1.500	1.500
Rafmagnseftirlitsgjald, ólögmaet álagning.....	322	322
Eignir í þjóðgörðum, uppkaup.....	227	227
Annað.....	348	153
Aðrar skuldbindingar samtals.....	13.727	15.717

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er heimilt að veita stofnframlög vegna byggingar eða kaupa íbúðarhúsnæðis sem ætlað er leigjendum sem eru undir tekju- og eignamörkum samkvæmt reglugerð nr. 183/2002 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir. Greiða skal fyrri helming þess við samþykkt umsóknar um stofnframlag og seinni helming þess þegar almenn íbúð hefur verið leigð út gegn afriti af leigusamningi, sé um kaup á almennri íbúð að ræða, eða þegar vottorð vegna öryggisúttektar íbúðar liggur fyrir, sé um byggingu á almennri íbúð að ræða. Ógreidd stofnframlög eru vegna þeirra stofnframlaga sem hafa verið samþykkt en hafa ekki verið greidd.

Aðrar skuldbindingar stafa af varúðarfærslum sem metnar eru í árslok vegna óvissra skulda.

Skýring 31. Leigusamningar

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Afnotaréttur af leigueignum		
Afnotaréttur af leigueignum 01.01.....	55.846	7.602
IPSAS innleiðing, leiðrétting 01.01.....	-6.571	0
Viðbót á árinu.....	10.825	55.040
Uppsögn samninga.....	-76	0
Verðbætur.....	1.916	2.645
Gengismunur.....	-18	0
Afskrift ársins.....	-8.678	-9.442
Afnotaréttur af leigueignum 31.12.....	53.245	55.846
Leiguskuldbinding		
Leiguskuldbinding 01.01.....	57.276	7.514
IPSAS innleiðing, leiðrétting 01.01.....	-6.851	0
Viðbót á árinu.....	10.560	55.352
Uppsögn samninga.....	205	0
Verðbætur.....	1.628	2.645
Gengismunur.....	326	-16
Leigugreiðslur.....	-7.668	-8.219
Leiguskuldbinding í árslok.....	55.476	57.276

Ríkissjóður er sem leigutaki aðili að leigusamningum vegna fasteigna og lóða.

Við upphaflega skráningu er metið hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Skráður er nýtingarréttur til eignar og samsvarandi leiguskuldbinding vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Leiguskuldbinding er endurmetin ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Nýtingarréttur er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingarréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Skýring 32. Gangvirði

Í millj. kr.

Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Flokkun fjáreigna og -skulda í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila ræður því hvernig gert er grein fyrir þeim í reikningsskilum. Samkvæmt IPSAS 41 ber að skipa fjáreignum og -skuldum í flokka sem endurspegla sjóðstreymiseinkenni þeirra og markmið þess viðskiptalíkans sem fjáreignunum og -skuldum er stýrt eftir. Eftirfarandi flokkar eru notaðir eftir upphaflega skráningu:

- Afskrifað kostnaðarverð
- Gangvirði í gegnum afkomu
- Gangvirði í gegnum eigið fé

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda í samræmi við IPSAS 41.

	Afskrifað kostnaðarverð	Gangvirði í gegnum afkomu	Gangvirði í gegnum eigið fé	Samtals
31. desember 2025				
Handbært fé.....	108.789	0	0	108.789
Gulleign*.....		34.598	0	34.598
Hlutabréf.....	612	33.994	0	34.606
Skuldabréf.....	5.537	944.544	0	950.082
Afleiður.....	0	11.358	0	11.358
Önnur markaðsverðbréf.....	2.736	2.255	0	4.991
Útlán og aðrar lánveitingar.....	2.199.848	173.961	0	2.373.808
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	0	3.819	39.060	42.880
Aðrar kröfur.....	163.919	0	0	163.919
Fjáreignir samtals.....	2.481.441	1.204.529	39.060	3.725.030
Útgefnir seðlar og mynt*.....	69.478	0	0	69.478
Innlán.....	1.473.641	0	0	1.473.641
Lántökur.....	2.911.702	224.362	0	3.136.064
Aðrar skuldir.....	311.683	0	0	311.683
Fjárskuldir samtals.....	4.766.505	224.362	0	4.990.867

*Breytingar á virði gulls eru færðar sem gengismunur í yfirliti um afkomu. Útgefnir seðlar og mynt eru skráð á nafnvirði.

Skýring 32. Gangvirði, frh.

Í millj. kr.

Stigkerfi gangvirðis

Taflan hér á eftir sýnir fjáreignir, fjárskuldir og fjárfestingareignir færðar á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Við mat á gangvirði eru mismunandi forsendur notaðar sem skilgreindar eru í þrjú þrep á eftirfarandi hátt:

- Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig 2: forsendur verðmatsaðferða byggja á öðrum breytum en skráðu verði á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint eða óbeint. Á þessu stigi eru eignir og skuldir verðmetnar með því að nota skráð verð á virkum markaði fyrir áþekkar eignir og skuldir, skráð verð fyrir áþekkar eignir og skuldir á mörkuðum sem taldir eru minna virkir eða önnur greinanleg markaðsgögn.
- Stig 3: forsendur verðmatsaðferða eru ekki byggðar á greinanlegum markaðsgögnum heldur meðal annars á upplýsingum um markaðsverð sambærilegra eigna og skulda að teknu tilliti til viðeigandi leiðréttinga og breytinga á forsendum til þess að meta mismuninn á undirliggjandi eignum og skuldum.

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
31. desember 2025				
Fjáreignir á gangvirði.....	982.046	7.238	254.305	1.243.589
Fjárskuldir á gangvirði.....	0	224.362	0	224.362
Fjárfestingareignir á gangvirði.....	0	25.970	69.272	95.242

Skýring 33. Breyting á samstæðu

Í millj. kr.

TM tryggingar hf.

Samningur um kaup dótturfélagsins Landsbankans hf. á TM tryggingum hf. (TM) af Kvik banki var undirritaður 30. maí 2024. Kaupverð var 28,6 ma.kr., auk kaupverðsaðlögunar sem næmi breytingu á efnislegu eigin fé TM frá ársbyrjun 2024 til afhendingardags. Uppgjör og afhending fór fram 28. febrúar 2025 og endanlegt heildarkaupverð nam 32,2 ma.kr. TM er flokkað sem dótturfélag frá afhendingardegi. Rekstrarhagnaður TM á tímabilinu frá 28. febrúar til 31. desember 2025, að fjárhæð 1,6 ma.kr., er færður í samstæðureikninginn.

Kaupin hafa verið færð samkvæmt kaupaðferð (e. *acquisition method*). Mat á sanngjörnu virði keyptra eigna og skulda er eftirfarandi:

Aðgreinanlegar keyptar eignir og skuldir

Gangvirði

Eignir

Markaðsskuldabréf.....	28.063
Hlutabréf og hlutabréfagerningar.....	16.055
Afleiðusamningar.....	3
Útlán og kröfur á lánastofnanir.....	391
Útlán og kröfur á viðskiptavini.....	66
Óefnislegar eignir.....	3.849
Aðrar eignir.....	1.728

Eignir samtals 50.155

Skuldir

Skattskuldir.....	561
Vátryggingaskuld.....	26.316
Aðrar skuldir.....	1.528

Skuldir samtals 28.405

Aðgreinanlegar keyptar hreinar eignir..... 21.750

Viðskiptavild..... 10.467

Kaupverð..... 32.217

Frá kaupdegi hefur TM skilað 17,9 ma.kr. í tekjur af vátryggingarsamningum og 1,6 ma.kr. í hagnað til afkomu samstæðunnar. Hefðu kaupin átt sér stað 1. janúar 2025, er áætlað að tekjur TM hefðu numið 21,3 ma.kr. og hefði hagnaður numið 1,5 ma.kr. Aðalfundur TM, sem haldinn var 29. apríl 2025, samþykkti tillögu stjórnar um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2024 sem nam 2,5 ma.kr.

Úthlutun yfirverðs er ekki að fullu lokið í lok ársins, en samstæðan mun ljúka henni innan þess tólf mánaða tímaramma sem veittur er frá kaupunum. Viðskiptavild að fjárhæð 1,4 ma.kr. var til staðar við kaup á TM, yfirverð við kaupin eru því 9,1 ma.kr.

Önnur félög

Áhrif annarra félaga sem urðu hluti af samstæðunni á árinu voru óveruleg.

Skýring 34. Óvissar skuldir

Loftslagsskuldbindingar Íslands gagnvart ESB eru flokkaðar sem óvissar skuldir í samræmi við IPSAS 19. Sú meðhöndlun byggir á því að ekki er unnt að leggja heildstætt mat á stöðu Íslands gagnvart skuldbindingum á reikningsskiladegi þar sem uppfærð losunargögn sem verða til grundvallar uppgjöri liggja ekki fyrir ásamt því að óvissa er um framtíðarverð, framboð á losunarheimildum og nýtingu sveigjanleikaákvæða milli neðangreindra kerfa.

Loftslagsskuldbindingar Íslands skiptast í samfélagslosun (ESR), landnotkun (LULUCF) og viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS). Uppgjör fer fram með aðskildum hætti fyrir kerfin þrjú, en nýta má sértæka losunarheimildasveigjanleika milli kerfa fyrir afgangshættu, að því gefnu að kröfum reglugerðanna sé mætt.

Núgildandi skuldbinding Íslands samkvæmt regluverki ESB fyrir ESR samfélagslosun er 29% samdráttur árið 2030 miðað við 2005. Árið 2020 uppfærði ESB heildarmarkmið sitt fyrir losun árið 2030. Í þessari uppfærslu var skuldbinding 2030 fyrir samfélagslosun ESB í heild hækkuð úr 30% í 40% miðað við 2005. Reglugerð (ESB) 2018/842 var því uppfærð með nýjar skuldbindingar fyrir hvert aðildarríki ESB en sú reglugerð hefur enn ekki verið tekin upp í EES samninginn. Áhrif hugsanlegrar nýrrar löggjafar sem er talin mjög líkleg til að verða að lögum eru tekin með við mat á núverandi skuldbindingum. Vinna við uppfærðar skuldbindingar fyrir Ísland og Noreg er langt komin og áætlað er að ný skuldbinding fyrir Ísland undir samfélagslosun verði 41% samdráttur árið 2030 miðað við 2005.

Fyrir uppgjörstímabil LULUCF og ESR nær til árunna 2021–2025 og mun endanlegt uppgjör fara fram árin 2027 og 2028. Bráðabirgðamat bendir til þess að losun í ESR sé umfram úthlutanir, en með nýtingu ETS-sveigjanleika er gert ráð fyrir að Ísland standist skuldbindingar gagnvart ESB í samfélagslosun, hvort sem miðað er við 29% eða 41% samdrátt. Endanleg niðurstaða ræðst þó af stöðu í landnotkun en við uppgjör LULUCF færast skuldir sem kunnu að verða til vegna landnotkunar yfir á ESR uppgjör. Staða í landnotkun er enn óljós og getur bæði leitt til tekna eða skulda fyrir ríkissjóð.

Fyrir síðara tímabil, 2026–2030, bendir mat til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar miðað við núgildandi 29% samdráttarmarkmið í ESR með nýtingu ETS-sveigjanleika, en við væntanlega 41% skuldbindingu lítur út fyrir að ekki dugi að nýta ETS-sveigjanleika til að gera upp samfélagslosun umfram úthlutanir. Staða í landnotkun gæti þó einnig haft áhrif á það hvort og hversu mikið þurfi að kaupa af einingum til að gera upp umframlosun.

Óvissar skuldir eru ekki færðar í efnahag en upplýst er um þær í skýringum þegar vísbindingar eru um að þær verði mögulega að veruleika, þegar núverandi skuldbindingar eru til staðar sem mögulega munu leiða til greiðslu eða þegar núverandi skuldbindingar eru til staðar og líklegt er að til greiðslu komi en ekki er hægt að meta þær með áreiðanlegum hætti (ómælanlegar skuldbindingar).

Skýring 35. Atburðir eftir reikningsskiladag

Atburðir sem gerast eftir lok reikningsskiladags, geta haft áhrif á mat á fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Hér á eftir eru veittar upplýsingar atburði sem vitað er um að gerst hafa fram að birtingu ríkisreiknings og munu geta haft þýðingu fyrir fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Sá fyrirvari er þó hafður á, að þeir atburðir sem hér eru tilgreindir, eru ef til vill ekki tæmandi.

Ríkissjóður Íslands gaf í maí 2026 út skuldabréf að fjárhæð 500 m. evra, jafnvirði um 72 ma.kr. Skuldabréfin bera 3,25% fasta vexti og voru gefin út til 5 ára á ávöxtunarkröfunni 3,352%. Andvirði útgáfunnar verður varið í að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands og endurfjármagna eftirstöðvar útstandandi evrubréfs sem er á gjalddaga í júní 2026.

Gert var ráð fyrir að verðbólga á árinu 2026 yrði 4,3%. Verðbólga hefur verið hærri en búist var við og er 12 mánaða verðbólga í maí 2026 5,1%. Óvíst er hver verðbólgan verður yfir árið en þar sem verðtryggð ríkisskuldabréf (RIKS) eru um 909 ma.kr. þá getur 1% hækkun verðbólgu aukið kostnað skulda um 9 ma.kr. á ársgrunni. Vegna aukinnar verðbólgu hafa stýrivextir verið hækkaðir í 7,75% en í áætlun var gert ráð fyrir 7,1% stýrivöxtum á árinu. Hækkandi stýrivextir hafa neikvæð áhrif á vaxtakostnað.

Alþingi samþykkti í apríl 2026 tímabundna aðgerð til að bregðast við verðhækkunum á olíu vegna stríðsátaka við Persaflóa og milda áhrifin á útgjöld heimila og fyrirtækja og almennt verðlag í landinu. Aðgerðin felur í sér tímabundna lækkun virðisaukaskatts á eldsneyti úr 24% í 11%. Áætlað er að aðgerðin kosti ríkissjóð 3,5 ma.kr.

Fitch hækkaði láns hæfismat ríkissjóðs í febrúar 2026 úr A í A+. S&P staðfesti A+ láns hæfiseinkunn ríkissjóðs í mars 2026 og færði einkunnina samhliða á jákvæðar horfur. Bætt láns hæfismat leiðir að óbreyttu til bættra vaxtakjara ríkissjóðs.

Lagabreytingar á útfærslu námsstyrks og vaxtakjörum. Nú munu nemendur hljóta 20% styrk við lok hverrar annar og 10% við námslok, ljúki þeir námi tímanlega, í stað 30% við námslok, ljúki þeir námi tímanlega. Þessi breyting mun fela í sér aukningu á námsstyrk, með tilheyrandi kostnaði.

Vaxtaviðmiði H-lána verða einnig breytt og munu nýir vextir miðast við 3ja ára meðalávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa á markaði með 5 ára líftíma, í stað þess að miðast við ávöxtunarkröfu skammtímaabréfa á hverjum tímapunkti. Þessi breyting felur í sér minni áhættu fyrir Menntasjóð námsmanna, þar sem vaxtakjör útlána sveiflast þá í takt við fjármögnun sjóðsins, og tekur mið af sömu vaxtaviðmiðum. Breytingarnar taka gildi 1. apríl 2026.

Á fyrstu mánuðum ársins 2026 hefur starfsfólk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins unnið að skjalagerð fyrir fjárfestingar í þeim félögum sem valin voru í Frumsjóðsátaki 2025. Ellefu fyrirtæki voru valin í áttakinu og fjárfest verði í þeim með breytanlegum skuldabréfum sem gefin verða út á árinu 2026. Starfsemin í upphafi árs 2026 er að öðru leyti hefðbundin þar sem fjárfestingarkostir eru skoðaðir og sölumöguleikar á félögum einnig.

Í október 2025 kom upp bilun í álveri Norðuráls á Grundartanga, sem olli því að álframleiðsla Norðuráls skerðist um tvo þriðju um óákveðinn tíma samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins. Raforkuflutningur Landsnets hf. til Norðuráls skerðist sem því nemur. Áhrif þessarar bilunar voru óveruleg á árinu 2025 en óvissa ríkir um áhrif hennar á rekstrarárið 2026 þar sem ekki liggur fyrir hvenær verksmiðjan mun aftur ná fullum afköstum. Í samningum um raforkuflutning til Norðuráls eru ákvæði um kaupskyldu sem kveða á um að greiða beri fyrir flutning 85% umsamins afls og orku, óháð fluttu raunmagni og á grundvelli þess eru áhrif á vænta rekstrarniðurstöðu ekki mikil. Norðurál hefur tilkynnt að bilunina megji rekja til óviðráðanlegra afla (e. *force majeure*) sem eigi að leiða til þess að kaupskyldan falli niður en sú niðurstaða hefði meiri áhrif á væntar tekjur frá fyrirtækinu. Landsnet er ósammála þeirri túlkun og hefur mótmælt henni.

Á árinu 2025 undirritaði Orkusalan ehf. samning um kaup á smásöluhluta af starfsemi Fallorku. Samhliða var gerður samningur um raforkukaup frá virkjunum Rarik. Kaupin voru tilkynnt samkeppniseftirlitinu sem gerði ekki athugasemdir við viðskiptin. Viðskiptin fela í sér kaup á ófnilslegri eign tengdri viðskiptasafni Fallorku og tengjast flutningi viðskiptavina og viðskiptasambandi til Orkusölu. Samningurinn tók gildi árið 2026 og hafa viðskiptin því ekki áhrif á ársreikning félagsins árið 2025.

Í upphafi árs 2026 undirritaði Vigdísarholt ehf. viljayfirlýsingu við Hafnarfjarðarbæ um úthlutun og uppbyggingu á lífsgæðakjarna í Vatnshlíðinni Hafnarfirði. Samhliða var undirritað samkomulag við félags- og húsnæðismálaráðuneytið um byggingu á 108 rýma hjúkrunarheimili á því svæði.

Skýring 35. Atburðir eftir reikningsskiladag frh.

Árlega eru höfðuð ýmis dómsmál á hendur Íslenska ríkinu. Málin eru af ýmsum gerðum og eðlisólík, t.d. einfaldar bótakröfur vegna afmarkaðra atvika, en önnur prófmál sem geta haft miklar afleiðingar langt umfram bótakröfur viðkomandi máls. Oft er mikil óvissa um lyktir mála og því getur reynst erfitt að áætla fjárhagslega áhættu ríkissjóðs.

Yfirstandandi eru dómsmál gagnvart ríkinu þar sem gerðar eru verulegar fjárkröfur á hendur ríkinu. Ekki er lagt mat á það hversu líklegt það er að ríkið verði fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum vegna ólokinna mála en gerð er grein fyrir heildarkröfum. Mál þar sem heildarkröfur geta haft áhrif á ríkissjóð eru:

- 3 mál vegna lagningar Suðurnesjalínu 2. Hæstiréttur dæmdi Íslenska ríkinu í vil 30. maí 2026.
- Hvamsvirkjun - vegna lögmæti upphaflegra leyfa. Hæstiréttur dæmdi Íslenska ríkinu í vil 10. júní 2026.
- atNorth ehf. gegn Íslenska ríkinu - er í áfrýjunarferli. Varðar virðisaukaskatt á gagnaver. Krafan er upp á tæpar 300 m.kr. Þetta mál getur haft áhrif á fleiri gagnaver. Getur hugsanlega haft áhrif á skattárin 2023 og 2024.
- Mál Kviku banka og sjö samkynja mál fyrrum stjórnenda þar sem samanlagðar endurgreiðslukröfur nema um það bil 300 m.kr.
- Mál annars vegar Lyfja og heilsu hf. og hins vegar Lyfjavalis ehf. gegn Lyfjastofnun og Íslenska ríkinu - krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna ákvörðunar Lyfjastofnunar um hámark smásöluálagningar ávísunarskyldra lyfja. Verði fallist á skaðabótaskyldu gæti sú niðurstaða haft áhrif á stöðu annarra apóteka og aðrar ákvarðanir Lyfjastofnunar.
- Protabú E34 ehf. gegn Íslenska ríkinu. Mál protabús gegn ríkinu til riftunar á fjölmörgum greiðslum til Skattsins, endurgreiðslukrafa nemur um það bil 385 m.kr. Héraðsdómur sýknaði Íslenska ríkið en protabúið hefur áfrýjað þeim dómi til Landsréttar.
- Danól ehf. gegn Íslenska ríkinu í máli sem varðar tollflokkun. Verði fallist á málstað fyrirtækisins kann það að leiða til endurgreiðslukrafna.
- Dista ehf. - lýtur að endurgreiðslu vegna endurákvörðunar tolla af braðgbættum síðer. Undirliggjandi er 90 m.kr. endurkrafa, án vaxta. Samskonar mál Ölgerðarinnar er til meðferðar.
- Hvalur hf. gegn Íslenska ríkinu og Matvælastofnun (til vara). Í málinu er viðurkenningar krafist á bótaskyldu vegna tímabundinnar stöðvunar á veiðum Hvals 8.
- Hvalur hf. gegn Íslenska ríkinu. Í málinu er krafist viðurkenningar á bótaskyldu vegna setningar reglugerðar nr. 642/2023 sem breytti reglugerð um hvalveiðar en með breytingarreglugerðinni var hvalveiðum frestað tímabundið.
- Mál S8 ehf. gegn Íslenska ríkinu þar sem krafist er viðurkenningar á skaðabótaskyldu - Útboðsmál.
- Mál einstaklings á hendur Íslenska ríkinu vegna skerðingar á lífeyrisréttindum hjá LSR. Um er að ræða lágar fjárhæðir en getur falið í sér umtalsverða fjármuni (kerfislæga).
- Mál einstaklings á hendur Íslenska ríkinu vegna fæðingarorlofs. Þar getur verið stór hópur sem fylgir sem á sambærilegan rétt.
- Með stefnu þingfestri 9. september 2021, höfðaði Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. mál á hendur ÍAV vegna galla í þaki fasteignarinnar en ÍAV sá um byggingu Hörpu. Harpa áfrýjaði dómi héraðsdóms til Landsréttar sem hefur staðfest fyrri dóm og telur að krafan sé fyrnd. Stjórn Hörpu hefur falið lögmonnum félagsins að óska eftir leyfi til Hæstaréttar Íslands til að áfrýja dómi Landsréttar í málinu. Samkvæmt núvirtu mati VSB verkfræðistofu mun kostnaður við lagfæringar nema um 400 m.kr.
- Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp 6. nóvember 2025 var HHÍ sýknað af kröfum félagsins Catalina ehf. Með áfrýjunarstefnu 1. desember 2025 áfrýjaði Catalina ehf dóminum til Landsréttar.

Skýring 35. Atburðir eftir reikningsskiladag frh.

- Flugumferðarstjóri stefndi Isavia ANS ehf. vegna ákvæðis í kjarasamningi FÍF og Isavia ohf. um 63 ára starfsaldurshámark. Héraðsdómur dæmdi Isavia ANS ehf. í vil en Landsréttur féllst á kröfur flugumferðarstjórans. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem ómerkti dóm Landsréttar og vísaði málinu aftur til Landsréttar til löglegrar málsmeðferðar.

Nokkrir fyrrum starfsmenn Isavia ohf. stefndu Isavia vegna styttingar starfsaldurshámarks hjá Isavia samstæðunni úr 70 árum í 67 árið 2020 og kröfðust skaða- og miskabóta. Málin unnust í héraði en Landsréttur féllst á kröfur tveggja starfsmanna. Isavia ohf. hefur óskað eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar í þeim málum. Þriðja dómsmálið af þessum toga vannst í héraði en bíður málflutnings í Landsrétti.

- Í ágúst 2021 höfðaði fyrrverandi eigandi greiðslukortafyrirtækis mál gegn Landsbankanum ásamt tilteknum öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði og krafðist greiðslu skaðabóta að fjárhæð um 923 m.kr. að viðbættum vöxtum vegna meintra brota þeirra á samkeppnisreglum í tengslum við ákvörðun á milligjöldum fyrir greiðslukort. Þetta er sjötta málið sem hefur verið höfðað í þessu skyni, en fyrri málum hefur öllum verið vísað frá dómi. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 2022 var málinu vísað frá dómi vegna ágalla í málatilbúnaði. Með úrskurði Landsréttar 10. janúar 2023 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi að hluta og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Óljóst er hvenær endanleg niðurstaða muni liggja fyrir og hvort hún muni hafa í för með sér fjárhagsleg áhrif á Landsbankann. Verði kröfur stefnanda viðurkenndar með endanlegum dómi má gera ráð fyrir að mögulegri greiðsluskyldu verði skipt á milli stefndu.
- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur lokið formlegri rannsókn á meintri ólögumætri ríkisaðstoð íslenskra stjórnvalda til Farice og komist að þeirri niðurstöðu að hún samrýmist reglum EES-samningsins.

Skýring 36. Áhættupættir og áhættustýring

Fjárhagsáhætta sú sem ríkissjóður stendur frammi fyrir í rekstri og efnahag er margvísleg og tengist bæði beinum og óbeinum skuldbindingum auk ytri áhættupáttanna. Uppruni fjárhagsáhættu ríkissjóðs er því þekktur að hluta, en einnig eru til staðar óvissupættir sem ekki er vitað um hvort og hvenær raungerast. Skuldahlutfall ríkissjóðs hækkaði mikið í upphafi áratugarins en fer nú lækkandi. Markaðsvextir hafa hækkað samhliða væntingum um hærri verðbólgu til lengri tíma og eru stýrivextir Seðlabanka Íslands enn háir sem eykur á fjármögnunarkostnað ríkissjóðs. Áhættu í fjármálum ríkissjóðs verður því að stýra út frá hærri skuldastöðu en oft áður og í umhverfi hærri verðbólgu og vaxta sem gerir efnahagsreikning ríkissjóðs viðkvæmari fyrir áföllum en við lægra skuldastig.

Hér á eftir er tæpt á helstu áhættupáttum sem ríkissjóður stendur frammi fyrir og þeim megin ramma, stefnum og viðmiðum sem viðhöfð eru við rekstur og áhættustýringu ríkissjóðs.

Stefna í lánamálum

Stefna í lánamálum ríkisins endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Leitast er við að marka skýra stefnu í lánamálum og setja fram mælanleg markmið. Stefnan skapar þannig umgjörð fyrir aðgerðir í lánastýringu ríkissjóðs.

Við stýringu á skuldum ríkissjóðs eru eftirfarandi meginmarkmið höfð að leiðarljósi:

1. Að tryggja að lánsfjárförf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði til lengri tíma litið að teknu tilliti til varfærinna áhættustefnu.
2. Að tryggja að endurgreiðsluferill lána sé í samræmi við greiðslugetu ríkisins til lengri tíma litið og lágmarki endurfjármögnunaráhættu.
3. Að viðhalda og stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréfum.
4. Að höfða til breiðs hóps fjárfesta í ríkisverðbréfum og nýta fjölbreytta fjármögnunarmöguleika.

Við stýringu á skuldum þarf að taka tillit til áhættupáttanna sem tengjast markaðssveiflum svo sem sveiflum á vöxtum, gengi og verðbólgu. Einnig er áhætta tengd endurfjármögnun útistandandi lána. Hér á eftir verður fjallað um stýringu þessara mismunandi áhættupáttanna.

Markaðsáhætta

Óstöðugleiki á fjármálamörkuðum, hvort sem hann stafar af sveiflum vaxta, gjaldeyris eða verðbólgu, getur leitt til sveiflna á markaðsvirði lánasafnsins, breyttra lánskjara og afborgunarbyrði. Þessir áhættupættir eru yfirleitt nefndir markaðsáhætta. Með skilvirkri áhættustýringu er leitast við að draga úr áhættu samtímis því að lágmarka vaxtakostnað lánasafnsins.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta lýtur að þeirri áhættu að fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs hækki vegna breytinga á vaxtakjörum. Það getur bæði haft áhrif á kjör á því lánasafni sem þegar er útistandandi, en einnig á vaxtakjör á framtíðarlántökum. Vaxtaáhættan er þannig háð samsetningu lánasafnsins. Ef um breytilega vexti er að ræða felst áhættan í að vextir hækki og þar með vaxtakostnaður ríkissjóðs. Ef vextir á langtímalánum eru fastir er hættu á að ríkissjóður verði af vaxtasparnaði ef vextir lækka á markaði. Breytingar á vaxtastigi hafa einnig áhrif á fjármögnunarkostnað af framtíðarlántökum og endurfjármögnun á þegar teknum lánum. Vextir hafa farið hækkanði undanfarin ár með neikvæðum áhrifum á fjármagnskostnað ríkissjóðs.

Meirihluti útgefinna ríkisverðbréfa, innlendra og erlendra, ber fasta vexti og greiðsluflæði þeirra er því þekkt út líftímann ef frá er talinn verðbótapáttur verðtryggðra lána. Lítil hluti lána ríkissjóðs ber breytilega vexti þannig að greiðsluflæði þeirra mun breytast með breytingum á grunnvöxtum lánanna. Með vaxtaskiptasamningum er hægt að hafa áhrif á vaxtakostnað ríkissjóðs, hlutfall breytilegra og fastra vaxta, vægi verðtryggingar í lánasafni og stýra meðallíftíma lánasafnsins. Í stefnu í lánamálum síðustu ára hefur það komið fram að ríkissjóður kunni að nýta sér slíka samninga þyki það hagfelld fyrir ríkissjóð.

Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta snýr að því að verðbólga auki verðbætur verðtryggðra skulda ríkissjóðs og hækki fjármögnunarkostnað ríkissjóðs ásamt fleiri gjaldaliðum er tengdir eru verðlagi. Í árslok 2025 námu verðtryggð lán A1-hluta ríkissjóðs 933 ma.kr. sem er um 42% af lánasafni. Á móti kemur að ríkissjóður á verðtryggðar eignir, eins og útistandandi lán til lánasjóða, sem dregur úr verðbólguáhættu en verðtryggingarjöfnuður í lok árs 2025 vegna A-1 hluta ríkissjóðs var neikvæður um 828 ma.kr.

Skýring 36. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Markaðsáhætta, frh.

Verðbólguáhætta frh.

Hægt er að stýra verðbólguáhattu með afleiðum. Á haustmánuðum 2018 tók ríkissjóður fyrstu skref í notkun vaxtaskiptasamninga á innlendum markaði með það að markmiði að draga úr verðtryggingaráhattu ríkissjóðs. Í árslok 2025 var ríkissjóður með útistandandi samninga að nafnvirði 13 ma.kr. Meginmarkmið með notkun þeirra er að stýra verðbólguáhattu ríkissjóðs og minnka á sama tíma neikvæðan verðtryggingarjöfnuð mótaðila. Ákvörðun um útgáfu þeirra tekur mið af aðstæðum á markaði hverju sinni.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta að skuldastaða ríkissjóðs versni vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Bein gjaldeyrisáhætta ríkissjóðs er takmörkuð á meðan innstæður ríkissjóðs í erlendri mynt standa á móti erlendum skuldum ríkissjóðs.

Innstæður ríkissjóðs í erlendri mynt eru hluti af gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Gjaldeyrisforðanum er stýrt með virkum hætti samkvæmt viðmiðum sem sett eru um gjaldmiðlasamsetningu. Seðlabanki Íslands leitast við að halda gjaldeyrisáhattu gjaldeyrisforðans í lágmarki. Ríkissjóður leitast almennt við að hafa gjaldeyrisjöfnuð í jafnvægi.

Endurfjármögnunar- og lausafjáráhætta

Endurfjármögnun er einn stærsti áhættuþáttur sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á næstu árum, í kjölfar mikillar skuldaaukningar. Endurfjármögnunaráhætta er sú áhætta sem fylgir því að lántaki geti lent í erfiðleikum með að fá nýtt lán til þess að fjármagna greiðslur á eldra láni. Hún eykst eftir því sem skuldir vaxa og meðaltími skulda er styttri vegna þess að það krefst tíðari endurfjármögnunar. Til að draga úr endurfjármögnunaráhattunni er miðað við að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa sé sem jafnastur til lengri tíma litið. Stórir flokkar ríkisskuldabréfa verða á gjalddaga á næstu árum. Gjalddaga þeirra þarf að fjármagna samhliða áætlaðri neikvæðri greiðsluafkomu ríkissjóðs.

Lausafjáráhætta er hættan á því að ríkissjóður geti ekki staðið við eða lendi í erfiðleikum við að mæta fjárskuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið ríkissjóðs er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að alltaf sé nægt laust fé til að mæta skuldbindingum á gjalddaga. Miðað er við að innstæður A1-hluta ríkissjóðs í krónum skuli að jafnaði standa sem næst 40 ma.kr. Aðstæður geta komið upp þar sem þörf er á hærri innstæðum t.a.m. þegar óvissa um greiðsluafkomu ríkissjóðs eykst tímabundið eða þegar styttest í stóra gjalddaga á ríkisskuldabréfum.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ríkissjóðs ef viðskiptamaður eða mótaðili á í vanskilum eða getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta ríkissjóðs er takmörkuð og verður fyrst og fremst til vegna útlána, afleiðusamninga, verðbréfalána og handbærs fjár. Útlán ríkissjóðs til annarra aðila en ríkisaðila eru í flestum tilvikum tryggð með veðum eða ábyrgðum frá viðskiptavinum.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta vegna taps sem stafar af ófullnægjandi eða gölluðum innri verkferlum, mistökum og aðgerðum eða aðgerðaleyzi starfsmanna, sviksemi, ófullnægjandi upplýsingakerfum eða vegna ytri atburða í rekstri ríkissjóðs. Rekstraráhætta nær til starfsmannaáhattu, áhattu vegna svika, áhattu vegna upplýsingatækni, áhattu vegna aðstöðu eða ófullnægjandi öryggisráðstafana, lagalega áhattu og upplýsingaáhattu. Aðrir helstu áhættuþættir rekstraráhattu eru útvistunaráhætta og orðsporsáhætta.

Óvænt neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs

Óvænt útgjöld eða fall í tekjum ríkissjóðs getur falið í sér aukna áhattu fyrir ríkissjóð. Útgjöld til varnarmála er dæmi um slík útgjöld. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Haag í júní 2025 skuldbundu bandalagsríki sig til að verja 5% af vergri landsframleiðslu (VLF) til varnarmála fyrir árið 2035, þar af 3,5% til hermála og 1,5% til varnartengdra verkefna. Ísland hefur í gegnum árin verið undanþegið viðmiðum um útgjöld til hermála en öðru máli mun gegna um hinn nýja flokk varnartengdra útgjalda.

Skýring 36. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Óvænt neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs, frh.

Af þessu leiðir að Ísland mun þurfa að auka framlög til varnarmála og varnartengdra verkefna umtalsvert á næstu árum. Rétt er að vekja athygli á að megin þorri þessara útgjalda nýtist jafnt í hernaðarlegum og borgaralegum tilgangi.

Fyrsta greining á útgjöldum til varnar- og öryggismála gefur til kynna að 0,92% af vergri landsframleiðslu fari í verkefnið. Á tímabili fjármálaáætlunar 2027-2031 mun þetta hlutfall aukast til ársins 2030 þegar það nær 1% og verður svo óbreytt árið eftir. Næstu skref innan stjórnarráðsins er að gera áætlun um hvernig markmiðum NATO verði náð innan þess tímaramma sem samþykktur var á leiðtogafundi bandalagsins á síðasta ári.

Lífeyrisskuldbindingar

Áhætta ríkissjóðs af lífeyrisskuldbindingum snýr helst að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en þær eru háðar ytri og hagrænum breytum. Áhætta ríkissjóðs snýr m.a. að launahækkunum opinberra starfsmanna umfram væntingar, ávöxtun eigna og lífslíkum sjóðfélaga. Ríkissjóður ber bæði ábyrgð á lífeyrishækkunum sem launagreiðandi og bakábyrgð sem upp á vantar þegar eignir sjóðsins hafa allar verið nýttar. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 1.105 ma.kr. í árslok 2025. Verði t.a.m. launahækkanir meiri eða ávöxtun eigna minni en gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegu mati á skuldbindingunni eykst umfang bakábyrðinnar og krafa á ríkissjóð í framtíðinni. Ríkissjóður greiðir bæði reglulega og óreglulega upp í bakábyrgð gagnvart B-deild LSR til að draga úr þörf á greiðslum síðar.

Ríkisábyrgðir og endurlán

Ríkisábyrgðum fylgir áhætta fyrir ríkissjóð þar sem fjárhagslegar skuldbindingar gætu fallið á ríkissjóð. Í grundvallaratriðum eru ríkisábyrgðir tvenns konar. Annars vegar getur ríkissjóður, á grundvelli sérstakrar lagaheimildar, veitt aðilum ábyrgð sem bundin er við tiltekið lán þeirra. Hins vegar getur ríkissjóður verið veitt ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum bein lán í gegnum endurlán ríkissjóðs.

Í flestum tilfellum er ríkisábyrgð færð sem skuldbinding utan efnahagsreiknings þar til líklegt þykir að hún falli á ríkið. Helsta áhættan af ríkisábyrgðum felst í því að þær skapa óbeinar skuldbindingar sem geta skyndilega fallið á ríkissjóð og raskað ríkisfjármálum ef skuldari getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Ríkisábyrgðir koma ekki fram sem skuldir í ríkisreikningi fyrr en ábyrgðin fellur á ríkið. Þetta getur falið raunverulega stöðu ríkisfjármála og gert fjárhagsgreiningu erfiðari. Handhafar ríkisábyrgðar geta haft tilhneigingu til að taka meiri áhættu en ella þar sem ríkið þarf að stíga inn ef illa fer. Einnig geta ríkisábyrgðir skapað væntingar á markaði um að ríkið muni ávallt grípa inn í, sem skekkir samkeppnisstöðu og hvetur til óhagkvæmrar fjárfestingar. Þó svo útgáfu ríkisábyrgðar fylgi ekki eiginleg greiðsla eða skuld þá fylgir þeim veruleg áhætta sem getur raungerst löngu eftir að ábyrgðin er veitt. Ríkisábyrgðir ætti því einungis að veita í algerum undantekningartilfellum s.s. við markaðsbrest.

Ríkissjóður hefur stefnt að því að draga úr umfangi ríkisábyrgða. Hefur það gengið eftir og ekki er gert ráð fyrir frekari ríkisábyrgðum á tímabili áætlunarinnar. Ábyrgðirnar nema í lok árs 2025 samtals um 106 ma.kr., eða um 2% af VLF. Ríkisábyrgðir námu 789 ma.kr. í árslok 2024, fyrir uppgjör ÍL-sjóðs, en náðu hámarki í lok árs 2012 er þær námu 1.320 ma.kr. (74% af VLF).

Almenn eigendastefna

Eigendastefna ríkisins er í samræmi við 44. gr. laga um opinber fjármál og byggir á því að félög í eigu ríkisins séu rekin með faglegum og gagnsæjum hætti þannig að almennt traust ríki á stjórn og starfsemi þeirra. Markmið ríkisins með eignarhaldi í tilteknum félögum koma oft fram í lögum um hlutaðeigandi félög hafi þau verið stofnsett á grundvelli laga. Sérstök lagaákvæði ganga þá augljóslega framar ákvæðum í eigendastefnu þessari og verður að skýra hana með hliðsjón af þeim ákvæðum. Einnig koma markmið ríkisins með eignarhaldi almennt fram í stofnsamningum og samþykktum félaganna og jafnvel sérstökum þjónustusamningum við ríkið.

Þegar ríkið fer með eignarhald í félagi er lögð mikil áhersla á langtímasjónarmið um uppbyggingu og rekstur þess. Jafnframt er lögð áhersla á að félög í eigu þess, sérstaklega þegar þau sinna samkeppnisrekstri, skili ásættanlegri afkomu og tryggi viðhald tekjummyndandi eigna. Í því felst m.a. að ríkissjóður fái eðlilegan arð af eigin fé í samræmi við áhættu rekstrar. Miðað er við að félög hafi á hverju ári samráð við stjórnvöld sem fara með eignarhald, um sérstök markmið í rekstri og áætlun til næstu fimm ára. Í tengslum við aðalfund félaga skal síðan farið yfir árangur ársins á undan.

Skýring 36. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Almenn eigendastefna, frh.

Til viðbótar við almenna eigendastefnu hefur ríkið sett sér sérstaka eigendastefnu fyrir fjármálafyrirtæki. Sú stefna snýr annars vegar að ríkinu sem eiganda eignarhluta í fjármálafyrirtækjum og hins vegar snýr hún að markmiðum um sölu og eignarhald í félögum til framtíðar. Mikilvægt er að umsýsla þessara eignarhluta sé fagleg, traust og á markaðsforsendum, meðal annars til að hámarka söluandvirði og arðgreiðslur fyrir skattgreiðendur, enda um verðmætar samfélagseignir að ræða, auk þess að gæta langtímahagsmuna ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu.

Félög í eigu ríkisins

Opinber fyrirtæki geta haft bein neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs ef illa árar og verið veruleg uppspretta fjárhagsáhættu og óvissra skuldbindinga. Nánar er fjallað um rekstur ríkisaðila og fyrirtæki í ríkiseigu í kaflanum hér á eftir.

Rekstur ríkisaðila

Rekstur ríkisaðila í A-hluta getur falið í sér áhættu fyrir ríkissjóð. Áhættustefna ríkissjóðs felur í sér aðhald í fjármálum stofnana sem falla þar undir. Lög nr. 123/2015 um opinber fjármál setur ríkisaðilum ákveðinn ramma um rekstur og tekur jafnframt á aðhaldi og eftirliti með fjárhag og rekstri þeirra sbr. 31.-35. gr. laganna. Ríkisaðilar skulu á hverju ári móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir a.m.k. næstu þrjú ár. Í stefnunni skal meðal annars greina frá markmiðum og almennum áherslum og hvernig þeim verði náð með tilliti til áætlaðra fjárveitinga. Gera skal grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og niðurstöðum slíks mats fyrir næstliðin ár. Þá skulu ríkisaðilar leggja fyrir hlutaðeigandi ráðherra áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum. Í henni skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins. Jafnframt skal sýna markmið starfseminnar og þá mælikvarða sem beitt er við mat á árangri.

Að staðaldri metur hver ráðherra langtímahorfur um fjárhagslega framvindu á þeim málefnasviðum og innan þeirra málaflokka sem hann ber ábyrgð á. Þá eru greindir þeir áhættuþættir sem valdið geta frávikum frá áætlunum eða bakað geta ríkissjóði fjárhagslegar skuldbindingar og þannig raskað áætlunum um afkomu ríkissjóðs til lengri tíma. Tilkynt skal um hugsanlega áhættuþætti og gerðar eru tillögur um hvernig brugðist verður við þeim. Þá hefur hver ráðherra reglubundið eftirlit með fjárhag ríkisaðila í A1-hluta sem stjórnarmálefnasviði hans tilheyrir og greina og bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri. Ef hætta er á að útgjöld verði umfram fjárveitingar skal hann leita leiða til að lækka gjöld innan ársins, millifæra fjárveitingar innan málaflokka eða nýta varasjóði þannig að útgjöld verði ekki umfram fjárveitingar. Öll ráðuneyti eiga að skila fjármála- og efnahagsráðuneyti ársfjórðungslega greinargerð um samanburð raunútgjalda og fjárheimilda og þar sem um veruleg frávik er að ræða skal tilgreina fyrirhuguð viðbrögð vegna þeirra.

Áhætta tengd eignarhaldi í C-hluta félögum

Rekstur ríkisaðila í C-hluta getur falið í sér áhættu fyrir ríkissjóð. Þessi félög eru fjölbreytt að eðli og umfangi og eru sum rekin á samkeppnismarkaði, önnur gegna afmörkuðu opinberu hlutverki og enn önnur eru að hluta í eigu ríkisins ásamt öðrum hluthöfum.

Fjárhagsleg áhætta. Verðmæti eignarhluta í C-hluta félögum getur breyst til samræmis við rekstrarniðurstöður, markaðsaðstæður og fjármagnsskipan viðkomandi félaga. Þar sem hlutir eru ekki skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsvirði þeirra oft óljóst og mat á virði felur í sér töluverða óvissu. Skuldbindingar ríkisins geta aukist komi til þess að félög þarfnist viðbótarfjármagns eða ríkisábyrgðar á skuldum.

Áhætta vegna takmarkaðs eignarvalds. Þar sem ríkið á minnihluta eignarhluti í hluta C-félaga hefur það takmarkað bein áhrif á stjórnun, arðgreiðslur og fjárfestingaráætlanir. Þetta getur leitt til þess að hagsmunir ríkisins sem eiganda fara ekki alltaf saman við ákvarðanir meirihluthluthafa.

Rekstraráhætta einstakra C-félaga endurspeglar að hluta til í efnahagsreikningi ríkisins í gegnum virðisbreytingar og arðgreiðslur. Félög sem starfa á samkeppnismarkaði búa við áhættu á tekjumissi, hækkuðum rekstrarkostnaði eða tæknilegum breytingum sem geta haft neikvæð áhrif á afkomu og þar með á eignastöðu ríkisins.

Lagaleg og reglubundin áhætta. Breytingar á laga- og regluumhverfi, þ.m.t. samkeppnisreglum, umhverfiskröfum og sértækum lögum er varða starfssvið einstakra félaga, geta haft veruleg áhrif á rekstrarforsendur og þar með á virði eignarhluta ríkisins.

Skýring 36. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Áhætta tengd eignarhaldi í C-hluta félögum

Stjórnarháttar- og mannauðsáætla. Gæði stjórnunar, hæfni stjórnar og skipan framkvæmdastjórnar hafa bein áhrif á langtíma virði félaga. Skiptist áhættan annars vegar á hvernig ríkið sinnir eigandahlutverki sínu – þ.m.t. val á stjórnarmönnum og markmiðssetning – og hins vegar á innri stjórnarhætti félaganna.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fylgist með stöðu fyrirtækjanna sem það á eignarhlut í og metur reglulega forsendur eignarhalds ríkisins á þeim í samræmi við eigandastefnu ríkisins.

Áhættustýring vegna lánveitinga úr ríkissjóði

Markmið ríkissjóðs er að vinna að því að bæta áhættustýringu og draga þannig markvisst úr áhættu og kostnaði við lánveitingar úr ríkissjóði. Þannig er t.a.m. ákvarðað í fjármálaáætlun og á fjárlögum heimildir til útlána til tiltekinna verkefna, í samræmi við pólitísk markmið og stefnumótun þar um. Þetta á við um öll útlán ríkissjóðs, hvort sem þau eru veitt af ríkissjóði beint eða lánasjóðum í eigu ríkissjóðs sem eru fjármagnaðir með endurlánum. Samhliða fær ríkissjóður heimild til að taka lán til að fjármagna lánveitingar þessar. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við markmið laga um opinber fjármál og er til þess fallið að tryggja hagkvæma nýtingu á fjármunum ríkissjóðs og að umsvif útlána séu endurspegluð í áætlunum ríkisins og séu í samræmi við hagstjórnaráherslur hvers tíma.

Lánveitingum ríkissjóðs, hvort sem það er í nafni lánasjóða eða ríkissjóðs beint, fylgir margvísleg áhætta. Því er mikilvægt að um veitingu útlána gildi skýrar reglur og að í tilvikum lánasjóða taki skipulag þeirra, bæði hvað varðar fjármagnsskipan og verklag, mið af því að lágmarka áhættu og kostnað ríkissjóðs með markvissum hætti. Í tilvikum lánasjóða liggur útlánaáhætta hjá sjóðunum og áhættustýring vegna þeirrar áhættu. Gert er ráð fyrir að vaxtamunur sjóðanna endurspegli þá áhættu og að eigið fé standi undir því tapi sem myndast. Mikilvægt er að haldið sé utan um þessa áhættu hjá sjóðunum þrátt fyrir að útlánaáhættan sé á endanum ríkissjóðs, þ.e. ríkissjóður ber ábyrgð á að eigið fé sjóðanna sé í samræmi við markmið. Verði sjóðirnir fyrir áfalli þarf ríkissjóður að leggja þeim til eigið fé.

Markmiðið er að uppgreiðslu-, vaxta- og verðbólguáhætta vegna þessara útlána sé borin af ríkissjóði sem leggi álag á fjármögnunarkjör sín til að mæta þeirri áhættu. Varðandi sjóðstýringu eininga er því mikilvægt að sjóðstýring þeirra sjóða sem njóta beinnar fjármögnunar ríkissjóðs sé felld að sjóðstýringu ríkissjóðs í heild. Með því næst hagkvæmni í minni heildarkostnaði við sjóðstýringu þar sem einstaka aðilar þurfa ekki að byggja upp einingar til að sinna virkri stýringu. Einnig er komið í veg fyrir að ríkissjóður þurfi að afla sér lausafjár á markaði á sama tíma og ríkisaðilar séu að leita að ávöxtun á lausafé, sem ekki sé þörf fyrir í starfsemi þeirra. Misræmi í innstreymi vegna afborgana og uppgreiðslna veittra lána og fjármögnunar ríkissjóðs getur valdið vaxtaáhættu og lausafjárstýringaráhættu. Með speglun á skilmálum endurlána ríkissjóðs og útlána lánasjóða dregur úr heildaráhættu eininga og sú áhætta sem starfseminni fylgir færir til ríkissjóðs. Ríkissjóður þarf því að hafa góða heildaryfirsýn yfir þróun lánasafna lánasjóða til að geta brugðist við breytingum í þeim.

Seðlabanki Íslands

Afkoma Seðlabankans er mjög háð gengi íslensku krónunnar enda eru eignir bankans í erlendri mynt vegna gjaldeyrisforða mun meiri en erlendar skuldir. Endurmat verðbréfa í forða og rekstur Seðlabankans getur að sama skapi haft áhrif. Af þessum sökum ríkir sem fyrr óvissa um afkomu bankans og þörf hans fyrir eigið fé. Eiginfjármarkmið bankans var ákveðið af bankaráði bankans á árinu 2025 sem 150 ma.kr. Þrátt fyrir að eigið fé hafi verið undir markmiði kallaði bankinn ekki eftir auknu eigin fé.

Samstarfsverkefni hins opinbera og einkaaðila

Samstarfsverkefni ríkissjóðs og einkaaðila (e. *Public private partnership*) geta falið í sér fjárhagsáættu fyrir ríkissjóð þótt engin ríkisábyrgð hvíli á verkefnunum. Í slíkum samstarfsverkefnum geta komið upp aðstæður þar sem verkefni þurfa fjármagn umfram það sem áætlað er í gildandi fjárlögum.

Langtímasamningar

Ríkissjóður, ráðuneyti og ríkisstofnanir stofna jafnan til ýmissa samninga sem fela í sér skuldbindingar sem ná fram yfir reikningsárið. Í séryfirliti er gerð grein fyrir slíkum samningum og árlegar greiðslur af þeim áætlaðar.

Skýring 36. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Eignarhlutir í erlendum fyrirtækjum og sjóðum

Í efnahagsreikningi er fært til eignar það erlenda stofnfé sem greitt hefur verið. Til viðbótar við það er svokallað innkallanlegt stofnfé sem ekki er fært í efnahagsreikning. Skýr skilyrði í samþykktum þeirra alþjóðastofnana sem um ræðir, eru fyrir slíkri innköllun. Þá getur komið til sértækra framlaga í samræmi við samþykktir alþjóðastofnana.

Aðrir áhættuþættir

Ríkið ber ekki lögbundna ábyrgð á skuldum sveitarfélaga en fjárhagsstaða þeirra getur falið í sér almenna áhættu ef einstök sveitarfélög megna ekki að gegna hlutverki sínu. Samkvæmt lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir ákveðinni aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að því að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga. Auk þess er skuldastaða sveitarfélaga í heild áhætta fyrir efnahagslífið og ríkissjóð. Alþingi samþykkti lög um málefni sveitarfélaga árið 2011 þar sem komið var á auknum aga og skýrari reglum í fjármálum sveitarfélaga ásamt auknu eftirliti og upplýsingagjöf um fjármál þeirra. Með lögum um opinber fjármál urðu síðan umtalsverðar breytingar á samstarfi ríkis og sveitarfélaga hvað varðar almenna stefnumörkum sem lýtur að útgjalda- og tekjuþróun, afkomu og þróun eigna og skulda. Þar með skapaðist betra færi til að tryggja að afkoma sveitarfélaga í heild lúti skilgreindum markmiðum og að komið verði í veg fyrir hallarekstur sem kynni hugsanlega að kalla á fjáruútlát af hálfu ríkisins.

Lagaumgjörð og eftirlit með fjármálakerfinu hefur tekið miklum breytingum frá árinu 2008. Kröfur um stjórnarhætti í fjármálafyrirtækjum eru nú gerbreyttar og miða að því að áhættan af rekstri þeirra verði í meira mæli borin af eigendum fyrirtækjanna. Með nýjum lögum um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja er enn dregið úr líkum á því að áföll í rekstri þeirra lendi á almenningi og ríkissjóði. Meðal þess sem þar er að finna er nýtt hámark á innstæðutryggingar sem miðast við 100 þúsund evrur, en áður var um rúmlega 20 þúsund evra lágmark að ræða. Framkvæmd eftirlits á fjármálamarkaði hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum, til dæmis með upptöku áhættumiðaðs eftirlits. Þá hafði sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlits meðal annars það markmið að efla traust og tryggja skilvirkni við framkvæmd þjóðhagsvarúðar og fjármálaeftirlits. Allar þessar breytingar stuðla að því að mjög verulega hefur dregið úr líkum á því að reyni á aðkomu ríkisins vegna áfalla í rekstri fjármálafyrirtækja umfram það sem leiðir af eignarhlut hans í bönkunum.

ANNAR HLUTI:
SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS



2025

FJÁRSÝSLAN

Áritun fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra

Ríkisreikningur fyrir árið 2025 er gerður samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Reikningurinn er settur fram í þremur hlutum og er fyrsti hlutinn samstæðureikningur A-, B- og C-hluta ríkissjóðs. Annar hlutinn inniheldur ársreikning A-hluta ríkissjóðs og inniheldur þriðji hlutinn séryfirlit A1-hluta ríkissjóðs með sundurliðanir sem gefa frekari upplýsingar um ríkisfjármálin, þ.á.m. yfirlit um afkomu A1-hluta ríkissjóðs.

Ríkisreikningur er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS). Á árinu 2025 voru sjö staðlar innleiddir og er fjallað nánar um það í skýringu 2 um alþjóðlega reikningsskilastaðla sem og fjallað um leiðréttingar á eiginfjárstöðu í upphafi ársins í yfirliti um breytingu eigin fjár. Í einhverjum tilfellum er ekki að fullu leyti búið að ná utan um þá þætti sem staðlarnir fjalla um en þeir þættir eru þá að hluta ennþá utan ríkisreiknings. Undir þetta falla til dæmis IPSAS 19 um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir, IPSAS 30 um skýringar um fjármálagerninga og IPSAS 32 um sérleyfiseignir, en þar má til dæmis nefna flugsamgöngumannvirki. Vinna er í gangi við rýningu á þessum þáttum og gert ráð fyrir að sú vinna taki nokkurn tíma. Ef sú vinna leiðir í ljós að fleira eigi að koma inn í reikningsskilin heldur en er nú með ríkisreikningi ársins mun það vera færð inn í samræmi við staðla þegar það liggur fyrir.

Ársreikningur A-hluta ríkissjóðs inniheldur yfirlit um afkomu, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025 og skýringar með rauntölum ársins og samanburði við fyrra ár. Samanburðartölur við fyrra ár eru uppfærðar vegna nýrra aðila í samstæðu og eru því samanburðarhæfar milli ára. Áætlanir fyrir árið á samanburðarhæfu formi liggja ekki fyrir og eru því ekki birtar nema í séryfirliti um rekstur málefnasviða þar sem birtur er samanburður við fjárveitingar.

Að mati fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra gefur yfirlit um afkomu 2025, efnahagsreikningur 31. desember 2025, yfirlit um breytingu eigin fjár á árinu 2025, sjóðstreymi ársins 2025 og skýringar með þeim yfirlitum, glögga mynd af rekstri A-hluta ríkissjóðs á árinu 2025 og stöðu í lok árs í samræmi við ákvæði í lögum um opinber fjármál að teknu tilliti til fyrrgreindra fyrirvara sem fjallað hefur verið um og koma fram í ríkisreikningnum.

Áform um rekstur, eignabreytingar og lántökur á árinu 2026 byggja á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2026. Þá kemur í fjármálaáætlun 2027–2031 fram fjármálastefna hins opinbera og áætlun um rekstur næstu ára.

Hér með staðfesta fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri ársreikning A-hluta ríkissjóðs 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík 2. júlí 2026

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra

Ingþór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri

Áritun ríkisendurskoðanda

Til Alþingis

Álit

Ríkisreikningur A-hluta fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ríkisreikningur A-hluta tekur til ríkisaðila í A1-, A2- og A3-hluta sem fara með ríkisvald skv. 13. tölulið 3. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál sbr. 1. mgr. 50. gr. laganna.

Ríkisreikningur A-hluta hefur að geyma staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra, yfirlit um afkomu ársins 2025, efnahagsreikning 31. desember 2025, sjóðstreymi ársins 2025, yfirlit um breytingu eigin fjár, yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025 og skýringar nr. 1 - 32.

Það er álit ríkisendurskoðanda að ríkisreikningur A-hluta sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu A-hluta ríkissjóðs 31. desember 2025, afkomu A-hluta ríkissjóðs og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinber aðila (ISSAI). Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst hér síðar. Ríkisendurskoðandi og starfsfólk hans er óháð ríkissjóði og hafa unnið í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI).

Ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra á ríkisreikningi A-hluta

Fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsins í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál, settar reglur og fyrirmæli. Sú ábyrgð nær til þess innra eftirlits sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ríkisreiknings A-hluta, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ríkisreiknings A-hluta.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ríkisreiknings A-hluta

Markmið endurskoðunar á vegum Ríkisendurskoðunar er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ríkisreikningur A-hluta sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á reikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda reikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun á vegum Ríkisendurskoðunar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir hún á faglegri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Í þessu felst að við endurskoðun ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ríkisreikningi A-hluta, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu

RÍKISENDURSKOÐUN

og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ríkisreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.

- Kanna hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ríkisreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Afla fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Ríkisendurskoðun er ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Ríkisendurskoðun ber ein ábyrgð á álitinu.

Ríkisendurskoðandi gerir Alþingi nánari grein fyrir niðurstöðu endurskoðunarinnar í sérstakri endurskoðunarskýrslu um ríkisreikning 2025.

Ríkisendurskoðun, 3. júlí 2026

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Yfirlit um afkomu A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Skýring	2025	2024
Tekjur			
Skatttekjur.....		1.180.352	1.138.574
Aðrar ríkistekjur.....		34.712	27.575
Ríkistekjur samtals.....	3	1.215.064	1.166.149
Sala á vöru og þjónustu.....	4	37.521	36.638
Aðrar tekjur.....	5	37.143	25.775
Heildartekjur af rekstri.....		74.664	62.412
Tekjur samtals án fjármunatekna og söluhagnaðar.....		1.289.729	1.228.561
Gjöld			
Tilfærslur.....	6	641.464	604.050
Laun og launatengd gjöld.....	7	343.186	314.340
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	26	140.236	46.461
Annar rekstrarkostnaður.....	8	276.595	246.900
Afskriftir og niðurfærslur.....	9	36.851	34.288
Gjöld samtals án fjármagnsgjalda og sölutaps.....		1.438.331	1.246.039
Afkoma án fjármunatekna, fjármagnsgjalda og söluhagnaðar / sölutaps og matsbreytinga eigna.....		-148.602	-17.477
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur.....	10	55.423	82.095
Fjármagnsgjöld.....	11	-176.368	-189.508
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals.....		-120.945	-107.412
Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna			
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagerningum, nettó.....		-9.964	0
Matsbreytingar eigna.....		26.196	-8.615
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra liða, nettó.....		1.154	-141
Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna samtals.....	12	17.386	-8.756
Hlutdeildaráhrif			
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	17	70.551	77.355
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....		82	117
Afkoma ársins án hlutdeildar minnihluta.....		-181.529	-56.173
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....		-82	-117
Afkoma ársins.....		-181.611	-56.290

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu.

Efnahagsreikningur A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Skýring	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Handbært fé.....	13	457.937	423.318
Skattkröfur.....	14	236.403	264.853
Markaðsverðbréf og afleiður.....	15	34.031	79.509
Fjárfestingareignir.....	16	111.877	108.259
Hlutdeildarfélög.....	17	972.630	1.072.631
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	17	29.206	17.496
Útlán og aðrar lánveitingar.....	18	483.417	456.945
Hlutdeild endurtryggjenda í váttryggingaskuld.....	24	6.134	3.623
Birgðir	19	5.787	5.539
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	20	1.090.099	1.130.465
Óefnislegar eignir.....	21	10.685	11.869
Afnotaréttur af leigueignum.....	28	41.494	45.807
Aðrar kröfur.....	22	56.859	44.944
Eignir samtals.....		3.536.557	3.665.257
Skuldir			
Lántökur.....	23	2.378.565	2.367.884
Váttryggingaskuldir.....	24	8.608	8.891
Aðrar skuldir.....	25	199.197	171.240
Lífeyrisskuldbindingar.....	26	1.097.565	932.890
Leiguskuldbinding.....	28	43.530	47.067
Aðrar skuldbindingar.....	27	23.676	26.448
Skuldir samtals.....		3.751.142	3.554.421
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals.....		-214.585	110.836
Eigið fé			
Hrein eign.....		-413.760	11.567
Endurmat.....		144.224	36.105
Annað eigið fé.....		47.585	63.888
Eigið fé ríkissjóðs samtals.....		-221.951	111.560
Hlutdeild minnihluta.....		7.366	-723
Eigið fé samtals.....		-214.585	110.836

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri		
Afkoma ársins.....	-181.611	-56.290
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi		
Söluhagnaður / sölutap fjárhagslegra eigna.....	9.964	0
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra eigna.....	-1.154	141
Hlutdeild í afkomu tengdra aðila.....	-70.551	-77.355
Afskriftir, niðurfærslur og virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna.....	36.851	34.288
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	120.945	107.412
Matsbreytingar eigna.....	-26.196	8.615
Lífeyrisskuldbinding.....	140.236	46.461
Aðrir reiknaðir liðir.....	22.026	19.491
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi samtals.....	50.510	82.762
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Lækkun / - hækkun krafna.....	7.127	639
Lækkun / - hækkun birgða.....	-400	-694
Hækkun / - lækkun skulda.....	14.421	-16.191
Breyting rekstartengdra eigna og skulda samtals.....	21.147	-16.246
Innborgaðir vextir.....	36.732	78.800
Greiddir vextir.....	-128.513	-144.351
Handbært fé til rekstrar.....	-20.124	965

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymis.

Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs, frh.

Í millj. kr.	2025	2024
Fjárfestingarhreyfingar		
Arðgreiðslur hlutdeildarfélagum.....	52.884	55.731
Sala fastafjármuna.....	21.764	3.034
Kröfur, breyting.....	60	5.669
Afborganir af veittum lánum.....	42.757	7.693
Kaup fastafjármuna.....	-90.097	-162.657
Hlutdeildarfélög og aðrar eignir.....	82.671	-1.762
Markaðsbréf.....	-1.046	34.687
Veitt lán.....	-1.498	-33.942
Fjárfestingarhreyfingar samtals.....	107.495	-91.546
Fjármögnunarhreyfingar		
Útgefin skuldabréf.....	583.583	350.625
Skammtímalán nettó, breyting.....	12.151	75.744
Afborganir og endurkaup.....	-601.249	-239.402
Lífeyrisskuldbindingar.....	-54.263	-42.212
Hlutfjárraukning minnihlutaeigenda.....	1.144	286
Fjármögnunarhreyfingar samtals.....	-58.633	145.042
Hækkun á handbæru fé.....	28.738	54.460
Handbært fé í byrjun árs.....	423.318	376.350
Gengismunur handbærs fjár í ársbyrjun.....	5.881	-7.493
Handbært fé í árslok.....	457.937	423.318

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymis.

Yfirlit um breytingu eigin fjár A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Hrein eign	Endurmats- reikningur	Annað eigið fé	Ríkissjóður samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Staða eigin fjár 01.01.2024.....	56.421	28.725	59.445	144.591	-918	143.672
Áhrif IPSAS innleiðingar.....	-4.858	0	0	-4.858	0	-4.858
Endurmat.....	1.697	7.380	0	9.077	148	9.225
Þýðingarmunur.....	0	0	4.841	4.841	40	4.881
Áhrif hlutafjárukningar.....	0	0	0	0	286	286
Greiddur arður.....	0	0	0	0	-155	-155
Matsbreyting samstæðu.....	14.481	0	-398	14.082	-7	14.076
Afkoma ársins	-56.173	0	0	-56.173	-117	-56.290
Staða eigin fjár 31.12.2024.....	11.567	36.105	63.888	111.560	-723	110.836
Lífeyrisskuldbinding, leiðrétting 01.01.2025.....	-146.691	0	0	-146.691	0	-146.691
Uptaka endurmatsaðferðar, leiðrétting 01.01.2025.....	0	90.989	0	90.989	0	90.989
Virðisaukaskattur í fjárfestingum, leiðrétting 01.01.2025.....	-176.396	-17.609	0	-194.006	0	-194.006
Áhrif IPSAS-innleiðingar.....	7.311	0	0	7.311	0	7.311
Lífeyrisskuldbinding, breyting ársins.....	60.363	0	0	60.363	0	60.363
Endurmat.....	0	28.507	0	28.507	0	28.507
Hlutdeild í endurmati dótturfélaga.....	0	6.233	0	6.233	0	6.233
Þýðingarmunur.....	0	0	-37.263	-37.263	0	-37.263
Hlutafjárhækkun/-lækkun dótturfélaga.....	0	0	0	0	1.144	1.144
Matsbreyting samstæðu.....	11.615	0	20.960	32.575	7.028	39.602
Afkoma ársins	-181.529	0	0	-181.529	-82	-181.611
Staða eigin fjár 31.12.2025.....	-413.760	144.224	47.585	-221.951	7.366	-214.585

Lífeyrisskuldbinding er nú færð í fullu samræmi við IPSAS 39 um starfskjör en áður tók lífeyrisskuldbinding í ríkisreikningi mið af reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 391/1998 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Nánar er fjallað um mat lífeyrisskuldbindingar í skýringu 26.

Samgöngumannvirki eru nú færð á þjónustuvirði (e. Current Operational Value) en voru áður metin á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Þjónustuvirði endurspeglar áætlaðan kostnað við að endurstofna þjónustugildi þjóðvegakerfsins með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til ástands og aldurs. Nánar er fjallað um mat samgöngumannvirkja í skýringu 20.

Óendurkræfur virðisaukaskattur, þ.e. virðisaukaskattur sem ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs geta ekki innskattað eða fengið endurgreiddan með öðrum hætti telst innbyrðisfærsla í samstæðu A-hluta ríkissjóðs. Þessi virðisaukaskattur er ýmist gjaldfærður eða eignfærður hjá einstaka ríkisaðilum en er tekjufærður hjá ríkissjóði. Gjaldfærður virðisaukaskattur hefur verið jafnaður út við gerð ríkisreiknings seinustu ár en eignfærður virðisaukaskattur er nú jafnaður út við gerð ríkisreiknings í fyrsta skipti.

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um breytingu eigin fjár.

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025

Í millj. kr.	Ríkisaðilar A1-hluti	Ríkisaðilar A2-hluti	Ríkisaðilar A3-hluti	Ríkissjóður samtals
Tekjur				
Skatttekjur.....	1.180.352	0	0	1.180.352
Aðrar ríkistekjur.....	34.712	0	0	34.712
Sala á vöru og þjónustu.....	32.736	177	4.609	37.521
Aðrar tekjur.....	22.173	10.002	4.969	37.143
Tekjur samtals án fjármunatekna og söluhagnaðar.....	1.269.973	10.178	9.577	1.289.729
Gjöld				
Tilfærslur.....	641.062	402	0	641.464
Laun og launatengd gjöld.....	335.525	841	6.820	343.186
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	140.236	0	0	140.236
Annar rekstrarkostnaður.....	254.179	12.144	10.273	276.595
Afskriftir og niðurfærslur.....	28.188	6.399	2.263	36.851
Gjöld samtals án fjármagnsgjalda og sölutaps.....	1.399.189	19.786	19.356	1.438.331
Afkoma án fjármunatekna, fjármagnsgjalda og söluhagnaðar / sölutaps og matsbreytinga eigna.....	-129.216	-9.608	-9.778	-148.602
Fjármunatekjur.....	33.420	19.664	2.338	55.423
Fjármagnsgjöld.....	-140.317	-30.590	-5.461	-176.368
Söluhagnaður / sölutap og aðrir liðir.....	-10.336	25.583	2.139	17.386
Hlutdeildaráhrif.....	70.559	5	-13	70.551
Afkoma ársins.....	-175.890	5.055	-10.776	-181.611

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs sýnir yfirlit um afkomu skipt niður á ríkisaðila í A1-, A2- og A3 hluta sem saman mynda samstæðu ríkissjóðs A-hluta. Undir ríkissjóð A1-hluta falla starfsemi og verkefni sem eru einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum. Þar eru færðar skatttekjur og ríkistekjur ásamt tekjum og gjöldum af lánveitingum og lántökum sem ríkissjóður tekur og veitir.

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 2025, frh.

Í millj. kr.	Ríkisaðilar A1-hluti	Ríkisaðilar A2-hluti	Ríkisaðilar A3-hluti	Ríkissjóður samtals
Eignir				
Handbært fé.....	419.031	25.401	13.504	457.937
Skattkröfur.....	236.403	0	0	236.403
Markaðsverðbréf og afleiður.....	753	31.613	1.665	34.031
Fjárfestingareignir.....	0	0	111.877	111.877
Hlutdeildarfélög.....	970.575	1.075	980	972.630
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	28.769	377	61	29.206
Útlán og aðrar lánveitingar.....	113.886	357.977	11.554	483.417
Hlutdeild endurtryggjenda í váttryggingaskuld.....	0	6.134	0	6.134
Birgðir.....	5.764	0	23	5.787
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	899.947	99.638	90.514	1.090.099
Óefnislegar eignir.....	10.074	246	365	10.685
Afnotaréttur af leigueignum.....	21.311	19.817	366	41.494
Aðrar kröfur.....	46.827	3.472	6.560	56.859
Eignir samtals.....	2.753.339	545.751	237.467	3.536.557
Skuldir				
Lántökur.....	2.248.332	62.576	67.657	2.378.565
Váttryggingaskuldir.....	0	8.608	0	8.608
Aðrar skuldir.....	176.409	2.202	20.587	199.197
Lífeyrisskuldbindingar.....	1.097.565	0	0	1.097.565
Leiguskuldbinding.....	22.415	20.685	430	43.530
Aðrar skuldbindingar.....	23.676	0	0	23.676
Skuldir samtals.....	3.568.396	94.071	88.675	3.751.142

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs sýnir eigna- og skuldastöðu ríkisaðila í A1-, A2- og A3-hluta sem saman mynda samstæðu ríkissjóðs A-hluta.

Flokkun ríkisaðila í A1-, A2- og A3-hluta er sú flokkun sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga.

Yfirlit um afkomu og efnahag eftir starfsþáttum er byggt á aðgreiningu ríkisrekstrarins í lögum um opinber fjármál niður í A-, B- og C-hluta og flokkunar ríkisaðila í þá hluta í fylgiriti með fjárlögum. Þar eru ríkisaðilar innan A-hlutans flokkaðir í A1-, A2- og A3-hluta.

Skýring 1. Grunnur reikningsskila

Yfirlýsing um samræmi

Reikningsskil þessi fyrir A-hluta ríkissjóðs Íslands í heild árið 2025 eru gerð samkvæmt lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (*International Public Sector Accounting Standards, IPSAS*) auk þess sem stuðst er við alþjóðlega reikningsskilastaðla (*International Financial Reporting Standards, IFRS*) varðandi atriði sem ekki er fjallað um í IPSAS.

Ríkisreikningur A-hluta var samþykktur og áritaður af fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra þann 2. júlí 2026.

Tímabil reikningsskila

Reikningsár ríkisaðila er almanaksárið. Allir ríkisaðilar í A-hluta eru hluti þessara reikningsskila og hafa almanaksárið sem reikningsár.

Grundvöllur ríkisreiknings

Ársreikningur ríkissjóðs í heild er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) eins og þeir hafa verið gefnir út af Alþjóða reikningsskilaráðinu og eru í gildi í árslok 2025.

Ríkisreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu reikningsskila. Starfrækslugjaldmiðill ríkissjóðs er íslensk króna og eru reikningsskilin sett fram í íslenskum krónum, námunduð að næstu milljón, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Eignir og skuldir dótturfélaga sem hafa annan starfrækslugjaldmiðil en krónur eru umreiknaðar í krónur miðað við gengi á uppgjörssdegi. Tekjur og gjöld dótturfélaganna eru umreiknuð í krónur á meðalgengi ársins. Þýðingarmunur sem myndast við yfirfærslu í krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

Viðskipti milli ríkisaðila og stöður milli þeirra eru jafnaðar út við gerð ríkisreiknings.

Þegar framsetningu eða flokkun liða í ríkisreikningi er breytt eða reikningsskilaaðferðum er breytt hefur samanburðartölum verið breytt til að tryggja samræmi við gildandi tímabil nema það sé ógerlegt.

Tengdir aðilar eru æðstu stjórnendur ríkisins sem eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem ríkisreikningur byggir á eru birtar í skyggðum boxum í viðkomandi skýringum.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila gerir ráð fyrir að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda og tekna og gjalda auk skýringa.

Mat og gefnar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru raunhæfir miðað við aðstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Ákvarðanir og forsendur þeirra eru skoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eru gerðar og einnig á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Reikningsskilaeiningar

Ríkissjóður og ríkisaðilar eru skilgreindir í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 og ná til:

- Ríkissjóðs Íslands – Þar fellur undir móttaka skatttekna og annarra ríkistekna og tengdar færslur, fjárveitingar til ríkisaðila, fjármögnun ríkissjóðs og þar með talið lántökur og lánveitingar ásamt eignarhaldi á félögum og öðrum eignum, sem ekki eru færðar sérstaklega hjá ríkisaðilum
- Eininga löggjafavalds, framkvæmdavalds og dómsvalds íslenska ríkisins – hér eftir jafnframt skilgreint sem ríkisaðilar í A1-hluta.
- Lýsingin „samstæðuársreikningur A-hluta ríkissjóðs Íslands“, „ríkissjóðs A- í heild“ og „ríkisreikningur“ hafa sömu merkingu og hægt að nota jöfnum höndum
- Samstæða A-hluta ríkissjóðs nær til A1-hluta ríkissjóðs og eftirtaldrá ríkisaðila í A2- og A3-hluta.

Skýring 1. Grunnur reikningsskila, frh.

Reikningsskilaeiningar, frh.

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þær einingar sem samstæðuársreikningur A-hluta ríkissjóðs Íslands ("samstæðuársreikningurinn") samanstendur af. Félög þar sem móðurfélag kemur fram í sviga fyrir aftan eru hluti af samstæðuársreikningi móðurfélags þess og er þar með hluti af samstæðuársreikningnum.

Nafn	Kennitala	Nafn	Kennitala
Betri samgöngur ohf.	6710200300	Nýr Landspítali ohf.	5008100410
Byggðastofnun	4506790389	Rannsókn- og háskólanet Íslands hf.	4902013190
Eignarhlutir ehf.	4911060180	Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. (Harpa)	7012130250
Fasteignafélagið Þórkatla ehf.	4103240750	Rekstrarfélagið Stæði slhf. (Harpa)	4205111160
Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	6610210630	Ríkiseignir	6909810259
Greiðslumiðlunin Hringur ehf. (Harpa)	4701100740	Ríkisútvarpið ohf.	6003070450
Harpa ohf.	6608051250	RÚV Sala ehf. (Ríkisútvarpið)	5701200930
Húsnæðissjóður	5812192100	Sítus ehf.	4903060640
ÍL-sjóður	6611983629	Storð ehf.	6606231830
Landskerfi bókasafna hf.	4402022920	Tæknigarður ehf.	6209871749
Leigufélagið Bríet ehf.	6112182060	Tæknisetur ehf.	4406211040
Lindarhvoll ehf.	6704160460	Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	4201042350
Menntasjóður námsmanna	7101690989	Þjóðarhöll ehf.	4603240840
Náttúruhamfaratrygging Íslands	5202760259	Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	7010060970
Neyðarlínan ohf.	5110952559	Öryggisfjarskipti ehf.	6411061430

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila

Á árinu voru eftirfarnir staðlar innleiddir:

- IPSAS 36 - Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og sameiginlegum verkefnum að hluta (*Investments in Associates and Joint Ventures*) – Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs þar sem staðallinn hafði að mestu verið innleiddur áður.
- IPSAS 37 - Samrekstur (*Joint Arrangement*) – Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs þar sem staðallinn hafði að mestu verið innleiddur áður.
- IPSAS 38 - Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum (*Disclosure of Interests in Other Entities*) – Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs þar sem staðallinn hafði að mestu verið innleiddur áður.
- IPSAS 42 - Velferðarþjónusta og félagsleg aðstoð (*Social Benefits*) - Staðallinn fjallar um reikningshaldslega meðferð félagslegra bóta sem veitt er í formi peningagreiðslna til einstaklinga og eða heimila sem þau geta ráðstafað að vild. Innleiðing staðalsins hafði þau áhrif að eigið fé hækkar um 7,3 ma.kr., gjaldfærðar félagslegar bætur 2025 hækka um 3,8 ma.kr. og skammtímaskuldir í árslok 2025 lækka um 3,6 ma.kr.
- IPSAS 44 - Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi (*Non-current Assets Held for Sale and Discontinued Operations*). Staðallinn tilgreinir reikningsskilaaðferðir fyrir fastafjármuni sem eru til sölu og hvaða kröfur eru gerðar vegna framsetningar og upplýsinga í reikningsskilum um slíkar eignir og aflagða starfsemi. Innleiðing staðalsins hafði ekki áhrif á mat eigna en nú eru eignir til sölu sérgreindar í skýringum.
- IPSAS 45 - Varanlegir rekstrarfjármunir (*Property, Plant, and Equipment*) - Staðallinn er endurgerð af IPSAS 17 og fellir niður sérufjöllum arfleifðareigna sem þá verða flokkaðar með varanlegum rekstrarfjármunum og innviðaeignir undir varanlega rekstrarfjármuni með því að skilgreina helstu einkenni þeirra auk þess sem fyrir var í IPSAS 17. Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs.
- IPSAS 46 - Mat og mælikvarðar (*Measurement*) - Staðallinn skilgreinir hugtök og fyllir í þar sem talið var að efnistöð væru óljós. Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs.

Í ríkisreikningi er gerð grein fyrir þeim reikningsskilaaðferðum sem unnið er eftir. Miðað er við að þær séu í samræmi við IPSAS-staðlana. Í einhverjum tilfellum er ekki að fullu leyti búið að ná utan um þá þætti sem staðlarnir fjalla um en þeir þættir eru þá að hluta ennþá utan ríkisreiknings. Undir þetta falla til dæmis IPSAS 19 um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir, IPSAS 30 um skýringar um fjármálagerninga og IPSAS 32 um sérleyfiseignir, en þar má til dæmis nefna flugsamgöngumannvirki. Vinna er í gangi við rýningu á þessum þáttum og gert ráð fyrir að sú vinna taki nokkurn tíma. Ef sú vinna leiðir í ljós að fleira eigi að koma inn í reikningsskilin heldur en er nú með ríkisreikningi ársins mun það vera fært inn í samræmi við staðla þegar það liggur fyrir.

Óinnleiddir staðlar sem hafa verið gefnir út en með gildistökudag eftir 31.12.2025

IPSAS 47 - Tekjur (*Revenue*) - Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2026. Staðallinn leysir af hólmi IPSAS 9, IPSAS 11 og IPSAS 23 sem allir eru innleiddir.

- Reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs hefur heimild til tímabundinnar frestunar á innleiðingu staðla, sbr. 52.gr. laga um opinber fjármál. Vegna óvissu um áhrif staðalsins á reikningsskil ríkissjóðs þá hefur reikningsskilaráð ákveðið að heimila frestun á innleiðingu IPSAS 48.

IPSAS 48 - Tilfærsluútgjöld (*Transfer Expenses*) - Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2026.

- Reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs hefur heimild til tímabundinnar frestunar á innleiðingu staðla, sbr. 52.gr. laga um opinber fjármál. Vegna óvissu um áhrif staðalsins á reikningsskil ríkissjóðs þá hefur reikningsskilaráð ákveðið að heimila frestun á innleiðingu IPSAS 48.

Skýring 2. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, frh.

Óinnleiddir staðlar sem hafa verið gefnir út en með gildistökudag eftir 31.12.2025, frh.

IPSAS 49 - Eftirlaunagreiðslur (*Retirement Benefit Plans*) - Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2026. Staðllinn mun ekki hafa áhrif á reikningsskil ríkissjóðs.

IPSAS 50 - Rannsóknir og mat á jarðefnaauðlindum (*Exploration for and Evaluation of Mineral Resources*) - Staðallinn var gefinn út í nóvember 2024 og tekur gildi 1. janúar 2027. Ekki er gert ráð fyrir að innleiðing hans hafi veruleg áhrif á reikningsskil ríkissjóðs.

Skýring 3. Ríkistekjur

Í millj. kr.	2025	2024
Skatttekjur		
Beinar skatttekjur		
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklinga.....	283.908	237.187
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðila.....	146.250	138.386
Tryggingagjald vegna almannatrygginga.....	132.323	116.300
Skattur á fjármagnstekjur.....	67.836	77.684
Eignarskattar.....	23.340	23.642
Skattar á launagreiðslur og vinnuafli.....	5.819	8.072
Sérstakur fjársýsluskattur.....	7.205	6.998
Fjársýsluskattur.....	4.147	3.812
Beinar skatttekjur samtals.....	670.827	612.079
Óbeinar skatttekjur		
Virðisaukaskattur.....	348.839	386.290
Vörugjöld.....	95.405	82.813
Neyslu- og leyfisskattar.....	22.373	20.590
Sértækir þjónustuskattar.....	17.730	13.999
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti.....	7.717	6.656
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki.....	6.672	6.196
Aðrir óbeinir skattar.....	10.788	9.952
Óbeinar skatttekjur samtals.....	509.525	526.495
Skatttekjur samtals.....	1.180.352	1.138.574
Aðrar ríkistekjur		
Fjárframlög frá öðrum opinberum aðilum.....	2.646	2.283
Eignatekjur.....	15.971	10.671
Neyslu- og leyfisgjöld.....	10.403	9.657
Sektir og skaðabætur.....	5.296	4.751
Ýmsar ríkistekjur.....	395	213
Aðrar ríkistekjur samtals.....	34.712	27.575
Ríkistekjur samtals.....	1.215.064	1.166.149

Undir ríkistekjur falla beinar og óbeinar skatttekjur og aðrar ríkistekjur.

Skatttekjur

Ríkissjóður veitir ýmsa þjónustu og ávinning án endurgjalds fyrir móttakanda sem ekki leiðir til tekna hjá móttakanda. Skatttekjur eru skilgreindar sem lögskipaðar greiðslur til opinberra aðila án þess að á móti komi tiltekin þjónusta, þar sem ekkert beint samband er á milli greiðslu skatta og réttar til þjónustu eða tilfærslna frá ríkinu. Skattálagning ríkissjóðs byggir á fullveldisrétti ríkisins og lögum frá Alþingi.

Beinir skattar eru skattar sem lagðir eru á greiðandann sem er sá hinn sami og ber skattbyrðina hvort sem um er að ræða mann eða lögaðila. Til beinna skatta teljast tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur, útsvar, tryggingagjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, útvarpsgjald, búnaðargjald og jöfnunargjald alþjónustu. Beinir skattar eru einnig nefndir opinber gjöld eða þinggjöld.

Tryggingagjöld gefa þriðja aðila beinan eða óbeinan aðgang að tryggingavernd að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Skýring 3. Ríkistekjur, frh.

Skatttekjur, frh.

Til óbeinna skatta teljast álögur hins opinbera á vörur og þjónustu. Skattgreiðandanum er ekki ætlað að bera skattinn, heldur er honum gert að innheimta skattinn við sölu á vöru eða þjónustu og skila honum í ríkissjóð. Það eru neytendur sem endanlega bera skattinn. Óbeinir skattar eru einnig nefndir neysluskattar. Virðisaukaskattur er dæmi um óbeinan skatt en einnig má nefna vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Þar sem skattframtöl einstaklinga og lögaðila fyrir reikningsárið hafa ekki verið afgreidd er álagning áætluð, bæði til hækkunar eða lækkunar. Forsendur álagningar fyrri ára eru lagðar til grundvallar ásamt því að litið er til hagvaxtar o.fl. Endanleg álagning er ekki þekkt fyrr en skattframtöl hafa verið afgreidd, sem á sér stað allt að tíu mánuðum eftir lok reikningsársins.

Skatttekjur eru færðar þegar skattskyldur atburður hefur átt sér stað og hægt er að ákvarða þær með áreiðanlegum hætti. Skatttekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Endanleg álagning ákveðinna tegunda skatttekna fer fram með framtali eftir lok uppgjörsárs. Óvissa er um hver sú niðurstaða verður þannig að áætla megja hana með áreiðanlegum hætti og færast sú breyting því með tekjum næsta árs. Vextir og viðurlög á skattkröfur eru færðir meðal skatttekna og skattkrafna.

Aðrar ríkistekjur

Aðrar ríkistekjur eru tekjur af leyfisveitingum og notkun ýmissa réttinda, greiðslur fyrir tiltekna þjónustu sem ríkið eitt veitir og fleira slíkt. Aðrar tekjur færast í flestum tilvikum við greiðslu en þegar um álagningu er að ræða þá við álagningu.

Skýring 4. Sala á vöru og þjónustu

Í millj. kr.	2025	2024
Sala á vöru.....	5.223	6.092
Öldrunarþjónusta.....	7.039	6.048
Heilbrigðisþjónusta.....	6.260	5.278
Sérfræðiþjónusta	7.692	6.792
Selt fæði.....	1.683	1.476
Ráðstefnur, fundir og námskeið.....	1.312	1.386
Aðgangseyrir.....	2.391	2.366
Verksala.....	1.221	1.230
Önnur sala á þjónustu.....	4.700	5.969
Sala á vöru og þjónustu samtals.....	37.521	36.638

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af seldum vörum eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Skýring 5. Aðrar tekjur

Í millj. kr.	2025	2024
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir.....	10.972	17.364
Leigutekjur.....	6.981	6.034
Sala losunarheimilda og auðlindanýting.....	2.710	5.029
Iðgjöld af váttryggingastarfsemi.....	6.086	4.386
Reiknaðar tekjur vegna sérleyfissamnings.....	494	512
Hlutdeild endurtryggjenda í tjónum.....	2.607	-11.502
Ýmsar aðrar tekjur.....	7.292	3.953
Aðrar tekjur samtals.....	37.143	25.775

Nánnar er fjallað um hlutdeild endurtryggjenda í tjónum í skýringu 24.

Ef eignar er aflað fyrir lítið eða ekkert endurgjald (gjafir), er mismunur á gangvirði eignarinnar og stofnverði fært til tekna í yfirliti um afkomu. Ef yfirráð yfir eigninni er háð frammistöðu eða framkvæmd er færslu tekna frestað þar til skilyrði eru uppfyllt.

Skýring 6. Tilfærslur

Í millj. kr.	2025	2024
Fjármagnstilfærslur.....	47.598	52.831
Rekstrartilfærslur.....	593.866	551.219

Tilfærslur samtals..... 641.464 604.050

Fjármagnstilfærslur fela í sér tilfærslu á fjármunum eða þar sem látin eru af hendi ákveðin önnur verðmæti í hendur þriðja aðila, án endurgjalds og viðtakandi skuldbundinn til að ráðstafa fjármagnstilfærslunni til fjárfestingar.

Undir rekstrartilfærslur falla greiðslur frá hinu opinbera án þess að á móti komi vinnuframlag eða önnur aðföng eða gæði. Undir rekstrartilfærslur falla öll helstu bóta- og styrkjakerfi ríkisins eins og félagslegar bætur og sjúkratryggingar. Einnig falla þar undir framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og rekstrarstyrkir á borð við greiðslur vegna búvörusamninga o.fl.. Bætur og styrkir eru til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga, ríkisaðila og félagasamtaka.

	2025	2024
Tilfærslur		
Félagslegar bætur.....	338.948	306.035
Sjúkratryggingar.....	85.136	75.236
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.....	39.549	30.179
Greiðslur vegna búvörusamninga.....	17.096	17.443
Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja.....	12.844	16.366
Alþjóðleg þróunarsamvinna.....	11.596	10.521
Greiðslur úr Loftslags- og orkusjóði.....	10.364	4.129
Styrkir til almenningsgangna.....	10.515	6.740
Styrkir til varnargarða í Grindavík.....	1.628	7.957
Þjóðkirkjan og sóknargjöld.....	7.977	7.682
Endurgreiðsla til kvikmyndargerðar.....	6.131	6.226
Styrkir til starfsemi safna og listamanna.....	6.094	6.025
Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu.....	5.845	5.228
Endurvinnslan, skilagjald.....	5.040	4.697
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.....	4.552	6.896
Varnarmál.....	3.743	2.332
Fjármálaeftirlitið.....	3.393	3.183
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.....	3.216	3.449
Rannsóknarstyrkir.....	2.939	3.239
Alþjóðastofnanir.....	2.642	3.256
Styrkir úr Tækniþróunarsjóði.....	2.293	2.809
Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála.....	2.286	1.549
Aðrar tilfærslur.....	57.638	72.874

Tilfærslur samtals..... 641.464 604.050

Félagslegar bætur

Lífeyrstryggingar og félagsleg aðstoð	239.863	212.998
Atvinnuleysistryggingasjóður.....	34.943	29.570
Fæðingarorlof.....	28.198	24.975
Barnabætur	20.932	20.143
Húsnæðis- og vaxtabætur.....	12.569	16.581
Bætur vegna veikinda og slysa.....	2.444	1.768

Félagslegar bætur samtals..... 338.948 306.035

Innleiðing á IPSAS 42 - Félagslegar bætur

Staðallinn IPSAS 42 - Félagslegar bætur (*Social Benefits*) tók gildi frá og með 1. janúar 2023 og fjallar um reikningshaldslega meðferð félagslegra bóta sem veittar eru í formi peningagreiðslna til einstaklinga og eða heimila sem þau geta ráðstafað að vild. Reikningsskilaráð ákvað að fresta innleiðingu þess hluta staðalsins sem varðar skuldbindingar og upplýsingagjöf. Staðallinn er innleiddur að fullu á árinu 2025. Áhrif af innleiðingunni eru þau að eigið fé hækkar um 7,3 ma.kr., gjaldfærðar félagslegar bætur 2025 hækka um 3,8 ma.kr. og skammtímaskuldir í árslok 2025 lækka um 3,6 ma.kr.

Félagslegar bætur

Félagslegar bætur eru veittar af ríkinu í formi peningagreiðslna til einstaklinga og eða heimila sem þau geta ráðstafað að vild að uppfylltum hæfnisviðmiðum. Endurgreiðsla á kostnaði flokkast ekki sem félagslegar bætur. Tilgangur með félagslegum bótum er að draga úr félagslegri áhættu og koma til móts við samfélagið sem heild. Félagsleg áhætta er ekki vegna ytri atburða eins og náttúruhamfara. Félagslegar bætur sem ríkið veitir eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir, fæðingarorlofsgreiðslur, barnabætur, húsnæðisbætur o.fl.

Það sem hefur áhrif á framtíðargreiðslur félagslegra bóta eru lögbundin réttindi, reglugerðir, verðlagsþróun og fjöldi bótaþega þannig að breytingar á lögum, atvinnustig eða lýðfræðilega þróun geta haft áhrif á framtíðargreiðslur félagslegra bóta. Helstu áhættuþættir tengdir bótaskerfi félagslegra bóta felast í fjölgun bótaþega, hækkun verðlags, breytingum á atvinnuleysi, öldrun þjóðarinnar, fjölgun fæðinga o.fl.

Lífeyristryggingar og félagsleg aðstoð

Um lífeyristryggingar gilda lög nr. 100/2007. Markmið laganna er að tryggja þeim sem lögin taka til og þess þurfa bætur og aðrar greiðslur vegna elli, örorku og framfærslu barna. Hér undir fellur ellilífeyrir, örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppbót, sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, tekjutrygging örorkulífeyrisþega, vasapeningar ellilífeyrisþega, örorkustyrkir og barnalífeyrir. Rétt til ellilífeyris öðlast þeir sem náð hafa 67 ára aldri og hafa verið tryggðir hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Heimilt er að fresta töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun ellilífeyris. Réttur til örorkulífeyris er bundinn því skilyrði að geta umsækjanda til virkni á vinnumarkaði sé metin 25% eða minni til langframa vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubreysts eða fötlunar.

Um félagslega aðstoð gilda lög nr. 99/2007. Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis, umönnunargreiðslur, makabætur, umönnunarbætur og dánarbætur.

Lífeyristryggingar og félagslegar bætur eru greiddar fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar. Eigin tekjur lífeyrisþega hafa áhrif á rétt til bóta. Þegar skattálagning liggur fyrir er endurreiknaður réttur til bóta. Í framhaldi af því er vangreiðsla greidd, en ef um ofgreiðslur er að ræða er gerð krafa um endurgreiðslur.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Um atvinnuleysisbætur gilda lög nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingasjóð. Markmið laganna er að tryggja launamönnum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt. Launamaður telst að fullu tryggður samkvæmt lögnum eftir að hafa starfað samfelld á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði. Launamaður sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á innlendum markaði er tryggður hlutfallslega.

Ef bótaþegar staðfesta atvinnuleit 20. - 25. dag hvers mánaðar þá fær viðkomandi greitt síðasta virka dag mánaðarins. Ef staðfest er 26. dags - 3. dags næsta mánaðar, þá er greitt 3-7 virkum dögum eftir mánaðarmót.

Fæðingarorlof

Um bætur í fæðingarorlofi gilda lög nr. 144/2020. Fæðingar- og foreldraorlof er leyfi frá launuðum störfum sem stofnast til við fæðingu barns, frumættleiðingu barns sem er yngri en átta ára og töku barns sem er yngri en átta ára í varanlegt fóstur. Foreldrar eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Foreldri er heimilt að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins. Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns. En fellur niður þegar barnið nær 24 mánaða aldri. Foreldrar eiga sameiginlega rétt á lengingu fæðingarorlofs um sex mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist lífandi.

Bætur í fæðingarorlofi eru greiddar í lok mánaðar og leiðréttingar eru greiddar í mánuðinum á eftir eða þegar þær liggja fyrir.

Skýring 6. Tilfærslur, frh.

Félagslegar bætur, frh.

Barnabætur

Um barnabætur gilda lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og reglugerð um greiðslu barnabóta nr. 1400/2024. Barnabætur eru tekjutengdar og ákvarðaðar samkvæmt skattframtali. Þær eru reiknaðar í álagningu árið eftir að barn fæðist og í síðasta skipti árið sem 18 ára aldri er náð. Með börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu eru greiddar sérstakar barnabætur, sem einnig eru tekjutengdar.

Barnabætur eru greiddar út fjórum sinnum á ári. Fyrstu tvær greiðslur ársins (1. febrúar og 1. maí) eru fyrirframgreiðsla og dregnar frá útreiknuðum barnabótum ákvörðuðum við álagningu miðað við tekjur á skattframtali. Eftirstöðvunum er skipt í tvær greiðslur 1. júní og 1. október.

Húsnæðis- og vaxtabætur

Um húsnæðis- og vaxtabætur gilda lög nr. 90/2003 um tekjuskatt vegna vaxtabóta og lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Húsnæðisbætur til leigjenda eru ætlaðar til þess að aðstoða fólk sem leigir íbúðarhúsnæði. Húsnæðið getur verið á almennum leigumarkaði, félagslegt leiguhúsnæði, á námsgörðum eða áfangaheimili. Alla leigusamninga þarf að skrá í leiguskrá. Upphæð húsnæðisbóta fer eftir fjölda fólks á heimilinu, tekjum þess og eignum og leiguverði. Vaxtabætur eru greiddar til þeirra sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði.

Húsnæðisbætur eru greiddar mánaðarlega á fyrsta degi vegna mánaðar á undan. Vaxtabætur ákvarðast samkvæmt upplýsingum á skattframtali árinu á eftir og eru greiddar út eftir að álagning liggur fyrir.

Breyting á félagslegum bótum

Helstu breytingar á félagslegum bótum á árinu eru að framlög til félags-, húsnæðis- og tryggingamála hækka sem rekja má til aðgerða stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði. Barnabætur hækka þar sem dregið var úr tekjuskerðingum. Húsnæðisbætur hækka vegna 25% hækkun grunnfjárhæðar húsnæðisbóta til leigjenda og tekið tillit til fleira heimilisfólks en áður. Bætur í fæðingarorlofi aukast vegna hækkunar á hámarksgreiðslum úr sjóðum. Aðrar breytingar voru innleiðing á nýju örorkulífeyriskerfi sem tók gildi 1. september 2025 ásamt hækkun á frítækjumarki ellilífeyrisþega úr 25.000 kr. í 36.500 kr. á mánuði.

Fjármögnun félagslegra bóta

Kostnaður við félagslegar bætur greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga og fjáráukalaga hverju sinni.

Sjúkratryggingar

Um sjúkratryggingar gilda lög nr. 112/2008. Sjúkratryggingar eiga að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðiskerfinu óháð efnahag. Sjúkratryggingar greiða læknskostnað, lyf, hjálparkæki, hjúkrun í heimahúsum, þjálfun, tannlækningar, sjúkraflutningar og ferðir innan lands, brýna meðferð erlendis, sjúkrakostnað vegna veikinda og slysa o.fl.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Um framlög í jöfnunarsjóð sveitarfélaga gilda lög nr. 56/2025. Samkvæmt lögunum greiðir ríkissjóður sjóðnum lögbundið framlag sem nemur tilteknu hlutfalli af innheimtum skatttekjum og tryggingagjaldi, auk viðbótarframlags sem miðast við álagningarstofn útsvars. Einnig er heimilt að ákveða frekari framlög í fjárlögum ár hvert.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum. Með því er stuðlað að því að sveitarfélög hafi sambærilegan fjárhagslegan grundvöll til að sinna lögbundnum verkefnum sínum, óháð tekjugetu, stærð eða öðrum staðbundnum aðstæðum.

Framlög úr sjóðnum eru meðal annars til að jafna rekstrarskilyrði sveitarfélaga, þar á meðal vegna reksturs grunnskóla og þjónustu við fatlað fólk auk annarra verkefna samkvæmt lögum.

Skýring 6. Tilfærslur, frh.

Greiðslur vegna búvörusamninga

Greiðslur vegna búvörusamninga eru veittar á grundvelli búvörulaga nr. 99/1993 og búnaðarlaga nr. 70/1998. Tílfærslurnar fela í sér bein framlög til framleiðenda í þeim tilgangi að styðja við innlenda framleiðslu, tryggja fæðuöryggi, jafna samkeppnisaðstöðu og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Greiðslurnar geta verið framleiðslutengdar eða óháðar framleiðslumagni, eftir ákvæðum gildandi samninga og reglugerða, auk fjárveitinga sem ákveðnar eru í fjárlögum hverju sinni.

Styrktir til nýsköpunarfyrirtækja

Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- og/eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu frá Rannís eiga rétt á sérstökum skattfrádrætti frá álögðum tekjuskatti. Frádrátturinn nemur 35% af útlögðum, styrkhæfum kostnaði í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja en 25% í tilviki stórra fyrirtækja, enda sé um ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað. Njóti verkefnið opinberra styrkja hafa þeir áhrif á fjárhæð skattfrádráttar.

Greiðslur úr Loftslags- og orkusjóði

Loftslags- og orkusjóður styður aðila sem ýmist vinna að verkefnum sem minnka losun gróðurhúsalofttegunda, binda slíkar lofttegundir eða nýta innlenda vistvæna orku betur. Annars vegar er um ræða átaksverkefni til uppbyggingar hleðsluinnviða og hins vegar styrkir til orkuskipta ökutækja.

Endurgreiðsla til kvikmyndagerðar

Framleiðendur kvikmynda eða sjónvarpsföfnis á Íslandi eiga kost á 25% endurgreiðslum af framleiðslukostnaði sem fellur til hér á landi, eða 35% að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Skilyrði er að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri, kynna sögu lands eða náttúru eða að viðkomandi framleiðsla stuðli að aukinni reynslu, þekkingu á listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa.

Rannsóknarstyrkir

Rannsóknasjóður er opin samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi og skilgreind rannsóknarverkefni sem efla stöðu vísindastarfs á Íslandi. Boðið er upp á fimm styrkttegundir: Doktorsnemastyrki, nýdoktorastyrki, nýliðunarstyrki, verkefnisstyrki og öndvegissstyrki.

Jöfnun á örorkubyrðni almennra lífeyrissjóða

Um framlag til jöfnunar á örorkubyrðni almennra lífeyrissjóða gildir kaflí VI í lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald. Með framlaginu skal stuðla að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða sé jöfnuð. Framlag til jöfnunar er ákvarðað í fjárlögum, en það skal vera að lágmarki 0,325% af fjárhæð gjaldstofns tryggingagjalds skv. III. kafla laganna. Nánari útfærsla er í reglugerð sem gefin er út árlega. Samkvæmt lögnum á að greiða framlagið í október ár hvert. Síðustu ár hefur greiðslan verið í desember; ástæðan er hversu seint reglugerðir hafa verið birtar. Vegna 2024 var reglugerð birt 19. desember 2024 og vegna 2025 var hún birt 18. desember 2025.

Varnarmál

Greiðslur vegna varnarmála er varnartengdur stuðningur við Úkraínu.

Félagslegar bætur eru færðar sem gjöld í yfirlit um breytingu á afkomu þegar einstaklingur eða heimili hefur uppfyllt hæfnisskilyrði til næstu greiðslu bóta samkvæmt gildandi lögum og reglum. Ógreiddar félagslegar bætur í árslok eru færðar meðal annarra skulda og endurspegla ógreiddar bætur til bótaþega sem uppfylltu hæfnisskilyrðin fyrir árslok. Ógreiddar bætur eru bætur og leiðréttingar sem greiddar eru í byrjun næsta reikningsárs vegna reikningsársins og leiðréttingar sem meðal annars koma fram við álagningu tekjuskatts hjá einstaklingum og er greitt eða innheimt eftir álagningu um mitt ár á næsta reikningsári.

Sjúkratryggingar og aðrar bætur sem ekki flokkast sem félagslegar bætur eru færðar á því tímabili þegar umsókn um bætur hefur borist og hæfnisskilyrði hafa verið uppfyllt.

Styrkir og framlög sem eru valkvæð eru færð til gjalda þegar greiðsla fer fram. Aðrir styrkir og framlög eru færð þegar tilgreind skilyrði hafa verið uppfyllt og tilkynning þar um hefur borist ríkissjóði eða stofnunum hans.

Skýring 7. Laun og launatengd gjöld

Í millj. kr.	2025	2024
Laun.....	292.841	270.105
Launatengd gjöld.....	50.344	44.235
Laun og launatengd gjöld samtals.....	343.186	314.340

Undir þennan gjaldalið falla laun og launatengd gjöld aðila í samstæðu A-hluta ríkisins á árinu. Annar starfsmannakostnaður er færður meðal launatengdra gjalda.

Meðalfjöldi stöðugilda var 21.501 árið 2025 en var 21.167 árið 2024.

Undir æðstu stjórnendur ríkisins eru skilgreindir ráðherrar ríkisstjórnarinnar. Heildarlaunakostnaður vegna æðstu stjórnenda á árinu 2025 nam samtals 616,3 millj. kr. (2024; 509,1 millj. kr.).

Réttindi starfsmanna til launa og orlofs eru færð í yfirlit um afkomu þegar til þeirra stofnast. Réttindi starfsmanna til starfsleyfis og annarra svipaðra launaréttinda eru færð í yfirlit um afkomu við greiðslu. Starfsmannaréttindi þessi sem koma til greiðslu innan 12 mánaða eru færð á nafnvirði. Skuldbinding vegna langtímasterfsskjararéttinda ef eru, er færð á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis þeirra.

Starfslokagreiðslur eru færðar í yfirlit um afkomu aðeins þegar þær eru fyrirliggjandi skuldbinding, annað hvort með uppsögn á starfi áður en venjulegum starfslokaaldri er náð eða sem bætur vegna hvatningar til að segja fyrr upp störfum. Starfslokagreiðslur sem greiðast innan 12 mánaða eru færðar sem fjárhæð væntrar greiðslu, en aðrar greiðslur eru færðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis greiðslunnar.

Skýring 8. Annar rekstrarkostnaður

Í millj. kr.	2025	2024
Samningsbundin öldrunarþjónusta.....	58.040	54.150
Samningsbundinn rekstur háskóla og framhaldskóla.....	18.607	16.837
Samningsbundin heilsugæsla.....	8.580	7.630
Samningsbundin endurhæfingarþjónusta.....	8.563	7.964
Samningsbundnir sjúkraflutningar.....	2.954	2.922
Samningsbundin þjónustukaup vegna félagsmála.....	2.335	2.155
Þjónusta við umsækjendur um alþjóðalega vernd.....	1.734	3.002
Samningsbundin þjónusta kirkjugarða.....	1.594	1.513
Önnur samningsbundin þjónustukaup.....	3.436	5.781
Sérfræðiþjónusta.....	39.547	39.928
Lyf og lækningavörur.....	32.956	25.730
Önnur vörukaup.....	5.411	11.345
Orkugjafar.....	4.925	4.310
Matvæli.....	5.712	5.164
Varahlutir og viðhaldsvörur.....	1.553	2.286
Önnur verkkaup.....	6.122	5.370
Viðhald og viðgerðir.....	16.392	12.401
Sorphreinsun og endurvinnsla.....	5.921	5.352
Tölvu- og fjarskiptakostnaður.....	9.461	8.447
Önnur þjónustukaup.....	6.592	5.679
Opinber gjöld.....	4.934	4.443
Ferðakostnaður.....	4.834	4.391
Áhættutap og bætur.....	2.942	3.776
Kostnaðarhlutdeild	2.018	3.739
Leiga, leigusamningar.....	4.955	3.134
Niðurfærslur krafna.....	4.651	2.833
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta.....	1.942	1.617
Kostnaður af váttryggingasamningum.....	3.884	-10.545
Annað.....	6.001	5.546
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	276.595	246.900

Undir annan rekstrarkostnað fellur sá kostnaður sem felst í því að reka ríkissjóð og stofnanir ríkissjóðs annar en sá kostnaður sem fellur undir aðra liði í yfirliti um afkomu. Þessi kostnaður er færður á því tímabili sem vara eða þjónusta er notuð.

Nánar er fjallað um kostnað af váttryggingasamningum í skýringu 24.

Rekstrarkostnaður er færður á því tímabili þegar til hans er stofnað.

Skýring 9. Afskriftir og niðurfærslur

Í millj. kr.	2025	2024
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna.....	27.933	23.818
Afskrift óefnislegra eigna.....	1.783	2.500
Afskrift afnotaréttar af leigueignum.....	7.134	7.971
Afskriftir og niðurfærslur samtals.....	36.851	34.288

Náðar er fjallað um afskriftir og niðurfærslur í skýringu 20, 21 og 28.

Skýring 10. Fjármunatekjur

Í millj. kr.	2025	2024
Vaxtatekjur með aðferð virkra vaxta	36.782	37.651
Aðrar vaxtatekjur.....	18.265	41.602
Gengismunur.....	0	2.716
Fjármunatekjur fyrir arðgreiðslur samtals	55.048	81.969
Arðgreiðslur frá öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum.....	375	126
Fjármunatekjur samtals.....	55.423	82.095

Gengishagnaður og gengistap er jafnað út og nettó niðurstaða færð meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir atvikum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi fjáreignar yfir ætlaðan eignarhaldstíma hennar þannig að jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar í efnahagsreikningi hverju sinni. Með aðferðinni er virkum vöxtum beitt á bókfært verð til að ákvarða vaxtatekjur hvernju sinni.

Virkir vextir fjáreignar eru reiknaðir út við upphaflega skráningu fjáreigna. Virkir vextir eru endurskoðaðir við reglulegt endurmat á greiðsluflæði viðkomandi eigna með breytilegum vöxtum til að endurspegla hreyfingar á markaðsvöxtum. Virkir vextir eru einnig endurskoðaðir við uppreikning á gangvirði áhættuvarna. Virkir vextir eru að öðru leyti óbreyttir frá upphaflegri skráningu.

Vaxtatekjur sem færð eru með aðferð virkra vaxta eru m.a.: (1) vextir af fjáreignum metnum á kostnaðarvirði; (2) vextir af fjáreignum á gangvirði í gegnum yfirlit um afkomu; (3) vaxtaþáttur afleiða tilgreindum í áhættuvarnarsambandi vegna vaxtaáhættu.

Skýring 11. Fjármagnsgjöld

Í millj. kr.	2025	2024
Vaxtagjöld og verðbætur langtímalána.....	120.365	111.309
Annar fjármagnskostnaður.....	54.374	78.199
Gengismunur.....	1.629	0
Fjármagnsgjöld samtals.....	176.368	189.508

Gengishagnaður og gengistap er jafnað út og nettó niðurstaða færð meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir atvikum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi fjárskulda yfir ætlaðan eignarhaldstíma þeirra þannig að jafngildi bókfærðri fjárhæð fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi hverju sinni. Með aðferðinni er virkum vöxtum beitt á bókfært verð til að ákvarða vaxtagjöldin hverju sinni.

Virkir vextir fjárskuldar eru reiknaðir út við upphaflega skráningu fjárskulda. Virkir vextir eru endurskoðaðir við reglulegt endurmat á greiðsluflæði viðkomandi skulda með breytilegum vöxtum til að endurspeglar hreyfingar á markaðsvöxtum. Virkir vextir eru einnig endurskoðaðir við uppreikning á gangvirði áhættuvarna. Virkir vextir eru að öðru leyti óbreyttir frá upphaflegri skráningu.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð miðað við nafnvaxtakjör auk þess sem afföllum / yfirverði og kostnaði við útgáfu lána er dreift hlutfallslega á endurgreiðslutíma viðkomandi láns með aðferð virkra vaxta.

Verðbætur verðtryggðra skulda eru færðar í yfirliti um afkomu meðal vaxtagjalda eftir því sem þær falla til og færast í efnahagsreikning sem hluti af bókfærðu verði skulda.

Skýring 12. Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna

Í millj. kr.	2025	2024
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagerningum, nettó		
Söluhagnaður / sölutap hlutabréfa.....	-9.964	0
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagerningum samtals.....	-9.964	0
Matsbreytingar eigna		
Gangvirðisbreyting fjáreigna.....	16.539	6.374
Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna.....	674	-15.594
Endurmat fastafjármuna.....	8.984	605
Matsbreytingar eigna samtals.....	26.196	-8.615
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra liða, nettó		
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	1.301	809
Sölutap og úreltar eignir.....	-147	-950
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra liða samtals.....	1.154	-141
Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar samtals.....	17.386	-8.756

Gangvirðisbreytingar vegna markaðsverðbréfa sem færð eru á gangvirði eru færðar í yfirlit um afkomu. Sjá nánar um mat á gangvirði í skýringu 15.

Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna er vegna húsnæðis í Grindavík, atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis. Niðurstaða gangvirðismats á íbúðarhúsnæði í Grindavík leiddi til gjaldfærslu að fjárhæð 1,0 ma.kr. Gangvirðismat atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis leiddi samtals til tekjufærslu að fjárhæð 1,7 ma.kr. Nánar er fjallað um gangvirðismat fjárfestingareigna í skýringu 16.

Sala Íslandsbanka

Í október 2008 stofnaði ríkissjóður nýtt fjármálafyrirtæki með nafninu Nýr Glitnir banki sem tók við eignum og skuldbindingum hins fallna Glitnis banka. Nafninu var breytt í Íslandsbanka snemma árs 2009. Eftir mat á eignum og skuldbindingum sem fluttar voru yfir í nýja bankann varð niðurstaðan undir lok árs 2009 að eignarhald bankans skiptist á þann hátt að kröfuhafar fallna bankans færu með 95% en ríkissjóður 5%. Í tengslum við nauðasamninga slitabúa fallinna fjármálafyrirtækjanna og undanþágu þeirra frá gjaldeyrishöftum lögðu slitabúin fram stöðugleikaframlög sem runnu í ríkissjóð í byrjun árs 2016. Með stöðugleikaframlagi frá slitabúi Glitnis eignaðist ríkissjóður Íslandsbanka að fullu.

Eign ríkissjóðs í Íslandsbanka var seld í þrem áföngum. Með almennu hlutafjárútbóði í júní 2021 var 35% hlutur seldur og í mars 2022 var 22,5% hlutur seldur með tilboðsfyrirkomulagi. Í maí 2025 voru seldir í almennu hlutafjárútbóði allir hlutir sem ríkissjóði átti; sem voru um 45,2% af útistandandi hlutum í bankanum.

Tekjufærð hlutdeild í afkomu bankans á árunum 2017 til 2025 var 86,1 ma.kr. Mótteknar arðgreiðslur frá Íslandsbanka árin 2013 til 2025 voru 93,3 ma.kr. Fjármagnstekjuskattur af mótteknum arðgreiðslum til ríkissjóðs var 19,6 ma.kr. Söluhagnaður af sölu hluta var 1,9 ma.kr. árið 2021 og 9,7 ma.kr. árið 2022. Hins vegar var 10,2 ma.kr. sölutap á seldum hlutum 2025.

Skýring 13. Handbært fé

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar bankainnstæður.....	154.009	155.104
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum.....	301.889	266.425
Erlendar bankainnstæður.....	2.038	1.789
Handbært fé samtals.....	457.937	423.318

Ríkisaðilar hafa tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð 7,8 ma.kr sem varðveittir eru á bankareikningum á nafni viðkomandi ríkisaðila. Vörslufé telst hvorki til eigna né skulda í efnahagsreikningi.

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af reiðufé, bankareikningum og innstæðum með skemmri en þriggja mánaða binditíma.

Skýring 14. Skattkröfur

Í millj. kr.	2025	2024
Skattkröfur, breyting ársins		
Skattkröfur 01.01.....	264.853	265.466
Tekjur ársins.....	1.215.064	1.166.149
Innheimta ársins.....	-1.232.839	-1.154.240
Afskriftir og niðurfærslur.....	-10.676	-12.522
Skattkröfur 31.12.....	236.403	264.853

Við mat á niðurfærslu ógreiddra álagðra skatttekna í lok árs er í meginatriðum horft til innheimtureynslu næstliðinna fjögurra ára sem hlutfalls af skattkröfum auk annarra upplýsinga um árangur innheimtuaðgerða. Óinnheimtar skatttekjur eldri en þriggja ára eru færðar niður að fullu. Beitt er sömu aðferð við mat á viðurlögum og vöxtum tengdum ógreiddum álögðum skatttekjum að öðru leyti en því að eldri kröfur en tveggja ára í árslok eru færðar að fullu niður.

Vegna umfangs skattstofnsins er útlánaáhættan dreifð og þess vegna er ekki tengd henni virk áhættustjórnun.

Ríkissjóður er ekki með nein veð eða aðrar tryggingar vegna krafna sem eru gjaldfallnar.

Kröfur sem myndast vegna ríkistekna eru upphaflega færðar á gangvirði. Þessar kröfur eru síðan leiðréttar fyrir sektum og vöxtum eftir því sem þær eru gjaldfærðar og virðisrýrnunarprófaðar. Vextir og viðurlög á skattkröfur eru sett fram sem skatttekjur í yfirliti um afkomu.

Skýring 15. Markaðsverðbréf og afleiður

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Erlend skuldabréf.....	20.129	11.237
Innlend skuldabréf.....	8.749	57.056
Erlend hlutabréf.....	1.950	4.297
Önnur markaðsverðbréf.....	1.518	4.960
Innlend hlutabréf.....	1.490	1.960
Afleiður.....	195	0
Markaðsverðbréf og afleiður samtals.....	34.031	79.509

Markaðsverðbréf er verðbréfaeign samstæðu ríkissjóðs og samanstendur af innlendum og erlendum skuldabréfum, innlendum og erlendum hlutabréfum ásamt öðrum markaðsverðbréfum. Markaðsverðbréf að fjárhæð 33,2 ma.kr. (2024: 78,9 ma.kr.) eru færð á gangvirði í gegnum yfirlit um afkomu en að öðru leyti eru markaðsverðbréf færð á afskrifuðu kostnaðarverði.

Afleiður samanstanda af verðbólgu- og vaxtaskiptasamningum. Afleiður eru færðar á gangvirði í gegnum yfirlit um afkomu.

Kaup og sala markaðsskráðra verðbréfa er færð á viðskiptadegi, þann dag sem ríkissjóður skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í yfirlit um afkomu er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða ríkissjóður hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds.

Við mat á gangvirði er stuðst við skráð verð á virkum markaði á reikningsskiladegi fyrir eignir þar sem slíkur markaður er fyrir hendi. Ef virkur markaður er ekki til staðar er gangvirði metið út frá viðskiptum á markaði með aðrar áþekkar eignir, með skráðu verði fyrir áþekkar eignir á mörkuðum sem taldir eru minna virkir eða með öðrum greinanlegum markaðsupplýsingum. Ef slíkar upplýsingar eru ekki til staðar er gangvirði metið með öðrum aðferðum, til dæmis með núvirtu sjóðsflæði eða með upplýsingum um markaðsverð sambærilegra eigna að teknu tilliti til viðeigandi leiðréttinga og breytinga á forsendum til þess að meta mismuninn á undirliggjandi eignum.

Markaðsverðbréf færð á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði en eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýring 16. Fjárfestingareignir

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík.....	54.706	53.849
Íbúðarhúsnæði.....	25.970	23.961
Þróunareignir.....	16.845	16.455
Atvinnuhúsnæði.....	14.355	13.994
Fjárfestingareignir samtals.....	111.877	108.259

	Yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík	Íbúðar- húsnæði	Þróunar- eignir	Atvinnu- húsnæði	Samtals
Fjárfestingareignir greinast þannig					
Bókfært verð 01.01.2024.....	0	14.627	16.158	13.679	44.463
Viðbætur ársins.....	70.586	9.583	297	59	80.525
Selt á árinu.....	0	-1.065	0	-70	-1.136
Matsbreyting ársins.....	-16.737	817	0	326	-15.594
Bókfært verð 31.12.2024.....	53.849	23.961	16.455	13.994	108.259
Viðbætur ársins.....	1.866	1.167	390	46	3.470
Selt á árinu.....	0	-525	0	0	-525
Matsbreyting ársins.....	-1.009	1.367	0	315	674
Bókfært verð 31.12.2025.....	54.706	25.970	16.845	14.355	111.877

Fjárfestingareignir A-hluta skiptast í yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík, íbúðarhúsnæði, þróunareignir og atvinnuhúsnæði.

Yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík er veðsett til tryggingar á skuldum við lánveitanda að eftirstöðvum 40,0 ma.kr. (2024: 40,0 ma.kr.). Bókfært verð veðsettra eigna nemur 54,7 ma.kr. (2025: 56,2 ma.kr.). Atvinnuhúsnæði er veðsett til tryggingar á skuldum við lánveitanda að eftirstöðvum 7,4 ma.kr. (2024: 7,3 ma.kr.) og íbúðarhúsnæði er veðsett til tryggingar á skuldum að eftirstöðvum 15,8 ma.kr. (2024: 14,4 ma.kr.).

Yfirtekið íbúðarhúsnæði í Grindavík, íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði er fært á gangvirði í gegnum yfirlit um afkomu en þróunareignir eru færðar á upphaflegu kostnaðarverði að viðbættum framkvæmda- og þróunarkostnaði.

Fasteignir í Grindavík voru keyptar með það að markmiði að halda utan um eignir í bæjarfélaginu á meðan jarðhræringar gera íbúum ókleift að búa í þeim á öruggan og áhyggjulausan hátt. Eignirnar voru keyptar á fyrirfram skilgreindu verðlagi og markmiðið er að gera íbúum kleift að kaupa eignir sínar aftur þegar ljóst er að skilyrði á svæðinu hafa batnað.

Við gangvirðismat á íbúðarhúsnæði í Grindavík eru fjárhæðir núvartar með 7% vegnum fjármagnskostnaði (WACC) án áhrifa verðbólgu og skatta. Eftir formleg lok jarðhræringa á svæðinu er áætlað að eignum, sem eru í útleiguhæfu ástandi, verði komið í útleigu. Gert er ráð fyrir að árið 2028 verði fyrsta árið þar sem eignir eru í útleigu og verða eignirnar í útleigu í þrjú ár þangað til þær verða að stærstum hluta seldar í lok árs 2030. Á útleigutímabilinu verður stíglækkandi afsláttur þar sem mesti afslátturinn á leiguverðinu verður á fyrsta ári tímabilsins en hann lækkar svo ár frá ári. Jafnframt verður unnið að því að koma eignum sem þarfnast viðhalds í útleiguhæft ástand eins og unnt er.

Annað íbúðarhúsnæði samanstendur af eignum um land allt sem eiga að stuðla að hagkvæmum og öruggum langtímaleigumarkaði með sérstaka áherslu á landsbyggðina. Við gangvirðismat íbúðarhúsnæðis er stuðst við fasteignamat ársins 2026 en það tekur mið af verðlagi í febrúar 2025.

Í tengslum við samkomulag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu hafa tvær landspildur í eigu ríkisins að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík verið flokkaðar sem eignir til þróunar. Þróunin felur í sér að skipuleggja sem hagkvæmasta nýtingu landsins og rennur ágóðinn til innviðauppbyggingar. Við flokkun landspildnanna sem þróunareignir voru þær endurmetnar í líklegt markaðsverð og endurmatið fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Meðal eigna í þróun eru jafnframt eignir sem ekki stóð til að nota undir starfsemi ríkisins en á að endurgera og gæta að varðveislugildi þeirra. Þegar eignirnar verða komnar í endanlegt ástand og fullan rekstur verða þær færðar og metnar sem fjárfestingareignir.

Skýring 16. Fjárfestingareignir, frh.

Atvinnuhúsnæði samanstendur af eignum fyrir háskóla, hátækniyfirtæki, stofnanir, sérhæfðar rannsóknarstofur og sprotafyfirtæki sem eiga að efla vísindarannsóknir og nýsköpun í landinu. Við mat á gangvirði atvinnuhúsnæðis eru fjárhæðir núvirtar með 6,77% vegnum fjármagnskostnaði án skattaáhrifa (2024: 6,63%) og er stuðst við 70% skuldahlutfall (2024: 70%).

Í upphafi er íbúðarhúsnæði í Grindavík, íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði fært á kostnaðarverði að meðtöldum viðskiptakostnaði. Fjárfestingareignirnar eru síðar færðar á gangvirði á reikningsskiladegi og gangvirðisbreytingin er færð í gegnum yfirlit um afkomu.

Gangvirðismat íbúðarhúsnæðis í Grindavík byggir á sjóðstreymisaðferð og er það yfirlit á hverjum reikningsskiladegi. Vegna aðstæðna í og við Grindavík er óvissa til staðar um tekjusköpun eignanna en þær eru flokkaðar í gæðaflokka þar sem mat hefur verið lagt á uppsafnaða viðhaldspörf eigna. Útreiknað gangvirði hvernar eignar er áætlað byggt á áætluðu söluverði, leigutekjum fram að sölu að frádregnum umsýslukostnaði eigna og viðhaldskostnaði. Fjárhæðir eru núvirtar með vegnum fjármagnskostnaði (WACC). Mikil óvissa ríkir um lengd á tímabilinu frá reikningsskiladegi og að formlegum lokum á jarðhræringum ásamt því að megin óvissupáttur í gangvirðismati eignanna er óvissa um hvenær hægt verði að selja eignirnar og á hvaða verði.

Við mat á gangvirði íbúðarhúsnæðis er meðal annars stuðst við fasteignamat fasteignaskrár Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en þó tekið tillit til annarra upplýsinga sem kunna að gefa betri vísbendingar um gangvirði eigna.

Próunareignir eru metnar á upphaflegu kostnaðarverði að viðbættum framkvæmdakostnaði og ekki eru færðar fyrningar vegna þeirra. Þegar eignirnar verða komnar í endanlegt ástand og fullan rekstur verða þær færðar og metnar sem fjárfestingareignir.

Gangvirði atvinnuhúsnæðis er reiknað út með núvirðingu á framtíðarsjóðflæði sem áætlað er að fjárfestingareignirnar muni skila. Við núvirðingu er notast við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar sem byggir á væntri ávöxtunarkröfu eigin fjár annars vegar og markaðsvöxtum lánsfjár hins vegar. Við mat á áætluðu framtíðarsjóðflæði hefur aðallega verið stuðst við gildandi leigusamninga en tillit hefur verið tekið til væntinga um breytingu leiguverðs í náinni framtíð. Við matið eru leigusamningarnir skoðaðir og tekið tillit til þeirra áhættupátta sem máli skipta, svo sem gæða og tímalengdar leigusamninga og þeirrar markaðsleigu sem talið er að muni taka við þegar leigusamningum lýkur. Við matið á núvirtu sjóðflæði hefur verið tekið tillit til almennrar óvissu sem ríkir í rekstrarumhverfi á leigumarkaði. Á móti áætluðum tekjum eigna er viðhalds- og rekstrarkostnaður metinn.

Gangvirðismat fjárfestingareigna er að hluta unnið með hjálp óháðra matsmanna sem hafa reynslu og þekkingu á gangvirðismötum og að hluta gert af starfsfólki ríkisaðila.

Skýring 17. Hlutdeildarfélag og eignarhlutir í öðrum félögum

Í millj. kr.		2025	2024
Hlutdeildarfélag, breyting ársins			
Hlutdeildarfélag 01.01.....		1.072.631	1.037.130
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga.....		-70.551	-77.355
Aðrar breytingar.....		-29.451	112.856
Hlutdeildarfélag 31.12.....		972.630	1.072.631
	Eignarhlutur	2025	2024
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga			
Hlutdeildarfélag með jákvæða afkomu á árinu			
Landsbankinn hf.....	99,8%	37.938	37.433
Landsvirkjun sf.....	100,0%	26.321	22.290
Landsnet hf.....	93,2%	5.371	5.546
Rarik ohf.....	100,0%	3.559	2.246
Isavia ohf.....	100,0%	3.389	5.231
Happdrætti Háskóla Íslands.....	100,0%	2.519	2.371
Aðrir aðilar með jákvæða afkomu.....		4.355	13.047
Hlutdeildarfélag með jákvæða afkomu á árinu samtals.....		83.453	88.163
Hlutdeildarfélag með neikvæða afkomu á árinu			
Seðlabanki Íslands.....	100,0%	-11.831	-10.328
Aðrir aðilar með neikvæða afkomu.....		-1.071	-479
Hlutdeildarfélag með neikvæða afkomu á árinu samtals.....		-12.902	-10.808
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga samtals.....		70.551	77.355
		31.12.2025	31.12.2024
Eignarhlutir í öðrum félögum			
Eignarhlutir í öðrum íslenskum félögum og sjóðum.....		490	614
Eignarhlutir í öðrum erlendum félögum og sjóðum.....		28.716	16.881
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals.....		29.206	17.496

Skýring 17. Hlutdeildarfélög og eignarhlutir í öðrum félögum frh.

Í millj. kr.	Eign 31.12.2024	Fjárfesting ársins	Gangvirðis- breyting	Eign 31.12.2025
Eignarhlutir í erlendum félögum og sjóðum				
Alþjóðabankinn (IBRD).....	1.886	170	4.184	6.240
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).....	9.634	601	-9	10.225
Alþjóðalánastofnunin (IFC).....	318	0	204	522
Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (EBRD).....	901	121	19	1.040
Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (MIGA).....	27	0	107	134
Innviðafjárfestingabanki Asíu (AIIB).....	484	0	22	506
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda (VNF).....	49	0	23	72
Nato Innovation fund (NIF).....	768	0	0	768
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).....	190	0	62	252
Norræna umhverfisþróunarfélagið (NMF).....	66	0	-66	0
Norræni fjárfestingabankinn (NIB).....	560	0	5.776	6.337
Norrænn þróunarsjóður (NDF).....	1.678	64	-516	1.226
Þróunarbanki Evrópu (CEB).....	322	80	993	1.395
Eignir stofnana í erlendum félögum*.....	0	0	0	0
Eignarhlutir í erlendum félögum og sjóðum samtals	16.881	1.035	10.800	28.716

*Talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er

Eign ríkissjóðs í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum byggir á eigendastefnu ríkissjóðs sem finna má á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Kaup og sala þeirra byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum.

Eignarhlutir í félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20%. Greiðslur vegna arðs frá hlutdeildarfélögum eru færðar til lækkunar á bókfærðu verði eignar í viðkomandi félagi. Arður frá öðrum félögum en hlutdeildarfélögum er tekjufærður í yfirliti um afkomu við móttöku, sjá skýringu 10.

Eignarhlutir í félögum eru metnir á gangvirði ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er undir 20%. Eignarhlutir í öðrum íslenskum félögum og sjóðum er færðir á gangvirði í gegnum afkomu, þar sem gangvirði er ákvarðað samkvæmt innra virði félaganna. Eignarhlutir í öðrum erlendum félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði í gegnum eigið fé, þar sem gangvirði er ákvarðað byggt á innra virði eða eftir atvikum þeirri hlutdeild sem ríkissjóður fær ef félaginu er slitið.

Skýring 18. Útlán og aðrar lánveitingar

Í millj. kr. 31.12.2025 31.12.2024

Útlán.....	338.914	309.180
Námslán.....	116.869	117.638
Aðrar lánveitingar.....	27.634	30.126

Útlán og aðrar lánveitingar samtals..... 483.417 456.945

Útlán

Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði.....	332.694	313.872
Virðisrýrnunarsjóður.....	-3.232	-4.691

Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði samtals..... 329.461 309.180

Útlán á gangvirði.....	9.453	0
------------------------	-------	---

Útlán á gangvirði samtals..... 9.453 0

Útlán samtals..... 338.914 309.180

Af útlánnum eru 122,1 ma.kr. (2024: 122,7 ma.kr.) vegna beinna íbúðalána til einstaklinga. Önnur útlán eru til einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila.

Námslán

Lánaflokkur S.....	4.196	4.435
Lánaflokkur R.....	6.428	7.016
Lánaflokkur G.....	86.402	89.324
Lánaflokkur H.....	19.842	16.863

Námslán samtals..... 116.869 117.638

Samstæðan veitir námsaðstoð í formi styrkja og námslána í samræmi við lög nr. 60/2020. Veitt eru lán til námsmanna á sömu lánskjörum og ríkinu býðst á hverjum tíma hjá endurlánum ríkissjóðs sem teljast undir markaðskjörum að viðbættu álagi sem standa á undir væntanlegum vanskilum á útlánnum sem veitt eru samkvæmt lögnum. Þá felst styrkur ríkisins til námsmannna í greiðslufrestum (undanþágum frá afborgunum) eða öðrum ívilnunum, s.s. að námslán sem eru í skilum falla niður við andlát greiðenda.

	Lánaflokkur V	Lánaflokkur S	Lánaflokkur R	Lánaflokkur G	Lánaflokkur H	Samtals
Nafnverð námslána						
Nafnverðsstaða 01.01.2025.....	140	15.959	13.686	200.070	33.067	262.921
Veitt lán á árinu.....	0	0	0	16	8.176	8.191
Afborganir ársins.....	-5	-826	-1.149	-12.048	-1.792	-15.819
Breytt í oflánsbréf.....	0	0	0	0	-192	-192
Breytt í vanskilaskuldabréf.....	0	-3	-2	-28	-7	-40
Afskriftir vegna látinna lánþega.....	-7	-149	-75	-206	-6	-443
Afskriftir vegna 20 ára reglu.....	-1	0	0	0	0	-1
Afskriftir tapaðra krafna.....	0	0	0	-1	0	-2
Afskriftir vegna gjaldþrota.....	0	-5	0	0	0	-5
30% niðurfelling og styrkur eftir námslok.....	0	0	0	0	-1.908	-1.908
Barnastyrkur.....	0	0	0	0	-659	-659
Breyting á vöxtum flutt á höfuðstól við innheimtu...	0	0	0	0	559	559
Verðbætur ársins.....	6	587	515	7.322	765	9.195
Breyting ársins, ógreitt gjaldfallið.....	0	-21	-31	-343	-78	-473
Nafnverðsstaða námslána 31.12.2025.....	132	15.542	12.945	194.781	37.923	261.323

Skýring 18. Útlán og aðrar lánveitingar, frh.

Í millj. kr.	Lánaflökkur V	Lánaflökkur S	Lánaflökkur R	Lánaflökkur G	Lánaflökkur H	Samtals
Gangvirði námslána						
Gangvirði 01.01.2025.....	0	4.435	7.016	89.324	16.863	117.638
Veitt lán á árinu.....	0	0	0	16	8.176	8.191
Afborganir ársins.....	-5	-826	-1.149	-12.048	-1.792	-15.819
Áfallnir vextir og verðbætur.....	6	587	490	7.340	852	9.275
Aðrar breytingar.....	0	-3	7	-13	-3.991	-3.999
Gangvirðisbreyting.....	0	2	64	1.784	-266	1.583
Gangvirðisstaða námslána 31.12.2025.....	0	4.196	6.428	86.402	19.842	116.869

Útlánaflökkar Menntasjóðsins eru fimm og allir með mismunandi lánakjörum. V-lán og S-lán eru verðtryggð en bera ekki vexti. R-lán og G-lán eru einnig verðtryggð og bera 0,4% vexti. Endurgreiðslur þessara lána eru tekjutengdar og greiða lánþegar annars vegar 4,4% (R-lán) og 3,4% (G-lán) af tekjum ársins á undan í endurgreiðslur. H-lánin sem komu til sögunnar með lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna eru verðtryggð á meðan á námi stendur líkt og eldri lánaflökkar. Greiðendur H-lána velja hvort þeir endurgreiði lánin sem verðtryggð lán eða sem óverðtryggð lán. Meginreglan samkvæmt lögunum er að endurgreiða skuli H-lán sem jafngreiðslulán og ræðst fjöldi endurgreiðsluára af upphæð höfuðstóls og aldri greiðanda, þ.e. að lánin séu uppgreidd áður en greiðandi verður 66 ára. Ef hins vegar lántakandi er undir 40 ára (35 ára 5 árum eftir gildistöku laganna) þegar námi lýkur og lántaki lýkur námi með prófgráðu getur hann valið tekjutengdar endurgreiðslur og er endurgreiðsluhlutfallið 3,75% af tekjum ársins á undan. Sé lánþegi eldri endurgreiðir hann lánið sem jafngreiðslulán sem tekur mið af höfuðstól lánsins og aldri lántakanda þegar endurgreiðslur hefjast en miðað er við að endurgreiðslum ljúki við 66 ára aldur. Vextir af lánunum sem standa sjóðnum til boða hjá ríkissjóði og tekin hafa verið til fjármögnunar útlána sjóðsins hafa verið hærri en vextir af eldri námslánaflökkum. Nýju H-lánin bera hins vegar sömu vexti og sjóðurinn getur fjármagnað sig á hverjum tíma að viðbættu 0,8% álagi. Álagið sem ákveða skal í úthlutunarreglum hvers árs tekur mið af væntum afföllum lánanna þar sem sjóðurinn skal vera sjálfbær af öllum útlánunum sínum samkvæmt nýjum lögum að undanskildum 30% niðurfellingu höfuðstóls láns ef námsmaður lýkur námi á réttum tíma. Þá eru jafnframt veittir barnastyrkir í stað barnalána sem falla einnig utan endurgreiðslu á námslánunum.

	31.12.2025	31.12.2024
Aðrar lánveitingar		
Vaðlaheiðargöng hf., verðtryggð.....	16.096	16.039
Krafa á LSR, innlend, óverðtryggð.....	3.332	4.052
Farice ehf.....	2.494	3.690
Sveitarfélög.....	3.346	2.998
Lánveiting Ferðaábyrgðasjóðs.....	2.135	2.389
Stofnframlög.....	8.127	0
Annað.....	385	9.460
Óbein niðurfærsla annarra lánveitinga.....	-8.281	-8.502
Aðrar lánveitingar samtals.....	27.634	30.126

Skýring 19. Birgðir

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Rekstrarvörur.....	1.794	1.332
Sjúkrahúsvörur.....	1.796	1.750
Aðrar birgðir.....	2.197	2.457
Birgðir samtals.....	5.787	5.539

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar ef við á. Ef eigna er aflað gegn óverulegu endurgjaldi eða án endurgjalds, er kostnaðarverð þeirra metið við móttöku sem gangvirði eða endurstofnverð þeirra og mismunur færður til tekna í yfirliti um afkomu. Engin veruleg niðurfærsla hefur verið færð á birgðum á árinu.

Skýring 20. Varanlegir rekstrarfjármunir

Í millj. kr.	Jarðir og lóðir	Fasteignir	Samgöngu- mannvirki	Aðrar eignir	Samtals
Varanlegir rekstrarfjármunir og breyting þeirra					
Stofnverð eða endurmetið stofnverð					
Stofnverð 01.01.2025.....	221	394.841	1.052.864	114.114	1.562.040
Leiðrétt 01.01.2025 vegna VSK.....	0	-26.896	-228.978	-19.209	-275.083
Leiðrétt 01.01.2025 vegna endurmatsaðferðar.....	0	0	140.738	0	140.738
Endurflokkun.....	34.474	-43.774	8.268	1.032	0
Viðbót á árinu.....	4.274	42.995	26.395	8.972	82.636
Hreint endurmat.....	0	8.984	41.905	0	50.889
Selt / úrelt á árinu.....	-337	-29.647	-4.731	-2.443	-37.158
Stofnverð 31.12.2025.....	38.631	346.503	1.036.461	102.466	1.524.061
Afskrift og virðisrýmun					
Afskrifað 01.01.2025.....	0	52.067	322.816	56.692	431.575
Leiðrétt 01.01.2025 vegna VSK.....	0	-325	-72.109	-10.194	-82.629
Leiðrétt 01.01.2025 vegna endurmatsaðferðar.....	0	0	49.749	0	49.749
Endurflokkun.....	0	1	0	-1	0
Afskrift ársins.....	0	7.357	13.737	6.839	27.933
Hreint endurmat.....	0	0	13.389	0	13.389
Selt / úrelt á árinu.....	0	-291	-3.640	-2.123	-6.055
Afskriftir 31.12.2025.....	0	58.807	323.942	51.214	433.963
Bókfært verð 01.01.2025.....	221	342.774	730.048	57.422	1.130.465
Bókfært verð 31.12.2025	38.631	287.696	712.519	51.252	1.090.099
Þar af verk í vinnslu	0	88.167	44.212	785	133.165
Þar af eignir til sölu	0	1.465	0	0	1.465
Afskriftahlutföll.....	0%	1,7-4%	1-33%	3-50%	

Verk í vinnslu og eignir til sölu eru flokkaðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í lok árs.

Við upphaflega skráningu eru rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarvirði eða gangvirði þegar kostnaðarverð liggur ekki fyrir, að því gefnu að hægt sé að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti. Við upptöku á IPSAS 1. janúar 2017 voru eignir færðar á gangvirði. Rekstrarfjármuni sem ekki er hægt að meta á gangvirði og kostnaðarverð liggur ekki fyrir eru ekki eignfærðir.

Þar sem lántökur ríkisins eru almennt ekki beint tengdar einstökum eignum þá er lántökukostnaður ekki eignfærður sem hluti af kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna að undanskyldu því að vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt var til fjármögnunar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss voru eignfærð á byggingartímanum.

Eftir upphaflega skráningu eru eignarflokkar rekstrarfjármuna færðir með eftirfarandi hætti.

Nokkrir eignarflokkar eru endurmetnir þannig að þeir endurspeglir þjónustugildi eða efnahagslega ávinning af eigninni. Endurmat byggir á gangvirði eignarinnar þar sem allar eignir í eignaflokki eru endurmetnar.

Endurmetnir eignarflokkar eru endurmetnir að lágmarki á fimm ára fresti eða oftast ef bókfært verð er verulega frábrugðið gangvirði.

Skýring 20. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Eignir eru endurmetnar til gangvirðis miðað við bestu nýtingu eignarinnar, byggt á markaðsverði hennar eða markaðsupplýsingum eins og núvirtu framtíðarsjóðstreymi. Ef markaðsgögn liggja ekki fyrir er notast við afskrifað endurstofnsverð sem bestu nálgun á gangvirði. Þegar eignir eru metnar á afskrifuðu endurstofnsverði eða þjónustuvirði er byggt á áætluðum núverandi kostnaði við samsvarandi eign að frádregnum afskriftum vegna notkunar og slits ásamt leiðréttingum fyrir úreldingu og umframafkastagetu. Fjármagnskostnaður er ekki meðtalinn í afskrifuðu endurstofnsverði.

Samgöngumannvirki eru færð á núverandi þjónustuvirði (e. *Current Operational Value*). Núverandi þjónustuvirði endurspeglar áætlaðan kostnað við að endurstofna þjónustugildi þjóðvegakerfsins með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til ástands og aldurs.

Gangvirði rekstrarfjármuna flokkast í þrep þrjú í þrepaskiptingu gangvirðis.

Þegar eign er endurmetin þá eru uppsafnaðar afskriftir á endurmatsdegi færðar til lækkunar á stofnverði.

Hækkun á bókfærðu verði rekstrarfjármuna vegna endurmats er færð á endurmatsreikning meðal eign fjár nema að því marki að hækkunin vegi upp tap sem áður var gjaldfært í yfirliti um afkomu þá er hækkunin tekjufærð í yfirliti um afkomu. Lækkun á bókfærðu verði rekstrarfjármuna vegna endurmats er gjaldfærð í yfirliti um afkomu að því marki sem hún er umfram áður færða endurmatshækkunir á endurmatsreikning meðal eign fjár.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma eignar þannig að kostnaðarverði og endurmati, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma hennar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð sem virðisýrðun. Virðisýrðun samgöngumannvirkja á sér einkum stað þegar slitlag þarf að endurnýja áður en það er fullafskrifað samkvæmt upphaflega áætluðum líftíma, m.a. vegna ófyrirséðs aukins álags. Í slíkum tilvikum er bókfært verð gjaldfært sem virðisýrðun.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirliti um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að notkunartíminn breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum notkunartíma viðkomandi eigna.

Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi rekstrarfjármuni er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði þeirra.

Við gerð reikningsskilanna meta stjórnendur m.a. gangvirði rekstrarfjármuna, viðhaldspörf þeirra, áætlaðan nýtingartíma og hvort vísbendingar séu um virðisýrðun. Jafnframt er lagt mat á hvort eignir uppfylli skilyrði flokkunar sem eignir til sölu.

Stjórnendur leggja mat á hvort endurmetnar eignir nýtist til öflunar tekna eða til veitingar þjónustu. Við matið er einkum horft til þess hvort fjárhagslegur ávinningur felist aðallega í tekjuöflun eða í þjónustugildi. Ef eign þjónar bæði tilgangi tekjuöflunar og þjónustu, er hún flokkuð út frá þeim þætti sem telst ráðandi. Flokkunin er endurskoðuð reglulega til að tryggja að hún endurspegli raunverulega notkun eigna.

Matsaðferðir og áætlaður notkunartími eignaflokka er sem hér segir:

Jarðir og lóðir

Jarðir og lóðir eru ekki afskrifaðar en endurmetnar á gangvirði á fimm ára fresti eða oftar ef bókfært verð er verulega frábrugðið gangvirði. Við mat á gangvirði er byggt á skráðu fasteignamati.

Fasteignir

Fasteignir eru færðar á gangvirði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrðun frá því eignirnar voru síðast endurmetnar. Fasteignir í útleigu og tekjuaflandi rekstri eru metnar á núvirtu framtíðarsjóðstreymi eignarinnar. Aðrar fasteignir eru metnar á skráðu fasteignamati.

Áætlaður notkunartími fasteigna er 25 til 60 ár.

Skýring 20. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Fasteignir, frh.

Endurmat á fasteignasafni Ríkiseigna

Í árslok 2025 var framkvæmt endurmat á fasteignasafni Ríkiseigna. Samanlögð hækkun á virði þeirra fasteigna sem hækkuðu í lok árs 2025 nam 12,8 ma.kr., á meðan samanlögð virðisrýrnun þeirra fasteigna sem lækkuðu nam 3,8 ma.kr. Áhrif endurmats eru færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár að því marki sem endurmetið virði er hærra en bókfært verð án endurmats. Á árinu 2025 voru 0,9 ma.kr. gjaldfærðar í yfirliti um afkomu þar sem endurmatslækkun var umfram áður færða endurmatshækkun.

Við mat á gangvirði fasteigna er að meginstefnu stuðst við fasteignamat sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) ákvarðar. Fasteignamatið er leiðrétt fyrir viðhaldspörf eigna til að endurspeglar raunverulegt ástand þeirra á reikningsskiladegi. Fyrir nýjar og nýlegar eignir, þar sem talið er að kostnaðarverð endurspegli gangvirði með áreiðanlegum hætti, er kostnaðarverð notað sem sérstök matsaðferð. Ef kostnaðarverð er ekki talið gefa rétta mynd af gangvirði er stuðst við aðrar matsaðferðir. Val á matsaðferð fer eftir eðli og ástandi eigna.

Mat á gangvirði fasteigna felur í sér óvissu þar sem það byggir á forsendum um markaðsaðstæður, byggingarkostnað og ástand eigna. Sérstaklega felur mat á viðhaldspörf í sér verulegt mat stjórnenda, sem getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu endurmats. Fyrir eignir þar sem stuðst er við fasteignamat er óvissa fólgin í þeim forsendum og aðferðum sem liggja til grundvallar mati Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Fyrir eignir þar sem stuðst er við kostnaðarverð sem mat á gangvirði felst óvissa í því að kostnaðarverð endurspegli gangvirði á reikningsskiladegi. Breytingar á forsendum, einkum varðandi viðhaldspörf, geta haft veruleg áhrif á bókfært verð fasteigna. Matið var framkvæmt niður á hvert fasteignanúmer, en heildarfjöldi fasteigna var 365 í árslok 2025 (árslok 2024: 364).

Fasteignamat HMS miðast við verðlag í febrúar 2025 og var vísitölubætt til desember 2025 með byggingavísitölu. Þar sem matið gerir ráð fyrir viðunandi ástandi fasteigna, var framkvæmd viðbótargreining á fjárfestingarpörf til að endurheimta slíkt ástand. Í þeirri greiningu var notast við gögn úr viðhaldskerfum Ríkiseigna, gæðaflokkun fasteigna og mat eignastjóra. Áætlaður kostnaður vegna viðhalds var dreginn frá gangvirðismati til að ákvarða raunverulegt gangvirði eigna í núverandi ástandi.

Virðisrýrnun vegna Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss

Tvær breytingar hafa átt sér stað á endurheimtanlegu verði Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss (Harpan). Annars vegar á árinu 2009 þegar breytingar voru gerðar á fjárhagslegri skipan Hörpunnar sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum. Hins vegar á árinu 2019 þegar endurheimtanlegt verð var lægra en bókfært verð og virðisrýrnun að fjárhæð 7,1 ma.kr. var færð.

Aðrar fasteignir

Fasteignir sem ekki hafa verið endurmetnar eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Samgöngumannvirki

Samgöngumannvirki samanstanda af vegakerfi, höfnum, jarðgöngum og flugvöllum. Samgöngumannvirki eru færð á þjónustuvirði (e. *Current Operational Value*). Þjónustuvirði endurspeglar áætlaðan kostnað við að endurstofna þjónustugildi þjóðvegakerfsins með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til ástands og aldurs.

Áætlaður notkunartími samgöngumannvirkja er 3 til 100 ár.

Breyting á matsaðferð samgöngumannvirkja

Samgöngumannvirki eru nú færð á þjónustuvirði (e. *Current Operational Value*) en voru áður metin á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Þjónustuvirði endurspeglar áætlaðan kostnað við að endurstofna þjónustugildi þjóðvegakerfsins með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til ástands og aldurs. Sá matsgrunnur miðar við þjónustugildi eignar en hvorki kostnaðar- né markaðsverð, og er hann talinn veita áreiðanlegri og betur viðeigandi upplýsingar um eignir sem notaðar eru til að veita þjónustu hins opinbera en ekki í hagnaðardrífnum rekstri.

Við upptöku á endurmatsaðferð fyrir samgöngumannvirki sem eru metin á þjónustuvirði frá 1. janúar 2025 var eigið fé hækkað um 91,0 ma.kr.

Skýring 20. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Í millj. kr.

Samgöngumannvirki, frh.

Þjónustuvirði samgöngumannvirkja

Verðforsendur fyrir mat á þjónustuvirði samgöngumannvirkja byggja á einingaverðum fyrir helstu verkþætti við gerð þjóðvega, svo sem skeringar, fyllingarefni, neðra og efra burðarlag, klæðingu (tvöföld klæðing með flokkaðri mól) og frágang fláa og svæða við hlið vegar. Einingaverðin eiga sér grunnviðmið allt aftur til ársins 2015 og eru uppreiknuð til verðlags hvers vinnsluárs með byggingarvísitölu. Einingaverðin byggja á reynslutölum og mati sem hefur verið uppfært yfir tíma. Framreikningur með byggingarvísitölu fangar almennar verðlagsbreytingar en endurspeglar ekki að öllu leyti allar breytingar á endurstofnkostnaði vegna tæknibreytinga og framþróunar. Matinu fylgir því tiltekin matsóvissa en að mati Vegagerðarinnar er aðferðin engu að síður talin gefa áreiðanlega og vel rökstudda nálgun á þjónustuvirði þjóðvegakerfisins.

Mikilvægar áætlanir og forsendur hafa verið lagðar til grundvallar virðismatinu, þar á meðal um magn efnis sem notað er í gerð einstakra þátta, einingakostnað við framkvæmd og endingartíma veganna. Breytingar á þessum undirliggjandi áætlunum og forsendum geta haft veruleg áhrif á virðismatið og eru þær uppfærðar reglulega. Helstu forsendur og áætlanir sem hafa áhrif á virðismat ríkisvega eru:

	31.12.2025	31.12.2024
Yfirstjórnun		
Undirbúningskostnaður (hönnun, valgreining o.fl.)	5-13%	5-13%
Fyllingar		
Kostnaður kr./ m2 á flatlendi.....	45.000 - 50.000	43.000 - 48.000
Kostnaður kr./ m2 á fjallvegum.....	90.000 - 98.000	85.000 - 94.000
Kostnaður kr./ m2 á hálendisvegum.....	9.000 - 9.800	8.500 - 9.400
Veguppbygging		
Kostnaður við burðar- og styrktarlag kr./m2.....	11.000 - 14.500	10.500 - 14.000
Kostnaður við malbik, kr. /m3.....	31.000 - 37.000	30.000 - 35.100
Kostnaður við klæðingu, kr. /m3.....	4.600 - 7.500	4.200 - 7.200
Brýr		
Brúargólf og sökkjar, kostnaður kr./ m2.....	202.334-597.515	193.800-572.375
Brúarsökkjar, kostnaður pr. stk.....	30,8-63,5 millj. kr.	29,5-60,8 millj. kr.
Vegrið og stýringar, kostnaður kr./ m2.....	29.000 - 65.500	27.000 - 62.700
Slitlag, kostnaður kr./ m2.....	35.510	34.000
Jarðgöng		
Göng, kostnaður kr./ m3.....	27.300 - 30.750	26.150 - 29.450
Stýringar, lýsingar, veitur o.fl, kostnaður kr./ metra.....	307.000 - 378.100	294.000 - 362.100
Slitlag, kostnaður kr./ m3.....	31.000 - 33.500	29.700 - 32.100

Aðrar eignir

Aðrar eignir samanstanda af lækningatækjum, farartækjum, vélum, áhöldum, tækjum og búnaði ásamt öðrum eignum. Þær eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Áætlaður notkunartími annarra eigna er 2 til 30 ár.

Skýring 20. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Í millj. kr.

31.12.2025 31.12.2024

Verk í vinnslu

Verk í vinnslu eru eignir sem eru í byggingu og hafa ekki verið teknar í notkun og eru því ekki afskrifaðar.

Fasteignir í byggingu

Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans.....	66.763	55.582
Öldrunarstofnanir.....	5.166	9.691
Náttúruverndarstofnun.....	2.521	3.113
Fangelsi.....	2.165	1.030
Framkvæmdir á Alþingisreit.....	80	7.343
Annað samtals.....	11.473	11.673

Fasteignir í byggingu samtals.....	88.167	88.432
---	---------------	---------------

Samgöngumannvirki í byggingu

Samgöngusáttmáli um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.....	16.083	10.549
Hringvegur 1-V8 um Hornafjarðarfljót.....	8.990	6.190
Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur- Hvassahraun.....	4.757	2.479
Hringvegur um Ölfusá.....	4.409	265
Flugvelli.....	4.025	3.624
Vestfjarðavegur (60-30): um Fjarðarhornsa.....	1.112	557
Hringvegur (1-E1) Fossvelli-Hólmsá.....	1.031	640
Vatnsnesvegur (711-01), Kárastaðir-Skarð.....	778	499
Klofningsvegur 590-01.....	689	650
Annað samtals.....	2.337	234

Samgöngumannvirki í byggingu samtals.....	44.212	25.687
--	---------------	---------------

Aðrar eignir í byggingu

Hafrannsóknarskip.....	0	4.261
Annað samtals.....	785	871

Aðrar eignir í byggingu samtals.....	785	5.132
---	------------	--------------

Skuldbindingar vegna verka í vinnslu

Búið er að gera skuldbindandi samninga vegna verkefna Samgöngusáttmálans í árslok 2025 og ekki eru komin til fullra framkvæmda fyrir um 31,7 ma.kr., eftirstöðvar þeirra nema um 11,9 ma.kr. í árslok 2025. Samgöngusáttmállinn er samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurrifsskuldbinding sem ekki hefur verið metin

Kostnaður við að koma landi í upprunalegt horf, til dæmis vegna aflagðra vega eða brúa við tilfærslur á vegstæði, er ekki færður sem hluti kostnaðarverðs samgöngumannvirkja. Skuldbinding sem í því felst hefur ekki verið metin.

Skýring 20. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Eignir til sölu

Eignir sem flokkaðar eru til sölu eru eignir þar sem formleg ákvörðun hefur verið tekin um sölu, eignin er tilbúin til afhendingar í núverandi ástandi, söluférfir hefur hafist og mjög líklegt er talið að eignin seljist, auk þess sem búist er við að salan fari fram innan 12 mánaða.

Eignir sem flokkaðar eru til sölu eru ekki lengur afskrifaðar.

Eignir til sölu eru metnar á lægra hvoru tveggja bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Lækkun niður í gangvirði er gjaldfærð í yfirliti um afkomu, en bakfærsla er heimil að því marki sem hún fer ekki umfram upphaflegt bókfært verð.

Eignir flokkaðar til sölu eru fasteignir í formlegri sölumeðferð og uppfylla kröfur IPSAS 44 um slíka flokkun en staðallinn tók gildi 1. janúar 2025. Á árinu voru nokkrar fasteignir flokkaðar sem eignir til sölu.

Eignir til sölu samanstanda meðal annars af fasteignum sendiráða erlendis ásamt meðferðarheimili sem fyrirhugað er að selja. Eignirnar eru færðar á bókfærðu verði þar sem áætlað söluverð er hærra en bókfært verð. Eignirnar eru ekki afskrifaðar. Bókfært verð þeirra í árslok 2025 nam 1,5 ma.kr.

Fullafskrifaðar eignir sem eru enn í notkun

Meðal varanlegra rekstrarfjármuna eru eignir sem eru full afskrifaðar en eru enn í notkun.

Eignir sem ekki hafa verið metnar

Rekstrarfjármunir sem ekki er unnt að meta á gangvirði og þar sem kostnaðarverð liggur ekki fyrir eru ekki eignfærðir.

Helstu eignir sem hvorki hafa verið metnar né eignfærðar eru þær sem tengjast innanlandsflugvöllum. Þær flokkast m.a. í húseignir, flugbrautir, brautarljós, flugleiðsögubúnað og annan búnað á flugvöllum.

Skýring 21. Óefnislegar eignir

Í millj. kr.

Hugbúnaður

Óefnislegar eignir og breyting þeirra

Stofnverð

Stofnverð 01.01.2025.....	19.452
Leiðrétt 01.01.2025 vegna VSK.....	-2.785
Viðbót á árinu.....	3.351
Selt / úrelt á árinu.....	-2.217
Stofnverð 31.12.2025.....	17.800

Afskriftir

Afskrifað 01.01.2025.....	7.583
Leiðrétt 01.01.2025 vegna VSK.....	-1.232
Afskrift ársins.....	1.783
Selt / úrelt á árinu.....	-1.019
Afskriftir 31.12.2025.....	7.115

Bókfært verð 01.01.2025..... 11.869

Bókfært verð 31.12.2025 10.685

Óefnislegar eignir, sem aflað var fyrir 01.01.2017 og gjaldfærðar þá, voru ekki færðar til eignar við innleiðingu IPSAS. Margar þessara eigna eru enn í notkun en kostnaðarverð þeirra var ekki sérstaklega aðgreint og liggur því ekki fyrir.

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Kostnaðarverð óefnislegrar eignar sem verða til innan ríkissjóðs felur einungis í sér útgjöld sem stofnað er til í þróunaráfanga eignarinnar. Þróunaráfangi tekur við þegar eftirfarandi liggur fyrir:

1. Tæknilega framkvæmanlegt
2. Geta til að ljúka við eignina
3. Ásetningur og geta til að selja eða nota eignina
4. Þróunarkostnað er hægt að aðgreina með áreiðanlegum hætti.

Rannsóknir eru „upphaflega ætluð rannsókn sem ráðist er í til að öðlast nýja vísindalega eða tæknilega þekkingu og skilning“. Útgjöld sem stofnað er til á rannsóknarstigi óefnislegrar eignar eru færð til gjalda þegar stofnað er til þeirra. Verði rannsóknaráfangi ekki aðgreindur frá þróunaráfanga er kostnaður gjaldfærður þegar hann fellur til.

Sé óefnislegrar eignar aflað án endurgjalds eða fyrir óverulegt endurgjald er hún líka upphaflega færð á kostnaðarverði, sem samkvæmt skilgreiningu er núll eða óverulegt.

Aðrar óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru síðar færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Nýtingartími óefnislegra eigna er þrjú til tíu ár.

Innleystur hagnaður og tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er færður í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar að minnsta kosti árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu. Ekki voru vísbendingar um virðisrýrnun á árinu.

Skýring 22. Aðrar kröfur

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Skammtímakröfur.....	52.406	40.438
Aðflutningsgjöld af olúinnflutningi.....	4.784	4.860
Niðurfærsla vegna tapsáhættu.....	-332	-355
Aðrar kröfur samtals.....	56.859	44.944

Aðrar kröfur eru kröfur sem gert er ráð fyrir að innheimtist innan árs. Aðrar kröfur eru m.a. viðskiptakröfur, fyrirframgreiðslur o.fl. Bókfært verð þeirra er talið endurspegla gangvirði þeirra.

Aðrar kröfur eru upphaflega færðar á nafnverði. Niðurfærsla vegna áætlaðs taps er færð þegar hlutlæg vísbending er um að eignin hafi rýrnað.

Skýring 23. Lántökur

Í millj. kr.	Vaxtakjör	31.12.2025	31.12.2024
Ríkisskuldabréf, verðtryggð (RIKS).....	Sjá töflu	932.849	456.663
Ríkisskuldabréf, óverðtryggð (RIKB).....	Sjá töflu	743.405	605.195
Skráð skuldabréf, verðtryggð.....	1,96-4,8%	64.638	671.900
Skráð skuldabréfaútgáfa í EUR.....	0-3,5%	380.150	292.967
Óskráð skuldabréf, verðtryggð.....	1,84-3,5%	118.059	118.202
Óskráð skuldabréf, óverðtryggð.....	0-10,35%	4.380	2.402
Óskráð skuldabréfaútgáfa, EUR.....	3,5%	14.720	14.390
Óskráð skuldabréfaútgáfa, USD.....	4,8%	12.078	19.984
Ríkisvixlar.....		108.286	186.180
Lántökur samtals.....		2.378.565	2.367.884
Afborganir sundurliðaða eftir gjalddögum			
Árið 2026/2025.....		349.362	325.692
Árið 2027/2026.....		155.448	329.448
Árið 2028/2027.....		243.342	131.122
Árið 2029/2028.....		106.474	271.377
Árið 2030.....		254.676	152.912
Síðar.....		1.269.263	1.157.334
Afborganir samtals.....		2.378.565	2.367.884

Í töflunum hér á undan er birt staða langtímalána í lok árs og til samanburðar í lok ársins á undan. Lánin eru færð á upphaflegu útgáfuverði að teknu tilliti til verðbóta, gengisbreytinga, affalla / yfirverðs og afborgana.

Allur höfuðstóll, vextir og annað fé til greiðslu í tengslum við lán tekin af ríkissjóði ásamt almennum skuldbindingum, greiðist af tekjum sem koma í ríkissjóð.

Ríkissjóður er ekki skuldbundinn til að greiða skuldir opinberra hlutafélaga, dótturfélaga þeirra eða félaga sem ríkissjóður á hlut í. Undantekning frá þessari reglu á aðeins við ef ríkið er skuldbundið samkvæmt lögum eða ábyrgðum útgefnum af ríkissjóði.

Framangreind vaxtakjör eru hæstu og lægstu vextir viðkomandi lánaflokka langtímaskulda í árslok 2025.

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifing affalla / yfirverðs.

Skýring 23. Lántökur, frh.

Í millj. kr.

	Grunnvísitala / vextir	Bókfært verð 31.12.2025
Ríkisskuldabréf, verðtryggð (RIKS)		
Útgáfuflokkur - Útgáfudagur		
RIKS 30 0701 - 01.07.2011	377,6 / 3,25%	135.308
RIKS 33 0321 - 21.03.2012	389,62 / 3,0%	137.989
RIKS 26 0216 - 16.02.2018.....	446,99 / 1,5%	73.851
RIKS 37 0115 - 17.02.2022.....	514,85 / 1,0%	80.715
RIKS 29 0917 - 11.06.2025.....	633,52 / 3,5%	96.466
RIKS 34 1016 - 11.06.2025.....	633,07 / 3,5%	67.394
RIKS 36 0815 - 11.06.2025.....	631,61 / 3,5%	65.351
RIKS 39 1115 - 11.06.2025.....	633,14 / 3,5%	55.450
RIKS 41 0815 - 11.06.2025.....	631,61 / 3,5%	57.277
RIKS 44 1017 - 11.06.2025.....	633,03 / 3,5%	58.658
RIKS 47 1115 - 11.06.2025.....	633,14 / 3,5%	56.916
RIKS 50 0915 - 11.06.2025.....	633,48 / 3,5%	47.472
Ríkisskuldabréf, verðtryggð (RIKS) samtals.....		932.849
Ríkisskuldabréf, óverðtryggð (RIKB)		
Útgáfuflokkur - Útgáfudagur		
RIKB 26 1015 - 15.10.2022.....	6,75%	88.860
RIKB 27 0415 - 15.04.2024.....	8,00%	129.154
RIKB 28 1115 - 15.11.2016.....	5,00%	123.421
RIKB 31 0124 - 24.01.2011	6,50%	127.490
RIKB 32 1015 - 11.06.2025.....	7,00%	67.736
RIKB 35 0917 - 17.09.2023.....	7,00%	94.996
RIKB 38 0215 - 15.02.2025.....	6,50%	47.433
RIKB 42 0217 - 17.02.2022.....	4,50%	64.314
Ríkisskuldabréf, óverðtryggð (RIKB) samtals.....		743.405

Skýring 24. Vátryggingaskuldir

Í millj. kr.

Skuldbinding vegna vátryggingarsamninga og hluti endurtryggjenda í þeim í lok árs

	2025			2024		
	Eignir	Skuldir	Hrein eign / skuld	Eignir	Skuldir	Hrein eign / skuld
Vátryggingarsamningar.....	0	8.608	-8.608	0	8.891	-8.891
Endurtryggingarsamningar.....	6.134	0	6.134	3.623	0	3.623

	2025	2024
Afkoma af vátryggingarsamningum		
Tekjur af vátryggingarsamningum.....	7.555	5.219
Tjónakostnaður.....	-3.412	10.932
Rekstrarkostnaður af vátryggingastarfsemi.....	-676	-577
Hrein afkoma af endurtryggingarsamningum.....	1.073	-12.335
Afkoma af vátryggingastarfsemi samtals.....	4.540	3.239

Tjónakostnaður

Á árinu 2024 var tekjufært uppfært mat stjórnenda á heildartjóni vegna atburðanna í Grindavík frá árinu áður. Við mat á tapsáhættu á árinu 2023 var takmarkaður aðgangur að svæðinu sem hafði áhrif á matsmenn við framkvæmd mats á líklegu heildartjóni. Í lok árs 2024 var komin skýrari mynd á áætlað heildartjón í Grindavík og því var áætlað tjón að meðtöldu óvissuálagi, lækkað um 10,3 ma.kr. sem skýrir jákvæðan tjónakostnað 2024.

Vátryggingaráhætta

Áhættan sem felst í hverjum vátryggingasamningi samanstendur af áhættu á að vátryggður atburður eigi sér stað og óvissu um endanlega tjónsfjárhæð. Fyrir vátryggingasamninga þar sem líkindareikningi er beitt við verðmat og ráðstöfun stendur samstæðan frammi fyrir þeirri megin áhættu að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en áætlað var, alvarleiki þeirra eða tíðni verði meiri eða stórtjón fleiri en ráð var fyrir gert. Vátryggðir atburðir eru ófyrirséðir og rauntíðni og endanlegar fjárhæðir tjóna geta verið frábrugðnar áætlunum sem reiknaðar eru á grundvelli tölfræðilegra aðferða.

Endurtryggingaráhætta getur m.a. falist í því að greiðslufall verði hjá endurtryggjendum. Oft á tíðum tekur langan tíma að gera upp tjónsatburð. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Samstæðan gerir kröfur um að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og mörk eru sett um hve mikla áhættu samstæðan tryggir hjá hverjum endurtryggjanda.

Stýring vátryggingaráhættu byggir á eftirliti með næmni vaxtaferils, verðbólguþá, væntingum um greiðslutíma orðinna tjóna og væntum tjónakostnaði orðinna tjóna. Samstæðan fylgist með eðli og tíðni tjóna ásamt dreifingu tjónsfjárhæða í hverri grein og bregst við breytingum með verðlagningu eða vörupróun ef tilefni er til. Dregið er úr iðgjaldaáhættu með því að dreifa áhættunni yfir margar vátryggingargreinar og með endurtryggingum vegna stórtjóna.

Skilgreining vátryggingasamninga

Vátryggingasamningar flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar. Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaráhættu frá vátryggingataka með því að samþykka að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni. Vátryggingaráhætta er áhætta sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, vegna eignatjóns. Endurtryggingasamningar eru gerðir til að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættu umfram umsamda fjárhæð.

Skýring 24. Vátryggingaskuldir, frh.

Flokkun vátryggingasamninga

Samstæðan beitir einfaldaðri úthlutunaraðferð (e. *Premium Allocation Approach, PAA*) þegar vátryggingarsamningar eru til eins árs eða skemur og einnig þegar samningar sem eru til lengri tíma hafa sömu einkenni, t.d. ákvæði um árlega endurskoðun iðgjalda. Þar sem samningar samstæðunnar uppfylla þessi skilyrði að mestu og þeir samningar sem falla utan þeirra eru með óveruleg iðgjöld þá beitir samstæðan PAA.

Samstæðan flokkar vátryggingarsamninga út frá því hvernig samstæðan stýrir samningum með sambærilega áhættu. Flokkunarkerfið sem samstæðan nýtir byggir að mestu á Solvency II reglugerðinni, þó með þeirri undantekningu að lögbodnar ökutækjatrýggingar og frjálsar ökutækjatrýggingar eru eitt safn. Hverju safni er svo skipt nánar niður í hópa byggt á væntum hagnaði samstæðunnar af viðkomandi samningum, en sú flokkun samninga er gerð í upphafi samningstíma þegar vátryggingaráhætta flyst frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

Samstæðan metur hvort samningur gæti orðið íþyngjandi byggt á því hvort sambærilegir samningar sem félagið hefur verið aðili að hafi orðið íþyngjandi miðað við þá verðlagningu sem í gildi er og undirliggjandi áhættu. Þá geta mögulegar breytingar á utanaðkomandi þáttum, svo sem breytingar á markaðsaðstæðum eða lagaumhverfi haft áhrif þar á. Sé samningur talinn íþyngjandi við upphaflega skráningu eða á þeim tíma þegar aðstæður benda til þess að samningur sé íþyngjandi er vænt tap viðkomandi samnings fært í yfirlit um afkomu. Það er mat samstæðunnar að slíkir samningar séu ekki til staðar nema að óverulegi leyti.

Endurtryggingarsamningar eru metnir með sama hætti og aðrir vátryggingarsamningar en samstæðan nýtir einungis endurtryggingar til að draga úr áhættu.

Skuldbinding vegna vátryggingarsamninga er samtala skuldbindingar vegna eftirstæðrar vátryggingarverndar (e. *liability for remaining coverage, LRC*) og skuldbindingar vegna orðinna tjóna (e. *liability for incurred claims, LIC*).

Skylt er samkvæmt 5. gr. laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur á Íslandi. Vátryggingaskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er með almennri samsettri vátryggingu sem innifelur brunatryggingu og flokkast undir eignatryggingar. Jafnframt er skylt að vátryggja mannvirki í eigu sveitarfélaga og ríkissjóðs þó þau séu ekki brunatryggð, svo sem hitaveitur, raforkuvirki, brýr og hafnir.

Árleg iðgjöld Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ) eru reiknuð samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/1992. Grunnidgjöld eru 0,25% af vátryggingarfjárhæð brunatryggðra húseigna og lausafjár og 0,20% af vátryggingarfjárhæð mannvirkja, sem ekki eru brunatryggð, svo sem veitur, hafnarmannvirki, raforkuvirki, brýr sem eru 50 m eða lengri og fjarskiptamannvirki í eigu opinberra aðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/1992.

Samningstímabil vátryggingasamninga

Samningstímabil er ákvarðað sem það tímabil sem vátryggður aðili getur gert kröfu á samstæðuna um greiðslu tjónabóta vegna vátryggðs atburðar. Fyrir endurtryggingasamninga er samningstímabilið sá tími sem samstæðan getur gert kröfu á endurtryggjendur um greiðslu tjónabóta vegna vátryggðs atburðar. Samningstímabil endar við það tímamark þegar samstæðan getur endurverðlagt viðkomandi vátryggingarsamning byggt á undirliggjandi áhættu eða ef samningi er breytt á tímabilinu.

Reikningsskilaaðferðir við mat á vátryggingaskuld - einföld úthlutunaraðferð

Vátrygginga- og endurtryggingasamningar samstæðunnar falla allir undir einfaldaða úthlutunaraðferð IFRS 17. Aðferðin einfaldar mat vátryggingasamninga í samanburði við almenna líkan staðalsins, en félögum er heimilt að beita aðferðinni á safn samninga þar sem tryggingavernd spannar ár eða skemur eða þegar aðferðin leiðir til niðurstöðu sem er ekki verulega frábrugðin almenna líkaninu.

Þegar ekki er til staðar verulegur fjármögnunarpáttur í tengslum við skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar eða þegar tímabil þjónustu og gjalddagar vegna þeirrar þjónustu er innan 12 mánaða tímabils þarf ekki að núvirða skuldbindinguna. Allir samningar eru til eins árs og eru því ekki núvirtir.

Þar sem búist er við að bætur séu greiddar innan árs er ekki þörf á að núvirða skuldbindinguna. Ef tímalengd greiðslufélags tjónabóta er lengri en eitt ár þarf að núvirða skuldbindinguna. Samstæðan er að öllu jöfnu að greiða bætur innan eins árs og núvirðir því ekki skuldbindingu vegna orðinna tjóna.

Skýring 24. Vátryggingaskuldir, frh.

Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Samstæðan keypti erlendar endurtryggingar fyrir árið 2025 sem byggðu á samningum. Einn samningur gildir fyrir stakan atburð, allt að 30 ma. kr., með eigin áhættu að fjárhæð 10 ma. kr. Annar samningur veitir vernd gegn mjög stórum einstökum atburðum þar sem endurtryggjendur greiða allt að 20 ma. kr. umfram það 30 ma. kr. tjón sem fyrri samningurinn tekur til ef um er að ræða stakan atburð og þriðji samningurinn veitir samskonar vernd og annar samningur, fyrir 20 ma. kr. umfram 50 ma. kr. tjón.

Skuldbinding vegna vátryggingasamninga

Skuldbindingu vegna vátryggingasamninga er skipt í skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar og skuldbindingu vegna orðinna tjóna.

Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar endurspeglar skuldbindingu vegna vátryggingarverndar sem á eftir að veita og mögulegan tapsþátt vegna þýngjandi samninga. Hún samanstendur af innborguðum tekjum vegna vátryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum og viðskiptaskuldum sem tilheyra eftirstæðri vátryggingavernd.

Skuldbinding vegna orðinna tjóna er metin sem núvirt vænt framtíðarsjóðsstreymi vegna orðinna tjóna og felur í sér greiðslur tjónabóta og kostnaðar sem er rekjanlegur til uppgjörs orðinna tjóna, ágóðaskuld, viðskiptaskuldum sem tilheyra orðnum tjónum ásamt öryggisálagi vegna ófjárhagslegrar áhættu. Öryggisálag er reiknað á þann hlut skuldbindingar orðinna tjóna sem er vegna greiðslna tjónabóta og kostnaðar við uppgjör tjóna vegna þeirrar óvissu sem matið á framtíðargreiðslum tjónabóta felur í sér. Með því að bæta öryggisálaginu við núvirt vænt framtíðarsjóðsstreymi er skuldbindingin færð innan æskilegs öryggisbils. Mat á öryggisálaginu er reiknað með því að gera ráð fyrir að skuldbinding vegna orðinna tjóna sé log-normal dreifð og öryggisálag áætlað sem sú fjárhæð sem er á gefnu öryggisstigi.

Framtíðarsjóðsstreymi vegna orðinna tjóna er núvirt með áhættulausum vaxtaferlum sem byggja á vaxtaferlum útgefnum af evrópsku vátryggingar- og lífeyrissjóðastofnuninni (EIOPA). Vaxtaferil EIOPA má finna á heimsíðu EIOPA: https://www.eiopa.europa.eu/tools-and-data/riskfree-interest-rate-term-structures_en.

Einungis vænt framtíðarsjóðsstreymi vegna greiðslna tjónabóta og kostnaðar við uppgjör tjóna er núvirt.

Endurtryggingareignir í efnahagsreikningi eru eignir samstæðunnar vegna endurtryggingarsamninga og er hún samtala eigna vegna eftirstæðrar endurtryggingarverndar og eigna vegna hlutar endurtryggjenda í orðnum tjónum. Eignir vegna hlutar endurtryggjenda í orðnum tjónum eru ekki núvirtar. Ekki er gert ráð fyrir tapsáhættu vegna endurtryggingarsamninga þar sem sú áhætta er talin óveruleg.

Vátryggingareignir eru ógreidd iðgjöld vegna vátryggingarverndar liðinna tímabila. Skuldbinding vegna endurtryggingarsamninga eru þau endurtryggingariðgjöld sem eru ógreidd vegna endurtryggingarverndar sem tilheyrir liðnum tímabilum.

Afkoma af vátryggingasamningum

Tekjur af vátryggingarsamningum meðal annarra tekna í yfirliti um afkomu eru tekjur vegna veittrar vátryggingarverndar á rekstrarárinu. Samstæðan tekjufærir iðgjöld ársins en frá þeim dregst kostnaður vegna vátryggingarsamninga á tímabilinu sem samanstendur af tjóna- og rekstrarkostnaði. Ágóðahlutdeild færir sem vátryggingarkostnaður í stað þess að dragast frá iðgjöldum. Rekstrarkostnaði er deilt á milli vátrygginga og fjárfestinga með aðgerðabundnu kostnaðarlíkani (e. *activity-based costing*).

Undir fjármagnsliði vátrygginga falla gengisbreytingar á skuldbindingum vegna vátryggingarsamninga ásamt breytingum á skuldbindingum vegna orðinna tjóna fyrri ára sem kemur til vegna aukinna skuldbindinga vegna þeirra síðarnefndu ásamt áhrifum breyttra vaxta og verðbólgu á þær.

Tjón ársins meðal annars rekstrarkostnaðar í yfirliti um afkomu samanstanda af greiddum tjónum á árinu ásamt breytingu á tjónaskuld frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis og öðrum kostnaði.

Afkoma af endurtryggingasamningum

Afkoma af endurtryggingasamningum samanstendur af hluta endurtryggjenda í tekjum af vátryggingasamningum, hluta endurtryggjenda í tjónum og umboðslaunum.

Fjármagnsliðir endurtryggingasamninga endurspeglar einungis gengisbreytingar þar sem endurtryggingareignir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýring 25. Aðrar skuldir

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Áfallnir, ógreiddir vextir.....	42.554	32.947
Áfallið og ógreitt orlof.....	33.737	29.909
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	33.142	35.835
Ógreidd styrktarloforð.....	18.230	11.041
Útsvar og staðgreiðsla til sveitarfélaga.....	5.327	3.881
Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vegna Samgöngusáttmálans.....	5.799	4.188
Ýmsar skuldir.....	60.408	53.439
Aðrar skuldir samtals.....	199.197	171.240

Aðrar skuldir eru upphaflega færðar á nafnverði og er gert ráð fyrir að greiðist innan 12 mánaða.

Skýring 26. Lífeyrisskuldbindingar

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Lífeyrisskuldbindingar sundurliðaðar eftir lífeyrissjóðum		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), B-deild.....	1.047.430	893.360
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkissins, A-deild, ábyrgðarhópur og 60 ára og eldri.....	11.807	0
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), A-deild, lífeyrisaukasjóður.....	9.003	0
Alþingismenn og æðstu embættismenn.....	22.217	20.546
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands.....	6.776	6.152
Brú lífeyrissjóður vegna samrekstrarstofnana.....	178	12.528
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna og bankastjóra Landsbanka Íslands.....	153	143
Aðrir	0	162
Lífeyrisskuldbindingar samtals.....	1.097.565	932.890
	31.12.2025	1.1.2025
Lífeyrisskuldbinding LSR, B-deild		
Núvirði lífeyrisskuldbindinga	1.251.168	1.239.671
Hrein eign á gangvirði	-203.739	-218.735
Skuldir umfram eignir.....	1.047.430	1.020.936
Núvirði lífeyrisskuldbindinga LSR, B-deild		
Leiðrétt staða á áföllnum lífeyrisskuldbindingu 01.01.2025.....		1.239.671
Hækkun lífeyrisskuldbindingar vegna launabreytinga og vaxta.....		136.496
Breyting á ávöxtunarkröfu við núvirðingu úr 2,30% í 2,65%		-31.534
Lækkun vegna greiðslu lífeyris á árinu.....		-79.687
Munur á áætluðum tryggingafræðilegum forsendum og raun.....		-13.778
Núvirði lífeyrisskuldbindinga LSR, B-deild 31.12.2025.....		1.251.168
Hrein eign LSR, B-deild á gangvirði		
Leiðrétt staða hreinnar eignar á gangvirði 01.01.2025		-218.735
Innborganir		-46.903
Fjárfestingatekjur		-18.068
Greidd iðgjöld og lífeyrir.....		78.991
Rekstrarkostnaður ársins		978
Hrein eign LSR, B-deild 31.12.2025.....		-203.739
	31.12.2025	31.12.2024
Hrein eign LSR, B-deild á gangvirði		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	111.647	117.902
Skuldabréf.....	78.185	83.574
Kröfur.....	186	941
Handbært fé.....	16.560	18.311
Skuldir.....	-2.839	-1.992
Hrein eign LSR, B-deild samtals.....	203.739	218.735

Skýring 26. Lífeyrisskuldbindingar, frh.

Í millj. kr.	2025	2024
Breyting á lífeyrisskuldbindingu gjaldfærð í yfirliti um afkomu		
Breyting vegna launabreytinga á árinu.....	111.627	28.593
Breyting vegna afvöxtunar lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	28.609	17.867
Breyting á lífeyrisskuldbindingu gjaldfærð í yfirliti um afkomu samtals.....	140.236	46.461
Breyting á lífeyrisskuldbindingu færð á eigið fé		
Leiðrétting á lífeyrisskuldbindingu 01.01.2025.....	146.691	0
Breyting á ávöxtunarkröfu við núvirðingu úr 2,30% í 2,65%	-33.033	0
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	-12.290	0
Munur á áætluðum tryggingafræðilegum forsendum og raun.....	-15.039	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu færð á eigið fé samtals.....	86.328	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu		
Staða 01.01.....	932.890	928.612
Leiðrétting á lífeyrisskuldbindingu og eigin fé 01.01.2025.....	146.691	0
Breytingar á lífeyrisskuldbindingu færð á eigið fé.....	-60.363	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu gjaldfærð í yfirliti um afkomu.....	140.236	46.461
Fært úr varúðarsjóð yfir í lífeyrisaukasjóð A-deildar LSR.....	-7.626	0
Greiðslur ársins.....	-54.263	-42.183
Staða í árslok.....	1.097.565	932.890
Hlutdeild ríkisins í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR)		
Hlutdeild ríkisins í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR).....	93,76%	95,30%

Leiðrétting á lífeyrisskuldbindingu og eigin fé 1.1.2025

Lífeyrisskuldbinding í ríkisreikningi er leiðrétt í ársbyrjun 2025 þar sem hún var ekki að fullu í samræmi við IPSAS 39 - um starfskjör (e. *Employee Benefits*). Áður tók lífeyrisskuldbinding í ríkisreikningi mið af reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 391/1998 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 en í ríkisreikningi 2025 byggir hún alfarið á IPSAS 39.

Helstu breytingar sem gerðar eru á lífeyrisskuldbindingu í ársbyrjun 2025 eru að við val á ávöxtunarkröfu er miðað við ávöxtunarkröfu ríkisbréfa sem hafa sambærilega tímalengd og lífeyrisskuldbindingin. Eignir í lífeyriskerfinu eru metnar á gangvirði í stað þess að vera að hluta metnar á afskrifuðu kostnaðarverði og framtíðarskuldbinding er ekki meðtalin í lífeyrisskuldbindingunni.

Vegna þessa er eigið fé í ársbyrjun 2025 leiðrétt um 132,9 ma. kr. til lækkunar og lífeyrisskuldbinding hækkuð um sömu fjárhæð. Lífeyrisskuldbinding 1. janúar 2025 er einnig leiðrétt vegna lífeyrisskuldbindinga LSR A-deildar og lífeyrisaukasjóðs LSR A-deildar sem voru ekki meðtaldar í lífeyrisskuldbindingu í ríkisreikningi 2024 og lífeyrisskuldbindingar Brú lífeyrissjóðs sem var ofmetin í ríkisreikningi 2024. Vegna þessa er eigið fé í ársbyrjun leiðrétt um 13,8 ma. kr. til lækkunar og hækkunar á lífeyrisskuldbindingu um sömu fjárhæð. Samtals leiðrétting til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu 1. janúar 2025 nemur 146,7 ma. kr. og eigið fé 1. janúar 2025 er lækkað um sömu fjárhæð. Samanburðarfjárhæðir hafa ekki verið endurgerðar þar sem kostnaður við það var metinn of hár.

Réttindatengd lífeyriskerfi

Ríkið hefur skuldbundið sig samkvæmt lögum til að veita ákveðnum núverandi og fyrrverandi starfsmönnum ákveðin lífeyrisréttindi með greiðslum í lífeyrissjóði þeirra eða með sérstökum samningum. Hér á eftir fer lýsing á þessum lífeyrissjóðum og samningum.

Skýring 26. Lífeyrisskuldbindingar, frh.

Réttindatengd lífeyriskerfi, frh.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), B-deild og Brú lífeyrissjóður vegna samrekstrarstofnana

Lögum samkvæmt er ríkissjóður ábyrgur fyrir greiðslu lífeyris í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Lögjöld til sjóða sem tilheyra nú B-deildinni hafa ekki nægt til að mæta áunnum réttindum sjóðfélaga á hverjum tíma og því hefur myndast krafa á ríkissjóð um framlög til að standa undir skuldbindingum sjóðsins. Sama á við um áunnin réttindi launþega samrekstrarstofnana í Brú lífeyrissjóði.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs eru skilgreindar sem áfallnar lífeyrisskuldbindingar að fráðregnum eignum lífeyrissjóðsins sem þeim réttihöfum tilheyra og fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar. Lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóða eru reiknaðar út á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna. Í ríkisreikningi hverju sinni miðast lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs við niðurstöður þessara úttekta um áfallnar skuldbindingar viðkomandi lífeyrissjóða í árslok. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar eru innstæður sem ríkissjóður hefur myndað hjá B-deild LSR með sérstökum framlögum allt frá árinu 1998 samkvæmt samkomulagi sem fjármálaráðherra gerði við LSR.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), A-deild, ábyrgðarhópur og 60 ára og eldri

Eftir breytingu laga um LSR í árslok 2016 er stjórn sjóðsins heimilt að auka eða minnka áunnin réttindi sjóðfélaga A-deildar LSR, ef tryggingafræðileg staða sjóðsins gefur tilefni til. Þetta á þó ekki við um svokallaðan ábyrgðarhóp, sem eru allir lífeyrisþegar þann 1. júní 2017, auk annarra sjóðfélaga sem þá höfðu náð 60 ára aldri. Við skerðingu réttinda mun ríkið ábyrgjast þá fjárhæð sem vantar til þess að þessi hópur njóti óbreyttra lífeyrisréttinda.

LSR, A-deild, lífeyrisaukasjóður og varúðarsjóður

Í samkomulagi um jöfnun lífeyrisréttinda á milli markaða frá árinu 2016 var ákvæði um að ríkissjóður leggi fram fjármuni í sérstakan varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð A-deildar LSR. Þessi fjárhæð nam upphaflega 8,4 ma.kr. en uppreiknuð staða var 16,0 ma.kr. í árslok 2024. Höfuðstóllinn er varðveittur af LSR, en skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem LSR fer með og telst ekki í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Ekki er heimilt að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og er skipaður sérstakur hópur sem metur þau skilyrði.

Við mat á því hvort leggja skuli varúðarsjóð inn í lífeyrisaukasjóðinn er miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrisaukasjóðs. Hafi tryggingafræðileg staða hans verið neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfelld í meira en tíu ár skal leggja varúðarsjóðinn í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð. Lífeyrisaukasjóðurinn hefur frá upphafi verið með neikvæða stöðu en staða hans í árslok 2024 var -9,6%. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs eða á árinu 2036 skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.

Í samræmi við ákvörðun matshóps vegna varúðarsjóðs Lífeyrisaukasjóðs A-deildar LSR frá 17. september 2025 voru 7,6 ma.kr. færðir úr varúðarsjóði inn í lífeyrisaukasjóðinn til að koma stöðu hans niður fyrir -5%.

Eftir standa 9,0 ma.kr. í varúðarsjóði, miðað við árslok 2025 sem er meðtalið í lífeyrisskuldbindingu í ríkisreikningi 2025. Tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs A deildar LSR var neikvæð um 6,3% eða sem nemur 9,8 ma.kr. Eftirstöðvar varúðarsjóðs duga til að koma stöðu lífeyrisaukasjóðs í -0,5%. Vegna stöðu lífeyrisaukasjóðs eru líkur á því að greiða þurfi eftirstöðvar varúðarsjóðsins í lífeyrisaukasjóðinn. Ef varúðarsjóður dugar ekki til að styðja við lífeyrisaukasjóð þannig að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum skulu launagreiðendur og heildarsamtök opinberra starfsmanna taka upp viðræður um hvernig við því verði brugðist. Vegna óvissu um hvort ríkið komi til með að greiða viðbót við framangreinda 9,0 ma. kr. í lífeyrisaukasjóð þá er engin skuldbinding færð í ríkisreikning vegna þess.

Alþingismenn og æðstu embættismenn

Um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara er fjallað í lögum nr. 141/2003.

Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands

Með lögum nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands yfirtók ríkissjóður ábyrgð á uppsöfnuðum eftirlaunaskuldbindingum vegna allra starfsmanna bankans til þess tíma er lögin tóku gildi. Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands (ESÚÍ) var lagður niður 2018. Þrátt fyrir það héldu starfsmenn réttindum sínum sem greiðast úr ríkissjóði.

Skýring 26. Lífeyrisskuldbindingar, frh.

Í millj. kr.

Lykiláhættur

Vaxtaáhætta

Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar miðað við ávöxtunarkröfu. Við val á ávöxtunarkröfu er miðað við ávöxtunarkröfu ríkisbréfa sem hafa sambærilega tímalengd og lífeyrisskuldbindingin. Breytingar á markaðsvöxtum hafa því veruleg áhrif á stærð skuldbindingarinnar. Lækkun vaxta leiðir til hækkunar á skuldbindingu þar sem framtíðargreiðslur eru núvirtar með lægri afslætti, en hækkun vaxta hefur gagnstæð áhrif.

Lífslíkur

Skuldbinding byggir á forsendum um lífslíkur. Ef lífeyrisþegar lifa lengur en gert er ráð fyrir, aukast heildargreiðslur og þar með skuldbindingin. Hækkun lífslíkna um eitt ár getur aukið skuldbindingu um nokkur prósent, sérstaklega í lokuðum kerfum með háu hlutfalli ellilífeyrisþega.

Launaþróun og verðbólga

Lífeyrisskuldbindingar eru tengdar launaþróun og vísitölum. Óvæntar hækkanir launa eða verðbólgu geta hækkað skuldbindinguna þar sem framtíðargreiðslur hækka.

Tryggingafræðilegar forsendur

Skuldbindingin er háð tryggingafræðilegum forsendum, m.a. um lífslíkur, örorkutíðni, starfslok og maka-/örorkubætur. Breytingar á þessum forsendum geta haft áhrif á niðurstöðu útreikninga. Aukning í örorkutíðni getur leitt til aukinnar skuldbindingar.

Markaðsáhætta eigna

Sveifla í virði eigna lífeyrissjóðanna hefur áhrif á fjárhagsstöðu þeirra þar sem lækkun á markaðsvirði eignasafns hækkar lífeyrisskuldbindinguna.

Reglur- og lagabreytingar

Breytingar á lögum eða regluverki um lífeyrismál geta haft áhrif á lífeyrisskuldbindingar, t.d. breytingar á lífeyrisaldri, réttindum eða iðgjaldshlutföllum. Einnig getur komið til samkomulags til að styðja við sjóði eins og lífeyrisaukasjóðs A-deildar LSR sem hækkar lífeyrisskuldbindingu.

Óvissa í mati

Þar sem skuldbinding er reiknuð út frá fjölda forsendna felur hún í sér verulega matstengda óvissu. Litlar breytingar á forsendum geta haft veruleg áhrif á niðurstöðu.

Lykilforsendur við mat á lífeyrisskuldbindingu	31.12.2025	1.1.2025	31.12.2024
Ávöxtunarkrafa (RIKS 50) markaðsvextir.....	2,65%	2,30%	2,00%
Launahækkun umfram verðlag.....	1,50%	1,50%	1,50%

Lífslíkur eru sértækar lífslíkur fyrir félaga í LSR sem byggir á reynslu LSR.

Við val á ávöxtunarkröfu er miðað við ávöxtunarkröfu ríkisbréfa sem hafa sambærilega tímalengd og lífeyrisskuldbindingin.

Næmigreining LSR B-deild	31.12.2025	1.1.2025
Ávöxtunarkrafa, 0,25% hækkun.....	-33.964	-35.620
Ávöxtunarkrafa, 0,25% lækkun.....	35.471	37.271
Ávöxtunarkrafa, 0,50% hækkun.....	-66.502	-69.680
Ávöxtunarkrafa, 0,50% lækkun.....	72.536	76.293

Skýring 26. Lífeyrisskuldbindingar, frh.

Í millj. kr.

Greiðslur næstu tíu ára

Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2026.....	52.043
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2027.....	54.703
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2028.....	56.803
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2029.....	58.353
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2030.....	59.593
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2031.....	60.463
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2032.....	76.850
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2033.....	74.148
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2034.....	71.279
Aukaframlög og mánaðarlegar greiðslur til að mæta lífeyrishækkunum 2035.....	68.229

Greiðslur næstu tíu ára eru á verðlagi í árslok 2025 og hafa ekki verið núvirtar.

Mat á skuldbindingu

Lífeyrisskuldbindingar eru metnar með því að núvirða framtíðarskuldbindingar vegna áunninna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna með skilgreind réttindi þar sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir greiðslu lífeyris. Lífeyrisskuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning. Við mat á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrisskuldbindinga er notast við tryggingafræðilega aðferð. Árlegur kostnaður vegna launabreytinga og vaxta vegna áfvöxtunar á lífeyrisskuldbindingu er færður til gjalda í yfirlit um afkomu. Matsbreytingar sem samanstanda af tryggingafræðilegum hagnaði og tapi eru færðar beint á eigið fé. Matsbreytingarnar eru ekki endurflokkaðar í yfirlit um afkomu á síðari tímabilum.

Kostnaður við lífeyrissjóð og samninga með skilgreindum réttindum eftir starfslok ásamt núvirði lífeyrisskuldbindinga er ákvarðaður með tryggingafræðilegu mati. Slíkt mat felur í sér að meta ýmsar forsendur sem geta verið frábrugðnar raunverulegri þróun í framtíðinni. Þar á meðal er ákvörðun um ávöxtunarkröfu til núvirðingar, framtíðarlaunahækkarnir, lífslíkur og framtíðarlífeyrishækkarnir. Vegna þess að matið er flókið og til langs tíma, er skuldbinding vegna lífeyris með skilgreindum réttindum mjög viðkvæm fyrir breytingum á þessum forsendum. Allar forsendur eru endurskoðaðar á hverjum uppgjörsgæði.

Útreikningarnir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu til núvirðingar. Við ákvörðun á viðeigandi ávöxtunarkröfu taka stjórnendur mið af vöxtum á ríkisskuldabréfum sem samsvara líftíma lífeyrisskuldbindinganna eða RIKS 50. Dánarlíkur byggja á opinberum líftölum. Slíkar tölur breytast yfirleitt aðeins með ákveðnu millibili í samræmi við lýðfræðilegar breytingar. Framtíðarlaunahækkarnir og lífeyrishækkarnir byggjast á væntri verðbólguþróun.

Eignir í lífeyriskerfinu eru metnar á gangvirði að frádregnu núvirði lífeyrisskuldbindingar kerfisins við ákvörðun um halla eða afgang á kerfinu.

Skýring 27. Aðrar skuldbindingar

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Skuldbinding vegna sérleyfissamninga.....	12.835	13.329
Ógreidd stofnframlög.....	5.863	8.142
Ýmsar skuldbindingar.....	4.978	4.978
Aðrar skuldbindingar samtals.....	23.676	26.448

Samningur ríkissjóðs við Vaðlaheiðargöng hf. veitir félaginu leyfi til að gera og reka veggöng undir Vaðlaheiði. Að samningstíma loknum verða göngin afhent ríkissjóði án endurgjalds. Sérleyfistíminn er 33 ár.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er heimilt að veita stofnframlög vegna byggingar eða kaupa íbúðarhúsnæðis sem ætlað er leigjendum sem eru undir tekju- og eignamörkum samkvæmt reglugerð nr. 183/2002 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir. Greiða skal fyrri helming þess við samþykkt umsóknar um stofnframlag og seinni helming þess þegar almenn íbúð hefur verið leigð út gegn afriti af leigusamningi, sé um kaup á almennri íbúð að ræða, eða þegar vottorð vegna öryggisúttektar íbúðar liggur fyrir, sé um byggingu á almennri íbúð að ræða. Ógreidd stofnframlög eru vegna þeirra stofnframlaga sem hafa verið samþykkt en hafa ekki verið greidd.

Á grundvelli reikningsskilaaðferða um sérleyfiseignir eignfærast Vaðlaheiðargöng hjá sérleyfisveitanda, ríkissjóði, og mótbókast sem skuld vegna öflunar ganganna. Skuld þessi færist til tekna á sérleyfistímanum með jöfnum árlegum fjárhæðum út sérleyfistímann.

Ýmsar skuldbindingar

Ábúðarsamningar.....	2.775	2.775
Málaferli.....	1.500	1.500
Rafmagnseftirlitsgjald, ólögmat álagning.....	322	322
Eignir í þjóðgörðum, uppkaupt.....	227	227
Annað.....	153	153
Ýmsar skuldbindingar samtals.....	4.978	4.978

Ýmsar skuldbindingar stafa af varúðarfærslum sem metnar eru í árslok vegna óvissra skulda.

Skýring 28. Leigusamningar

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Afnotaréttur af leigueignum		
Afnotaréttur af leigueignum 01.01.....	45.807	993
IPSAS innleiðing, leiðrétting 01.01.....	-6.571	0
Viðbót á árinu.....	7.852	50.648
Uppsögn samninga.....	-76	0
Verðbætur.....	1.625	2.138
Gengismunur.....	-8	0
Afskrift ársins.....	-7.134	-7.971
Afnotaréttur af leigueignum 31.12.....	41.494	45.807
Leiguskuldbinding		
Leiguskuldbinding 01.01.....	47.067	1.096
IPSAS innleiðing, leiðrétting 01.01.....	-6.851	0
Viðbót á árinu.....	7.846	50.651
Uppsögn samninga.....	-74	0
Verðbætur.....	1.628	2.138
Gengismunur.....	42	-22
Leigugreiðslur.....	-6.127	-6.794
Leiguskuldbinding 31.12.....	43.530	47.067

Ríkissjóður er sem leigutaki aðili að leigusamningum vegna fasteigna og lóða.

Við upphaflega skráningu er metið hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Skráður er nýtingarréttur til eignar og samsvarandi leiguskuldbinding vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Leiguskuldbinding er endurmetin ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Nýtingarréttur er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingarréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Skýring 29. Gangvirði

Í millj. kr.

Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Flokkun fjáreigna og -skulda í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila ræður því hvernig gert er grein fyrir þeim í reikningsskilum. Samkvæmt IPSAS 41 ber að skipa fjáreignum og -skuldum í flokka sem endurspeglar sjóðstreymiseinkenni þeirra og markmið þess viðskiptalíkans sem fjáreignunum og -skuldum er stýrt eftir. Eftirfarandi flokkar eru notaðir eftir upphaflega skráningu:

- Afskrifað kostnaðarverð
- Gangvirði í gegnum afkomu
- Gangvirði í gegnum eigið fé

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda í samræmi við IPSAS 41.

	Afskrifað kostnaðarverð	Gangvirði í gegnum afkomu	Gangvirði í gegnum eigið fé	Samtals
31. desember 2025				
Handbært fé.....	457.937	0	0	457.937
Hlutabréf.....	0	3.440	0	3.440
Skuldabréf.....	612	28.266	0	28.878
Afleiður.....	0	195	0	195
Önnur markaðsverðbréf.....	0	1.518	0	1.518
Útlán og aðrar lánveitingar.....	357.095	126.322	0	483.417
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	0	490	28.716	29.206
Aðrar kröfur.....	56.859	0	0	56.859
Fjáreignir samtals.....	872.503	160.231	28.716	1.061.450
Lántökur.....	2.378.565	0	0	2.378.565
Aðrar skuldir.....	199.197	0	0	199.197
Fjárskuldir samtals.....	2.577.762	0	0	2.577.762

Stigkerfi gangvirðis

Taflan hér á eftir sýnir fjáreignir, fjárskuldir og fjárfestingareignir færðar á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Við mat á gangvirði eru mismunandi forsendur notaðar sem skilgreindar eru í þrjú þrep á eftirfarandi hátt:

Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: forsendur verðmatsaðferða byggja á öðrum breytum en skráðu verði á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint eða óbeint. Á þessu stigi eru eignir og skuldir verðmetnar með því að nota skráð verð á virkum markaði fyrir áþekkar eignir og skuldir, skráð verð fyrir áþekkar eignir og skuldir á mörkuðum sem taldir eru minna virkir eða önnur greinanleg markaðsgögn.

Stig 3: forsendur verðmatsaðferða eru ekki byggðar á greinanlegum markaðsgögnum heldur meðal annars á upplýsingum um markaðsverð sambærilegra eigna og skulda að teknu tilliti til viðeigandi leiðréttinga og breytinga á forsendum til þess að meta mismuninn á undirliggjandi eignum og skuldum.

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
31. desember 2025				
Fjáreignir á gangvirði.....	33.224	0	155.723	188.947
Fjárfestingareignir á gangvirði.....	0	25.970	69.061	95.031

Skýring 30. Óvissar skuldir

Loftslagsskuldbindingar Íslands gagnvart ESB eru flokkaðar sem óvissar skuldir í samræmi við IPSAS 19. Sú meðhöndlun byggir á því að ekki er unnt að leggja heildstætt mat á stöðu Íslands gagnvart skuldbindingum á reikningsskiladegi þar sem uppfærð losunargögn sem verða til grundvallar uppgjöri liggja ekki fyrir ásamt því að óvissa er um framtíðarverð, framboð á losunarheimildum og nýtingu sveigjanleikaákvæða milli neðangreindra kerfa.

Loftslagsskuldbindingar Íslands skiptast í samfélagslosun (ESR), landnotkun (LULUCF) og viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS). Uppgjör fer fram með aðskildum hætti fyrir kerfin þrjú, en nýta má sértæka losunarheimildasveigjanleika milli kerfa fyrir afgang heimildir, að því gefnu að kröfum reglugerðanna sé mætt.

Núgildandi skuldbinding Íslands samkvæmt regluverki ESB fyrir ESR samfélagslosun er 29% samdráttur árið 2030 miðað við 2005. Árið 2020 uppfærði ESB heildarmarkmið sitt fyrir losun árið 2030. Í þessari uppfærslu var skuldbinding 2030 fyrir samfélagslosun ESB í heild hækkuð úr 30% í 40% miðað við 2005. Reglugerð (ESB) 2018/842 var því uppfærð með nýjar skuldbindingar fyrir hvert aðildarríki ESB en sú reglugerð hefur enn ekki verið tekin upp í EES samninginn. Áhrif hugsanlegrar nýrrar löggjafar sem er talin mjög líkleg til að verða að lögum eru tekin með við mat á núverandi skuldbindingum. Vinna við uppfærðar skuldbindingar fyrir Ísland og Noreg er langt komin og áætlað er að ný skuldbinding fyrir Ísland undir samfélagslosun verði 41% samdráttur árið 2030 miðað við 2005.

Fyrri uppgjörstímabil LULUCF og ESR nær til árunna 2021–2025 og mun endanlegt uppgjör fara fram árin 2027 og 2028. Bráðabirgðamat bendir til þess að losun í ESR sé umfram úthlutanir, en með nýtingu ETS-sveigjanleika er gert ráð fyrir að Ísland standist skuldbindingar gagnvart ESB í samfélagslosun, hvort sem miðað er við 29% eða 41% samdrátt. Endanleg niðurstaða ræðst þó af stöðu í landnotkun en við uppgjör LULUCF færast skuldir sem kunnu að verða til vegna landnotkunar yfir á ESR uppgjör. Staða í landnotkun er enn óljós og getur bæði leitt til tekna eða skulda fyrir ríkissjóð.

Fyrir síðara tímabil, 2026–2030, bendir mat til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar miðað við núgildandi 29% samdráttarmarkmið í ESR með nýtingu ETS-sveigjanleika, en við væntanlega 41% skuldbindingu lítur út fyrir að ekki dugi að nýta ETS-sveigjanleika til að gera upp samfélagslosun umfram úthlutanir. Staða í landnotkun gæti þó einnig haft áhrif á það hvort og hversu mikið þurfi að kaupa af einingum til að gera upp umframlosun.

Óvissar skuldir eru ekki færðar í efnahag en upplýst er um þær í skýringum þegar vísbendingar eru um að þær verði mögulega að veruleika, þegar núverandi skuldbindingar eru til staðar sem mögulega munu leiða til greiðslu eða þegar núverandi skuldbindingar eru til staðar og líklegt er að til greiðslu komi en ekki er hægt að meta þær með áreiðanlegum hætti (ómælanlegar skuldbindingar).

Skýring 31. Atburðir eftir reikningsskiladag

Atburðir sem gerast eftir lok reikningsskiladags, geta haft áhrif á mat á fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Hér á eftir eru veittar upplýsingar um atburði sem vitað er um að gerst hafa fram að birtingu ríkisreiknings og munu geta haft þýðingu fyrir fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Sá fyrirvari er þó hafður á, að þeir atburðir sem hér eru tilgreindir, eru ef til vill ekki tæmandi.

Ríkissjóður Íslands gaf út í maí 2026 skuldabréf að fjárhæð 500 millj. evra, jafnvirði um 72 ma.kr. Skuldabréfin bera 3,25% fasta vexti og voru gefin út til 5 ára á ávöxtunarkröfunni 3,352%. Andvirði útgáfunnar verður varið í að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands og endurfjármagna eftirstöðvar útistandandi evrubréfs sem er á gjalddaga í júní 2026.

Gert var ráð fyrir að verðbólga á árinu 2026 yrði 4,3%. Verðbólga hefur verið hærri en búist var við og er 12 mánaða verðbólga í maí 2026 5,1%. Óvist er hver verðbólgan verður yfir árið en þar sem verðtryggð ríkisskuldabréf (RIKS) eru um 933 ma.kr. þá getur 1% hækkun verðbólgu aukið kostnað skulda um 9 ma.kr. á ársgrunni. Vegna aukinnar verðbólgu hafa stýrivextir verið hækkaðir í 7,75% en í áætlun var gert ráð fyrir 7,1% stýrivöxtum á árinu. Hækkandi stýrivextir hafa neikvæð áhrif á vaxtakostnað.

Alþingi samþykkti í apríl 2026 tímabundna aðgerð til að bregðast við verðhækkunum á olíu vegna stríðsátaka við Persaflóa og milda áhrifin á útgjöld heimila og fyrirtækja og almennt verðlag í landinu. Aðgerðin felur í sér tímabundna lækun virðisaukaskatts á eldsneyti úr 24% í 11%. Áætlað er að aðgerðin kosti ríkissjóð 3,5 ma.kr.

Fitch hækkaði lánshæfismat ríkissjóðs í febrúar 2026 úr A í A+. S&P staðfesti A+ lánshæfiseinkunn ríkissjóðs í mars 2026 og færði einkunnina samhliða á jákvæðar horfur. Bætt lánshæfismat leiðir að óbreyttu til bættra vaxtakjara ríkissjóðs.

Lagabreytingar á útfærslu námsstyrks og vaxtakjörum. Nú munu nemendur hljóta 20% styrk við lok hvernar annar og 10% við námslok, ljúki þeir námi tímanlega, í stað 30% við námslok, ljúki þeir námi tímanlega. Þessi breyting mun fela í sér aukningu á námsstyrk, með tilheyrandi kostnaði.

Vaxtaviðmið H-lána verða einnig breytt og munu nýir vextir miðast við 3ja ára meðalávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa á markaði með 5 ára líftíma, í stað þess að miðast við ávöxtunarkröfu skammtímafréða á hverjum tímapunkti. Þessi breyting felur í sér minni áhættu fyrir Menntasjóð námsmanna, þar sem vaxtakjör útlána sveiflast þá í takt við fjármögnun sjóðsins, og tekur mið af sömu vaxtaviðmiðum. Breytingarnar taka gildi 1. apríl 2026.

Árlega eru höfðuð ýmis dómsmál á hendur íslenska ríkinu. Málin eru af ýmsum gerðum og eðlisólík, t.d. einfaldar bótakröfur vegna afmarkaðra atvika, en önnur prófmál sem geta haft miklar afleiðingar langt umfram bótakröfur viðkomandi máls. Oft er mikil óvissa um lyktir mála og því getur reynst erfitt að áætla fjárhagslega áhættu ríkissjóðs.

Yfirstandandi eru dómsmál gagnvart ríkinu þar sem gerðar eru verulegar fjárkröfur á hendur ríkinu. Ekki er lagt mat á það hversu líklegt það er að ríkið verði fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum vegna ólokinnna mála en gerð er grein fyrir heildarkröfum. Mál þar sem heildarkröfur geta haft áhrif á ríkissjóð eru:

- 3 mál vegna lagningar Suðurnesjalínu 2. Hæstiréttur dæmdi íslenska ríkinu í vil 30. maí 2026.
- Gerðardómsmál – Landsvirkjun og íslenska ríkið – endurgjald sem Landsvirkjun ber að greiða fyrir nýtingu vindorku við Búrfellslund.
- Hvammsvirkjun - vegna lögmæti upphaflegra leyfa. Hæstiréttur dæmdi íslenska ríkinu í vil 10. júní 2026.
- atNorth ehf. gegn íslenska ríkinu - er í áfrýjunarferli. Varðar virðisaukaskatt á gagnaver. Krafan er upp á tæpar 300 millj. kr. Þetta mál getur haft áhrif á fleiri gagnaver. Getur hugsanlega haft áhrif á skattárin 2023 og 2024.
- Mál Kviku banka og sjö samkynja mál fyrrum stjórnenda þar sem samanlagðar endurgreiðslukröfur nema um það bil 300 m.kr.
- Mál annars vegar Lyfja og heilsu hf. og hins vegar Lyfjavals ehf. gegn Lyfjastofnun og íslenska ríkinu - krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna ákvörðunar Lyfjastofnunar um hámark smásöluálagningar ávísunarskyldra lyfja. Verði fallist á skaðabótaskyldu gæti sú niðurstaða haft áhrif á stöðu annarra apóteka og aðrar ákvarðanir Lyfjastofnunar.
- Protabú E34 ehf. gegn íslenska ríkinu. Mál þrotabús gegn ríkinu til riftunar á fjölmörgum greiðslum til Skattsins, endurgreiðslukrafa nemur um það bil 385 m.kr. Héraðsdómur sýknaði íslenska ríkið en þrotabúið hefur áfrýjað þeim dómi til Landsréttar.

Skýring 31. Atburðir eftir reikningsskiladag frh.

- Danól ehf. gegn íslenska ríkinu í máli sem varðar tollflokkun. Verði fallist á málstað fyrirtækisins kann það að leiða til endurgreiðslukrafna.
- Dista ehf. - lýtur að endurgreiðslu vegna endurákvörðunar tolla af braðgbættum síder. Undirliggjandi er 90 m.kr. endurkrafa, án vaxta. Samskonar mál Ölgerðarinnar er til meðferðar.
- Hvalur hf. gegn íslenska ríkinu og Matvælastofnun (til vara). Í málinu er viðurkenningar krafist á bótaskyldu vegna tímabundinnar stöðvunar á veiðum Hvals 8.
- Hvalur hf. gegn íslenska ríkinu. Í málinu er krafist viðurkenningar á bótaskyldu vegna setningar reglugerðar nr. 642/2023 sem breytti reglugerð um hvalveiðar en með breytingarreglugerðinni var hvalveiðum frestað tímabundið.
- Mál S8 ehf. gegn íslenska ríkinu þar sem krafist er viðurkenningar á skaðabótaskyldu - Útboðsmál.
- Mál einstaklings á hendur íslenska ríkinu vegna skerðingar á lífeyrisréttindum hjá LSR. Um er að ræða lágar fjárhæðir en getur falið í sér umtalsverða fjármuni (kerfislæga).
- Mál einstaklings á hendur íslenska ríkinu vegna fæðingarorlofs. Þar getur verið stór hópur sem fylgir sem á sambærilegan rétt.
- Með stefnu þingfesti 9. september 2021, höfðaði Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. mál á hendur ÍAV vegna galla í þaki fasteignarinnar en ÍAV sá um byggingu Hörpu. Harpa áfrýjaði dómi héraðsdóms til Landsréttar sem hefur staðfest fyrri dóm og telur að krafan sé fyrnd. Stjórn Hörpu hefur falið lögmönnum félagsins að óska eftir leyfi til Hæstaréttar Íslands til að áfrýja dómi Landréttar í málinu. Samkvæmt núvirtu mati VSB verkfræðistofu mun kostnaður við lagfæringar nema um 400 m.kr.

Skýring 32. Áhættuþættir og áhættustýring

Fjárhagsáhætta sú sem ríkissjóður stendur frammi fyrir í rekstri og efnahag er margvísleg og tengist bæði beinum og óbeinum skuldbindingum auk ytri áhættuþátta. Uppruni fjárhagsáhættu ríkissjóðs er því þekktur að hluta, en einnig eru til staðar óvissuþættir sem ekki er vitað um hvort og hvenær raungerast. Skuldahlutfall ríkissjóðs hækkaði mikið í upphafi áratugarins en fer nú lækkandi. Markaðsvextir hafa hækkað samhlíða væntingum um hærri verðbólgu til lengri tíma og eru stýrivextir Seðlabanka Íslands enn háir sem eykur á fjármögnunarkostnað ríkissjóðs. Áhættu í fjármálum ríkissjóðs verður því að stýra út frá hærri skuldastöðu en oft áður og í umhverfi hærri verðbólgu og vaxta sem gerir efnahagsreikning ríkissjóðs viðkvæmari fyrir áföllum en við lægra skuldastig.

Hér á eftir er tæpt á helstu áhættuþáttum sem ríkissjóður stendur frammi fyrir og þeim megin ramma, stefnum og viðmiðum sem viðhöfð eru við rekstur og áhættustýringu ríkissjóðs.

Stefna í lánamálum

Stefna í lánamálum ríkisins endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Leitast er við að marka skýra stefnu í lánamálum og setja fram mælanleg markmið. Stefnan skapar þannig umgjörð fyrir aðgerðir í lánastýringu ríkissjóðs.

Við stýringu á skuldum ríkissjóðs eru eftirfarandi meginmarkmið höfð að leiðarljósi:

1. Að tryggja að lánsfjárbörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði til lengri tíma litið að teknu tilliti til varfærinna áhættustefnu.
2. Að tryggja að endurgreiðsluferill lána sé í samræmi við greiðslugetu ríkisins til lengri tíma litið og lágmarki endurfjármögnunaráhættu.
3. Að viðhalda og stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.
4. Að höfða til breiðs hóps fjárfesta í ríkisverðbréfum og nýta fjölbreytta fjármögnunarmöguleika.

Við stýringu á skuldum þarf að taka tillit til áhættuþátta sem tengjast markaðssveiflum svo sem sveiflum á vöxtum, gengi og verðbólgu. Einnig er áhætta tengd endurfjármögnun útstandandi lána. Hér á eftir verður fjallað um stýringu þessara mismunandi áhættuþátta.

Markaðsáhætta

Óstöðugleiki á fjármálamörkuðum, hvort sem hann stafar af sveiflum vaxta, gjaldeyris eða verðbólgu, getur leitt til sveiflna á markaðsvirði lánasafnsins, breyttra lánskjara og afborgunarbyrði. Þessir áhættuþættir eru yfirleitt nefndir markaðsáhætta. Með skilvirkri áhættustýringu er leitast við að draga úr áhættu samtímis því að lágmarka vaxtakostnað lánasafnsins.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta lýtur að þeirri áhættu að fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs hækki vegna breytinga á vaxtakjörum. Það getur bæði haft áhrif á kjör á því lánasafni sem þegar er útstandandi, en einnig á vaxtakjör á framtíðarlántökum. Vaxtaáhættan er þannig háð samsetningu lánasafnsins. Ef um breytilega vexti er að ræða felst áhættan í að vextir hækki og þar með vaxtakostnaður ríkissjóðs. Ef vextir á langtímalánum eru fastir er hættu á að ríkissjóður verði af vaxtasparnaði ef vextir lækka á markaði. Breytingar á vaxtastigi hafa einnig áhrif á fjármögnunarkostnað af framtíðarlántökum og endurfjármögnun á þegar teknum lánum. Vextir hafa farið hækkanði undanfarin ár með neikvæðum áhrifum á fjármagnskostnað ríkissjóðs.

Meirihluti útgefinna ríkisverðbréfa, innlendra og erlendra, ber fasta vexti og greiðsluflæði þeirra er því þekkt út líftímann ef frá er talinn verðbótaþáttur verðtryggðra lána. Lítt hluti lána ríkissjóðs ber breytilega vexti þannig að greiðsluflæði þeirra mun breytast með breytingum á grunnvöxtum lánanna. Með vaxtaskiptasamningum er hægt að hafa áhrif á vaxtakostnað ríkissjóðs, hlutfall breytilegra og fastra vaxta, vægi verðtryggingar í lánasafni og stýra meðallíftíma lánasafnsins. Í stefnu í lánamálum síðustu ára hefur það komið fram að ríkissjóður kunni að nýta sér slíka samninga þyki það hagfelld fyrir ríkissjóð.

Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta snýr að því að verðbólga auki verðbætur verðtryggðra skulda ríkissjóðs og hækki fjármögnunarkostnað ríkissjóðs ásamt fleiri gjaldaliðum er tengdir eru verðlagi. Í árslok 2025 námu verðtryggð lán A1-hluta ríkissjóðs 933 ma.kr. sem er um 42% af lánasafni. Á móti kemur að ríkissjóður á verðtryggðar eignir, eins og útstandandi lán til lánasjóða, sem dregur úr verðbólguáhættu en verðtryggingarjöfnuður í lok árs 2025 vegna A-1 hluta ríkissjóðs var neikvæður um 828 ma.kr.

Skýring 32. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Markaðsáhætta, frh.

Verðbólguáhætta frh.

Hægt er að stýra verðbólguáhöttu með afleiðum. Á haustmánuðum 2018 tók ríkissjóður fyrstu skref í notkun vaxtaskiptasamninga á innlendum markaði með það að markmiði að draga úr verðtryggingaráhöttu ríkissjóðs. Í árslok 2025 var ríkissjóður með útistandandi samninga að nafnvirði 13 ma.kr. Meginmarkmið með notkun þeirra er að stýra verðbólguáhöttu ríkissjóðs og minnka á sama tíma neikvæðan verðtryggingarjöfnuð mótaðila. Ákvörðun um útgáfu þeirra tekur mið af aðstæðum á markaði hverju sinni.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta að skuldastaða ríkissjóðs versni vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Bein gjaldeyrisáhætta ríkissjóðs er takmörkuð á meðan innstæður ríkissjóðs í erlendri mynt standa á móti erlendum skuldum ríkissjóðs.

Innstæður ríkissjóðs í erlendri mynt eru hluti af gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Gjaldeyrisforðanum er stýrt með virkum hætti samkvæmt viðmiðum sem sett eru um gjaldmiðlasamsetningu. Seðlabanki Íslands leitast við að halda gjaldeyrisáhöttu gjaldeyrisforðans í lágmarki. Ríkissjóður leitast almennt við að hafa gjaldeyrisjöfnuð í jafnvægi.

Endurfjármögnunar- og lausafjáráhætta

Endurfjármögnun er einn stærsti áhættuþáttur sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á næstu árum, í kjölfar mikillar skuldaaukningar. Endurfjármögnunaráhætta er sú áhætta sem fylgir því að lántaki geti lent í erfiðleikum með að fá nýtt lán til þess að fjármagna greiðslur á eldra láni. Hún eykst eftir því sem skuldir vaxa og meðaltími skulda er styttri vegna þess að það krefst tíðari endurfjármögnunar. Til að draga úr endurfjármögnunaráhöttunni er miðað við að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa sé sem jafnastur til lengri tíma lítið. Stórir flokkar ríkisskuldabréfa verða á gjalddaga á næstu árum. Gjalddaga þeirra þarf að fjármagna samhliða áætlaðri neikvæðri greiðsluafkomu ríkissjóðs.

Lausafjáráhætta er hættan á því að ríkissjóður geti ekki staðið við eða lenti í erfiðleikum við að mæta fjárskuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið ríkissjóðs er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að alltaf sé nægt laust fé til að mæta skuldbindingum á gjalddaga. Miðað er við að innstæður A1-hluta ríkissjóðs í krónum skuli að jafnaði standa sem næst 40 ma.kr. Aðstæður geta komið upp þar sem þörf er á hærri innstæðum t.a.m. þegar óvissa um greiðsluafkomu ríkissjóðs eykst tímabundið eða þegar stytst í stóra gjalddaga á ríkisskuldabréfum.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ríkissjóðs ef viðskiptamaður eða mótaðili á í vanskilum eða getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta ríkissjóðs er takmörkuð og verður fyrst og fremst til vegna útlána, afleiðusamninga, verðbréfalána og handbærs fjár. Útlán ríkissjóðs til annarra aðila en ríkisaðila eru í flestum tilvikum tryggð með veðum eða ábyrgðum frá viðskiptavinum.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta vegna taps sem stafar af ófullnægjandi eða gölluðum innri verkferlum, mistökum og aðgerðum eða aðgerðaleysi starfsmanna, sviksemi, ófullnægjandi upplýsingakerfum eða vegna ytri atburða í rekstri ríkissjóðs. Rekstraráhætta nær til starfsmannaáhöttu, áhöttu vegna svika, áhöttu vegna upplýsingataekni, áhöttu vegna aðstöðu eða ófullnægjandi öryggisráðstafana, lagalega áhöttu og upplýsingaáhöttu. Aðrir helstu áhættuþættir rekstraráhöttu eru útvistunaráhætta og orðsporsáhætta.

Óvænt neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs

Óvænt útgjöld eða fall í tekjum ríkissjóðs getur falið í sér aukna áhöttu fyrir ríkissjóð. Útgjöld til varnarmála er dæmi um slík útgjöld. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Haag í júní 2025 skuldbundu bandalagsríki sig til að verja 5% af vergri landsframleiðslu (VLF) til varnarmála fyrir árið 2035, þar af 3,5% til hermála og 1,5% til varnartengdra verkefna. Ísland hefur í gegnum árin verið undanþegið viðmiðum um útgjöld til hermála en öðru máli mun gegna um hinn nýja flokk varnartengdra útgjalda.

Af þessu leiðir að Ísland mun þurfa að auka framlög til varnarmála og varnartengdra verkefna umtalsvert á næstu árum. Rétt er að vekja athygli á að megin þorri þessara útgjalda nýttist jafnt í hernaðarlegum og borgaralegum tilgangi.

Skýring 32. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Óvænt neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs, frh.

Fyrsta greining á útgjöldum til varnar- og öryggismála gefur til kynna að 0,92% af vergri landsframleiðslu fari í verkefnið. Á tímabili fjármálaáætlunar 2027-2031 mun þetta hlutfall aukast til ársins 2030 þegar það nær 1% og verður svo óbreytt árið eftir. Næstu skref innan stjórnarráðsins er að gera áætlun um hvernig markmiðum NATO verði náð innan þess tímaramma sem samþykktur var á leiðtogafundi bandalagsins á síðasta ári.

Lífeyrisskuldbindingar

Áhætta ríkissjóðs af lífeyrisskuldbindingum snýr helst að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en þær eru háðar ytri og hagrænum breytum. Áhætta ríkissjóðs snýr m.a. að launahækkunum opinberra starfsmanna umfram væntingar, ávöxtun eigna og lífslíkum sjóðfélaga. Ríkissjóður ber bæði ábyrgð á lífeyrishækkunum sem launagreiðandi og bakábyrgð sem upp á vantar þegar eignir sjóðsins hafa allar verið nýttar. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 1.098 ma.kr. í árslok 2025. Verði t.a.m. launahækkanir meiri eða ávöxtun eigna minni en gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegu mati á skuldbindingunni eykst umfang bakábyrðinnar og krafa á ríkissjóð í framtíðinni. Ríkissjóður greiðir bæði reglulega og óreglulega upp í bakábyrgð gagnvart B-deild LSR til að draga úr þörf á greiðslum síðar.

Ríkisábyrgðir og endurlán

Ríkisábyrgðum fylgir áhætta fyrir ríkissjóð þar sem fjárhagslegar skuldbindingar gætu fallið á ríkissjóð. Í grundvallaratriðum eru ríkisábyrgðir tvenns konar. Annars vegar getur ríkissjóður, á grundvelli sérstakrar lagaheimildar, veitt aðilum ábyrgð sem bundin er við tiltekið lán þeirra. Hins vegar getur ríkissjóður verið veitt ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum bein lán í gegnum endurlán ríkissjóðs.

Í flestum tilfellum er ríkisábyrgð færð sem skuldbinding utan efnahagsreiknings þar til líklegt þykir að hún falli á ríkið. Helsta áhættan af ríkisábyrgðum felst í því að þær skapa óbeinar skuldbindingar sem geta skyndilega fallið á ríkissjóð og raskað ríkisfjármálum ef skuldari getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Ríkisábyrgðir koma ekki fram sem skuldir í ríkisreikningi fyrir en ábyrgðin fellur á ríkið. Þetta getur falið raunverulega stöðu ríkisfjármála og gert fjárhagsgreiningu erfiðari. Handhafar ríkisábyrgðar geta haft tilhneigingu til að taka meiri áhættu en ella þar sem ríkið þarf að stíga inn ef illa fer. Einnig geta ríkisábyrgðir skapað væntingar á markaði um að ríkið muni ávallt grípa inn í, sem skekkir samkeppnisstöðu og hvetur til óhagkvæmrar fjárfestingar. Þó svo útgáfu ríkisábyrgðar fylgi ekki eiginleg greiðsla eða skuld þá fylgir þeim veruleg áhætta sem getur raungerst löngu eftir að ábyrgðin er veitt. Ríkisábyrgðir ætti því einungis að veita í algerum undantekningartilfellum s.s. við markaðsbrest.

Ríkissjóður hefur stefnt að því að draga úr umfangi ríkisábyrgða. Hefur það gengið eftir og ekki er gert ráð fyrir frekari ríkisábyrgðum á tímabili áætlunarinnar. Ábyrgðirnar nema í lok árs 2025 samtals um 106 ma.kr., eða um 2% af VLF. Ríkisábyrgðir námu 789 ma.kr. í árslok 2024, fyrir uppgjör ÍL-sjóðs, en náðu hámarki í lok árs 2012 er þær námu 1.320 ma.kr. (74% af VLF).

Almenn eigendastefna

Eigendastefna ríkisins er í samræmi við 44. gr. laga um opinber fjármál og byggir á því að félög í eigu ríkisins séu rekin með faglegum og gagnsæjum hætti þannig að almennt traust ríki á stjórn og starfsemi þeirra. Markmið ríkisins með eignarhaldi í tilteknum félögum koma oft fram í lögum um hlutaðeigandi félög hafi þau verið stofnsett á grundvelli laga. Sérstök lagaákvæði ganga þá augljóslega framur ákvæðum í eigendastefnu þessari og verður að skýra hana með hliðsjón af þeim ákvæðum. Einnig koma markmið ríkisins með eignarhaldi almennt fram í stofnsamningum og samþykktum félaganna og jafnvel sérstökum þjónustusamningum við ríkið.

Þegar ríkið fer með eignarhald í félagi er lögð mikil áhersla á langtímasjónarmið um uppbyggingu og rekstur þess. Jafnframt er lögð áhersla á að félög í eigu þess, sérstaklega þegar þau sinna samkeppnisrekstri, skili ásættanlegri afkomu og tryggi viðhald tekjumyndandi eigna. Í því felst m.a. að ríkissjóður fái eðlilegan arð af eigin fé í samræmi við áhættu rekstrar. Miðað er við að félög hafi á hverju ári samráð við stjórnvöld sem fara með eignarhald, um sérstök markmið í rekstri og áætlun til næstu fimm ára. Í tengslum við aðalfund félaga skal síðan farið yfir árangur ársins á undan.

Skýring 32. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Almenn eigendastefna, frh.

Til viðbótar við almenna eigendastefnu hefur ríkið sett sér sérstaka eigendastefnu fyrir fjármálafyrirtæki. Sú stefna snýr annars vegar að ríkinu sem eiganda eignarhluta í fjármálafyrirtækjum og hins vegar snýr hún að markmiðum um sölu og eignarhald í félögum til framtíðar. Mikilvægt er að umsýsla þessara eignarhluta sé fagleg, traust og á markaðsforsendum, meðal annars til að hámarka söluandvirði og arðgreiðslur fyrir skattgreiðendur, enda um verðmætar samfélagseignir að ræða, auk þess að gæta langtímahagsmuna ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu.

Félög í eigu ríkisins

Opinber fyrirtæki geta haft bein neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs ef illa árar og verið veruleg uppspretta fjárhagsáhættu og óvissra skuldbindinga. Nánar er fjallað um rekstur ríkisaðila og fyrirtæki í ríkiseigu í kaflanum hér á eftir.

Rekstur ríkisaðila

Rekstur ríkisaðila í A-hluta getur falið í sér áhættu fyrir ríkissjóð. Áhættustefna ríkissjóðs felur í sér aðhald í fjármálum stofnana sem falla þar undir. Lög nr. 123/2015 um opinber fjármál setur ríkisaðilum ákveðinn ramma um rekstur og tekur jafnframt á aðhaldi og eftirliti með fjárhag og rekstri þeirra sbr. 31.-35. gr. laganna. Ríkisaðilar skulu á hverju ári móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir a.m.k. næstu þrjú ár. Í stefnunni skal meðal annars greina frá markmiðum og almennum áherslum og hvernig þeim verði náð með tilliti til áætlaðra fjárveitinga. Gera skal grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og niðurstöðum slíks mats fyrir næstliðin ár. Þá skulu ríkisaðilar leggja fyrir hlutaðeigandi ráðherra áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum. Í henni skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins. Jafnframt skal sýna markmið starfseminnar og þá mælikvarða sem beitt er við mat á árangri.

Að staðaldri metur hver ráðherra langtímahorfur um fjárhagslega framvindu á þeim málefnasviðum og innan þeirra málaflokka sem hann ber ábyrgð á. Þá eru greindir þeir áhættuþættir sem valdið geta frávikum frá áætlunum eða bakað geta ríkissjóði fjárhagslegar skuldbindingar og þannig raskað áætlunum um afkomu ríkissjóðs til lengri tíma. Tilkynnt skal um hugsanlega áhættuþætti og gerðar eru tillögur um hvernig brugðist verður við þeim. Þá hefur hver ráðherra reglubundið eftirlit með fjárhag ríkisaðila í A1-hluta sem stjórnarmálefnasviði hans tilheyra og greina og bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri. Ef hætta er á að útgjöld verði umfram fjárveitingar skal hann leita leiða til að lækka gjöld innan ársins, millifæra fjárveitingar innan málaflokka eða nýta varasjóði þannig að útgjöld verði ekki umfram fjárveitingar. Öll ráðuneyti eiga að skila fjármála- og efnahagsráðuneyti ársfjórðungslega greinargerð um samanburð raunútgjalda og fjárheimilda og þar sem um veruleg frávik er að ræða skal tilgreina fyrirhuguð viðbrögð vegna þeirra.

Áhætta tengd eignarhaldi í C-hluta félögum

Rekstur ríkisaðila í C-hluta getur falið í sér áhættu fyrir ríkissjóð. Þessi félög eru fjölbreytt að eðli og umfangi og eru sum rekin á samkeppnismarkaði, önnur gegna afmörkuðu opinberu hlutverki og enn önnur eru að hluta í eigu ríkisins ásamt öðrum hluthöfum.

Fjárhagsleg áhætta

Verðmæti eignarhluta í C-hluta félögum getur breyst til samræmis við rekstrarniðurstöður, markaðsaðstæður og fjármagnsskipan viðkomandi félaga. Þar sem hlutir eru ekki skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsvirði þeirra oft óljóst og mat á virði felur í sér töluverða óvissu. Skuldbindingar ríkisins geta aukist komi til þess að félög þarfnist viðbótarfjármagns eða ríkisábyrgðar á skuldum.

Áhætta vegna takmarkaðs eignarvalds

Þar sem ríkið á minnihlutaeignarhluti í hluta C-félaga hefur það takmarkað bein áhrif á stjórnun, arðgreiðslur og fjárfestingaráætlanir. Þetta getur leitt til þess að hagsmunir ríkisins sem eiganda fara ekki alltaf saman við ákvarðanir meirihlutahluthafa.

Rekstraráhætta einstakra C-félaga

Rekstraráhætta einstakra C-félaga endurspeglast að hluta til í efnahagsreikningi ríkisins í gegnum virðisbreytingar og arðgreiðslur. Félög sem starfa á samkeppnismarkaði búa við áhættu á tekjumissi, hækkuðum rekstrarkostnaði eða tæknilegum breytingum sem geta haft neikvæð áhrif á afkomu og þar með á eignastöðu ríkisins.

Skýring 32. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Áhætta tengd eignarhaldi í C-hluta félögum, frh.

Lagaleg og reglubundin áhætta

Breytingar á laga- og regluumhverfi, þ.m.t. samkeppnisreglum, umhverfiskröfum og sértækum lögum er varða starfssvið einstakra félaga, geta haft veruleg áhrif á rekstrarforsendur og þar með á virði eignarhluta ríkisins.

Stjórnarháttar- og mannauðsáhætta

Gæði stjórnunar, hæfni stjórnar og skipan framkvæmdastjórnar hafa bein áhrif á langtíma virði félaga. Skiptist áhættan annars vegar á hvernig ríkið sinnir eigandahlutverki sínu – þ.m.t. val á stjórnarmönnum og markmiðssetning – og hins vegar á innri stjórnarhætti félaganna.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fylgist með stöðu fyrirtækjanna sem það á eignarhlut í og metur reglulega forsendur eignarhalds ríkisins á þeim í samræmi við eigandastefnu ríkisins.

Áhættustýring vegna lánveitinga úr ríkissjóði

Markmið ríkissjóðs er að vinna að því að bæta áhættustýringu og draga þannig markvisst úr áhættu og kostnaði við lánveitingar úr ríkissjóði. Þannig er t.a.m. ákvarðað í fjármálaáætlun og á fjárlögum heimildir til útlána til tiltekinna verkefna, í samræmi við pólitísk markmið og stefnumótun þar um. Þetta á við um öll útlán ríkissjóðs, hvort sem þau eru veitt af ríkissjóði beint eða lánasjóðum í eigu ríkissjóðs sem eru fjármagnaðir með endurlánum. Samhliða fær ríkissjóður heimild til að taka lán til að fjármagna lánveitingar þessar. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við markmið laga um opinber fjármál og er til þess fallið að tryggja hagkvæma nýtingu á fjármunum ríkissjóðs og að umsvif útlána séu endurspegluð í áætlunum ríkisins og séu í samræmi við hagstjórnaráherslur hvers tíma.

Lánveitingum ríkissjóðs, hvort sem það er í nafni lánasjóða eða ríkissjóðs beint, fylgir margvísleg áhætta. Því er mikilvægt að um veitingu útlána gildi skýrar reglur og að í tilviki lánasjóða taki skipulag þeirra, bæði hvað varðar fjármagnsskipan og verklag, mið af því að lágmarka áhættu og kostnað ríkissjóðs með markvissum hætti. Í tilviki lánasjóða liggur útlánaáhætta hjá sjóðunum og áhættustýring vegna þeirrar áhættu. Gert er ráð fyrir að vaxtamunur sjóðanna endurspegli þá áhættu og að eigið fé standi undir því tapi sem myndast. Mikilvægt er að haldið sé utan um þessa áhættu hjá sjóðunum þrátt fyrir að útlánaáhættan sé á endanum ríkissjóðs, þ.e. ríkissjóður ber ábyrgð á að eigið fé sjóðanna sé í samræmi við markmið. Verði sjóðirnir fyrir áfalli þarf ríkissjóður að leggja þeim til eigið fé.

Markmiðið er að uppgreiðslu-, vaxta- og verðbólguáhætta vegna þessara útlána sé borin af ríkissjóði sem leggi álag á fjármögnunarkjör sín til að mæta þeirri áhættu. Varðandi sjóðstýringu eininga er því mikilvægt að sjóðstýring þeirra sjóða sem njóta beinnar fjármögnunar ríkissjóðs sé felld að sjóðstýringu ríkissjóðs í heild. Með því næst hagkvæmni í minni heildarkostnaði við sjóðstýringu þar sem einstaka aðilar þurfa ekki að byggja upp einingar til að sinna virkri stýringu. Einnig er komið í veg fyrir að ríkissjóður þurfi að afla sér lausafjár á markaði á sama tíma og ríkisaðilar séu að leita að ávöxtun á lausafé, sem ekki sé þörf fyrir í starfsemi þeirra. Misræmi í innstreymi vegna afborgana og uppgreiðslna veittra lána og fjármögnunar ríkissjóðs getur valdið vaxtaáhættu og lausafjárstýringaráhættu. Með speglun á skilmálum endurlána ríkissjóðs og útlána lánasjóða dregur úr heildaráhættu eininga og sú áhætta sem starfseminni fylgir færast til ríkissjóðs. Ríkissjóður þarf því að hafa góða heildaryfirsýn yfir þróun lánasafna lánasjóða til að geta brugðist við breytingum í þeim.

Seðlabanki Íslands

Afkoma Seðlabankans er mjög háð gengi íslensku krónunnar enda eru eignir bankans í erlendri mynt vegna gjaldeyrisforða mun meiri en erlendar skuldir. Endurmat verðbréfa í forða og rekstur Seðlabankans getur að sama skapi haft áhrif. Af þessum sökum ríkir sem fyrr óvissa um afkomu bankans og þörf hans fyrir eigið fé. Eiginfjármarkmið bankans var ákveðið af bankaráði bankans á árinu 2025 sem 150 ma.kr. Þrátt fyrir að eigið fé hafi verið undir markmiði kallaði bankinn ekki eftir auknu eigin fé.

Samstarfsverkefni hins opinbera og einkaaðila

Samstarfsverkefni ríkissjóðs og einkaaðila (e. *Public private partnership*) geta falið í sér fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð þótt engin ríkisábyrgð hvíli á verkefnunum. Í slíkum samstarfsverkefnum geta komið upp aðstæður þar sem verkefni þurfa fjármagn umfram það sem áætlað er í gildandi fjárlögum.

Skýring 32. Áhættuþættir og áhættustýring, frh.

Langtímasamningar

Ríkissjóður, ráðuneyti og ríkisstofnanir stofna jafnan til ýmissa samninga sem fela í sér skuldbindingar sem ná fram yfir reikningsárið. Í séryfirliti er gerð grein fyrir slíkum samningum og árlegar greiðslur af þeim áætlaðar.

Eignarhlutir í erlendum fyrirtækjum og sjóðum

Í efnahagsreikningi er fært til eignar það erlenda stofnfé sem greitt hefur verið. Til viðbótar við það er svokallað innkallanlegt stofnfé sem ekki er fært í efnahagsreikning. Skýr skilyrði í samþykktum þeirra alþjóðastofnana sem um ræðir, eru fyrir slíkri innköllun. Þá getur komið til sértækra framlaga í samræmi við samþykktir alþjóðastofnana.

Aðrir áhættuþættir

Ríkið ber ekki lögbundna ábyrgð á skuldum sveitarfélaga en fjárhagsstaða þeirra getur falið í sér almenna áhættu ef einstök sveitarfélög megna ekki að gegna hlutverki sínu. Samkvæmt lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir ákveðinni aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að því að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga. Auk þess er skuldastaða sveitarfélaga í heild áhætta fyrir efnahagslífið og ríkissjóð. Alþingi samþykkti lög um málefni sveitarfélaga árið 2011 þar sem komið var á auknum aga og skýrari reglum í fjármálum sveitarfélaga ásamt auknu eftirliti og upplýsingagjöf um fjármál þeirra. Með lögum um opinber fjármál urðu síðan umtalsverðar breytingar á samstarfi ríkis og sveitarfélaga hvað varðar almenna stefnumörkun sem lýtur að útgjalda- og tekjuþróun, afkomu og þróun eigna og skulda. Þar með skapaðist betra færi til að tryggja að afkoma sveitarfélaga í heild lúti skilgreindum markmiðum og að komið verði í veg fyrir hallarekstur sem kynni hugsanlega að kalla á fjáruútlát af hálfu ríkisins.

Lagaumgjörð og eftirlit með fjármálakerfinu hefur tekið miklum breytingum frá árinu 2008. Kröfur um stjórnarhætti í fjármálafyrirtækjum eru nú gerbreyttar og miða að því að áhættan af rekstri þeirra verði í meira mæli borin af eigendum fyrirtækjanna. Með nýjum lögum um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja er enn dregið úr líkum á því að áföll í rekstri þeirra lendi á almenningi og ríkissjóði. Meðal þess sem þar er að finna er nýtt hámark á innstæðutryggingar sem miðast við 100 þúsund evrur, en áður var um rúmlega 20 þúsund evra lágmark að ræða. Framkvæmd eftirlits á fjármálamarkaði hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum, til dæmis með upptöku áhættumiðaðs eftirlits. Þá hafði sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlits meðal annars það markmið að efla traust og tryggja skilvirkni við framkvæmd þjóðhagsvarúðar og fjármálaeftirlits. Allar þessar breytingar stuðla að því að mjög verulega hefur dregið úr líkum á því að reyni á aðkomu ríkisins vegna áfalla í rekstri fjármálafyrirtækja umfram það sem leiðir af eignarhlut hans í bönkunum.

ÞRÍÐJI HLUTI:
SÉRYFIRLIT
A1-HLUTI RÍKISSJÓÐS



2025

FJÁRSÝSLAN

Séryfirlit 1a. Yfirlit um afkomu

Í millj. kr.	2025	2024
Tekjur		
Skatttekjur.....	1.054.174	1.022.593
Tryggingagjöld.....	132.795	116.746
Skatttekjur.....	1.186.969	1.139.339
Aðrar ríkistekjur.....	34.712	27.581
Ríkistekjur samtals.....	1.221.681	1.166.920
Sala á vöru og þjónustu.....	32.605	31.567
Aðrar tekjur.....	22.648	25.069
Heildartekjur af rekstri.....	55.253	56.636
Tekjur samtals án fjármunatekna og söluhagnaðar.....	1.276.934	1.223.556
Gjöld		
Tilfærslur.....	640.896	606.126
Laun og launatengd gjöld.....	335.525	306.921
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	140.236	46.461
Annar rekstrarkostnaður.....	284.770	265.082
Afskriftir og niðurfærslur.....	28.188	25.920
Gjöld samtals án fjármagnsgjalda og sölutaps.....	1.429.615	1.250.510
Afkoma af rekstri án fjármunatekna, fjármagnsgjalda og söluhagnaðar / - sölutaps og matsbreytinga eigna	-152.681	-26.954
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármunatekjur.....	50.578	31.460
Fjármagnsgjöld.....	-146.843	-107.613
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals.....	-96.265	-76.153
Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna		
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagerningum, nettó.....	-9.964	0
Matsbreytingar eigna.....	-1.281	0
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra liða, nettó.....	623	-111
Söluhagnaður / sölutap og matsbreytingar eigna samtals.....	-10.622	-111
Hlutdeildaráhrif		
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga.....	81.506	47.048
Afkoma ársins.....	-178.062	-56.170

Séryfirlit 1b. Efnahagsreikningur

Í millj. kr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir		
Handbært fé.....	419.031	359.698
Skattkröfur.....	236.490	264.853
Markaðsverðbréf og afleiður.....	1.503	0
Hlutdeildarfélög.....	1.198.410	1.272.682
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	28.769	17.102
Útlán og aðrar lánveitingar.....	512.514	268.977
Birgðir	5.764	5.502
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	899.947	955.684
Óefnislegar eignir.....	10.074	10.012
Afnotaréttur af leigueignum.....	21.311	23.538
Aðrar kröfur.....	55.560	67.397
Eignir samtals.....	3.389.374	3.245.445
Skuldir		
Lántökur.....	2.264.164	1.983.810
Aðrar skuldir.....	176.722	167.022
Lífeyrisskuldbindingar.....	1.097.565	932.890
Leiguskuldbinding.....	22.415	24.161
Aðrar skuldbindingar.....	23.676	26.448
Skuldir samtals.....	3.584.542	3.134.332
Eigið fé samtals.....	-195.168	111.113

Séryfirlit 1c. Sjóðstreymi

Í millj. kr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri		
Afkoma ársins.....	-178.062	-56.170
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi		
Söluhagnaður / sölutap fjárhagslegra eigna.....	9.964	111
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra eigna.....	-623	0
Hlutdeild í afkomu tengdra aðila.....	-81.506	-47.048
Afskriftir, niðurfærslur og virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna.....	28.188	25.920
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	96.265	76.153
Matsbreytingar eigna.....	1.281	0
Lífeyrisskuldbinding.....	140.236	46.461
Aðrir reiknaðir liðir.....	4.431	0
	20.174	45.427
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Lækkun / - hækkun krafna.....	38.692	-21.620
Lækkun / - hækkun birgða.....	-262	-689
Hækkun / - lækkun skulda.....	14.238	-6.845
	52.669	-29.154
Innborgaðir vextir.....	24.828	24.019
Greiddir vextir.....	-113.603	-85.150
Handbært fé til rekstrar.....	-15.933	-44.857

Séryfirlit 1c. Sjóðstreymi

Í millj. kr.

2025

2024

Fjárfestingarhreyfingar

Arðgreiðslur hlutdeildarfélagum.....	54.391	70.722
Söluverð eignarhluta í félögum.....	88.891	0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna.....	19.196	1.817
Sala óefnislegra eigna.....	38	1
Afborganir af veittum lánum.....	40.928	7.201
Kaup og bygging varanlegra rekstrarfjármuna.....	-47.340	-64.479
Kaupverð óefnislegra eigna.....	-3.051	-4.101
Kaup eignarhluta í félögum.....	-5.879	-44.037
Veitt lán.....	-32.029	-25.869
Fjárfestingarhreyfingar samtals.....	115.145	-58.746

Fjármögnunarhreyfingar

Útgefin skuldabréf.....	565.202	366.924
Afborganir og endurkaup.....	-580.995	-162.117
Afborgun leiguskuldbindingar.....	-2.653	-3.062
Lífeyrisskuldbindingar.....	-54.263	-42.183
Fjármögnunarhreyfingar samtals.....	-72.709	159.564

Hækkun / - lækkun á handbæru fé

Handbært fé í byrjun árs.....	359.698	311.769
Handbært fé vegna sameiningar.....	26.959	0
Gengismunur handbærs fjár í ársbyrjun.....	5.871	-8.032
Handbært fé í árslok.....	419.031	359.698

Skýrirlit 2. Heildarafkoma - samanburður við fjárlög

Í millj. kr.

	Reikningsskil aðlöguð að fjárlagagrunni	Fjárlög	Frávik frá fjárlögum	Áætlun	Frávik frá áætlun
Heildartekjur	1.489.014	1.420.626	68.388	1.493.209	-4.195
Skatttekjur	1.138.148	1.120.164	17.983	1.157.508	-19.360
Skattar á tekjur og hagnað	508.598	506.800	1.798	516.900	-8.302
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	12.963	12.949	14	12.950	13
Eignarskattar	15.123	12.127	2.996	15.727	-604
Skattar á vöru og þjónustu	576.517	563.758	12.759	586.721	-10.204
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	7.717	6.420	1.297	7.320	397
Aðrir skattar	17.230	18.110	-880	17.890	-660
Tryggingagjöld	152.977	148.590	4.387	151.726	1.251
Fjárframlög	13.796	7.452	6.344	7.699	6.097
Aðrar tekjur	184.094	144.419	39.675	176.276	7.818
Eignatekjur	119.609	94.623	24.987	124.668	-5.059
Þ.a. vaxatekjur	50.237	39.604	10.632	56.449	-6.212
Þ.a. arðgreiðslur	52.910	42.416	10.494	53.820	-910
Sala á vöru og þjónustu	46.372	43.129	3.244	44.236	2.136
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	18.112	6.668	11.444	7.372	10.740
Heildargjöld	1.554.978	1.483.228	71.750	1.528.206	26.772
Rekstrarútgjöld	1.489.375	1.462.602	26.773	1.524.470	-35.095
Laun	329.734	325.775	3.959	345.445	-15.711
Kaup á vöru og þjónustu	247.162	235.496	11.665	234.404	12.757
Afskriftir	30.415	74.799	-44.384	94.989	-64.574
Vaxtagjöld	166.687	120.150	46.537	144.524	22.163
Framleiðslustyrkir	64.365	71.851	-7.486	68.851	-4.486
Fjárframlög	523.048	508.721	14.327	527.012	-3.964
Félagslegar tilfærslur til heimila	34.333	36.476	-2.143	34.476	-143
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	93.632	89.335	4.297	74.769	18.863
Fastafjárútgjöld	65.602	20.626	44.977	3.736	61.867
Fjárfesting í efnislegum eignum	96.017	95.424	593	98.724	-2.707
Afskriftir (-)	-30.415	-74.799	44.384	-94.989	64.574
Heildarafkoma	-65.963	-62.602	-3.361	-34.997	-30.966
Frumjöfnuður	50.487	17.943	32.544	53.078	-2.591
Vaxtajöfnuður	-116.450	-80.545	-35.905	-88.075	-28.375

Séryfirlit 2. Heildarafkoma - samanburður við fjárlög

Aðlögun reikningsskila að grunni fjárlaga

Afkoma ríkissjóðs fyrir A1-hluta ríkissjóðs er ekki samanburðarhæf við framsetningu fjárlaga. Ársreikningurinn er gerður upp á grunni alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) en 1. gr. fjárlaga er sett fram á grunni GFS-staðla um þjóðhagsreikninga. Þótt þessir staðlar séu í flestum tilfellum samanburðarhæfir þá munar á milli þeirra í veigamiklum atriðum. Þá er flokkun tekna og gjalda með ólíkum hætti á grundvelli fjárlaga og í yfirliti um afkomu. Í þessu séryfirliti er yfirlit um afkomu aðlagað að þessum frávikum, annars vegar með því að uppfæra flokkun tekju- og útgjaldaþátta og hins vegar með því að aðlaga til samræmis við aðra meðhöndlun. Byrjað er með yfirlit um afkomu og tekju- og gjaldaþættir flokkaðir eins og fjárlögin gerðu ráð fyrir til að ná samanburði. Til að ná fram heildarafkomu er fjárfestingu í efnislegum eignum bætt við en hún er eignfærð í reikningshaldinu og fer því ekki um rekstur nema í formi afskrifta.

Afkoma ríkissjóðs fyrir A1-hluta ríkissjóðs er ekki samanburðarhæf við framsetningu fjárlaga. Ársreikningurinn er gerður upp á grunni alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) en 1. gr. fjárlaga er sett fram á grunni GFS-staðla um þjóðhagsreikninga. Þótt þessir staðlar séu í flestum tilfellum samanburðarhæfir þá munar á milli þeirra í veigamiklum atriðum. Þá er flokkun tekna og gjalda með ólíkum hætti á grundvelli fjárlaga og í yfirliti um afkomu. Í þessu séryfirliti er yfirlit um afkomu aðlagað að þessum frávikum, annars vegar með því að uppfæra flokkun tekju- og útgjaldaþátta og hins vegar með því að aðlaga til samræmis við aðra meðhöndlun. Byrjað er með yfirlit um afkomu og tekju- og gjaldaþættir flokkaðir eins og fjárlögin gerðu ráð fyrir til að ná samanburði. Til að ná fram heildarafkomu er fjárfestingu í efnislegum eignum bætt við en hún er eignfærð í reikningshaldinu og fer því ekki um rekstur nema í formi afskrifta.

Helstu aðlögunarþættir eru:

- Tekjur af félögum – Samkvæmt IPSAS er matsbreyting eigna og hlutdeild í afkomu félaga tekjufærð en arður fer ekki um rekstur. Þessu er öfugt farið í fjárlögum og er því leiðrétt fyrir því.
- Lífeyrisskuldbindingar – Í reikningsskilum er breyting á skuldbindingu færð að fullu yfir rekstur en samkvæmt GFS er endurmat eldri skuldbindingar færð yfir eigið fé og er leiðrétt fyrir því.
- Matsbreytingar skattkrafna eru gjaldfærðar í reikningsskilum en færast samkvæmt GFS til lækkunar á tekjum.
- Áhrif matsbreytinga sem tengjast tekjum fyrri ára eru felld út og er sú aðlögun að hluta byggð á áætlun.
- Virðisaukaskattur sem endurgreiddur er opinberum aðilum er færður til lækkunar á tekjum í reikningsskilum en til gjalda samkvæmt GFS. Þá er innbyrðisgreiðslum á VSK og tryggingagjaldi eytt út í reikningsskilum en fært brúttó samkvæmt GFS.
- Gengismunur færist yfir eigið fé samkvæmt GFS en í rekstri samkvæmt IPSAS.

Í millj. kr.

2025

Rekstrargrunnur

Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli	1.489.014
Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.489.375
Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-361
Fastaútgjöld	65.602
Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-65.963

Séryfirlit 2. Heildarafkoma - samanburður við fjárlög

Aðlaganir á tekjuhlöð

Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS	-10.676
Mismunur á tekjufærðum hagnaði félaga og arði skv. IPSAS og GFS	-28.937
Tryggingagjald innbyrðisfærslur	20.624
VSK endurgreiðslur til opinberra aðila og aðrar VSK innbyrðisfærslur	50.819
Aðlögun vegna matsbreytinga og samræmingar færslutímabils	40.714

Aðlaganir á tekjuhlöð samtals

72.544

Aðlaganir á gjaldahlöð

Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS	-10.676
Lífeyrisskuldbindingar - launabreytingar og aðrar forsendurbreytingar	-122.277
Gengismunur færirst yfir eigið fé samkvæmt GFS en í rekstri skv. IPSAS	-1.629
VSK endurgreiðslur til opinberra aðila og aðrar VSK innbyrðisfærslur	50.819
Tryggingagjald innbyrðisfærslur	20.624
Aðrar aðlaganir	-4.572

Aðlaganir á gjaldahlöð samtals

-67.711

Heildartekjur	1.416.470
Heildargjöld	1.557.087

Heildarjöfnuður

-140.617

Fjárfestingar utan rekstrar	28.157
-----------------------------	--------

Afkoma A1-hluta ríkissjóðs 2025 samkvæmt IPSAS

-178.062

Séryfirlit 3. Ríkistekjur

Í millj. kr.	Staða 31.12.2025	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða 31.12.2024
Skatttekjur	169.026	1.059.842	1.074.970	-9.145	193.297
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklinga	41.642	283.908	276.918	-3.148	37.800
Staðgreiðsla ársins, brúttó	70.100	682.206	675.531	-1.717	65.143
Útsvar sveitarfélaga	-35.058	-403.543	-400.616	-	-32.131
Tekjuskattur, eftirstöðvar fyrri ára	6.600	5.245	2.003	-1.431	4.789
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðila	9.914	153.621	151.818	-2.403	10.514
Tekjuskattur	9.914	146.415	144.612	-2.403	10.514
Sérstakur fjársýsluskattur	-	7.205	7.205	-	-
Skattur á fjármagnstekjur	37.349	73.490	77.518	-1.216	42.593
Ríkissjóður	-	-8.811	-8.317	-	494
Aðrir	37.349	82.300	85.835	-1.216	42.100
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	18	9.966	10.158	-3	213
Markaðsgjald	-	1.266	1.436	-	169
Tryggingagjald, lífeyrissjóðir	-	4.552	4.552	-	-
Fjársýsluskattur	18	4.147	4.170	-3	44
Eignarskattar	1.309	23.340	25.641	-3	3.613
Erfðafjárskattur	1.173	12.795	14.959	-2	3.339
Stimpilgjald	-	8.214	8.208	-	-7
Fasteignamatsgjald	-	109	109	-	-
Skipulagsgjald	130	929	1.078	-	280
Brunabótamatsgjald	5	1.292	1.287	-	-
Annað	1	-	-1	-	-
Virðisaukaskattur, nettó	78.254	403.711	420.185	-2.056	96.783
Virðisaukaskattur af innfluttum vörum	41.697	319.587	324.536	-213	46.859
Virðisaukaskattur vegna kaupa á þjónustu erlendis frá	569	2.865	2.827	-4	535
Virðisaukaskattur af innlendum vörum og þjónustu	35.988	108.490	120.052	-1.839	49.389
Virðisaukaskattur, innbyrðistekjur færðar út	-	-27.230	-27.230	-	-
Endurgreiðslur virðisaukaskatts	-7.125	-48.921	-43.860	-	-2.064
Vegna íbúðarhúsnæðis	-1.845	-8.626	-7.640	-	-859
Til opinberra aðila	-5.268	-23.589	-19.513	-	-1.192
Til erlendra aðila	-	-15.265	-15.265	-	-
Aðrar endurgreiðslur	-11	-1.441	-1.443	-	-13
Vörugjöld	4.758	95.405	91.760	-16	1.129
Vörugjöld af ökutækjum	2.492	12.876	11.029	-	645
Vörugjöld af bensíni og olúvörum	3	4.418	4.455	-	40
Sérstakt vörugjald af bensíni	153	7.439	7.088	-	-198
Kolefnisgjald	8	10.960	10.912	-	-41
Olúgjald	-387	14.888	14.807	-	-469
Vörugjöld af áfengi	1.227	26.274	25.324	-3	280
Vörugjöld af tóbaki	-	4.751	4.751	-	-
Vörugjöld, umhverfisskattar	991	10.200	10.080	-13	885

Séryfirlit 3. Ríkistekjur

Í millj. kr.	Staða 31.12.2025	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða 31.12.2024
Vörugjöld af rafmagni og heitu vatni, eftirlitsgjöld	-	2.256	2.244	-	-12
Ýmis vörugjöld	-	-2	-2	-	-
Annað	272	1.347	1.075	-	-
Sértækir þjónustuskattar	53	17.730	17.697	-3	24
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	13	3.396	3.383	-	-
Forvarnargjald	-	4.908	4.908	-	-
Byggingaröryggisgjald	-	632	632	-	-
Gistináttaskattur	41	4.037	4.017	-3	24
Annað	-	1.987	1.987	-	-
Aðrir sértækir þjónustuskattar	-	1.463	1.463	-	-
Aðrir sértækir þjónustuskattar	-	1.308	1.308	-	-
Neyslu- og leyfisskattar	988	22.373	22.414	-40	1.068
Bifreiðagjald	-72	13.283	13.472	-36	153
Kílómetragjald	1.012	5.711	5.588	-	889
Skip, afgreiðslugjöld	16	773	767	-3	14
Skráningargjöld	-	1.056	1.056	-	-
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi	-	136	136	-	-
Leyfis- og vottorðsgjöld	26	481	455	-	-
Eftirlitsgjöld	3	613	620	-	10
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	2	312	312	-1	2
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi	-	7	7	-	-
